

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1998

Technical and Bibliographic Notes/Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming, are checked below.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

Coloured covers/
Couverture de couleur

Covers damaged/
Couverture endommagée

Covers restored and/or laminated/
Couverture restaurée et/ou pelliculée

Cover title missing/
Le titre de couverture manque

Coloured maps/
Cartes géographiques en couleur

Coloured ink (i.e. other than blue or black)/
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)

Coloured plates and/or illustrations/
Planches et/ou illustrations en couleur

Bound with other material/
Relié avec d'autres documents

Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin/
La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure

Blank leaves added during restoration may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming/
Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.

Additional comments: /
Commentaires supplémentaires:

Coloured pages/
Pages de couleur

Pages damaged/
Pages endommagées

Pages restored and/or laminated/
Pages restaurées et/ou pelliculées

Pages discoloured or foxed/
Pages décolorées, tachées ou piquées

Pages detached/
Pages détachées

Showthrough/
Transparence

Quality of print varies/
Qualité inégale de l'impression

Includes supplementary material/
Comprend du matériel supplémentaire

Only edition available/
Seule édition disponible

Pages wholly or partially obscured by errata slips, tissues, etc., have been refilmed to ensure the best possible image/
Les pages totalement ou partiellement obscurcies par un feuillet d'errata, une pelure, etc., ont été filmées à nouveau de façon à obtenir la meilleure image possible

Irregular pagination: [1]-141, 144, 143, 142, 145-322 p.
Pages 217, 219, 221, and 223 are incorrectly numbered
pages 117, 119, 121, and 123.

Pagination irrégulière: [1]-141, 144, 143, 142, 145-322 p.
Pages 217, 219, 221, et 223 comportent une numérotation
fautive: p. 117, 199, 221, et 123.

This item is filmed at the reduction ratio checked below/
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10X	14X	18X	22X	26X	30X
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
12X	16X	20X	24X	28X	32X

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



University of Toronto Library

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:






University of Toronto Library

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART
NATIONAL BUREAU OF STANDARDS
STANDARD REFERENCE MATERIAL 1010a
(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU

JON OG LÁRA

Eða : Upp koma svik um síðir




THE VIKING PRESS, LIMITED

WINNIPEG, 1914

PS
1474
C5J6

261 8 11



JÓN OG LARA.

Eða: Upp koma svik um síðr*í*

1. KAPÍTULI.

Loftið var þrungið af kafaldi og snjór lá á jörð-
unni, þegar Jón Treverton kom með suðvestur járn-
brautarlestinni um miðja nótt. Það var látt manna
með lestinni, svo Jón hafði amans flokks vagnklefa
út af fyrir sig.

Hann reyndi að sofa, en það tókst ekki, og þess
vegna sat hann hugsandi um umliðna æfi, ásakandi
sjálfan sig fyrir ýmsa heimskulega breytni, er kom
því til leiðar, að honum hafði lífið fremur illa síð-
asta undanfarinn tíma. Hann byrjaði starfskeið
sitt með nokkrum fjármunum og foringjastöðu í her-
deild, en þegar hann var búinn að eyða föðurarfinnum
og selja foringjastöðu sína, þá var hann orðinn frjáls
maður og lifði eins vel og hann gat, þó enginn vissi
hvernig, nema hann sjálfur.

Hann var nú á leiðinni til Berláts bæjar í Dev-
onshire skamt frá Dartmore. Þangað var hann boð-
aður með símskeyti, er tjáði honum, að rikur ætt-
ingi hans væri helsjúkur, og langaði til að sjá hann
líður en hann skildi við lífið hérna megin. Jasper

Treverton hét þessi gamli maður, og hafði Jón gert sér von um að erfa hann, en sú von hvarf, þegar öldungurinn ættleiddi unga, foreldralausa stúlku, sem sagt var að honum væri mjög ant um. Jón hafði aldrei séð þessa stúlku, en namnast hefir hann ímyndað sér að hún væri góð og göfug.

'Hann var aldrei vinveittur mér eða mínum', hugsaði Jón, 'en ég var eini lifandi attinginn, svo hefði hún ekki verið, þá hefði mér hlotnast arfurinn'.

Hann gat ekki varist því, að hugsa um þennan frænda sinn, sem þó voru litlar líkur til að arfleiddi hann að nokkru.

Slæmur maður var Jón Treverton alls ekki, þó heimurinn hefði spilt honum að sumu leyti. Hann var fríður maður sýnum og aðlaðandi, svo fleiri en ein stúlka hafði fest ást til hans. Hverflyndu var hann í meira lagi, sá alt af bjartari hliðina við hvað eina, ef hún á annað borð var til, og forðaðist að hugsa alvarlega.

Einni stundu eftir miðnætti nam lestin staðar 40 milur fyrir vestan Exeter, þar fór Jón af lestinni og spurði stöðvarstjóran, hvort hugsanlegt væri að geta fengið vagn um þennan tíma nætur.

'Hér er eineykisvagn, sem bíður eftir manni frá London', svaraði maðurinn og geispaði.

'Ég býst við að þér sénd maðurinn'.

'Léttivagn frá Treverton Manor?'

'Já'.

'Þakka yður fyrir, já, ég er maðurinn, sem vænst er eftir. Þetta er hugulsemi', sagði hann við sjálfan sig um leið og hann gekk í áttina til vagnsins og vaðði um sig stóru yfirhöfninni sinni.

'Hér er ég, maður minn', sagði hann þegar hann kom að vagninum. 'Hafið þér beðið lengi?'

'Nei. Ungfrú Malcolm hélt að þér munduð koma með þessari lest'.

‘Hún hefir þá sent yður eftir mér?’

‘Já’.

‘Og hvernig liður hr. Treverton?’

‘Hann er aðfram kominn. Læknirinn álitur að hann geti ekki lifað margar stundir, og ungrú Malcolm sagði við mig: ‘John, þú verður að aka eins hart og hesturinn er fær um að hlaupa, því þabba langar til að sjá hr. Jón áður en hann deyr’. Hún kallar gamla manninn ávalt þabba, af því hann hefir ættleitt hana fyrir 10 árum og alið hana síðan upp eins og væri hún dóttir hans’.

Um leið og þeir óku í gegnum þorpið eftir þröngri götu, sá Jón gamla steinkirkju, en þó fremur óglögt, síðan lá vegurinn yfir hæðir og lautir á víxl og var fremur erfiður yfirferðar.

‘Húsbónda yðar þykir þá vænt um ungu stúlku-na?’ spurði Jón Treverton, þegar hesturinn linaði sprettinn eitt sinn.

‘Mjög vænt. Hún er hér um bil eina manneskjan, sem honum hefir nokkru sinni þótt vænt um’.

‘Er hún í jafn miklu afhaldi hjá öðrum mönnum?’

‘Ó-já, ungrú Malcolm er vanalega vel liðin, þó álíta sumir hana drambsama. Það er ekki auðvelt, að ná vináttu hennar; heldri stúlkurnar í þorpinu umgangast hana fremur lítið. Kona mín, sem búin er að vera þar vinnukona síðustu 20 árin, segir hið sama. En vel er talað um ungrú Malcolm samt sem áður, og Súsanna mín hefir ekkert út á hana að setja. Við höfum allir einhver einkenni, og ungrú Malcolm hefir sín, eins og eðlilegt er’, sagði maðurinn síðast.

‘Á—á’, tautaði Jón Treverton. ‘Ímyndunarrík stúlka, hugsa ég, og þar á ofan slæg. Hafid þér nokkru sinni heyrt hvaða stöðu hún tilheyrði þegar

frændi minn ættleiddi hana?' spurði hann í fullum róm.

'Nei. Hr. Treverton hefir haldið því leyndu. Hann var búinn að vera heilt ár fjarverandi frá ættaróðali sínu, þegar hann kom með hana, og sagði ráðskonu sinni, að hún væri dóttir eins af vinum sínum, en væri nú foreldralaus og að hann hefði ættleitt hana. Hún var þá 7—5 ára gömul, mjög fagurt barn, og nú er hún orðin töfrandi fríð stúlka'.

Jón Treverton ákvað með sjálfum sér, að þessi fagra, slæga stúlka skyldi engin áhrif hafa á sig.

Ökumadur var skrafshreyfur, en Jón spurði ekki um fleira, svo þeir óku þegjandi áftam, unz þeir komu að þorpiam Hazlhurst. Lítil lampi logaði fyrir utan pósthússdyrnar, þegar þeir óku fram hjá, svo komu þeir á breiða braut með hárm álmviðartrjám til bergja Miða, og eftir heimi óku þeir, unz þeir komu að stóru örugrindarhlíði, fyrir utan Hazlhurst höllina.

Ökumadur rétti samferðamanni sínum taumana, en fór sjálfur ofan úr vagninum til að opna grindarhlíðið. Jón ók inn eftir bugðóttri braut, sem lá upp að stóru, rauðu mörsteinshúsi, með mörgum löngum og mjóum gleggum. Fram af dyrunum var breitt steinþak og undir því tvær steintröppur með breiðum þrepum, sín til hvorrar handar. Það var nægilegt stjörnuljós til þess, að Jón sæi þetta um leið og hann ók með hæð að hallardyrnum. Auðséð var, að komu hans hafði verið vænst, því áður en Jón var kominn ofan úr vagninum, gæðist gamall þjónn út úr dyrunum og opnaði þær til fulls, þegar hann sá Jón Treverton. Hann gekk inn í anddyrnar, stórt og rúmgott, ferkantað herbergi; gólfid var úr marínara, með hvítum og dökkum ferhyrningum; og á skákborði, á því láu ýmislega lit skinn af viltum og tömdum dýrum. Veggirnir voru

prúddir með myndum af ættfólkinu, og gömlum vopnum. Til annarar handar var gamalt og stórt eldstæði, og logaði þar eldur mikill, sem var mjög aðlaðandi fyrir gestiun eftir ferðalagið þessa köldu nótt. Stórir, útskornir stólar úr eik, með dökk-rauðum sessum, stóðu hér og þar. Inst í herbergi-
inn stóð stórt matvælaborð með undarlegum skálum og könnum úr Austurlanda postulíni.

Á meðan þjónninn fór að segja komu gestsins, settist Jón við eldið.

'Guði sé lof, að þér er kominn nægilega snemma, hr. Treverton', sagði Lára alverlega, en Jón úleit þessa alvöru vera þessu.

Við eldið sat stúlka, klædd í dimmbláan kjól, sem svaraði vel þi jarpa hársins og föla, gagnsæa þessundsins. Um leið og hún stóð upp og sneri sér að Jóni, sá hann að hún var einkarfögur, en saman við fegurðina var eitthvað, sem honum var óskiljanlegt.

Nú kom gamli maðurinn aftur og sagði að ungfrú Malcolm langaði til að sjá hann. Sjúklingurinn hefði sofnað rólegri svefni en nokkru sinni áður.

Jón fylgdi gamla manningnum upp á loft. Allstað-
er voru myndir af ættfólkinu, og í hverju horni var fult af ýmiskonar postulíngripum. Þjónninn opnaði dyrnar að daglegu stofunni, og logaði þar ljós á tveimur lömpum. Fyrir dyrunum að næsta herbergi hékk þykk, græn damaskusblæja. Arinhillan var ofarlega á veggnum og á hana raðað fjölda af Austurlanda postulínsinum.

'Gamalt en fallegt hús', sagði Jón við sjálfan sig. 'Til þess að halda því við, þarf eigandinn að hafa að minsta kosti tvö þúsund árið, en ég býzt við, að Jasper Treverton hafi sex sinnum það í tekjur. Og ég hefi aldrei séð þetta fyr, af því faðir minn og hann lentu í þrætum'.

'Hún álitur sig óhulta með erfðaskrá gamla mannsins', hugsaði Jón um leið og hann mintist með fáum orðum á ferð sína.

'Maður má líklega ekki gera sér von um, að frænda mínum batni?' spurði Jón.

'Alls enga', svaraði Lára Malcolm alvarlega. 'Læknirinn frá London kom hér í síðasta sinni í dag. Hann hefir komið hér vikulega síðustu tvo mánuðina, en í dag sagði hann enga ástæðu fyrir sig að koma aftur. Hann bjóst ekki við að pabbi — ég hefi ávalt kallað föðurbróður yðar þessu nafni — mundi lifa til enda þessarar nætur; en hann hefir verið rólegri og kvalaminni síðan og sefur nú vært. Vera kann hann lífi lengur en læknirinn bjóst við, en enga von hefi ég'.

Þetta talaði hún lágt og kylátlega, sem gaf til kynna óþjá sorg eða örvinglan, eins og hún heiti mist alt, þegar þessi æskuvinnur og verndari var tekinn frá henni.

Jón Treverton athugaði hana nákvæmlega, og hann gat ekki annað en dáðst að hinni gallalausni segurð hennar.

'Þér virðist bera mikinn hugþokka til frænda míns, ungfrú Malcolm', sagði Jón.

'Ég elska hann innilega', sagði hún. 'Hann hefir verið mér sem góður faðir síðan ég var barn'.

'Þó hljóta samvistir ykkar að hafa bakað yður allmikið mótlati með köflum, eftir því sem faðir minn lýsti honum'.

'Mér lánadist furðanlega fljótt að skilja hann, og umbera galla hans. Ég vissi, að hann var í rauninni eðallyndur maður'.

Hún er án efa smjaðrari og hræsnari, hugsaði Jón. Mér dettur ekki í hug að dást að henni, þó hún hafi fögur augu.

Stundarkorn sátu þau þegjandi.

'Ég á líklega yður að þakka símritið, sem kalliði mig hingað?' sagði Jón.

'Nei, ekki mér beinlínis. Það var ósk föðurbróður yðar, að þér kæmuð hingað, sem hann þó lét ekki í ljós fyrir en á mánudaginu, enda þótt ég væri oft búin að spyrja hann, hvort hann vildi ekki gera boð eftir þessum eina lifandi ættingja sínum'.

'Og það var í fyrradag, sem frændi mintist á mig í fyrsta sinn?'

Já, í fyrradag. Hann vissi ekki um heimili yðar, en áleit að málafærslumaður föður yðar mundi þekkja það. Ég skrifaði samkvæmt skipun hans'.

'Hann fann mig líka undireins, og ég fór strax eftir að hafa fengið boðin. Ég hefi alrei séð þennan frænda mínn, en er samt glaður yfir því að hann mintist mín að síðustu, enda þótt ég geri mér ekki von um, að erfa neitt af eigum hans'.

'Ég veit ekki, hvers vegna þér búist ekki við að erfa eignir hans, hr. Treverton', svaraði Lára rólega. 'Hver ætti að erfa hann annar en þér?'

'Auðvitað þér', svaraði hann, 'sem eruð ættleidd dóttir hans, og verðskuldið velvild hans fyrir alla yðar umhyggju fyrir honum. Þér hljótið að þekkja ákvarðanir hans í þessu efni, og að þér ekki látið þekkja þær, er eflaust gert í þeim tilgangi að villa mér sjónir'.

'Mér þykir slæmt, að þér skulið ætla mér þetta, hr. Treverton. Ég veit ekki, hvernig frændi yðar hefir ráðstafað eignum sínum, en mér ætlar hann þær ekki'.

'Hvernig vitið þér það?'

'Þegar hann ættleiddi mig, sagðist hann ekki arfleidda mig að neinu, og hann hefir seinna endurtekið það oft en einu sinni. Fyrsta kveldið, sem ég kom hingað, sagði hann: Ég hefi orðið að umgangast hræsna og smjaðrara, Lára, svo nú er ég hættur

að bera traust til þessara brosandí andlita, en þitt brot á að vera einlagt, góða mín, því þú hefir enga ástæðu til að vera fölsk. Þegar ég var 18 ára, ánafnaði hann mér 6000 pund, svo ég skyldi ekki verða í vandræðum, þó hans misti við, en sagði mér um leið, að þetta væri allt, sem ég mætti búast við að fá frá sér'.

Meðan Lára talaði, vaknaði ný von hjá Jóni, en þegar hún þagnaði hugsaði hann: 'Hún er nógu slæg til að vekja hjá mér vonir, en ég er ekki nógu heimskur til að trúá henni'.

Þjóinninn kom nú inn og sagði að matur væri á borð borinn handa herra Jóni í borðstofunni niðri. Hann fór því ofan, en bað Láru að gera sér aðvart undir eins og hinn veiki frændi hans vaknaði.

Borðstofan var skrautleg og leizt Jóni vel á hana. Maturinn var ágætur, en í því ásigkomulagi, sem Jón var, hafði hann ekki góða matarlyst, en þar á móti bragðaði hann með ánægju á víni því, sem á borðum var. Hann leit í kringum sig á dýru húsmunna, sem bárn vott um mikinn auð, og óskaði með sjálinni sér, að hann gæti eignast, þó ekki væri nema helminginn af öllu þessu.

Nú kom þjóinninn og sagði honum, að Jasper Treverton væri vaknaður og langaði til að sjá hann. Hann fylgdist því með mannum upp í herbergi hins veika manns.

Lára sat hjá rúmi hans, en stóð upp og fór í burt undir eins og Jón kom inn.

'Seztu niður, Jón', sagði gamli maðurinn með veikri röddu og benti honum á stól. 'Það er býsna seint, sem við sjáumst', sagði hann, 'en það er þó líklega betra, að við fundumst áður en ég dey. Ég vil ekki tala um ósáttina milli föður þíns og mín, ég býst við að þú þekkir hana. Okkur skjátlaði báðum, en nú er of seint að bæta úr því. Guð veit

að mér þótti einu sinni vænt um Richard Treverton'.

'Það sagði faðir minn mér oft', svaraði Jón í lágum róm. 'Það var skemmt, að hann skyldi verða ósáttur við þig, en enn þá verra að hann skyldi ekki leita sátta'.

'Faðir þinn var drambsamur maður, Jón. Flestir í hans stöðu myndu hafa smjadráð fyrir mér, vegna peninga minna, en það gerði hann aldrei'.

'Hann hefir auðvitað haft sína galla, en ágjarn mun hann ekki hafa verið', sagði Jón.

'Ég veit það', svaraði Jasper. 'Þú hefir heldur ekki heimsótt mig, Jón, og þó munt þú hafa vitað, að þú varst eini lifandi ættingi minn'.

'Já, ég vissi það'.

'Og samt léztu mig í friði og gerðir þig ánægðan með það, sem að höndum bar? Gott, þú munt varla þurfa að íðrast þess, að þú varst ekki að kvelja mig'.

Jón Tseverton roðnaði og hjarta hans fór að slá hraðara en áður.

'Dauði minn gerir þig að ríkum manni', hélt Jasper áfram að segja. Hann talaði lágt, svo Jón varð að lúta niður að honum til að heyra orð hans. 'En með einu skilyrði samt, — skilyrði, sem ég held þér veiti ekki erfitt að uppfylla'.

'Þér eruð mjög góður', sagði Jón í geðshræringu mikilli. 'Ég hef aldrei búist við þessu'.

'Nei, ég vona það', svaraði hinn. 'Fyrir nokkrum árum sór ég þann heimskulega eið, að arfleiða ekki þá einu manneskju, sem mér er ant um, og hverjum ætti ég þá að gefa eigur mínar öðrum en þér — sem ert nákomnasti frændi minn? Ég þekki ekkert ilt í þínu fari, og veit ekki, hvern orðróm þú hefir hlotið, en ég veit, að hún ert sonur þess manns, sem ég eitt sinn elskaði, og að þú ert fær um að

uppfylla skilmála mína. Alt annað fel ég forsjóninni'.

Jasper hné nú niður á koddann og þagði í nokkrar mínútur. Jón leit í kringum sig í ríkmannlega herberginu, og bar það í huga sínum saman við fátæklega klefann, sem hann yfirgaf í London.

'Hvernig lízt þér á kjördóttur mína, Jón Treverton?' sagði gamli maðurinn og leit á hann.

'Mér virðist hún vera fríð stúlka', svaraði Jón, 'og ég held að hún sé góð stúlka líka, en ég þekki hana svo lítið ennþá'.

'Já, ennþá þekkir þú hana lítið, en þú munt fá betra álit á henni, þegar þú kynnist henni; um það efast ég ekki. Þaðir hennar og ég vorum eitt sinn góðir vinir, og urðum samferða um Spán og Ítalíu, þangað til kringumstæðurnar skildu okkur að. Við fengum nefnilega báðir ást á sömu stúlkunni, en hún festi ást á Stefáni Malcolm, svo við skildum með þeim ásetningi, að finnast aldrei aftur sem vinir, fyr en Stefán lá á banaseng sinni. Stúlkun hafði svikið hann, og Stefán giftist annari nokkrum árum seinna. Þegar ég heyrði um hann getið, var hann fátækur, svo ég heimsótti hann; honum leið afar illa, og ég tók Einkadóttur hans, þegar hann dó og attleiddi hana. Ég get ekki læst því, hve kær hún varð mér, en ég hefði svarið, að arfleifa hana ekki, og þann eisd efndi ég'.

'En þér hafð s'ð um, að hún setti óhaltu framtíð'.

'Já, ég hef reynt að bera umhyggju fyrir framtíð hennar. Guð gefi, að hún verði þönsöm. En gerðu nú svo vel, að kalla á þjón minn, Jón, ég er búinn að tala of mikið'.

'Eitt orð áður en ég fer. Leyfið mér að segja, að ég sé yður mjög þakklátur'.

'Sannaðu það, þegar ég er dáinn, Jón, með því

að uppfylla óskir mínar. Og nú, góða nótt. Þú
 ættir að fara að hátta'.

'Má ég ekki vaka hjá yður það sem eftir er
 nætur?'

'Nei, nei, það gagnar ekkert. Ég sé þig á morg-
 un, verði ég lifandi. Vertu nú sæll'.

Jón gekk út og kallaði á þjóninn, og fór síðan
 inn í bókhöðuna, þar sem Lára sat. Hún leit upp,
 þegar hann kom inn.

'Hvernig lízt yður á hann?' spurði hún.

'Betur en ég bjóst við. Hann talaði við mig með
 sullu ráði'.

'Það gleður mig. Honum líður betur síðan hann
 svaf. Ég ætla að hringja og biðja Trimmer að fylgja
 yður til svefuhverbergisins'.

'En viljið þér ekki sjálfar fara að sofa, klukkan er
 nærri þrjú?'

'Nei, ég get ekki sofð vegna áhyggju, en þú getur
 skeð, að hann sakni mín, þegar minnst varir. Ef þú
 vill legg ég mig út af á legubekkiun von bráðar'.

'Hafið þér vakað þannig allar þessar nætur?'

'Já, lengur en viku; en ég er ekki þreytt. Ég
 held að líkaminn geti ekki þreyzt, þegar áhyggjur
 hvíla á sálummi'.

'Ég er hræddur um, að afleiðingarnar verði slæm-
 ar', sagði Jón.

Trimmer fylgdi honum til svefuhverbergisins, en
 Jón sat lengi fyrir framan eldinn og var að hugsa
 um ókomna tímann og byggja loftkastala, og þegar
 birta tók af degi, var Jón enn ekki sofnaður. Klukk-
 an var þá orðin átta.

Ungur maður kom með þvottavatnið inn til Jóns
 Treverton, og sagði honum að gamla mannum
 hefði liðið illa seinni part nætur.

Jón Treverton hraðaði sér á fætur og fór ofan;

þar fann hann Láru, föla og þreytulega, og sagði hún honum að gamli maðurinn væri með óráði.

Stundarkorn sat Jón hjá Láru, gekk síðan inn í borðstofuna og neytti morgunverðar. Að því búnu kveikti hann í vindli og gekk út í garðinn, og eyddi tímanum með því að röltu þar fram og aftur.

'Ég er bráðum þritugur', sagði Jón við sjálfan sig. 'Nógu ungur til að byrja nýtt líf, og nógu gamall til að nota auðinn hyggilega'.

2. KAPÍTULI.

Eunþá fíði gamli maðurinn í sex sólarhringa. Jón Treverton kom inn til hans á hverjum degi og dvaldi þar fáeinar mínútur, en þess á milli var hann oftast úti á gangi.

Loks kom að því, að Jasper Treverton dó, með hendi Láru í sinni hendi og bros á vörum. Jón Treverton var hræddur við dauðann. hélt sig í fjarlægð og skifti sér af engu, að því er jarðarförina snerti, og lét séra Clare og hr. Sampson lögmann, sem báðir voru vinir hins framliðna, annast um alt.

Jasper Treverton var fluttur í hvelsinguna, þar sem margir af forfeðrum hans voru jarðsettir. Eins og sjálfsagt var, var Jón Treverton viðstaddur, en sökum umhugsunar um auðinn, sem í vændum var, heyrði hann hvorki né sá neitt af því sem fram fór.

Þegar hann kom heim að húsinu aftur, sá hann að gluggablæjurnar höfðu verið dregnar upp, og þótti honum vænt um það. Erfðaskrána átti að opna í daglegu stofunni. Sampson, lögmaður hins framliðna, opnaði erfðaskrána í viðurvist séra Clare,

Erfðaskráin var glögt orðuð. Hún byrjaði á nokkrum upphæðum til gömlu þjónanna, lifeyri, árlegum, handa Andrew Trimmer, og mismunandi upphæðir, frá fimmtíu til tvö hundruð pund handa öku-
mönnum og þernum; lögmaðurinn Thomas Sampson átti að fá hundruð guineur, séra Theodore Clare gamlan silfurborðbúnað, og þegar þessu var aflokkið, átti ættingi hans, Jón Treverton, að eignast allt annað, fast og laust, með því skilvrði að hann gengi að eiga Láru Malcolm innan tólf mánaða, og áttu þeir herrar, séra Clare og Sampson, að stjórna eignunum þetta ár; en ef giftingin ætti sér ekki stað, áttu unsjónarmennirnir að verja eignunum til stofnunar sjúkrahúss í bænum Beech-hampton, sem var þar í nánd.

'Leyfið mér að færa yður árunaðaróskir mínar, hr. Treverton', sagði Sampson. 'Þér eruð nú stórríkur maður'.

Ungfrú Malcolm varð forviða, þegar hún heyrði þessa ákvörðun erfðaskrárinnar um sig, stóð upp og gekk þegjandi út. Þjónarnir fóru á eftir Láru, en Jón Treverton varð einn eftir hjá prestinum og lögmanninum, fögur eins og lík.

'Stúlkur kæra sig sjaldan um þá menn, sem aðrir velja þeim. Þó ég sé frænda mínum þakklátur, þá hefði ég heldur kosið, að hann hefði skift eignunum þafnt á milli okkar, án nokkurra skilmála'.

'Ég held að þér munið álita meiri sælu í að eignast Láru, en allan auðinn', sagði séra Clare.

'Að 12 mánuðum liðnum, hr. Sampson, ef að ungfrú Malcolm vill ganga að þvi að giftast mér'.

'Hún mun naumast þverskallast við óskum fóstra síns, hr. Treverton'.

'Ef hún samþykkir að giftast mér', sagði Jón hugsandi.

'Þér hafið 12 mánuði til að ná ástum hennar', svaraði presturinn, 'og það má heita undarlegt, ef yður tekst það ekki á þeim tíma. Ég þykist alveg viss um það, að Lára hefir enn ekki felt ást til nokkurs manns, en þessi nýafstaðni viðburður hefir auðvitað hrellandi áhrif á hana eins og yður'.

Jón Treverton svaraði þessu engu. Loks sagði hann :

'Ætli ungrú Lára haldi áfram að eiga hér heima?'

'Ég veit ekki um fyrirætlanir hennar', svaraði prestur, 'en ég álit hyggilegast, að stjórn heimilisins verði henni á hendur falin. Ég álit, að við, sem umsjónarmenn, höfum heimild til að gera henni slíkt tilboð, hr. Sampson, með samþykki hr. Trevertons'.

'Auðvitað'.

'Alt, sem ungu stúlkunni getur verið þægilegt, samþykki ég með ánægju', sagði Jón Treverton. 'Hér mun ekkert vera, sem krefst nærveru minnar, svo ég get snúið aftur til borgarinnar á morgun'.

'Langar yður ekki til að skoða óðalið, áður en þér farið til London?' spurði Sampson. 'Yður hlýtur að vera ánægja í, að skoða landeignina, sem að öllum líkindum verður yðar. Mér væri sönn ánægja að því, að þér dvelduð vikutíma á heimili mínu. Enginn þekkir landeignina betur en ég, og ég skal sýna yður hana alla'.

'Ég tek með ánægju þessu vingjarnlega tilboði yðar, hr. Sampson', svaraði Jón.

'Það gleður mig. Við borðum dagverð hér, og að honum loknum held ég best sé að þér verðið mér samferða heim. Vera yðar hér getur orðið Lára leiðinleg fyrst í stað'.

Þegar dagverði var lokið, gekk Jón upp í bóka-herbergið til að tala við Láru og kveðja hana.

'Hr. Sampson hefir boðið mér að vera hjá sér nokkra daga, áður en ég fer til London', sagði Jón, 'og ég hefi þegið tilboðið. Ég hugsaði að yður kæmi best að mega vera einsömul'.

'Þér eruð mjög umhyggjusamur. Eg held að ég verði hér ekki marga daga hér eftir'.

'Ég vona, að þér verðið hér ávalt, báðir umsjónarmennirnir vilja það, og þó að minn vilji gildi lítið í þessu efni, þá er það innileg ósk mín, að þér flýtið yður ekki að yfirgefa þetta gamla heimili yðar'.

'Ég er yður yður þakklát. En ég treysti mér ekki til að vera einsömul á þessu góða heimili, þar sem mér hefir líðið svo vel. Ég þekki heiðarlegt fólk í þessum bæ, sem hefir herbergi umfram þau, sem það þarf sjálfst að nota, og vill leigja þau. Þegar búið er að koma eigum mínum fyrir í koffortin mín, flyt ég þangað. Rentan af peningum þeim, sem frændi yðar gaf mér, er meiri en nóg til að lifa af fyrir mig'.

Þér ráðið auðvitað lífsstefnu yðar, ungrú Malcolm, þó mér sé ant um, að yður líði vel', sagði Jón.

Klukkan var 10 um kveldið, þegar hr. Sampson ók heim með gest sinn.

Heimili Sampsons var snoturt mjög. Hann var ungur maður og ógiftur, vel efnaður og hafði arðsama atvinnu sem lögmaður. Eina systir átti hann, sem Eliza hét og átti hún heima hjá honum. Ekki var hún framúrskarandi fríð, en í flestu tilliti viðunandi.

Þessa fyrstu nótt, sem Jón var þarna, svaf hann óvanalega vel, en alt af dreymdi hann um Láru Malcolm, ásamt öðru andliti, sem honum var gagnkunnugt.

3. KAPÍTULI.

Daginn eftir var fagurt veður, og ók Sampson með Jón Treverton um landeignina og sýndi honum hana. Hann sagði Jóni, að landeignin gæfi af sér 11 þúsund pund árlega, auk þess væru 3 þúsund pund rentur af peningum, sem stæðu í ríkisskuldabréfum. Sampson talaði um þessa eign eins og Jón Treverton ætti hana, en þegar hann leit á Jón og sá, hve efablandinu og hugginn hann var, varð hann alveg hissa, og gat ekki skilið, hvers vegna Jón gerði sér svo litla von um, að vinna ást Lára. Þegar þeir óku heim í rökkrinu, mintist hann á þetta við hr. Treverton.

'Nú, jæja, góði Sampson minn, margt getur skeð meðan bollinn er borinn upp að vörnum', svaraði Jón glæðlega. 'Ég verð að jíta, að skilyrðin, sem fylgja arftöku minni, eru mesta ófrjálsleg, ég verð að bíða heilt ár eftir eignarréttinum, og svo er hann þar á ofan kominn undir dultungum og uppátækjum ungrar stúlku'.

'Þér getið þó naumast ímyndað yður, að Lára neiti að giftast yður?'

Jón þagði lengi, svo Sampson varð að endurtaka spurninguna.

'Hvort ég held að hún neiti mér?' endurtók Jón hingsandi — 'Því ver veit ég það ekki. Kvensólk er hneigt til að hafa rómantískar skoðanir í fjármálum. Þér vitið, að hún hefir næg efni til að lifa óháð, og svo getur skeð, að hún taki einhvern annan fram-

yfir mig. Skilyrðin við þessa arfleiddslu eru sett í því skyni, að setja drambsama og metorðagjarna stúlku upp á móti mér'.

'En hún veit, að með því að neita yður sviftir hún yður arftökunni og eyðileggur áfornt löstra síns, en svo vanþakklát getur hún umast verið. Þér megið reida yður á það, að hún álitur það skyldu sína að segja já. — Það er heldur ekki mjög þungbær skylda, að giftast ungum manni með 14 þúsund punda tekjum um árið. Þér hafið líklega ekki mikið álit á sjálfum yður, fyrst þér haddið, að Lára Malcolm muni neita ljúskapartilboði yðar'.

Jón svaraði þessu engu. Þegar heim kom, reyndi hann að vera eins gláður og hann gat. Ungfrú Sampson áleit hann vera þann skemtilegasta mann, sem hún hefði kynst.

'Hvernig lízt yður á ungru Malcolm?' spurði hún.

Um þetta máttu ekki spyrja, Eliza, sagði bróðir hennar hlajandi.

'Hvers vegna ekki?'

'Af ástæðu, sem ég hef ekki heimild til að nefna'.

'Einmitt það. Ég hélt að Lára væri ókunnug hr. Treverton', sagði Eliza.

'Grunur yðar áttur', svaraði Jón Treverton.

'Ég sé að hún er ungur, og framkoma hennar er virðingarverð og yndisleg, að öðfu leyti þekki ég hana ekkert. Það lítur út fyrir, að henni hafi þótt mjög vænt um Jasper Treverton, læranda minn'.

Eliza Sampson kinkaði kolli fyriritlega.

'Hún hafði ástæðu til að þykja vænt um hann. Þegar hann tók hana að sér, var hún bláfátæk, og ég held hún sé af óheiðarlegum ættum'.

'Þar skjátlar yður', sagði Jón, dálítið ákafur.

'Frændi minn sagði mér, að faðir hennar hefði verið

vinur sinn, og að þeir hefðu stundað nám saman Oxford háskólanum. Máske hann hafi dáið fátækur, en ekkert óheiðarlegt hefi ég heyrt um hann'.

'Það, sem frá því yðar hefir sagt, hlýtur að vera satt', svaraði Eliza. 'Mér hefir aldrei geðjast að henni, en ungu mennirnir dást mjög mikið að henni'.

'Nú, svo ungu mennirnir dást að henni', endurtók Jón. 'Ég býst við, að margir hafi bedið hennar?'

'Ég veit það ekki, en ég þekki einn, sem er afskaplega ástfanginn í henni'.

'Væri það að bregðast transti, ef þér segðu mér hver þessi ungi maður er?'

'Alls ekki. Ég hefi sjálf komist að þessu. Það er Edward Clare, sorur prestsins, ég hefi oft séð þau saman. Hann átti oft erindi að Manor House, til þess að tala við hr. Treverton, en aðal-tilgangurinn var að sjá Lárn'.

'Haldi þér að hún hafi hugsað um hann?'

'Enginn maður getur vitað, hvað hún meinar. Þínu sinni spundi ég hana um þetta, en hún svaraði með krfa og drambi, að hún skoðaði Clare sem vin sinn og ekki annað'.

Méðan á þessu samtali stóð, var Sampson fremur órólegur.

'Hristið þér ekki á þessa heimsku maðgi hennar systur minna, Treverton', sagði hann. 'Það er all-erfitt, að venja ungar stólkur af margmalgi, en hér um slóðir virðast þér ekki hafa vonað að gera'.

Jón Treverton hafði sátt þessu samtali meira athygli, en hann gat sjálfur skilið í af hverju stafði. Hvaða ástæðu hafði hann til að vera afbrýðissamur við þennan Clare?.

'Það er eitthvað, sem þjáir þennan unga mann', sagði Sampson við systur sína, þegar Jón var genginn til hvílu.

'Af hverju heldur þú það, Tom?'

'Af því hann hugsar ekkert um eignina, sem hann á að erfa að ári liðnu, og það er ekki eðlilegt af manni, sem fær 14 þúsund punda árlegar tekjur, er hann átti enga von á, að vera jafn kærulaus um slíkt og hann er'.

'Hvað meinarðu með, að ári liðnu, Tom? Fékk hann ekki eignina strax?'

'Nei, Eliza, það er nú gallinn'.

Svo fór Sampson að sýna henni frá skilyrðunum, sem arfleiddslan var bundin, jafnframt því, sem hann áminnti hana um, að segja engum frá þessu.

Daginn eftir var Thomas Sampson svo önnum kafinn, að hann gat ekki smt Jóni að neinu leyti. Jón Treverton fór því út að ganga, og sveitnaði um tilvonandi laudeign sína allan daginn. Þegar rökkva tók, hélt hann heim á leið í hæðum sínum og hugsandi. Hér um bil eina mílu frá Hazlehurst, gekk hann inn á brautina, sem lá til þorgsins; dálitinn spotta á undan sér sá hann kvenmann í sorgarbúningi ganga eftir veginum; horum fyrst hann kannast við höfuðburtu hennar, og hraðaði göngu sinni, nuz hann var komin að HÍÐ Lárú.

'Þér eruð bæn, semt á ferðinni, ungfa Makedon', sagði hann.

'Það dimmir svo spennu um hvern áttunda árs', sagði hún. 'Ég fór ofan til Thorky, hella aðra mílu héðan, til að líta eftir þessum manna þit, sem ég þekki'.

'Ég hést við, að þú heyrir eld eftir látu Lára?'

'Já, ég er vön að eyða tvíum til þriðri dögum í hverri viku í heirra þógu. Þeir þekki mig og skilja mig, og hve mikið, sem aðrir hata et á þu að setja, finst mér þeir bæði þakklátir og vinveittir'.

Jón Treverton leit til hennar hugsandi, og hann varð að jata, að hún var bæði fögur og aðlaðandi.

Því þetta kveld var hún svo frjálstleg, eðlileg og óþvinguð í framkomu.

Daginn eftir fylgdist Jón Treverton með Sampson til að skoða leigjardirnar, sem voru bæði margar og fallegar. Við það tækifæri sagði hann Sampson, að hann yrði að fara til London daginn eftir.

Af því Sampson átti aumrikt síðari hluta dags, gekk Jón út til að reykja vindil meðan hann geugi um þorpspötuarnar. ...

Eins og í leiðslu gekk hann yfir að Manor House, ef til vill af því, að gatan til hliðar við háu girðinguna var sjaldfárin og röleg, svo þar var gott næði til að hugsa og reykja vindil.

Tvisvar eða þrisvar gekk hann framhjá járnhlíðinu hátt, og leit við og við heim til hússins, hugsandi um það, hvort hann myndi nú kunna við sig hér yti á landi við hlíð fagurrar konu, eftir að hafa vanist öllum hávaðanum og skröltinu í London.

Alt í einu varð hann var við hávaxinn mann í stórri kápa með lodskinnskraga um hálsinn, sem haldi neðri hluta andlitsins; maður þessi gekk í hæðum sínum fram og aftur fyrir utan lítið tréhlíð, sem var á girðingunni. Um leið og Jón gekk framhjá honum, leit hann til hans grunsönnum og rannsakandi augum.

Þegar hann sneri aftur við, varð hann hissa á því, að sjá hlíðið opið og manninn standa á húsprepsskildinum og tala við einhvern, sem var inni. Jón hraðaði sér sem mest hann mátti, til þess að sjá, við hveru maðurinn væri að tala, og þegar hann kom á móts við járngrindarhlíðið, heyrði hann að það var Lára, sem við manninn talaði.

‘Það er engin hættu á því, að neinn trufla okkur’, sagði hún, ‘en ég vil heldur tala við yður í garðinum’.

Maðurinn tautaði eitthvað um vinnufólkið, en

fór svo inn í garðinn með Láru, sem lokaði hliðinu strax á eftir sér.

Jóni varð all-hverft við þessa uppgötvan. Hver gat það verið, sem Lára tók á móti á þennan leynilega hátt? Það hlaut að vera einhver elskhugi, einhver lágt standandi maður, sem hann varð að veita móttöku á þennan lítt viðeigandi hátt. Jón kveikti í nýjum vindli, einráðinn í því að biða mannsins og vita hver hann væri. Eftir 20 mínútur kom maðurinn út á brautina aftur og gekk mjög hratt. Jón gekk spottakorn á eftir honum. Maðurinn hélt áfram, unz hann kom að litlu veitingahúsi utarlega í þorpinu. Þar fór hann strax upp í kerru, sem beið hans ásamt ökumanni, og óku þeir þegar af stað. Jón gekk inn í veitingahúsið og spurði gestgjafann um manninn, en hann gat engar upplýsingar gefið honum.

Jón gekk þaðan í slæmu skapi og ásetti sér að finna Láru morgunina eftir, til þess að reyna að reyna að komast eftir, hver þessi maður væri.

Þegar Jón kom til Manor House næsta morgun, fann hann Láru á skrifstofunni í fyrsta sinni.

Þau töluðu aftur og fram um ýmislegt, hún með fullkomnu frjálshendi, en hann með feinni og klaufaskap.

‘Ó, það er satt, ungrú Malcolm. — Það er eitt, sem ég ált skyldu mína að minnst á. Ég var hér á gangi nokkuð seint í gærkveldi meðfram girðingunni’.

Hann þagnaði snögvast og leit á Láru, en hún horfði á hann með djörfum, spyrjandi augum.

‘Ég sá hávaxinn mann í stórrí kánu með losskinnskraga um hálsinn, sem haldi andlitid, ganga aftur og fram fyrir utan garðgirðinguna, svo alt í einu var hliðið opnað og maðurinn gekk inn. Af því mér er ant um íbúa heimilisins, varð mér nokkuð

bilt við þetta. Ég býst við, að það hafi verið einhver af vinnukonunum, sem tók á móti vinnu sínum á þennan hátt'.

Lára horfði fast á hann, svo Jón varð að líta undan.

'Einum af vinum sínum', endurtók Lára. 'Þér vitið þá að persónan, sem lauk upp fyrir gestinum, var kvenmaður?'

'Já', svaraði Jón, hissa á sjálfstjórn hennar. 'Ég heyrði kvenmanns röddu. Ég veit að þjófnaður er alment ráðgerður fyrirfram við einhvern heimilismann, og af því ég sá á hegðun þessa manns, að hann mundi hér ókunnur, og vissi af verðmætum munum á heimilinu, áleit ég réttast að skýra yður frá þessu'.

'Það er hugulsamt af yður, en til allrar lukku get ég hugað yður viðvikjandi verðmununum. Maðurinn, sem þér sáuð í gærkveldi, er engiun inbrotsþjófur, og það var ég, sem lauk upp fyrir honum'.

'Er það mögulegt?'

'Já, hann er ættingi minn, og langaði til að tala við mig, án þess aðrir yrðu þess varir, svo hann yrði ekki fyrir slúðri þorpsbúanna hér. Hann skrifaði mér og sagðist eiga leið um þennan hluta landsins og bað mig um að finna sig svo engiun yrði var við. Það átti bezt við hann að koma í rökkriu og fara svo að engiun sæi hann'.

'Ég vona, að yður finnist þetta ekki framhleypt af mér, ungrú Malcolm'.

'Alls ekki. Það er svo eðlilegt, að þér berið um hyggju fyrir velferð heimilisins'.

'Og yðar. Ég vona að þér haldið að ég hugsi meira um yður, en heimilismunina, þó verðmætir séu. Og af því ég ætla nú að yfirgefa Hazlehurst, má ég þá spyrja um áform yðar framvegis?'

'Það getur varla kallast áform. Ég ætla að

lytja úr þessu húsi og þangað, sem ég mintist á fyrir skemstu'.

'Etli yður leiðist ekki að vera svo einmana?'

'Ég er við því búin, að mér kunnist að leiðast, en mér þykir þetta pláss skemtlegt, og ég á hér vini'.

'Það get ég vel skilið. Þér hljótið að eiga marga vini í Hazlehurst?'

'Ég á ekki marga vini, og mér er ekki auðvelt að festa vináttu við aðra. Það eru að eins ein eða tvær persónur í heiminum, sem ég er viss um að þekkja og sem skilja mig'.

'Ég vona, að hugsanir yðar séu ekki alveg ómóttakilegar fyrir nýjar þröfur. Það er málefni, sem ég vil ekki minnast á nú, af því ég veit að þér búið yfir sorg vegna hins frauliðna vinar, en þegar tími er kominn til framkvæmda, vona ég þér gerið kringumstæður mínar ekki alveg vonlausar?'

Jón talaði fremur hikandi, en Lára leit til hans með sama djarfa og hreinskilna augnaráði, sem hún hafði gert áður.

'Þegar sá tími kemur, skuluð þér finna mig við minna, að hlýðnast óskum velgerðamanns síns', sagði hún róleg. 'Ég held, að ákvarðauirnar í erfðaskrá hans geri hvorugt okkar gæfuríkt, en ég elska hann of heitt og virði minningu hans of mikið til þess, að vilja eyðileggja áform hans'.

'Hvers vegna ættum við ekki að geta orðið gæfuríkt samkvæmt erfðaskrá hans?' spurði Jón Treverton í velvildarróm. 'Ér ekki hugsanlegt, að mér lánist að ná ást yðar með tímanum?'

Hún hristi höfuðið vonleysislega.

'Það þróast sjaldan ást út af slíkum kringumstæðum sem okkar, hr. Treverton'.

'Við getum gert undantekningu frá hinu almennu venju. En ég sagðist ekki ætla að tala um þetta efni í dag. Ég óska að eins að þér álítið mig ekki

svo ágjarnan, að ég vilji þvinga yður til sambands sem þér hafið, til þess að ná í þenna auð'.

Hún svaraði þessu engu, svo töluðu þau um eitt og annað, þangað til Jón kvaddi og fór.

'Hún ætlar að taka bónorði mínu', sagði hann við sjálfan sig, þegar hann fór. 'En hver getur þessi maður verið, sem heimsækir hana á þennan dularfulla hátt?'

Hann fór aftur til Sampsons til að kveðja vini sína þar. Sampson ók með hann á járnbrautarstöðina, og kom honum til að lofa því, að koma aftur til Hazlehurst strax og hann gæti, og gera Laurels að heimili sínu þá og endrarnær.

'Þér hafið nægilegt starf fyrir höndum, að reyna að koma yður inn undir hjá ungrú Láru þetta ár', sagði hann spaugandi.

Það lá mjög vel á honum, því um morguninn hafði hann lánað Jóni peninga með vægum skilmálum, og hann lét sér mjög ant um, að gilding hans fengi framgang.

Jón sneri aftur til borgariunar í jafn þungum þönkum og hann yfirgaf hana. Hann var í miklum vanda staddur, og óvíst að hann gæti greitt úr honum og náð takmarki sínu óhindraður.

4. KAPÍTULI.

Um þetta leyti var auglýst á öllum veggjum, girðingum og járnbrautarstöðvum í borginni London dularfult tveggja atkvæða orð:

Chicot! Með risavöxnum, gulum stöfum á

dökkum grunni. Sjónaprasta augað hlaut að sjá þá, hjá danfustu sálunni hlutu þeir að vekja myndrun. Chicot! Hvað þýddi það? Var það nafn eða hlutur? Er það sameiginlegt nafn eða eigin nafn? Er það til að borða eða klæðast í? Skottelækninga lyf, eða til að græða sprungna hestahólar. Ný tegund vagna, eða ný vél til að taka upp næpur og gulrósur? Eða nafn á nýju dagblaði? Gændregirnir hrópuðu upp nafnið, án þess að hugsa um þýðingu þess. En áður en margir dagar liðu, vissu allir æskumenn borgarinnar London, hvað nafnið Chicot þýddi. Chicot var ungfrú Chicot, heitri dauameyjan við prins Frederiks konunglega leikhús, og samkvæmt álitum allra merkustu manna var hún legursta stúlkan í London. Það var freður fyrir djúrling eist, að dansinn hennar vakti eftirtekt. Hún hafði ekki minni dansian í skóla Taglionis Weston, tíma yndi, smíttimataka og sannlegurð þekkt hún ekki. Hún mundi hafa hlegið að þeim, sem befa komst á skállega list í hreyfingunum. En að því er snerti að gera fljúgandi hopp á léksstíðine, þryllingulegar tásveifar í dansi, hreyfa fögru hár dlegur, frjálshög og að byggja djúflega heilugur hvít hálsinn var Chicot óvinnjafnanleg.

Hún var fönsk, algerlega fönsk, og þá var enginn efi. Zaira Chicot var algresi, spröttið og galiskum þröðvegi. Sjálf sagðist Chicot vera Parísar-börn, en framurður hennar á málinu og orðavél gaf í skyn að hún væri uppráminn í sveitahéraði. Æsknar sín dvaldi hún meðal líkjutrijanna og hinna heilögu altara í Auray, og skrautið og viðhöfnin í fögru borginni París, bar ekki fyrir augu hennar fyrr en hún var rúmra átján ára.

Í París komst hún að því, að hún var fögur, og þar lærði hún líka að það er skemtilegra að dansa

á leikhúsum, heldur en að standa við þvott á sjávarströndinni.

Hún fékk brátt það orð á sig, að vera hún fegursta af dansmeyjum, og af þeirri ástæðu hötuðu hinar dansmeyjarnar hana, en það gerðu karlmennirnir ekki. Dansstjóriinn kendi henni spor, sem hann kendi engri hinna, og samkvæmt haus ráðleggingu yfirgaf hún stóra leikhúsið og fékk sér stöðu á minna leikhúsi í námsmanna deildinni, vinstra megin við Seine og þar varð hún mjög bráðlega efst á baugi.

Það var á þessu námsmanna leikhúsi, að maðurinn hennar sá hana fyrst. Hann var Englendingur, og látækur í meira lagi, en snyrtimannlegur og friður, sem gaf til kynna, að hann væri af göfugum ættum. Hann varð undir eins ástfanginn af henni og hún sömuleiðis af honum. Henni var um að gera, að eignast fallegan mann af göfugum ættum, vel uppallinn og hegðanprúðan. Um peninga hugsaði hún ekki; hún bjóst við að verða að vinna fyrir þeim, og gerði sig ánægða með það hlutskifti.

Þau giftust, og þar eð Chicot var fræg í sinni stöðu, en Englendingurinn hafði ekkert gert til að ávinna sér nafnfrægð, og var hann kendur við nafn konu sinnar, og kallaður hr. Chicot.

Það var all-einkennilegt líf, sem þau lifðu, þessi hjón, — á þriðja lofti í dimmu húsi í dimmri götu í námsmanna deildinni, — undarlegt, hugsunarlaust, léttúðarfult líf, þar sem nóttin var gerð að degi, og peningunum eytt eins og vatni; þar sem ekki var annars óskað eða vonað af tilverunni en ánægjunni, ánægjunni af að éta og drekka, spila, ganga um skógana í tunglsljósi, eða eftir bökkum árinna Seine.

Þannig lifu tvö fyrstu árin af samveru Chicots hjónanna. Frú Chicot vann fyrir peningum sínum mjög ánægð, og eyddi þeim jafn harðan; hún drakk

meira kampavín, en henni var holt, og þar af leiddi, að hún varð smátt og smátt lítilljörlegri; hún opnaði aldrei bók, reyndi ekki að menta sig, kom aldrei í kirkju eða rétti nokkrum hjálparhönd; hún lifði fyrir sjálfa sig og sína ánægju; hafði ekki meiri samvizku en örninn, né meiri skyldutilfinningu en fálkinn. Hafi Jack Chicot nokkru sínu fundið til þess, hve heimskulega þau eyddu peningum sínum, þá lét hann það aldrei í ljósi. Hann áleit, að kona sín hefði fulla heimild til að eyða sínum eigin peningum eftir geðþótta. Tekjur hans voru litlar og óákveðnar; stundum gat hann selt uppdrætti til myndasala eða þá smágreinir í blöðin. Peningar þessir, sem komu svo óreglulega, fóru á sama hátt og þeir komu.

'Af tilviljun hefir Jack selt mynd', sagði kona hans. 'Mikli refjakarlinn minn lætur sér detta í hug að fara að vinna. Við skulum borða dagverð í 'Rauðu mylnunni'. Jack borgar brúsann'.

Þeir, sem þektu hana best, töluðu fremur djárléga um annað hjónabandsárið hennar.

'Chicot er farin að drekka afarmikið', sagði Antoine við Gilbert, sem léku saman á leikhúsinu, 'get hugsað mér, að hún berji manninn sinn, þegar hún er drukkin'.

'Þau búa saman eins og hundur og köttur, býst ég við', svaraði Gilbert, 'einn daginn sólskin, annan voðalegt óveður. Renant málari, sem býr á sama lofti og þau, segir að stundum rigni hjá þeim kaffibollum, skálum, diskum og tómum flöskum. En samt sem áður elskist þau innilega'.

Þegar hjónin voru búin að vera saman í 3 ár, fór aðdánin að Chicot og aðsóknin að leikhúsinu að minka. Hún kom þá vanalega heim í mjög vondu skapi, og lenti þá oft í þrætum við Jack út af engu. Hann var að eðlisfari góðlyndur, of heiðvirður til að berja kvenmann og of drambsamur til að stíga

jafn lágt niður og hún; hann fann, að hann hafði gengið að eiga lítilsverða, síðlausa konu. Hann þagði og hjáðist. Loks tók hann sig til og skrifaði nokkur bréf til vina sinna í London, og bað þá að útvega Chicot atvinnu; hann lýsti henni sem duglegum kvenmanni, er sér væri ant um, en lét þess ekki getið, að hún væri kona sín. Innan í bréfinu lagði hann hrósgreinar um hana, sem hann klipti úr Parísarblöðunum. Árangur þessara bréfa varð sá, að hr. Smolendo, eigandi Prins Frederiks leikhúss, kom og heimsótti hana og ræði hana til sín.

‘Dýrð hennar varir ekki mörg missiri, en fyrstu þú missirir minn hún draga fleiri áherslur að leikhúsinu en nokkur önnur dansmar hefir gert síðan ég varð leikstjóri’, sagði herra Smolendo við sjálfan sig.

Frú Chicot varð glöð yfir því, að hafa fengið góða stöðu með hærri launum, heldur en hún haldi haft, en hún var óánægð með borgina London, eins og hún hugsaði sér hana.

‘Ég metti eins vel jarðsetja sjálfa mig, eins og að fara til borgarinnu í London’, sagði hún, ‘en allt er betra en að dansa frammi fyrir hóp af hamsklingjum og umskiftingum’.

‘London er ekki slæmur staður’, sagði Jack kærulæsislega. ‘Enginn þekkir mann þar, og maður þekkir engan. Fjöldanum stendur á sama, hvort maður kemur út úr fangelsi eða höllu. Enginn skiftir sér af því’.

Þegar þau komu til London, tóku þau sér aðsetur í þröngri og dimmri götu í nánd við Prins Frederiks leikhús, þar sem margir leikendur bjuggu.

Frú Chicot hafði um þrjá staði að velja, og það sem hún valdi, var með tveim herbergjum á neðsta gólf; húsmunirnir voru fremur ruddalegir, en hún gaf því engan gaum, en Jack var þvert á móti mjög óánægður yfir þeim.

Tvöfaldar dyr voru milli svefnherbergisins og daglegu stofunnar, en bak við svefnherbergið var lítill klefi með einum glugga, og notaði Jack hann til að mála myndir í.

‘En hvað London þín er ljót’, sagði Chicot. ‘Er hún öll lík þessu?’

‘Nei’, svaraði Jack, ‘það eru bjartari og fallegri götur, þar sem heiðursverða fólkið býr’.

‘Hvaða fólk kallar þú heiðursvert?’

‘Fólk, sem borgar tvö til þrjú þúsund í eignaskatt árlega’.

Húsráðandinn var ekkja, mögur og þyrkingsleg. Jack spurði hana, hverjir aðrir væru leigubúar hjá henni.

‘Á fyrsta lofti býr kona, frú Rawber að nafni. Hún leikur aðalpersónuna í Shakespeare, og er í alla staði heiðarleg’.

‘Hver býr þá á efra lofti?’ spurði Jack.

‘Þar býr ógiftur herramaður’.

‘Ungur?’

‘Nei, miðaldra’.

‘Er hann leikari?’

‘Nei’.

‘Hvað er hann þá?’

‘Hann er af heldri manna stétt, en mun hafa mist eignir sínar. Hann borgar ekki reglulega, en hann er stundum fjarverandi heila viku, og gerir lítið ónæði og fyrirhöfn’.

‘Hvað heitir hann?’

‘Hr. Desrolles’.

‘Það er naumast engelskt nafn’.

‘Getur vel verið, en hann er samt sem áður enskur’.

Þeim fannst lífið í London afar leiðinlegt í samanburði við fjöruga lífið í París.

Vonir Smolendos rättust fyllilega.

Allir dáðust að Chicot, og leikhúsið var fult á hverju kveldi. Hún varð aftur glöð yfir því að vekja aðdáun, en þar af leiðandi varð hún drambsamari, eyddi meiri peningum fyrir skraut og drakk meira kampavín. Við mann sinn var hún allajafna óblið og öflug, og orsakaði það þunglyndi og tillneiging til vinneyzlu hjá honum.

Meðal þeirra, sem sáust í leikhúsinu nærri því á hverju kveldi, var ungur maður alvarlegur, á að gizka 25 ára gamall. Fatnaður hans var nokkuð slitinn, en samt sem áður var hann göfugmannlegur.

Hann var lækmsnemi, og hafði valið þessa námsgrein af því hann elskaði hana, enda var hann fremstur af öllum nemendum við St. Thomas. Ekki sinti hann að neinu leyti hinum lélegri lífsánægjum, víni, spilum, veðhlaupahestum eða öðru slíku. Hann var svo sjaldgæfur gestur á leikhúsum, að kunningjar hans urðu hissa, að sjá hann þar jafn oft.

‘Hvað gengur að Gerard?’ spurði Joe Latimer, Harry Brown. ‘Ég hélt að hann fyrirlíti dans, og þó sé ég hann hér í þriðja sinni vera að horfa á hann’.

‘Skilurðu ekki, hvað það þýðir? Gerard er ástfanginn’, svaraði Brown.

‘Ástfanginn!’

‘Já, ástfanginn í Chicot. Það er búið að vera með Georg Gerard, hann er eyðilagður’.

‘Ég hef heyrt, að Chicot sé gift’, sagði Latimer.

‘Já, hún er gift og maðurinn hennar er ávalt í nánd við hana. Hann bíður hennar á hverju kveldi fyrir utan leikhúsið. Hún er mjög skikkanleg, þó hún líti ekki út fyrir það. Sjáðu, þarna kemur Gerard. Nú, gamli kunningi, hefir veikin náð sinu hæsta stigi?’

‘Hvaða veiki?’ spurði Gerard.

‘Hitaveikin, sem nefnd er ástæðugur’.

'Heldurðu ég sé ástfanginn af nýju dansmærinni, af því ég kem hér svo oft?'

'Ég þekki enga aðra ástæðu til nærveru þinnar. Þú ert enginn leikhúsamaður'.

'Ég kem til að horfa á Chicot, af því hún er sú segursta kvinna, sem ég hefi nokkru sinni séð. Ég kem hingað eins og málalarar gera, til að dást að mannlegri segurð, eða eins og líkskurðarmaður skoðar iullkonnun verka skaparans, sköpunarverks, sem er komið gallalaust út úr hinu guðlega verkstæði'.

'Hefirðu heyrt annað eins?' sagði Latimer. 'Hann kemur til að sjá dansmæ, og talar um hana eins og hún væri trúfræði'.

'Dýrkun segurðarinnar er trúfræði listarinnar', svaraði Gerard alvarlegur. 'Ég virði Chicot eins mikið og ég dáist að henni'.

'Farinn', sagði Latimer.

'Alveg farinn', svaraði Brown.

'Vertu samferða og borðaðu hollenzkar ostrur', sagði Latimer.

'Þakka þér fyrir, nei. Ég verð að fara heim og lesa'.

'Svo skildu þeir. Letingjarnir til sinnar ánægju, en námfúsi maðurinn til bóka sinna.

5. KAPÍTULI.

Samkvæmt ráðleggingu séra Clare, hætti Lára við að fara þangað, sem hún hafði ráðgert, og var þyr í Manor House.

'Það getur engin áhrif haft á val yðar á þeim tveim kostum, sem þér eigið nú að velja, þó þér sé Jón og Lára

uð hér kyrrar, — annaðhvort takið þér Jón Treverton fyrir eiginmann eða neitið honum’.

‘Máske hann spyrji mig ekki’, sagði Lára broandi.

‘Jú, það gerir hann. Það getur ekki verið erfitt fyrir ungan mann, að fella ást til slíkrar stúlku, sem þér eruð, og ég held, að Jón Treverton sé verður virðingar hvernar stúlku sem er. Ég get enga ástæðu séð til þess, að hjónaband ykkar geti ekki orðið ástrikt á báðar hliðar’.

‘Ég held það geti aldrei orðið’, svaraði Lára. Hr. Treverton getur aldrei hugsað um mig eins og aðra stúlku, — hann hlýtur ávalt að skoða mig sem stein í götu sinni. Hann verður að láta svo, sem hann elski mig, eða missa af eignumum’.

‘Ef þér eruð sannfærðar um, að þetta hjónaband verði ekki farsælt, þá hafid þér fulla heimild til að neita honum’, sagði prestur.

‘Það væri að gera hann að fátækling, þvert á móti óskum frænda hans’, svaraði hún, ‘svo eigingjörn get ég ekki verið. Þekkið þér æfiferil hr. Trevertons?’

‘Mjör lítið. Hann er einkabarn, held ég. Foreldrar hans dóu, þegar hann var ungur drengur. Hann fékk nokkrar eignir, þegar hann var fullaldrá, og eyddi þeim eins og ungir letingjar eru vanir að gera. Hann gekk í herinn, en slepti þeirri stöðu, þegar hann var orðinn eignalaus. Síðan veit ég ekki, hvernig hann hefir lifað’.

Þegar það var afráðið, að Lára yrði kyr í húsinu, vildi presturinn, að hún fengi sér stúlku til skemtunar að vera hjá sér.

‘Nei, góði Clare, ég óska einskis félagsskapar,

nema Celias við og við. Þér leyfist henni að koma og heimsækja mig sem oftast, er það ekki?'

'Eins oft og hún má yfirgefa störi síu'.

'Þið eruð öll starfsöm á prestssetrinu', sagði Lára.

'Já, sumt af okkur eru starfsamar manneskjur', sagði prestur og stundi við. 'Ég vildi að sonur minn væri iðnari en hann er'.

'Hann verður það með aldrinum'.

'Ég vona það, en mér leiðist að bíða eftir því'.

'Hann er gáfaður og listfengur', sagði Lára.

'Gáfur hans leyfðu honum að yfirgefa háskólanu áður en hann tók námspróf, og listhæfileikar hans hjálpa honum aldrei til neinnar lífsstöðu', svaraði prestur.

Presturinn hafði viljað, að þessi eini sonur sinn gerðist þjónn kirkjunnar, en Edward komst að þeirri niðurstöðu, að samvizka sín bannaði það.

'Maður, sem dáist eins mikið að Ernst Renan og ég geri, hefir enga heimild til að gerast prestur', sagði Edward.

Þegar Edward hafði tekið þessa ákvörðun, varð hann kyr heima, las nokkuð hugsunarlaust á stundum, skrifaði lítið, dró upp myndir, fiskaði og skaut dýr og fugla og eyddi lífinu á þægilegan hátt, en skemtilegastir fundust honum þeir dagar, sem hann dvaldi á Manor House.

En heimsóknir hans í þessu gamla húsi urðu alt í einu takmarkaðar. Lára hafði beðið systur hans að segja honum, að hún gæti ekki tekið á mót honum jafn oft og áður.

'Ég skil ekki, hvers vegna þessi þröskuldur er lagður á milli góðra vina', sagði Edward.

'Það getur vel verið, Ned: en ég held að margir myndi sér, að þú berir hlýjari tilfinningar til Láru,

en blátt áfram vináttu. Ef við værum báðar að drukna, veit ég hvorri þú myndir fyr bjarga'.

'Þú kant að synda', svaraði Edward. 'En ég verð líklega að gera mér þetta að góðu. Lára álitur sig líklega bundna til þessa dularfulla erfingja, sem ekki virðist hraða sér að biðja hennar. Í hans sporum hefði ég ekki hikað eitt augnablik við það'.

'Ég dáist að nærgætni hans undir núverandi kringumstæðum. Það var skynsamlegt af Treverton að draga sig í hlé í byrjuninni'.

'Hvernig veizt þú, að það er nærgætni?' sagði Edward. 'Þú veizt ekki, nema einhver vandræði, eitthvert niðrandi samband, tefji fyrir honum að biðja Láru. Enginn maður, sem ekki er neyddur til að draga sig í hlé, myndi vanrækja slíkt tækifæri og setja gæfu sína í hættu. Ef hann móðgar Láru, þá getur hún neitað honum og gert hann arflausan'.

'Það mun hún ekki gera, nema fyrir alvarlegar ástæður. Hún er skyldurækin, og hún álitur það skyldu sína, að verða við óskum föstra síns. Ég held hún mundi fórna sinni eigin ást vegna þessarar skyldu'.

'Það er um of', svaraði Edward óánægður. 'Ég fer að halda, að hún sé ástfangin í þessum pilti, sem birtist hér eins og vígahnöttur'.

'Hann er búinn að vera hér nærri hálfan mánuð, og hún hefir séð hann nokkrum sinnum. Hún er of skynsöm til að verða ástfangin á jafn stuttum tíma, — en ég er viss um, að hún hefir ekkert út á hann að setja'.

'Ó, þegar ástin bvrjar flír skynsemin. Ég er viss um, að hún elskar hann. Hefir hún ekki sagt þér það, Celia? Ungum stúlkum líkar að tala um slíkt?'

'Hvað þekkir þú til ungra stúlkna?'

'Ó, ekkert. En vertu nú einu sinni einlæg, og

segðu mérí hvað Lára hefir sagt um Jón Trevertton'.

'Ekkert. Hún er fremur dul, og af því ég veit að henni geðjast ekki að slíku efni, minnist ég sjaldan á það'.

'Já, hann er heppinn piltur. Ég hefi engan hatað jafn mikið, og ég er hræddur um, að hann sé þorp-ari'.

Samtal þetta átti sér stað hér um bil fjórum mánuðum eftir dauða Jasper Treverttons. Trén voru að verða græn, og söngur fuglanna gaf til kynna, að vorið væri komið.

Edward Clare áleit sig hafa orðið fyrir meiri rangindum, en nokkur annar ungur maður. Hann hafði ekkert gert til að ná neinum frama, en það var ekki af gáfnaskorti, að hans álit; hann áleit sig hafa heimild til að horfa á aðra vinna baki brotnu, vitandi vel, að hann gæti gert verk þeirra miklu betur, ef hann vildi reyna.

Fyrir ári síðan, þegar hann fór til Oxford í fyrsta sinni, hafði hann ásett sér að eignast Láru Malcolm. Að líkindum myndi Jasper gamli gefa henni álitlega upphæð, ef til vildi allar eignirnar. Hann hélt að Láru litist vel á sig, en áleit réttara, að fresta bönorðinu fyrst um sinn.

6. KAPÍTULI.

Með mestu hægð dró veturinn sig í hlé, til þess að víkja fyrir köldu og ógeðslegu vori. Þetta hafði verið lengsti veturinn, sem Jack Chicot hafði nokkra sinni lifað. Stundum hafði honum dottið í hug, að

fremja sjálfsmorð í desember og janúar, þegar hann hugsaði um það, hvern aumingja hann hefði gert úr sér. Hann, sem hafði borið óyggjandi transt til framtíðarinnar, og vonað að fyrir sér lægi fögur og gagnleg lífsbraut.

En hvað var hann nú? Maður Chicots, gagnslaus maður, sem euginn skeytti neitt um. Hann bar sama nafn og hún, konan, sem drakk eins og fiskur og blótaði og sór ver en ræningi.

Þrátt fyrir þessa örvilnan, talaði hann aldrei hörð orð við konu sína; hann leiddi henni fyrir sjónir með hógværð, hve lífshættir hennar væru slæmir, en þegar hann gat enga von gert sér um bata á hegðan hennar, ásakaði hann hana ekki og lét hana í friði.

Hún hafði aldrei gert honum neinn órétt sem sjálfsvirðingin bannaði honum að fyrirgefa. Hún elskaði hann á sinn hátt og var blíð við hann með köflum. Hann hafði fengið atvinnu við að draga upp skrípamyndir fyrir skopblöð, og hafði að launum 2 pund á viku, sem var meira en hann þurfti fyrir sig, svo kona hans var ein um sína peninga.

Leiktíminn í London var byrjaður, og allir sóttu að leikhúsinu, ungir og gamlir, konur og karlar, námsmenn, yfirmenn hersins, lávarðar og hertogar.

Hr. Sinolendo hafði fengið sér nýjan leikhússdans, sem var jafn hlægilegur og heimskulegur og flestir dansar af því tagi; en að því er snerti leiksviðstillhögun, klæðnað og sjónleika áhrif átti hann að skara fram úr öllu, er áður hafði verið sýnt þar. Öllu dansinum var þannig hagað, að það gæti orðið Chicot til dýrðar. Hún var aðalpersónan. Allar aðrar dansmeyjar voru þernur hennar, og hundrað og fimtíu aðstoðarþjónar voru ráðnir fyrir þennan dans. Seinasta atriðið, sem átti að kosta fleiri peninga, en

hr. Smolendo gat hugsað sér, átti að sýna Lóralhellrana í Indverska hafinu.

Chicot var hafgúa, sem tældi sjómennina til sín, svo þeir biðu dauða í bylgjum. Hún hafði aðsetur sitt í gimsteinahöll, þar sem alt gljáði af safírum, smarögðum og Lapis-Lazuli, — alt gljáði og glansaði af litum regnbogans, þar sem hún og hafgúu-systur hennar, er glitruðu af skeljum, dönsuðu óaflátanlega. Svo kom endinn, og henni skaut upp í regnum hafis af : blómum í hreyfanlegum ramma af hárauðum linn.

Jarnverkfærið, sem hún átti að stíga upp á, var margbrotin vél, sem þurfti nákvæma stjórn. Væri henni illa stjórnað, gat það orsakað tjón.

Jack leizt ekki vel á þessa vél, og spurði Smolendo, hvort ekki mætti hætta við að nota hana.

'Það er ómögulegt', svaraði leikstjórinn, 'þetta er það fegursta af sýningunni, og vélin er að öllu leyti áreiðanleg'.

Jack var samt ekki sannfærður. Hann gekk til konu sinnar og aðvaraði hana, að hætta ekki lífi sínu við þenna leik, en hún tók því fjarri.

Fyrsta kveldið gekk alt vel. Vélin vann ágætlega. Jack var viðstaddur og heyrði þá samtál bak við sig.

'Alt gekk vel í kveld', sagði einn af vélarhönnuðum við kunningja sinn, 'en ef hann væri fullur, vélarstjórinn, oð hún líka, þá má guð hjálpa henni'.

Þegar tjaldið féll, fór Jack að finna leikhússtjóran.

'Sjáið þér', hrópaði Smolendo hrifinn, 'þetta var dásamlegt. Þetta gefur af sér peninga. Ég læt sýna það 300 kveld'.

'Mér líkar ekki þessi uppstigning konu minnar, og mér er sagt, að vélarstjórin sé drykkjumaður'.

'Þetta fólk drekkur ait, vinur minn', svaraði

Smolendo glaðlega, 'en Robert er gimsteinn, hann drekkur aldrei við vinnu sína'.

Aftur reyndi Jack að aðvara konu sína, en árangurslaust.

Síðast í apríl lentu Chicots-hjónin í þratu. Einn hver ókunnur maður hafði sent Chicot gullarmband, og við það var festur seðill með orðunum: 'Ég dáist að listinni'.

Chicot spenti armbandið á úllsið sinn og sýndi manni sínum það.

'Þú sendir það auðvitað til baka', sagði hann og leit grunsömum augum á gripinn.

'En hvert ætti ég að senda það, vinur minn?'

'Til gimsteina kaupmannsins, hann hlýtur að þekkja kaupandann'.

'Svo heimsk er ég ekki. Það getur ekki verið neitt rangt við, að þiggja nafnlausu gjöf, og ég ætla mér að eiga armbandið'.

'Ég hélt ekki, að þú værir fallin svona djúpt'.

Chicot svraði með skömmum. Daginn eftir fór Jack að finna gimsteinakaupmanninn, lýsti armbandinu nákvæmlega og spurði, hver hefði keypt það af honum; en kaupmaðurinn kvaðst hafa selt hundrað armbönd lík þessu, og ekki geta greint hverir keypt hefðu.

'Ég skil það', sagði Jack Chicot, 'að þér viljið ekki móðga góðan viðskiftavin, en ég tel víst, að þér skiljið í hverju skyni armbandið er gefið. Slíkar verzlánir sem yðar gætu naumast borið sig, nema með því að vera samsekar í löstum viðskiftavina sinna'.

Um leið og Jack skaut þessari ör, fór hann út. Hann gekk heina leið heim til þess að láta dót sitt efan í ferðapoka, og taka sér skemtilferð út á land.

'Við búum ekki lengur saman', sagði hann við

sjálfan sig; 'hún hefir gefið fulla ástæðu til skilnaðar. Héðan af veiti ég enga tilhlíðrun'.

Meðan hann var að láta dót sitt niður, datt honum í hug, að réttara væri af sér að biðja einhvern að gæta hennar, því hún væri til í alt.

'En hvern á ég að biðja?' spurði hann sjálfan sig. 'Frú Everitt, húseigandann? Nei, þegar hún drekkur áfengi, þá er hún of lausmálg. Ég verð að sanna Desrolles og biðja hann.

Chicot lokaði ferðapokanum, bar hann fram í ganginn og þaut svo upp á efra loft og barði þar að dyrum.

'Kom inn', var sagt í letilegum róm, og inn gekk Jack Chicot.

Í herberginu var bæði brennivíns og tóbaks lykt, og húsmunirnir allir voru miklu lélegri en niðri á fyrsta lofti.

Á gömlum og lélegum legubekk lá leigjandinn geispanði. Hann var hár maður og herðabreiður, með grátt hár og skegg. Vera kann, að hann hafi einhverntíma verið tígulegt prúðmenni, en margra ára ofneyzla vins var búin að svipta hann allri göfugmensku, og fatnaður hans var gamall og slitinn.

'Góði vinur', sagði hann, 'hvað kemur þér til að vera svona snemma á ferð?'

'Ég er orðinn þreyttur á lífinu', sagði Jack.

'Það er eðli lífsins, að kvelja og þreyta manninn, sem skapaður er að eins til sorgar', sagði Desrolles, 'og skynsamlegasta kenning heimspekinnar er, að taka lífið og sorgir þess sem léttast'.

Jack og Desrolles höfðu í byrjuninni mætt hvor öðrum í stiganum, og kyntust þannig smátt og smátt; svo hafði Jack farið að bjóða honum inn til sín að spila við sig endrum og eins, og þá kyntust þeir enn betur.

'Hvað er það, sem sérstaklega hryggir yður í dag?' spurði Desrolles.

'Ég er órólegur vegna konu minnar'.

'Éðlileg afleiðing af því, að giftast legurstu stúlkunni í Paris. Eru við hvað eruð þér hræddur?'

'Hún hefir fengið gjöf frá nafnlausum aðdáanda, og álitur sér heimilt að þiggja hana, af því hún er nafnlaus'.

'Hvað er athugavert við það?'

'Þér ættuð að skilja það. Gefandinn vill sjá konu mína dansa með armbandíð hans á handlegg sínum; svo sendir hann henni aðra gjöf, síðan nafnlaus bréf, og brátt mun lævíst snjaldur ryðja braut vanvirðunnar, — hann gerir vart við sig og svo —'.

'Sé kona yðar ekki betri kvenmaður, en þér álitid hana vera, þá getur verið hætta á ferð. Er það þetta, sem þér meinið?'

'Nei', sagði Jack og roðnaði. 'En ég vil ekki að henni sé nein hætta búin af lævísun þorpara, milli leikhússins og heimilisins. Ég ætla að létta mér upp um tíma og ferðast út á land, og þarf einhvern mann til aðstoðar konu minni á meðan'.

'Ég skal með ánægju vera þræll hennar meðan þér eruð fjarverandi. Þér megið treysta því, að ég skal gæta hennar'.

Hún má ekkert vita um það', sagði Jack.

'Auðvitað ekki. Konur eru börn, að eins stærri að vexti, og þurfa sömu umönnun og börn. Ég skal haga mér þannig, að hún taki fylgd minni með þökkum'.

'Kæra þökk, Desrolles, ég skal ekki vera vanþakklátur. Verið þér sælir'.

'Ætlið þér til Parísar?'

Jack sagði ekki, hvert hann ætlaði, og hinn vildi ekki spyrja aftur að þessu.

Jack skildi eftir fáorðan seðil til konu sinnar :

'Kæra Zaire! Þar eð okkur kemur illa saman, hygg ég að nokkurra daga skilnaður ætti að vera okkur hagkvæmur. Ég ætla út á land að fá mér hreint loft. Lykt af gasolíu og vondu brennivíni hefir gert mig veikan. Gættu þín sjálfrar þín vegna, ef ekki mín vegna.

Þinn J. C.'*

7. KAPÍTULI.

Það var um miðjan vetur, að Jasper Treverton dó. Vorið var komið í allri sinni dýrð, loftið hlýtt, kvöldin unaðslega fögur, blómin ilmandi og skógurinn grænn, — ofurlítið sýnishorn af Paradís á jörðunni. — Og einmitt um þetta leyti lét John Treverton sjá sig í þorpinu Hazlehurst, jafn óvænt og áður, eins og hann hefði fallið niður úr skýjunum.

Eliza Sampson var að svífta rósviðartré óþörfum greinum, þegar hún sá John Treverton koma að litla garðshliðinu með ferðapoka í hendinni.

'Ó, hr. Treverton', kallaði hún, 'því gerðuð þér við skyldum hafa sent drenginn á járnbrautarstöðina'.

'Því gerði ég — hvað?' spurði hann brosandi.

'Að bera ferðapokann yðar. Tom líkar það illa'.

'Tom þarf ekki að vita um það. Ferðapokinn er léttur, og ég hefi að eins borið hann frá 'George', þar sem ég yfirgaf fólksvagninn. Þér sjáið, að ég ætla að nota heimboð bróður yðar, ungfrú Sampson; ég er kominn til að dvelja hér nokkra daga'.

'Það gleður Tom', sagði Eliza.

Hún var að hugsa um, hvernig hentugast myndi

að breyta dagverðinum í viðeigandi máltíð fyrir hinn væntanlega eiganda að Hazlehurst; því þessi dagverður, sem var í undirbúningi, var ekki annað en leifar frá liðnum dögum.

'Ég ætla að lita eftir herberginu yðar á meðan þér spjallist við Tom á skrifstofunni', sagði hún og þaut inn.

'Gerist yður ekkert ómak', kallaði hann á eftir henni.

Hún var komin inn í eldhúsið áður en hann var búinn með setninguna.

'Láttu hattinn á þig, María', sagði hún við eldabuskuna, 'og reyndu að ná í kjöt, — ég sá tvær andir í glugganum hans Trimpsons í morgun'. María þaut strax út, en Eliza fór upp á loft með stofustúlkunni, til þess að laga til í herberginu hans Trevertons.

'Hann er auðvitað kominn til að biðja hennar', hugsaði Eliza. 'Þau giftast væntanlega áður en sumarið er liðið'.

'Ekki dvaldi Jón Treverton nema tíu mínútur hjá Tom Sampson.

'Ég sé, að þér eigið annríkt', sagði Jón.

'Nei, alls ekki, ég er að enda við störf mín. Ef þér ætlið út, skal ég verða samferða, ef þér viljið'.

'Nei, nei, ég ætla að eins að hreyfa mig ögn. Dagverður kl. 6. eins og vant er, býst ég við. Ég kem aftur til að spjalla við yður, áður en við setjumst að borðinu'.

Áður en Sampson gat svarað, var Jón kominn út. Hann þráði að síð, hvernig Manor House og umhverfið leit út um vortímamann.

Hann gekk hratt eftir götunni gegnum þorpið, unz hann kom á breiða veginn, sem lá heim að Manor House; þá hægði hann á göngu sinni og leit eins

og í draumi yfir alla vorprýðina, sem honum fanst getg horfið á meðan hann horfði á hana.

Þegar Jón Treverton kom að girðingarhliðinu kringdi hann: kona nokkur kom út úr dyravardarherberginu, leit á hann, hneigði sig og lauk upp hliðinu orðalaust.

Hann gekk í hægðum sínum heim að húsinu yfir kallegu grænu flötina. Alt sýndist honum nýtt, því átlitið var alt öðruvísi nú, en það hafði verið um það leyti, er hann kom þar fyrst.

Hann hafði ekki heyrt neitt um breytinguna á áformi Láru, og hélt því að húsið væri í umsjón vinnufólksins. Hann sá, að gluggar setustofunnar voru opnir og á borðinu stóðu blóm, svo alt var svo víðfeldið og snoturt. Jón gekk fram hjá húsinu og inn í blómagarðinn, en þegar þangað kom, nam hann staðar undrandi, — alt var svo sagurt og aðdánlega niðurraðað, að hann hafði aldrei augum litið aðra eins náttúrufegurð.

Að litlum tína liðnum hugsaði Jón: 'Ég er heimskingi, ef ég sleppi ta-kifærinu að eignast þetta'.

Á meðan hann stóð þarna varð hann var við lifandi veru nokkur skref þaðan sem hann stóð.

Lára Malcolm stóð þar, í svörtum sorgarbúningi og berhöfðuð: hún hélt á körfu með blómum í. Þegar hún sá manninn, varð henni hilt við, en undir eins og hún þekti hann, gekk hún frjállega til hans og heilsaði honum.

'Ég bið yður að fyrirgefa, að ég kem án þess að láta vita um það fyrirfram. Mér kom ekki til hugar, að þér væruð hér, og þó er það svo eðlilegt að þér komið hingað við og við til að sjá gömlu garðana', sagði Jón.

'Mitt heimili er hér', sagði Lára. 'Vissuð þér það ekki?'

'Nei. Enginn hefir sagt mér frá breytingunni á þiformi yðar'.

'Mér þykir svo vænt um þetta góða, gamla hús og garðinn, og svo margar endurminningar mínar eru bundnar við það, að séra Clare veitti auðvelt að fá mig til að vera hér kyrra. Ég er einskonar ráðsmaður hér'.

'Ég vona þér verðið hér alla yðar æfi', sagði Jón og roðnaði, eins og hann hefði sagt eitthvað rangt.

Sami roðinn kom fram í föla andlitinu á Lára. Þau stóðu bæði og horfðu niður fyrir sig eins og feimin skólabörn.

Lára áttaði sig fyrst.

'Hafið þér verið lengi í Hazlehurst?' spurði hún róleg.

'Ég kom hingað fyrir einni stundu, og fyrsta heimsóknin mín var til Manor House, þó ég byggist við að finna húsið tóm'.

Nú kom önnur stúlka fram á sjónarsviðið, lítil vexti, ung og fjörleg, með viðfeldinn svip.

'Komdu hingað, Celia', kallaði Lára, 'láttu mig kynna þig hr. Treverton. Þú hefir heyrt föður þinn minnast á hann. Hr. Treverton, ungfrú Clare'.

Ungfrú Clare hueigði sig, brosti og tautaði eitthvað. 'Vesalings Edward', hugsaði hún, 'hr. Treverton er fallegur maður'.

'Ég býst við, að þér gistið hjá Sampson', sagði hún. 'Hann talar ávalt um yður og kallar yður vin sinn. Ég vona, að þér takið yður það ekki nærri. Það er sannarlega hart'.

'Ó, ég held ég þoli það', sagði Jón. 'Hr. Sampson hefir verið mér mjög vinveittur'.

'Hann er viðfeldinn maður, ef þér á annað borð getið liðið hann', sagði ungfrú Clare, 'en hvernig fellur yður við systur hans. Hún er nærri voðaleg'.

'Ég viðurkenni, að framkoma hennar vekur enga

gleði hjá mér', sagði Jón, 'en ég held að meining hennar sé góð'.

'Getur persóna með hvít augnahár meint nokkuð gott?' spurði Celia. 'Hefir guð ekki skpað hana sem aðvörn, eins og flata hansinn á eiturnöðrunum?'

'Þetta er að beita of mikilli alvöru við málefnið', sagði Jón. 'Ég dáist ekki að hvitum augnahárum, en ég er ekki svo hjátrúaður, að ég áleti þau eðlis, einkenni'.

'Ó, þér skiljið það smátt og sátt'.

'En hvað blómagarðurirn er fagur á þessum tíma árs', sagði Jón og sneri sér að Láru.

'Ó, það er satt, þér hafið að eins séð hann um vetrartímamann', svaraði hún. 'Máske yður langi til að skoða hann og listigarðinn?'

'Já, mér væri ánægja í því'.

'Og svo förum við inn og drekkum te', sagði Celia. 'Auðvitað líkar yður te, hr. Treverton?'

'Ég játa að svo sé'.

'Mér er ánægja að heyra það. Ég hata mann, sem ekki vill drekka te. Bróðir minn vill ekki annað en svart kaffi. Ég er hrædd um, að æfi hans endi illa'.

'Mér þykir vænt um, að þér skoðið tedrykkjuna sem dygð', sagði Jón hlæjandi.

Svo gengu þau öll aftur og fram um garðinn og skoðuðu blómin og trén.

'Vesalings gamli maðurinn', hugsaði Jón, 'hann vildi gera æfi mína örugga, án þess að voga hennar. Ef hann hefði vitað — ef hann hefði vitaði!'

'Ég er alveg uppgefin, og þarfnast tebolla til að hressa mig', sagði Celia.

'Heyrðirðu ekki kirkjuklukkuna slá fimin, Lára?'

Nú mundi Jón, að dagverðurinn hjá Simpson er borðaður kl. 6.

'Ég held ég verði að neita mér um þá ánægju, að drekka te', sagði hann. Sampsons borða kl. 6.

'Það er langt þangað til', sagði Celia, sem aldrei vildi missa karlmenn úr nálægð sinni. 'Þangað má ganga á 10 mínútum'.

'Þér hljótið að vera í meira lagi harðgengar, ungrú. Jæja, ég vil eiga alt á hættu fyrir tebolla'.

Þay gengu inn í snoturt herbergi með tveim stórum gluggum, sem vissu út að garðinum. Herbergi þetta var kallað bókaherbergið, af því það var ekki nógu stórt til að heita bókhlaða. Frá gólfi til lofta náðu skáparnir, troðfullir af bókum, engar ferðasögur, engin pólitik, alt saman skáldsögur og önnur rit eftir Scott og Byron; mikið af þýzkum og frönskum ritum eftir Macaulay, Lamartine, Victor Hugo og ótal marga aðra höfunda ýmissa þjóða. Húsmunirnir voru snotrir og margar blómakönnur stóðu þar inni hingað og þangað.

Jón sat í lágum stól við lítið borð hjá glugganum og drakk teið sitt með hægð; honum fanst eins og lífið væri að byrja fyrir sig, eins og hann væri barn í vöggju, með óljósa meðvitund um dagsbrún tilverunnar; enginn þungi hvíldi á huganum né samvirkunni; ekkert band og engin hindran, engin skuldbinding upp á æru og trú; autt rúm framundan og bak við hann, að framan: lífið, segurð jarðarinnar, ástin, heimili og alt, sem tilveran á í eigu sinni handa þeim manni, sem læddur er til að njóta gæfunnar.

Meðan á þessum hugadraumi stóð, drakk hann þrjá tebolla. Þegar klukkan sló þrjá fjórðu stundar til sex, stóð hann snögglega upp, setti bollann sinn á borðið og kvaddi Láru.

'Ég skal ganga þenna spotta á 10 mínútum', sagði hann við ungrú Clare um leið og hann kvaddi hana.

‘Það er skemst fyrir yður að ganga gegnum ávaxtagarðinn’, sagði Lára.

Jón fór að ráðum hennar og gekk yfir garðinn, þegar hann kom að hinum enda hans, varð fyrir honum litla hliðið, sem hann hafði séð opnað um veturinn á dularfullan hátt.

‘Ég er viss um, að ekkert óheiðarlegt hefir verið í sambandi við þann leynifund’, hugsaði Jón. ‘Ég hefi nú horft inn í elskulegu augun hennar, og er sannfærður um, að hún geymir enga vanvirðandi hugsan, auk heldur annað’.

‘Þú ert undarlega stólka’, sagði Celia um leið og hún holti tei í bolnum inn í fjórða skifti. ‘Hvers vegna hefirðu aldrei sagt mér, hve elskuverður hr. Treverton er að öllu leyti?’

‘Góða Celia, hvornig á ég að vita, hvað þú meinast með ‘elskuverður að öllu leyti’ um ungan mann? Ég hefi heyrt þig hrósa svo mörgum margvíslega. Ég hefi sagt þér, að hann væri þrúðmenni og liti vel út’.

‘Liti vel út!’ sagði Celia, ‘hann er algerlega fullkominn. Að sjá hann sitja í stólnum þarna, drekka te og horfa út í garðinn falletu augunum sínum! Ó, það er voðalega yndislegt. Hefirðu tekið eftir, hvernig augun hans eru lit?’

‘Um það hefi ég enga hugmynd’.

‘Þau eru grá-græn og skifta lit á hverri mínútu, verða stundum máó-blá; ég hefi aldrei séð það fyr. Og hörundið, þessi gagnsæi, ljósrauði litur þess er ósegjanlega fagur. Nefið líkist grisku nefi og munnurinn er ljómandi og stundum dreymandi. Sást þú hann verða hugsandi, Lára?’

‘Þú ert of hjákátleg, Celia. Ég skil ekki, hvornig ókunnur maður getur vakið hessa aðdáun hjá þér’.

‘Hvers vegna ætti algerleiki ókunns manns að vera forboðið umhugsunareini? Menn hafa leyfi til

að dást að fegurð lands, stjörnunum, tunglinu, sjön-
um og sólsetrinu. Hvers vegna má þá ekki dást að
manni? Í minum augum ert þú sú öfundsverðasta
stúlka, sem ég hefi heyrt getið um'.

'Fyrir hvað er ég öfundsverð?'

'Al því að þú eignast mikinn auð og Jón Trevert-
ton fyrir mann'.

'Ég vil að þú minnst ekki á þetta, Celia, ef þú
á annað borð getur þagað yfir nokkru'.

'Ég get ekki varist því', sagði Celia.

'Það er alls ekki víst, að ég giftist Treverton'.

'Ætlarðu að vera svo heimsk að neita honum?'

'Ég samþykki ekki bónorð hans, nema ég sé viss
um, að honum lítist betur á mig en nokkra aðra
stúlku, er hann hefir áður séð'.

'Og það gerir hann auðvitað', sagði Celia.

'Það verður nægur tími til að tala um þetta,
þegar Jón Treverton er búinn að biðja mín'.

'Ó, það skeður á einu augnabliki, og þá verð ég
ekki til staðar að hjálpa þér. Þess vegna er þér
betra, að ráða þetta við þig fyrirfram'.

'Ég mundi fyrirrita Jón Treverton, ef hann bæði
mín áður en hann þekkir mig betur en hann nú gerir.
En nú banna ég þér að minnst á þetta efni aftur'.

Enn einu sinni ók Jón Treverton um landeign hins
framliðna ættingja síns, er honum sýndist nú þúsund
sinnum fegri heldur en þegar hann skoðaði hana um
veturinn. Sterk löngun til að eignast þetta, kviknaði
nú hjá honum. Að eiga Láru Malcolm fyrir konu og
þessa landeign ásamt öllu lausafé, áleit hann þá
mestu sælu, er sér gæti hlotnast.

Sú sæla, sem hann gæti notið — 'ef að' —. Hvað
var þetta 'ef að', sem stóð gæfu hans í vegi?

Hann gerði sér von um, að Lára mundi taka sig
fram yfir flesta aðra meun; en milli hans og þessar-
ar þráðu gæfu stóð önnur persóna.

'Það tjáir ekki að hugsa um Láru', sagði hann við sjálfan sig, 'við verðum að skilja, og ef til vill finnast aftur fyrir en eftir hálfra öld, og þá höfum við gleymt hvort öðru'.

Þetta skyldi vera síðasta kvöldið hans í Hazlehurst, og hann ætlaði að fara til Manor House til að kveðja Láru og vinstúlku hennar. Þegar þangað kom gekk hann í kringum húsið og ætlaði í blóma-garðinn, en heyrði þá mannamál.

Ein röddin var karlmannsrödd, sem honum geðjaðist ekki að, og svo heyrði hann Celiu hlæja. Þegar hann kom fyrir húshornið, sá hann Láru og Celiu sitja á stólum, en við fætur þeirra lá karlmaður í grasinu.

Lára stóð upp og rétti honum hendi sína.

'Mr. Clare, hr. Treverton', sagði hún.

Edward Clare leit upp og kinkaði kolli, en Jón hneigði sig alvarlega fyrir prestssyninum, og nam staðar við stól Láru.

'Ég vona þér misvirðið ekki að ég kom svona seint', sagði hann, 'ég er kominn til að kveðja'.

Hún leit til hans alvarlega, og Jón ímyndaði sér að hún væri hrygg.

'Þér hafið ekki dvalið hér lengi núna', sagði hún.

'Hér dvelur enginn til lengdar, sem ekki er neyddur til þess', sagði Celia. 'Hvernig gátuð þér haldið út, að dvelja hér heila viku?'

'Mér hefir alls ekki leiðst hér', sagði Jón og sneri sér að Celiu.

'Þá hljótið þér að vera eitt af tvennu', sagði Celia.

'Hverju?'

'Annaðhvort hljótið þér að vera skáld eða þér eruð alvarlega ástfanginn'.

'Ég er ekki skáld, ungrú Clare', svaraði Jón.

'og þó fullvissa ég yður um, að mér hefir líðið vel hér'.

Hann leit til Láru, en hún horfði til jarðar.

'Það er vel gert af yður að tala vel um plássið', sagði Edward háðslega. 'En hér er þó í raun réttir ekkert til að gera'.

'Það er þá af þeirri ástæðu, að þú kant svo vel við þig hér', sagði Celia sakleysislega.

'Er nokkuð nýtt í kvöldblöðunum?' spurði Clare gæspandi.

'Bláðið Globe var ekki komið til Sampsons, þegar ég skildi við hann', svaraði Jón.

'Mér þætti gaman að vita, hvort hin ógæfusama dansmæ er lifandi', sagði Celia.

Jón Treverton, sem staðið hafði við stól Láru eins og í leiðslu, sneri sér skjótlega við.

'Hvaða dansmæ?' spurði hann.

'Chicot. Þið eruð lánsamir, London-búar. Ég sjáið alt undir sólunni, sem vert er að sjá. Væðan ekki óviðjafnanlega fögur? Ég fæ líklega aldrei að sjá hana'.

'Hún var mjög fögur stúlka og dansar ágætlega á sinn hátt', svaraði Jón. 'En hvað meintuð þér með að tala um dauða hennar? Hún var heilbrigð þegar ég fór'.

'Það var fyrir viku síðan', sagði Celia. 'Þér hafið þó líklega lesið Times í dag, þar var nærri heill dalkur um óhappið'.

'Ég las ekki Times í dag. Sampson og ég fórum snemma að heiman. Hvaða óhapp vildi til?'

'Mér skilst, að Chicot hafi átt að stíga upp til skýanna í einhverri vél —'

'Já, ég skil', sagði Jón.

'En maðurinn, sem stjórnaði vélinni var drukkin og vissi ekki, hvað hann gerði, svo rétt í því að hún

kom til skýjanna klofnaði vélin og hún féll niður með höfuðið á undan'.

'Og dó?' spurði Jón og hélt andanum.

'Nei, hún dó ekki strax, en braut annan fótlegginn og fékk slæmt högg á höfuðið; blaðið segir ásigkomulag hennar vonandi um líf'.

'En sá skgði fyrir mannfélagið', sagði Edward háðslega. 'Ég held þú sért erkiflón, Celia, að þú skulir láta þig nokkru skifta um persónur, sem eru eins fjarri þér og þær ættu heima í tunglinu'.

'Ó, ég er hrifin af dansmeyjum, ég vildi sjálf vera dansmar, ef ég væri ekki prestsdóttir, það hlýtur að vera skemtilegt líf'.

'Áhrifamikið', svaraði Edward, 'einkum þegar það endar eins og Chicots líf'.

'Ég verð að bjóða yður góða nótt og kveðja', sagði Jón við Lára. 'Ég verð að láta niður í ferðapokann minn í kvöld, af því ég fer snemma á morgun, eða máske í kvöld'.

'Lestin fer 15 mínútur eftir 10', sagði Edward. 'Þér megið hraða yður, ef þér ætlið með henni'.

'Ég ætla að minsta kosti að reyna það'.

'Góða nótt, hr. Treverton', sagði Lára og rétti honum hendi sína.

Celia var nú ekki á því, að láta hann fara með jafn kuldalega kveðju; hann var ungur og hafði þess vegna ábrif á hana.

'Við skulum öll fylgjast yður að garðhlíðinu', sagði hún. 'Það er miklu betra en að sitja hér og geispa'.

Þegar þau gengu af stað vildi þönnig til að Lára gekk við henni á Jóni í eður hún.

'Mér þykir þitt, að þér verið að vefra okkur svona fljótt', sagði Lára, sem villi vera það.

'Það kveggir mér meira en óþæt þú með orðum, að verða að fara, ef yður er það á móti skafi'.

'Ég meinti það nú ekki heinlínis', svaraði Lára.

og hló feimnislega. 'Mér þykir það leitt yðar vegna, að þér verðið að yfirgefa sveitina á þessum tíma, þegar hún er segurst, og snúa aftur til reykjarmökksins í London'.

'Ef þér vissuð, hve mjög ég hata reyk og skarn heimansins, þá munduð þér vorkenna mér einlæglega', sagði hann alvarlegur. 'Ég yfirgef alt, sem ég elska til að fara þangað, sem ég fyrirleit alt, og veit ekki nær ég get komið aftur; en ef ég get komið bráðlega, viljið þér þá lofa mér því, að verða jafn glöð við afturkomu mína eins og ég er hryggur yfir burtförinni nú?'

'Ég get ekki skuldbundið mig á neinn hátt', sagði hún hlýlega, 'ég get ekki metið hrygð yðar nú. Þér eruð svo dularfullur, að ég skil yður ekki; en ég vona þér komið brátt aftur, þegar rósirnar blómstra og næturgalinn syngur; og ef yður finst það ekki nægileg heillaóska heilsan, þá skal ég bæta minni við'

Spaugið hennar var svo undurblítt, að það gladdi Jón ósegjanlega. Þau voru einsömul á brautinni þar sem trén voru þéttust. Jón tók hendi Láru án þess að hún sýndi móþróa.

'Ég vona þér hatið ekki endurnminningu Jaspers frænda míns vegna skilmálanna í arfleiddsluskjalinu', sagði hann.

'Hvernig ætti ég að geta hatað endurnminningu hans, sem var mér svo góður, sá eini faðir, sem ég hef nokkru sinni þekt'.

'Ég vona þér hatið mig ekki vegna arfleiddsluskjárinnar?'

'Það væri rangt af mér að hata yður fyrir ákvörðun, sem þér hafið engan hátt átt í'.

'Án efa; en ég get hugsað mér, að stúlka gæti ekki látið vera að hata mann undir slíkum kringum-

staðum. Nú takið þér hendina til yðar, svo nú veit ég að þér hatið mig'.

'Ég tók hendina til mín, af því þér gleymduð að sleppa henni', sagði Lára, ákveðin í því að vera ekki of alvarleg. 'Er yður ánægja að því, ef ég segi að ég fyrirgefi fóstra mínum af öllu hjarta skilnaðana í erfðaskránni?'

'Já, ósegjanlega mikil'.

'Og að ég, þrátt fyrir okkar einmennlega ásigkomulag, hata yður ekki heilínis'.

'Lára, þér gerið mig að gæfurikum manni'.

'En ég lofa þó svo litlu'

'Ef þér vissuð, hve mikilsvirði það er mér. Hæll heimur af von, gæfu, hvötum til gófugra hugsana og heiðursverðra starfa, endursæðing líkama og sálar'.

'Þér talið óráð'.

'Ég er tryltur af gleði. Lára, mín eigin, mín elskaða'.

'Hættið þér', sagði hún skyndilega og sneri sér að honum fól og alvarleg. 'Er það ég eða fjármunir frænda yðar, sem þér elskið? Ef það eru eignirnar, sem þér hugsið um, þá skulum við ekki láta neina málamynda-ást ríkja á milli okkar. Ég er fús til að hlýða skilmálum frænda yðar, en við skulum vera hreinskilin ívort við annað. Við skulum lifa heiðarlega og alvarlega, vera tryggir vinir og félagar, en táldraga ekki hvort annað með uppgerðar-ást'.

'Það er yður, sem ég elska, en ekki fjármunina. Það segi ég satt. Komid þér til mín á morgun og segið mér, að erfðaskrá frænda míns sé fölsk, og þá skuluð þér komast að raun um, að það er yður, sem ég elska. Ég elska yður ósegjanlega heitt. Það er andlitið, röddin, þér sjálfar, sem ég krefst'.

Hann lagði handlegginn um mitti hennar, dró hana að sér og þrýsti heitum kossi á varir hennar, þrýsti kosinn, sem kom henni til að roðna.

‘Ég vil helzt af öllu trúa yður’, sagði hún og lá kyr og ánægð í faðmi hans. Þetta var kveðjan þeirra.

8. KAPÍTULI.

Íbúarnir í Cibber-götunni, Leicest Square, voru all-órólegir yfir óhappinu, sem henti Chicot.

Ef hún hefði verið þolinmód, starfsöm og nákvæm kona og maður, þá var þetta ekki umtalsvert, en Chicot, hverrar nafn stóð svo víða á húsveggjum með þriggja feta háum stöfum, hún var persóna sem allir voru hrifnir af.

Það hafði gengið eins og maðurinn spáði, hún var drukkin og vélastjórinn var líka drukkin, og afleiðingin af því var þetta óhapp. Síðustu vikuna hafði einhver ónefndur sent henni kassa með 36 merkurflöskum í af kampavíni, og hún neytti þess óspart.

Hana grunaði, að kampavínið kæmi frá sama manni og armbandið, en hún áleit nægan tíma, að hrekja hann frá sér, þegar hann yrði of nærgöngull.

Eins og stúlkum er gjarnt til, langaði Chicot til að þekkja þenna aðdáanda sinn. Hún horfði um bekkina, einkum þar sem æskulýðurinn sat, unz hún kom auga á ungan mann með fölt andlit, dökk augu, fallegan munn, þykkar varir og dökkt, slétt og gljáandi hár, líkan Gyðingi.

‘Þetta er maðurinn’, hugsaði Chicot, þegar hún sá, hve alvarlega hann athugaði hana. ‘Hann lítur út fyrir að vera auðgur’.

Henni geðjaðist að andlitinu og gat ekki látið

vera að hugsa um manninn, og eftir þetta drakk hún kampavínið hans með meiri ánægju, og eitt kvöldið drakk hún tvær flöskur meðan hún var að búa sig, svo hún var talsvert drukkin og átti all-bágt með að dansa, en samt tókst henni það, svo að allir dáðust að henni.

'Hún er annarlega aðdánleg kona', sagði Smolendo. 'Hún mun draga að sér áhorfendur næstu þrjú leiktímabilin'.

Tíu mínútum síðar byrjaði uppstigningin frá kóralhöllinni. Vélin urraði, stundi, skalf og klofnaði. Dansmeyjan rak upp voðalegt hljóð, og mennirnir á leiksviðinu sömuleiðis; Chicot lá á gólfinu, þögul og meðvitundarlaus, og græna tjaldið féll með hraða.

Það var seint um kvöldið, daginn eftir óhappið, að Jack Chicot kom heim og fann konu sína meðvitundarlausu. Lífinu hennar var haldið við með stöðugri brúku brennivíns. Ókunnur maður sat hjá rúminu hennar, þegar Jack kom inn, ungur og alvarlegur. Hjúkrunarkonan stóð hins vegar og lagði dúk, vættan í köldu vatni, á enni hennar. Um fótbrotið var búið að binda. Jack gekk að rúminu, laut niður og horfði á konu sína.

'Vesalings Zaire mín, þetta er mjög slæmt', tautuði hann og sneri sér svo að ókunna manningum, sem var staðinn upp úr sætinu. 'Þér eruð líklega lækning?'

'Ég er sjúkravörður. Hr. Smolendo vildi ekki trúá mér fyrir, að binda um beinbrotið, og gerði það eftir Sir John Pelham, og alt gekk vel, en leyfði mér að vera hér til að gæta hennar. Þú konu yðar er í hættu. Ég hefi nýlokið námsprófið og hefi heimild til að stunda lækningar. Mér þætti vænt um, að þér vilduð leyfa mér að líta eftir konu yðar, með tilstyrk Pelhams, auðvitað. Um borgun þarf ekki

að tala. Mér er um að gera, að fá tækifæri til að æfa mig'.

'Ég tek tilboði yðar með þakklæti', svaraði Jack með meiri ró en Georg Gerard bjóst við af mauni, sem kom heim eftir viku fjarveru og fann konu sína í þessu ásigkomulagi. 'Haldið þér að henni batni?'

Þessa spurningu bar Jack fram með mestu ró, en horfði jafnframt í augu Gerards, eins og hann biðir eftir dómsúrsliti.

Augnatillit þetta kom læknum til að hugsa um ásigkomulagið milli hjónanna; fyrst var hann svo rólegur, nærri kærulaus, en nú var hann í megnunum spenningi. Af hverju kom þessi breyting?'

'Á ég að segja yður sannleikann?'. spurði Georg. 'Já, afdráttarlaust'.

'Gætið þess, að það er mín eigin meining, sem ég læt í ljósi. Tilfellið er efasamt. Skemdina á heilanum er ekki unt að meta'.

'Ég tek orð yðar eins og þér talið þau, en í guðs bænnum verið þér hreinskilinn'.

Jack stundi þungan og skalf.

'Segið þér mér, hvernig óhappið atvikaðist. Þér voruð í leikhúsinu og sáuð það', sggði Jack.

'Já, ég var þar og sá það, og það var ég, sem tók konu yðar og bar hana burt, hinir þorðu ekki að snerta hana'.

Gerard sagði nákvæmlega frá öllu, og Jack hlýddi á hann, án nokkurrar svipbreytingar.

'Mín meining er sú', sagði Gerard, 'að litlar líkur séu til, að konu yðar batni, en vonlaus er ég ekki, og af þeirri ástæðu bið ég yður að leyfa mér að gæta hennar'.

Jack horfði undrandi á lækurinn.

'Þér hljótið að elska stöðu yðar mjög mikið til þess, að geta verið jafn umhyggjusamur fyrir annars manns konu', sagði hann.

'J, ég elska visindi mín einlæglega. Ég hef ekkert annað að elska, og óska einskis annars'.

'Jæja, gerið alt, sem þér getið, til að frelsa líf hennar', sagði Jack.

Hann gekk um gólf í djúpum hugsunum.

'Ég bað hana innilega, að voga ekki lífi sínu við þessa uppstigning. Mig grunaði, að óhapp hlytist af henni'.

'Þér hefðuð átt að fyrirbjóða þetta', sagði lækurinn.

'Fyrirbjóða! Þér þekkið ekki konu mína'.

'Ef ég ætti konu, skyldi hún hlýða mér'.

'Þetta er almenn skoðun ungra manna, en hinkrið þér við, þangað til þér eignist konu, þá munuð þér segja annað'.

'Það á sér engin umbreyting stað í nótt', sagði Gerard, og tók hattinn sinn, þegar hann var búinn að athuga sjúklinginn nákvæmlega. Frú Mason veit um alt, sem hún á að gera. Ég skal koma hingað kl. 6 í fyrramálið'.

'Kl. 6. Þér eruð morgunfugl'.

'Ég vinn hart. Það eina er nauðsynleg afleiðing manns. Góða nótt, hr. Chicot. Ég gleðst yfir þreki yðar, að geta mætt slíku óhappi með ró. Það er merki góðra tauga'.

Jack ímyndaði sér, að háð byggi í þessum orðum, en breytingarnar í lífi hans voru svo miklar, að þær leyfðu engum öðrum hugsunum aðgang. 'Þér megið fara að háttu, frú Mason', sagði hann við hjúkrunarkonuna. 'Ég skal vaka hjá konu minni'.

'Afsakið, herra, ég vanrækti skyldu mína, ef ég leyfði mér að fara að sofa á meðan ásigkomulag hennar er jafn voðalegt og nú, ég vil samt vera þakklát fyrir einnar stundar svefn'.

'Haldið þér, að konu minni geti batnað?'

'Við viljum helst gera okkur góðar vonir', sagði hún.

'En er um nokkra von að ræða?'

'Það er undir forsjóninni komið'.

'Jaja', sagði Jack, 'við verðum að vera þolinmóð'.

Hann settist hjá rúminu og sat þar alla nóttina í mjög djúpum hugsunum.

Loksins birti af degi og þá kom Georg Gerard, sem enga breytingu fann á sjúklingnum og engar nýjar fyrirskipanir gerði.

Sir John Pelham kemur hingað kl. 11, og þá kem ég líka til að hitta hann hér', sagði hann.

Nafnfrægi læknirinn kom, athugaði sjúklinginn og sagði, að alt geugi vel.

'Fótinn hennar getum við gert jafn góðan og áður. Ég vildi, að ég gæti verið eins vongóður um hana', sagði hann.

spurði Jack.

'Haldið þér að heilinn sé mikið skemdur?'
'Ég get ekki sagt það með vissu. Járníð slóst í höfuð hennar um leið og hún datt. Höfuðskelin er hvergi brotin, en ég er hræddur um, að heilinn hafi skemst einhversstaðar. Hjúkrunin hjálpar mikið. Þér voruð heppinn að fá frú Mason, ég ber mikið traust til hennar'.

'Gerið þér yður nokkra von um, að kona minni geti batnað?' spurði Jack alvarlega.

'Góði herra, ég geri mér talsvert góða von, en slysið er alvarlegt og slæmt'.

'Hann er að líkindum vonlaus', hugsaði Jack um leið og hann fylgdi læknum til dyranna og rétti honum borgun.

'Nei, nei, kári herra, Smolendó borgar mér minna fyrirhöfu, þar eð kona yðar hefir unnið fyrir hann', sagði læknirinn.

'Jæja, ég tek því með þökkum; en álitid þér aðferð hr. Gerards viðeigandi í þessu tilfelli?'

'Já, að öllu leyti, — hann er maður, sem ætti að taka fljótum framförum í sinni stöðu'.

Eftir þetta bar Jack fult traust til Gerards. Sir John Pelham kom einu sinni í hverri viku og skipaði fyrir um hjúkrunina. Jack vakti yfir konu síni á nóttunni og notaði tímann til að penta skripamyndir fyrir blöðin.

Chicot var enn meðvitundarlaus og engin batamerki komu í ljós.

Á daginn tók Jack sér langar gönguferðir sér til hressingar.

'Þér eruð ávalt úti, þegar ég kem á daginn', sagði Gerard, sem kom í seinna lagi og fann Jack heima, 'finst yður það ekki ósanngjarnt gagnvart frá Chicot?'

'Það getur engin áhrif haft á hana, hún er meðvitundarlaus og veit ekki að ég er hér'.

'Það er ekki alveg víst. Hún getur haft meðvitund um það, sem fram fer í kringum hana, þó hún geti ekki látið vita um það. Ég hef þá von, að skvænsemi hennar sé heilbrigð, þó hún hafi hennar ekki not núna'.

Baráttan milli lífs og dauða var löng og þreytandi. Jafnvel Georg var orðinn vonlaus.

'Er hún ekki mjög veik?' spurði Jack síðla dags.

'Hún er eins veik og hún getur orðið, meðan hún lifir', svaraði Gerard.

'Vonin er að yfirgefa yður?'

'Ég er orðinn hræddur um hana'.

Meðan hann talaði, sá hann glaðna yfir Jack. Þeir stóðu og horfðu hvor á annan, annar þeirra viðandi vel, að leyndarmál hans var augljóst orðið.

'Ég er hræddur en ekki vonlaus', sagði Gerard.

'Ef það er mögulegt, að bjarga lífi hennar, þá gerðu það'.

'Gerðu þér allt sem þér getið. Það verður að vera eins og forlögin skipa þetta ástand hennar'.

'Þér hafið eitt siun elskað hana, býst ég við', sagði Gerard og horfði fast á Jack.

'Ég elskaði hana hreinskilnislega'.

'Nær og hvers vegna hættuð þér að elska hana?'

'Hvernig vitið þér, að ég hefði hætt að elska hana?'

'Ég veit það eins vel og þér. Ég væri lélegur læknir við hina duldu sjúkdóma heilans, ef ég gæti ekki lesið leyndarínál yðar þessi vesalings mann-
eskja, sem liggur þarna, hefir um nokkuð langan tíma verið yður hrygðarbyrði. Þér munduð yra forsjóninni þakklátur, ef hún dæi. Þér viljið ekki neita henni um neina þá hjálp, sem þér getið veitt henni, en yður væri ánægja í því, að hún dæi. Ég held að ósk yðar rætist. Ég held hún deyri'.

'Þér hafið enga heimild til að ávarpa mig á þenna hátt'.

'Hefi ég ekki? Hvers vegna má maður ekki dafast að segja öðrum sannleikann? Ég leyfi mér ekki að ásaka eða dæma. Hver af þúkur er nógu hreinn til að ásaka bróður sinn? En hvers vegna ætli ég að látast haldast að þér væru þúkur eiginu at það er betra, að ég sé hreinskilni við yðu. Ég held, að þetta ætli að er þúkur yðar ósk minni'.

Jack stóð við pluggann og horfði á hana. Ásök var sönn, og hann gat ekki minni en

'Já, ég elskaði hana einu sinni', sagði hún og sjálfan sig. 'En hve glaður yrði ég að lesu við hana, sem ekki hefir revnst mér. Ég vonaði? Nær varð ég ívrsi þrevttur? Nær byrjaði ég að hata hana? Ekki fyrir þúkur afði mætt

— Ó, Pardis, sá ég þú seð í gegnum hálfopna
hlúðir — liggur þú fyrir mér. Komast inn á hina
grænu velli þínu og í blóðgarðinn, fullan af anægju
og gæði?

Hann sá þigjan við rúmið, þangað til hjúkrun-
arkonan kom; fór svo út að ganga sér til skammtun-
ar og þá þá að fá kveinna loft. Hann lofaði henni
að koma á turkl. 10, þá var hennar tími að borð-
kvöldmat, þá svo að sofa og afhenda honum láss-
að við rúmið komu hans til þess að vakna þá um nótt-
ina. Þetta var samkomulag þeirra og reykta.

‘Ef þú vilt verður líf hennar sloðað’, sagði ég
kennistur, hugaði Jack, meðan hann var á göt-
ur borgarinnar. Hann kom ekki heima á kvöldið,
og sá að ljós var í herberginu hans. Hann fór
á tónni og mundi þá, að frú Massey hefði komið
flýtt Chicot þangað, af því að hún hefði
verið viðku manlegra.

Jack var að leita að útidyrum í vasa sí-
num og dyrnar voru opnaðar innanverðu, og
ljós kom í ljós.

‘Ettla að vita, hvort ég get ekki fengið ögn af
brennivíni. Ég er þjáður af mínum gamla kvilla’,
sagði Desrolles.

‘Allar vinsölubúðir eru loknar’, sagði Jack. ‘En
ég á ögu af brennivíni uppi og gefa yður bragð’.

‘Það er vel gert af yður’, sagði Desrolles. ‘En
hvað þér komið seint heim’.

‘Ég gekk lengra en ég er vanur. Veðrið er svo
gott’.

‘Er það svo. En ég hef góðar fregnir handa
yður’.

‘Góðar fregnir handa mér?’

‘Já, kona yðar er á batalegi. Ég leit þar inn
fyrr tveim stundum síðan. Hjúkrunarkonan og Ger-

'Jaja — faðir Brooke er ekki svo afleitt, bróðir
 erd halda bæði að það versta sé afstaðið. Hún eins
 og lifnaði við milli 3 og 4, og borðaði með góðri lyst
 í fyrsta sinn síðan hún slasaðist. Er þetta ekki ulveg
 undravert?'

'Mjög undravert', sagði Jack, en beiskjan í huga
 hans var meiri en svo, að henni verði lýst.

Hann fann frú Mason himinglaða. 'Hún er eins
 og nýfætt barn', sagði hún um konu hans, 'en það er
 eins og lífið sé að koma aftur með hægð, eins og
 þegar sjórinn fellur að landi eftir hina lægstu fjöru'.

Frá þessari stundu hélt batinn áfram hindrunar-
 laust. Áður en september byrjaði, var hún orðin
 jafn góð og áður, og hvíldin hafði jafnvel gert hana
 — en vænt um það þín vegna'.

9. KAPÍTULI.

Það var mikið líðið af nóvember og trén á Hazel-
'Þér eruð svívirðilegur þorpari, að atla yður að tala mig, Benjamin Mosheh, sem í nærfelt 30 ár hef eingöngu verzlað með demanta; en þeir eru snildarlega vel steltir. Sjáið þér merkið eftir þjöluva mína, hérna? Faðir Abraham! En hvað maðurinn skelfur! Er það meining yðar, að telja mér trú um, að þér hafið ekki vitað, að steinarnir voru falskir?'

'Svo sammarlega, sem ég lifi, hélt ég að þeir væru ósviknir', sagði gamli maðurinn og skall ákaflega.

'Og þér hafið gefið peninga fyrir þá?'

'Já'.

'Marga?'

'Alt, sem ég á í þessum heimi' Alt, alt! endur tók hann með ákafa. 'Ég er eyðilagður maður' ;

guðs nafni! Gefið þér mér eitt staup af brennivíni, ef þér viljið ekki sjá mig deyja hér í húsi yðar'.

Ásigkomulag mannsins var aumkunarlegt, svo enda þótt hr. Moshéh áltí hann svikara, kendi hann í brlósti um hann, opnaði borðstofudyrnar og kallaði á konu sína.

'Rachel, komdu með brennivín og glas'.

Fri Moshéh kom með það umbeðna.

'Er herrann veikur?' spurði hún.

'Hann er vesall. Svo, vinur minn, þetta er nóg. Farðu nú'.

'Þeir eru óvanalega vel gerðir', sagði Moshéh, um leið og hann skoðaði steinana, einn eftir annan, 'en þeir eru allir falskir. Ef þér viljið skilja þá eftir hjá mér, þá skal ég komast eftir, hvar þeir eru falsaðir'.

'Nei, nei', svaraði hinn í flýti, tók alla steinana og valði þá innu í baðinullarpjötluna. 'Það gagnar mér ekki að vita, hvar þeir eru búnir til, ef þeir eru falskir, eins og þér segið, þá er ég eyðilagður maður. Góða nótt'.

Hann hafði drukkið hálf tölglas af brennivíni, og það stöðvaði skjálfta hans. Steinana lét hann í brjóstvasanu og gekk svo með hægð út úr húsinu.

'Skal þessi maður vera heimskingi eða þorpari?' hugsaði Moshéh með sjálfum sér.

19. KAÞÍTULI.

Júní var byrjaður og sumarið komið aftur, fegursti tími ársins, þegar hlómin eru farin að sýna sig og skógurinn búna að fá grænan lit, himininn heið-

skír og dagurinn svo langur, að maðni liggur við að gleyma því, að nóttin sé til.

Þetta var sá tími ársins, sem Lára hafði ávalt elskað, og þó að skugga nokkurt bari á lífsleið hennar, gladdi segurð nátturunnar hana. Celia undr- aðist yfir fjöri hennar, af því hún mataði Jón Trev- erton, og það ennþá meira síðan henni var bannað að miunast á hann.

‘Ég þekki engan _____, sem tekur lífið með jafn mikilli ró og þú geri _____’, sagði hún einu sinni síðari hluta dags, þegar Lára kom heim frá langri skemtigöngu í skóginum, sem var skammt frá Manor House.

‘Hvers vegna ætti ég að sökkva mér niður í sorg- ir mínar á þessum tíma árs? Þegar jörðin er svo þrungin af ánægju og von, að maður getur ekki var- ist að vona líka’.

‘Þú getur það máske ekki, en segðu ekki, að maður geti það ekki’, sagði Celia í bitnum tón, ‘ef þú ætlar að telja mig með. Ég slepti voninni áður en ég var 18 ára. Hvaða von getur maður alið í slíkri sókn sem þessari, þar sem að eins eru tveir álitlegir ungir menn, ambar eins viðbjóðslegur og erfðasyudin, en hinn slíkur æringi, að hann virðist á hverju augnabliki ætla að hefja hónorð, en gerir það þó aldrei’.

‘Þú gleymir að telja aðdáanda þinn, hr. Samp- son, hann er sá þriðji’.

‘Sandlitað hár og sveitalögmaður! Þúsund þakk- ir, Lára, en svo djúpt er ég ekki fallin. Ef ég giftist honum, myndi ég á sömu stundu giftast systur hans, Elizú, og það væri alt of voðalegt. Nei, ég get un- að við að lifa eins og ég geri, frjáls og óháð, við meyjardrauma mína. En hvað þig snertir, Lára, þá ert þú dásamleg. Þú hefir aldrei verið fallegrí. Ég

er viss um það, að í þínum sporum hefði ég grátið úr mér augun'.

Það hefði ekki breytt ástandinu. Ég hefði ekki slept voninni, Celia, og þegar ég er þunglynd, fer ég að vinna til að gleyma sorgum mínum. Það er eftir svo mörgu að líta á þessu heinili: húsið, jörðin, fátæklingarnir. Ég hefði ávalt nóg að gera'.

Þú ert fyrirmynd annara í starfsemi! Mér sýnist garðarnir fallegri nú en nokkru sinni áður'.

Ég vil, að alt sé í sem beztu ásíðkomulagi', sagði Lára, og roðnaði yfir hugsan sinni.

Aðalhuggunin hennar þessa síðustu mánuði var að prýða gamla húsið og umhverfi þess, í þeirri von að Jón Treverton kæmi aftur einhvern daginn, og að lífið yrði aftur skemtílegt og gæfuríkt. Á hverjum morgni hugsaði hún: í dag kemur hann; og á hverju kveldi: á morgun kemur hann.

Ég verð máske að biða mörg löng ár', hugsaði hún stundum, 'en þegar hann kemur skal hann sjá, að ég er góð ráðskona'.

'Síðan hún kom heim' úr hveitibrauðsferðinni, hafði hún aldrei yfir gefið Manor House, enda þótt hún hefði fengið mörg heimboð.

Enda þótt Lára héldi sér vel, að því er fegurð snerti, þá komu þó fyrir hana stundir, sem hún var mjög luuggin og vonlaus.

Hún elskaði hann of heitt til þess, að geta verið reið við hann, enda þótt henni hndist hann hafa gert sér rangt að ýmsu leyti. Og bréfið hans sýndi, að hann elskaði hana innilega.

Nær hafði hún byrjað að elska hann? spurði hún sjálfa sig. Frá þeirri stundu, er hún sá hann fyrst, var svarið.

Í litla skóginum bak við Manor House undi Lára sér bezt, og þangað fór hún, þegar sorgir hennar voru of miklar til að rúmast í görðunum heima

við Manor House. Landinu hallaði lítið eitt að mjórri á, sem rann í gegnum skóginn, og á bakkanum hins vegar við ána uxu furutré allþétt.

Kvöld nokkurt í júnimánuði, eftir afarheitan dag, hafði Lára gengið í skóginn og að ánni, þar var svalt og gott, og þar settist hún á árbakkann. Hún tók upp úr vasa sínum eitt af skáldritum Shelleys, og fór að lesa um "Rosalinde og Helon", unz hún kom að nokkrum línunum, sem lýstu landsplássi alveg eins og því, sem hún dvaldi nú í; frásögnin var þunglynd, alveg eins og hennar eigin hugsanir. Það var ástasaga, hrein og trygg ást, sem endaði í sorg. Hún lét aftur bókina og grét, þetta var of líkt hennar eigin ástaðum til þess að hún þyldi það.

Svo varð henni lítið yfir ána, og sá þar háan, fölan manna, sem horfði á hana. Hún stóð upp og lá við að hljóða, því við hið hverfandi dagsljós var andlitið svo fölt og vofulegt, en á sama augnabliki klappaði hún saman höndunum og hrópaði: 'Ég vissi að þú mundir koma!'

Þetta var fagnaðarkveðja til flóttamannsins. Ekki kuldalegt tillit, engin ásakandi orð, — heldur yndislegt andlit, geislandi af gleði og hlíð rödd.

Jón Treverton stiklaði á steinunum yfir ána, og áður en mínúta var liðin stóð hann við hlið konu sinnar.

Fyrst gat hann ekki komið upp einu orði, en þrýsti henni að hjarta sínu og kysti hana ótal kossa.

'Mín eina, mín elskaða kona', hvíslaði hann. 'Nú ertu mín. Ég hefi verið þolinmóður. Vertu ekki hörð við mig!'

Síðasta bóinn stafaði af því, að hún dró sig úr faðmi hans með hæð.

'Ertu komin til Hazlehurst til að dvelja hér eitt

kvöld?' spurði hún, 'eða geturðu verið hér eina viku?'

'Ég er kominn hingað til að dvelja hjá þér, það sem eftir er æfinnar, ef þú vilt hafa mig, Lára. Alt er undir þínu svari komið. Ef þú vissir, hve mjög ég hefi þráð þetta augnablik. Hefi ég eyðilaggt ást þína á mér? Hefir breytni mín deytt virðingu þína?'

'Þú hefir breytt hörkulega gagnvart mér', svaraði hún stillilega og alvarlega. 'Þú hefir breytt við mig á þann hátt, að ég held að sönn kvealeg sjálfsvirðing geti naumast fyrirgefið annað eins'.

'Lára', hrópaði hann í þænarróm.

'En ég býst við, að ég sé ekki gædd þessari sönnu kvenlegu sjálfsvirðing, því ég hefi fyrirgefið þér', sagði hún.

'Elskan mín!'

'En það hefði verið miklu hægra að fyrirgefa þér, ef þú hefðir sagt mér alt eins og það var. Þú hefir verið ósanngjarn'.

'Ég veit það', sagði hann á hnjúnum frammi fyrir henni. 'Það lítur svo út, sem ég hafi breytt illa, en þó gerði ég það til þess að vernda hagsmuni þína'.

'Breytni þín hefir vanvirt mig gagnvart umheiminum. Þú hefir enga heimild til að nálgast mig, enga heimild til að horfa í augu mín. Í bréfi þínu gafstu í skyn, að þú hefðir ekki heimild til að giftast, að þú værir í raun rétttri bundinn við aðra konu'.

'Sú kona er dæin, og ég er frjáls eins og fuglinn í loftinu'.

'Var hún kona þín?'

Jón hreyfði varirnar en gat ekki talað. Það var erfitt, að viðurkenna sannleikann, en til eru þeir menn, sem veitir erfitt, að segja ósatt.

'Það er kveljandi frásaga', sagði hann. 'Fyrir

nokkrum árum síðan, þegar ég var ungur og óvarkár, flæktist ég í skoðkt hjónaband. Þú þekkir sérkennin við hjónaböndin á Skotlandi?’

‘Já, ég hefi heyrt og lesið um þau’.

‘Auðvitað. Nú, jæja, það var hjónaband og ekki hjónaband, hugsunarlaust loford, gefið í gamni, gert löglegt með fölskum vitnum. Ég var alt í einu giftur maður — myluusteinn var hengdur um háls minn. Ég vil ekki lýsa þessum margbrotnu refsium fyrir þér, en að eins fullvissa þig um, að ég bar þessa byrði með meiri þolinmæði en flestir aðrir hefðu getað, og nú þakka ég guði fyrir frelsi mitt. Og ég er kominn til að biðja um fyrirgefning þína, og til að biðja þig að meta mér að þremur vikum liðnum, á einhverjum rólegum stað, 30 eða 40 mílur í burtu hédan, þar sem enginn þekkir oss, til þess að giftast þar aftur á fögrum sumarmorgni, ef skoðka hjónabandið skyldi vera löglegt og lið fyrra hjónaband okkar þar af leiðandi ógilt, svo að við getum sam einast áreiðanlega og eilíflega’.

‘Þú hefðir átt að treysta mér strax frá byrjun’, sagði Lára ásakandi.

‘Ég hefði átt að gera það, en ég var hræddur við að missa þig. Samþykktu nú það, sem ég bið um, og þú skalt aldrei lá ástæðu til að iðrast þess. Fyrirgefðu og gleymdu öllu, sem ég hefi sagt þér í kveld. Þetta hjónaband, sem ég bið þig um, er varúðargifting — máské óþörf — en hún tryggir mér gæfu mína. Viltu verða við bón minni?’

Hún þurkaði tárin úr augunum. Hún elskaði þenna syndara, sem enn lá á hnjúnum frammi fyrir henni, þar sem hún sat á milli burknanna á árbakknum, og hélt um báðar höndur hennar, horfandi klökkum þenaraugum á hana. Henni kom ekki eitt augnablik til hugar, að neita honum, en vildi veita bæn hans með eins miklu velsæmi og henni var unt.

'Látum það verða eins og þú vilt', sagði hún. Þegar þú ert búinn að búa allt undir fyrir þessa síðari giftingu, þá geturðu skrifað mér og sagt mér, nær og hvar hún skuli eiga sér stað. Ég skal koma þangað, sem þú tiltekur með þernu minni, hún er góð og áreiðuleg stúlka og hún getur verið annað vitnið'.

'Ertu viss um, að hún tali ekki um það eftir á?'

'Ég er búin að reyna hana og veit að ég má treysta heuni'.

'Við skulum þá hafa það þannig'. Hann tók ferðabók yfir Cornewall úr vasa sínum og breiddi út landabréf af héraðinu. 'Mér hefir dottið í hug, að við gætum ferðast nokkuð langt vestur, til fjærliggjandi sóknar. Hér er til dæmis Camelot, ég hef aldrei heyrt neinn nefndan, sem býr í Camelot, eða sem ferðast þangað. Ferðabókin segir, að þar sé ekkert að sjá, þar sé ekki til brúklegt gestgjafahús og það sé mílu vegar frá öllu mannlífi; þar sé ekki einu sinni kyrkja, en sóknarbörnin tilheyri tveimur öðrum kyrkjum í hálfri annarar mílu fjarlægð. Við skulum láta gífta okkur í annari hvorri kyrkjuni, sem þarna er'.

Lára hafði ekkert að athuga við Camelot, og svo varð það að samkomulagi, að Jón skyldi fara þangað og láta lýsa yfir hjónabudi þeirra í annari kyrkjuni mæta svo Láru í Didford Junction að þrem vikum liðnum frá þessum degi, og aka með hana yfir heiðina til Camelot.

Jón Treverton og kona hans dvöldu um stund við þessa hávaru á, gengu svo hlið við hlið eftir þrönga skógarstígunum, stundum í tunglsljósi og stundum í skugga, talandi um framtíðina, bæði mjög ánægð og gæfurík.

'Eigum við að fara til Penzana, þegar við erum gift, og síðan til Scilly-eyjanna til að eyða þar hveiti-

brauðsdögum okkar. Það yrði svo innadælt fyrir okkur, að húa í litlum heimi í skjóli klettanna umkringd af Atlantshafinu.

Lára samsinti því, að það hlýti að vera skemtilegt. Hér eftir yrði heimur hennar litill. Jón Treverton yrði sól og miðdepill, fyrir utan það tómur gemur.

Þegar þau komu út úr skógiinum, þangað, sem tungsljósið naut sín, leit hann á úrið sitt.

‘Ég hef að eins tíma til að fylgja þér að girðing-arhliðinu, svo verð ég að hraða mér til að ná í síðustu lestina til Didford, því þar atla ég að sofa í nótt. Ég vil ekki láta sjá mig í nánd við Hazlehurst, fyr en við komum allur frá Seill-cyfunum, glöð og ánægð, til að setjast að í hinu góða og gamla Manor House. Ó, Lára, hve mjög ég skal elska hið gamla, heiðarlega heimili og hve innilega ég skal þakka guði kvöld og morgna fyrir mitt gæfuríka líf. Þú getur aldrei skilið, hve viltur sauður ég hef verið þessi síðustu 7 ár æfi minnar. Þú getur aldrei skilið hvílik blessun róleg höfu er eftir æstan ólgusjó’.

Meðan þau urðu samferða, hafði Lára sagt honum frá lífernisháttum sínum í Hazlehurst, eftir að hún kom heim úr hinu ímynduðu brúðkaupsferð, og hvernig hún dul sannleikann fyrir íbúum þorpsins. Það myndi því líta sennilega út, að hún ferri til að mæta manni sínum, þegar hann kæmi frá útlöndum, og fylgja honum heim.

Þegar þau komu að hliðinu á ávaxtagarðs girðingunni, skildu þau strax. Jón varð að ganga 3 mílur til frautarstöðvanna á 45 mínútum til að ná lestinni. Að eins einn kveðjukoss, þrunginn af ánægju og góðum vonum um framtíðina. Lára gekk mjög hægt heim að húsinu.

‘Guð er okkur góður, mjög góður’, sagði hún við sjálfa sig. ‘Ó, nær getum við verið nógu þakklát,

nær getum við uppfyllt skyldur okkar svo vel sé?’

Lára hafði ekki minst einu orði á flutninginn á arfinnum yfir á sitt nafn, ekki hrósað eða þakkað Jóni fyrir eðlilyndi hans. Hún hafði ekki gefið hinum eftirlátinu munum föstra síns neinn gaum.

20. KAPÍTULI.

Celia setti upp stór angu, þegar frá Treverton sagði henni, hálfum mánuði seinna, að hún ætlaði að fara og mæta manni sínum, og að þan eftir fárra vikna hvíld kæmu svo heim til að búa þar saman alla æfi.

‘Alla æfi’, endurtók Celia, ‘mér þykir vænt um að heyra, að staða þín sem gift kona kemst í réttar stellingar. Er mér leyfilegt að spyrja, hvar þú átt að mæta þessum ferðalang þinum?’

‘Í Plymouth’, svaraði Lára.

‘Hvers vegna roðnar þú af að nefna Plymouth?’ spurði Celia. ‘Það er ekkert athugavert við nafnið Plymouth. Fyrst að hr. Jón Treverton kemur til Plymouth, þá býst ég við, að hann komi frá sjarliggjandi stöðum?’

‘Hann kemur frá Buenos Ayres, hann hafði þar áriðandi störfum að gegna, sem kröfðust nærveru hans’.

‘Þú ert undarleg stúlka, Lára’, sagði Celia.

‘Að hverju leyti undarleg?’

‘Af því þú hefir vitað, að ég og aðrir í Hazlehurst hafa verið komnir að því að springa af forvitni, til að fá að vita eitthvað um mann þinn síðustu 6 mánuðina, og þó hefir þú ekki sént okkur þá

góðvild, að fræða okkur um þetta efni. Ef þú hefur sagt okkur frá þessari ferð hans, þá hefðum við verið ánægð'.

'Ég sagði þér, að hann hefði störfum að gegna erlendis'.

'En hvers vegna nefndir þú ekki neinn ákveðinn stað?'

'Maðurinn vildi ekki, að ég talaði um hann'.

'Þið eruð bæði mjög undarleg. Það gleður mig samt, að þetta breytist til batnaðar. Má ég dirfast að spyrja, hvort hr. Treverton verður frainvegis í Manor House, eða hvort hann kemur sem vígahnöttur, eins og að undanfögnu?'

'Ég vona, að hann verði í Hazlehurst alla sína æfi'.

'Vesalings maðurinn', sagði Celia. 'Ef hann gerir það, þá kenni ég í brjósti um hann'.

'Þú þarft ekki að taka þetta alveg bókstaflega. Auðvitað ferðumst við öðru hvoru um heiminn til að sjá það, sem er markvert og fagurt'.

'En hvað þér veitir auðvelt að tala um, hvað þið ætlið að gera. Fyrir viku síðan varstu alveg óláanleg til að nefna nafn hans, og nú ertu svo ánægjuleg — ég hef aldrei séð slíka breyting'.

'Það er af því, að ég á bráðum von á að sjá hann. Ég get ekki haldið, að þú öfundir mig af þessari gæfu minni'.

'Nei, en ég öfunda þig samt ofurlítið. Ég vildi að einhver gömul og góð persóna arfleiddi mig að óðalsjörð með þeim skilmála, að ég giftist ungum og fallegum manni, og þú skyldir sjá, hversu fús ég yrði að hlýða. Það skyldi ekkert dularfult verða við framkomu mína, það máttu vera alveg viss um'.

Daginn eftir skrifaði Celia bróður sínum, að Jón Treverton, hinn óskiljanlegasti eiginmaður, væri væntanlegur heim frá Buenos Ayres, og að kona hans

ætlaði til Plymouth að taka á móti honum þar. 'Ég hefi aldrei séð nokkra manneskju jafn glaða og gæfufrika og Lára er', skrifaði Celia. 'Ég hefi séð hunda lita þannig út, þegar þeim hefir verið gefið steikt kjöt: ketti, þegar þeir sitja og dotta við eldinn, og svínshvolpa, sem liggja á sandi móti sólinni, en aldrei nokkra manneskju'.

Þægilegt bréf fyrir Eðvarð Clare eða hitt heldur, eins og stóð á fyrir honum: peninga-fátækur, óánægður með herbergid, sem hann hafði, og leiður á blaðamönnum, sem hann hafði kynst. Hann reif bréfið í smáar pjötlur, kastaði þeim yfir girðinguna a Waterloo-brúnni, og faust eins og sig langaði til að verða þeim samferða.

'Og einu sinni hélt ég, að hún elskaði mig', hugsaði hann, 'og það gerði hún líka áður en þessi álitlegi þorpari kom til sögunnar. Að eins gúð, sem skapaði konuna, veit hve miklir hræsnarar þær eru'. Svo gekk hann heim til sín, hnoðaði saman nokkrum ástavisum, fór og seldi þær einu dagblaðinu, og keypti sér svo góðan dagverð fyrir þá peninga.

Lára var önnur kafin við að laga til á heimilinu utan húss og innan. áður en hún færi að mæta mauni sínum, svo að heimkoma hans yrði sem ánægjulegust.

'Húsbóndi þinn kemur heim að fáum vikum liðnum', sagði hún við gömlu ráðskonuna, 'og við verðum að hafa allt í sem beztu lagi'.

'Já, það verðum við að gera, frú. Það gleður mig, að hann skuli ætla að setjast hér að. Það hefir verið hörð reynsla fyrir ykkur, að verða að skilja í byrjun hjónabandsins. Eðlilegra, að það hefði skeð síðar'.

'Já, það var hörð reynsla. En nú er það umliðið. Ég vona, að þér þyki eins vænt um manninn minn eins og þér þótti um góða, gamla mannina.'

sem nú er horðinn'.

Hr. Treverton verður auðvitað að hafa herbergi út af fyrir sig, þar sem hann skrifar bréfin sín. Talar við ráðsmanninn, les, hugsar og reykir í þangað, sem hans gæfurika kona má að eins koma að fengnu leyfi'.

Eftir langvarandi umhugsun ræði Lára það af, að láta hann fá herbergið, sem hún hafði ávalt búið í, en sjálf ætlaði hún að flytja í herbergið, sem Jasper gamli Treverton dó í.

Í herbergið, sem Lára ætlaði manni sínum flutti hún öll fegurstu og hagkvæmustu húsgögn sem hún áleit, að hann mundi þurfa.

'Hann skal sjá og skilja, að hann er velkominn', hugsaði hún um leið og hún leit yfir herbergið.

Þrátt fyrir það, að Lára elskaði endurminningu föstra síns, fannst henni sér stunda stuggur af, að eiga að sofa þar.

En gamli Trimmer, kjallaravörðurinn, sagði henni að það hefði alt af verið svefnherbergi húseigandans, og þess vegna ætti hún að sofa þar.

Loksins voru þrjár vikurnar liðnar og yndisfagur sumarmorgun rann upp — dagurinn, sem hún ætlaði að leggja af stað í ferðina ásamt Mary.

Kvöldið áður sagði hún við Mary: 'Ég ætla að trúna þér fyrir leyndarmáli, af því ég held ég megi treysta þér'.

'Ef þér getið fundið nokkra unga stúlku í minni stöðu, sem er áreiðanlegri og tryggari, þá skal ég skuldbinda mig til að éta hana ósaltaða', sagði Mary.

Járnbrautarlestin frá Beechhampton flutti þar í gegnum mjög hrjóstrugt land til Didford Junction. Í Didford fundu þær Jón Treverton, með honum fóru þær í annari lest til Lyanstown, og þar stigu þau inn í vagn, sem flutti þau til Camelot. Landið

sem þau óku vfir, var klettótt og lyngrunnar hér og hvar á milli klettanna.

‘Ég held ég kynni vel við, að eyða æfi minni innan um þessa kletta’, sagði Lára, þar sem hún sat við hliðina á Jóni Treverton. ‘Þó að plássið sé einmanalegt, þá er það svo frjálst og laust við allan mannkyns ósóma’.

Þegar þau komu til Camelot var farið að rökkva. Gestgjafahúsið, sem Lára og Mary voru í um nóttina, hafði sjáanlega áður verið verzlunarhús, en hafði verið allmikið endurbætt.

Jón Treverton var í öðru greiðasöluhúsi, en kom til þeirra um morguninu kl. 8, og svo gengu þau öll þrjú til kyrkjunnar, þar sem Jón Treverton og Lára ætluðu að giftast í annað sinn á sama misserinu.

‘Þetta er sá heppilegasti staður, sem ég gat fundið’, sagði Jón Treverton við Láru. ‘Ég fann velviljadan prest, sem undir eins samþykki að gifta okkur, þegar ég var búinn að segja honum, að ég yrði að halda giftingunni levndri, af ástæðum, sem ég ekki gæti greint frá’.

‘Ég skal ekki minnast á það við nokkra manneskju’, sagði góði, gamli presturinn, ‘og ég skal sjá um, að hringjarinn þegi líka’.

Engir aðrir voru viðstaddir giftinguna, en hringjarinn og Mary, og aldrei hafði Lára verið fegurri á-sýndum, heldur en þar sem hún stóð fyrir framan altarið við hliðina á manni sínum, gekk síðan með honum og prestinum inn í skrudhúsið og skrifaði nafn sitt í kyrkjubókina gömlu, og aldrei fanst henni hún hafa verið glaðari en þegar hún gekk út úr kyrkjunni með Jóni, eftir að þau höfðu kvatt prestinn innilega, sem óskaði þeim allrar gæfu og blessunar. Vagninn beið þeirra á krossgötunni, skamt frá kyrkjunni, þau ætluðu aftur að aka til Lyoustown, þaðan

vestur á leið með jarnbrautarlestinni og svo til Scilly-eyjanna.

'Getur nú ekkert komið fyrir, sem skilur okkur að, Jón?' spurði Lára. 'Er nú líf okkar óhult fyrir öllu illu á ókomna tímanum?'

'Hver getur verið óhultur fyrir óhöppum, elskan mín?' sagði hann. 'En eitt er víst: Þú ert lögleg kona mín. Enginn getur raskað gildi þessarar giftingar okkar'.

'En gildi hinnar fyrri giftingar okkar mætti véfengja?'

'Já, góða, það er hugsanlegt'.

21. KAPÍTULI.

Það var ekkert um dýrðir í Hazlehurst, þegar Jón Treverton og kona hans komu þangað heim síðari hluta dags í júlímánuði. Enginn átti von á komu þeirra, þau komu öllum á óvart í litlum vagni, sem þau höfðu fengið léðan í Beechampton. Ráðskonan, frú Trimmers, var óánægð yfir því, að þau skyldu koma henni jafn óvænt.

'Þér hefðuð getað sent mér símskeyti, frú, svo ég hefði getað boðið ykkur viðeigandi fæðu', sagði ráðskonan. 'Ég held að það sé ómögulegt, að fá fisk í þessu þorpi'.

'Verið þér ekki að hugsa um kryddmeti handa okkur, frú Trimmer', sagði Jón hlajandi, 'við erum of glöð og gæfurik til þess að gefa því gaum, hvað við borðum'.

Hann tók um mitti konu sinnar og leiddi hana til bókaherbergisins, þar sem hún hafði skilið við

hann örvilnaðan fyrir 7 mánuðum síðan. Þau gengu þegjandi inn.

'Að hugsa sér, að ég skuli ganga inn í þetta herbergi, sem hinn gæfuríkasti allra manna, ég, sem sat við þetta borð svo sorgþrunginn og mæddur af lífinu, að fáir menn hafa reynt annað eins. Ó, Lára, það er sorgþyngsti dagur, sem ég hefi lifað'.

'Gleymdu honum', sagði hún alvarleg. 'Við skulum aldrei minnst á liðna tímann. Þú hefir sagt mér svo lítið um liðna æfi þína, að ef ég færi að hugsa um liðna tímann, þá er ég hrædd um, að traust það, sem ég fer til þín kygni að minka. Ég veit ekki, elsku vinur, hvort það var veikleiki minn eða kjarkur, sem gaf mér þetta óbifanlega traust á þér'.

'Það var kjarkur þinn, kjarkurinn, sem myndaðist af sakleysi þínu, kjarkurinn í þinni guðdómlegu miskunsemi, sem aldrei hugsar neitt illt. Það skal vera áform lífs míns, að sanna þér, að álit þitt var rétt, og að gera mig verðan trausts þíns'.

Þau gengu um húsið eins glöð eins og börn. Framtíðin lá opin og björt fyrir þeim.

Þannig leið líf þeirra í marga daga. Lára kynti manni sínum stöðu hans sem óðalseiganda í Hazlehurst. Hún fór með honum til allra litlu heimilanna og sagði honum nöfn leiguliðanna, og þau ráðgerðu ýmsar endurbætur, svo Manor House yrði meðal fullkonnustu óðalseigna landsins. Umfram allt þyftu allir að vera ánægðir, líða vel og vera heilbrigðir.

Jón var himinglaður yfir landlífinu, það var svo þægileg umbreyting frá skröltinu, fjasinu og öllu rykinu í loftinu í borgunum. Hann hafði verkumhyggju í gripahúsunum, á akrinum, í matjurtagarðinum og jafnvel í hæsnagirðingunni. Hann talaði vingjarnlega við alla, án tillits til stöðu þeirra. Það var

eins og þessi hjúskapargæfa hefði opnað hjarta hans fyrir öllu mannkyninu.

'Ertn nú í raun og veru gafurík, Lára?' spurði hann einu sinni, þegar hann og kona hans síðari hluta dags í ágústmánuði gengu fram með ánni, þar sem þau höfðu fundist í tungsljósinu í júnímánuði. 'Heldurðu að fóstri þinni hafi séð fyrir framtíð þinni á þetta hátt, þegar hann gaf mér þig?'

Hann var í engum efa, hvernig svarið mundi verða, annars hefði hann nauðast spurt þannig.

'Ég held að þabbi hafi haft spánannlega andagift til að velja það lezta og heppilegasta handa mér', sagði hún og leit brosandí til manns síns.

'Það er ein spurning, sem mig langar til að leggja fyrir þig, Lára', sagði hann alvarlegur. 'Það er auðvitað af forvitni spurt, en ég held það geti ekki móðgast þig'.

Hennar varð jafnvel alvarlegra en hans, og varð hún fyrir kviða á svipnum.

'Þú sást eftir, að þú máttir eitt sinn manni, sem þú hleyptir inn í garðinn eftir að dimt var orðið, og sagðir að væri frændi þinn. Þú hefir aldrei minst á þennan mann við mig síðan'.

'Svarið er blátt áfram', svaraði hún róleg, og þó furðaði hann sig á, hve föl hún var orðin. 'Samtal okkar hefir aðallega snúist um gasu okkar og það, sem henni tilheyrir. Þú hefir aldrei minst á skugga þíns lífs og ég ekki á mína skugga. Þessi frændi minn, sem þú átt við, hefir verið óheppinn, og hann áleit, að fóstri minn hataði sig. Við og við leitaði hann aðstoðar minnar, og af því ég kendi í hrjósti um hann, vildi ég hjálpa honum, en ég gerði það með leynd, af því ég vildi ekki hafa hann í nálægð við mig'.

'Ég er sannfærður um, að þú hefir breytt rétt og hyggilega. Hver ætt á sína svörtu sandi. Ég er

einn af þeim, og ætti því að verkenna þeim, sem villast'.

Félagslífið krefst ætíð nokkurs af ættgóðum óðals eigendum með 14 þúsund punda tekjum um árið. Laði Parkers og laði Barkers komu akandi í vögnum sínum að heimsækja ungu hjónin og gera þeim heimboð altur, eins og venja er.

Við höfum borðað dagverð hjá þeim og verðum því að bjóða þeim dagverð hjá okkur', sagði Lára. 'Á ég að skrifa nöfn þeirra á lista, sem við bjóðum hingað, Jón? Og svo látum við frá Trimmers sjálf ráða um dagverðinn'.

'Ég held það sé best', svaraði Jón, 'frá Trimmer býr til góðan mat og þekkir allar reglur við þessi dagverðar samsæti'.

Það gleður mig, að þið getið loksins hagað ykkur eftir reglum félagslífsins', sagði Celia, sem var til staðar við samtöl þeirra. 'Ég veit ekki, hvar ég ætti að geta fundið manusefni handa mér, ef ég finn það ekki hér'.

'Jæja, þér hugsið ykkur um', sagði Jón glaðlega, 'og ef þér munið eftir nokkrum hæfilegum ungum manni, bjóðið þér honum þá hingað'.

'Hér er enginn nýtilegur maður, sem ég þekki', svaraði Celia, 'en ef þér þekkið nokkra eigulega unga menn, bjóðið þér þeim þá hingað'.

'Lára verður líklega að halda dansleik á jölunum, og þá verðum við að líta í kringum okkur eftir ungum mönnum', sagði Jón.

'Ætlið þér ekki að bjóða neinum til að vera hér um veiditímamann?' spurði Celia. 'Ætlið þér ekki að bjóða góðum og gömlum vinum yðar hingað? Ég held að flestir geri það, þegar þeir verða ríkir'.

'Ég býst við, að það sé ein af skyldum vináttunnar', sagði Jón, 'en ég misti sjónar á mínum gömlu vinum - vinum í hernum - fyrir hér um bil

sjö árum síðan, og hirði ekki um, að finna þá aftur'.

'Mig furðar, að þeir skuli ekki gefa sig fram sjálfir', sagði Celia, 'en þeir vinir, sem þér hafist eignast þessi sjö ár, síðan þér yfirgáfuð herinn? Þér hafist þó ekki lifað laus við allt félagslíf allan þann tíma?'

'Jú, það hefi ég gert'.

'Ó, nú skil ég', sagði Celia, 'þeir menn, sem þér hafist kynst, eru ekki af því tagi, að þér viljið hjóða þeim hingað til að kynnast konu yðar'.

'Nei'.

'Vesalings Lára', hugsaði Celia.

Nú varð þögn.

'Á ég að skrifa listann yfir gestina? sagði Lára, sem sat við hallborðið sitt.

'Já, góða mín. Byrjaðu á Sir Jósúa og Lafði Parker, og svo niður á við til lægri stéttanna'.

'Ef þið ætlið að hjóða pabba og mömmu, þá getið þið ekki farið neðar, þau eru meðal þeirra fátækustu', sagði Celia.

'Og samt eru þau í mestu afhaldi', sagði Jón.

'Dettur þér í hug, að ég ætli að halda mitt fyrsta dagverðar samsæti, án þess að hjóða föður þínum og móður, Celia?' sagði Lára í ásökunarróm. 'Þau skulu vera heiðursgestir mínir í fremstu röð'.

'Hamingjan má vita, hvernig mamma fer að eignast nýjan kjól', sagði Celia, 'og það er áreiðanlegt, að hún getur ekki komið í þeim gamla. Grái þykk-silkikjólinn hennar hefir verið í svo mörgum dagverðar samsætum, að ég held hann geti gengið af sjálfsdáðum, og viti, hvernig hann á að koma fram, án þess að mamma sé innan í honum. Allir þjónarnir hérna í nágrenninu þekkja bakið á kjólnum þeim og dökka blettinn á öxlinni eftir humar-idýfuna, sem þjónninn hennar lafði Parker heldi ofan á hann. Hann næst ekki burt, þó allt benzín heimsins væri notað til þess aðeyðileggja hann, og meðan ég man

það', bætti hún við mäsandi, 'ef að þér geðjast að Clare fjölskyldunni, viltu þá ekki bjóða Ted líka?'

'Með ánægju', sagði Lára, 'en er hann ekki í London?'

'Jú, ennþá er hann þar, en við eigum von á honum á hverjum degi. Honum hefir ekki liðið vel í London, og er orðinn leiður á að vera þar'.

22. KAPÍTULI.

Fáum dögum síðar kom Eðvarð heim, dauður í bragði yfir mishepnuðu kerförrinni til höfuðborgarinnar. Bókmenta stórðyrnar voru svo troðfullar af umsækjendum, sem flestir voru eins vel viti bornir og hann, að hann sá sér naumast fært, að komast yfir þröskuldinn. Þegar hann var heppinn, fékk hann sem svaraði 5 pund um mánuðinn fyrir ljóðagerð sína, en stundum lítið eða ekkert. Blaðamaður, sem hann hafði kynst, réði honum til að læra hraðritun, og reyna svo að verða fregnriti fyrir eitthvert blað. En þetta var þrælavinna, sem ekki átti við Eðvarð Clare.

'Annaðhvort er ég skáld eða ekki skáld', sagði hann við vin sinn. 'Annaðhvort Cæsar eða ökkert'.

'Þetta var góð einkunn fyrir Cæsar', sagði blaðaðurinn, 'en ég held hún sé villandi fyrir menn með lélegum gáfum. Árangurinn er oftast nær enginn'.

Eðvarð ætlaði að fara að bjóða vini sínum annað staup af brennivíni, en þessi athugasemd stöðvaði gestrisni hans. — Lélegar gáfur! — Ekki nema það!

'Ég get aldrei skrifað neitt stórt skáldrit í London', hugsaði Eðvarð. 'Ég verð að vera í kyrð skógariús og heiðanna, til að geta það'.

Eðvarð fanst hann vera líkt og glataði sonurinn, þegar hann kom aftur til föðurhúsanna frá London. Öllu, sem foreldrar hans höfðu sent honum, hafði hann eytt. Peningalaus og kjarklaus kom hann aftur, og fanst það þó hálfgerð móðgun, að foreldrar hans létu í ljós glögg vonbrigði.

‘Það er kominn tími til, Eðvarð minn, að þú takir fasta stefnu’, sagði faðir hans. ‘Það er líklega of seint, að velja sér einhverja iðngrein, en stjórnarembættin — —’

‘Að þræla og þvingast fyrir kaup, sem naumast endist fyrir þurt brauð og kvistherbergi’, greip Eðvarð fram í fyrirlitlega. ‘Nei, góði pabbi, sem skáld vil ég standa eða falla’.

‘Það er erfitt að heyra slíkt’, sagði presturinn. ‘Því eins og nú stendur virðist fallið vera nær’.

Kveldið áður en dagverðar samsætið átti að vera kom Eðvarð til Hazlehurst.

‘Já, ég er að hugsa um að fara’, svaraði Eðvarð, þegar Celia spurði hann, hvort hann hefði fengið boðsbréf frá Lára. ‘Mér þykir gaman að sjá, hvernig þessi Treverton kemur fram sem herramaður í sveit’.

‘Það er eins og hann sé skapaður til þess’, sagði Celia. ‘Frankoma hans er príðmannleg, og Lára og hann eru þau gæfuríkustu hjón, sem ég hef séð’.

‘Ósæleg hamingja fær ósælegan endir’, sagði Eðvarð með djöfullegu háði. ‘Ég ætla ekki að öfunda þau af hamingju þeirra. Tilfinningarnar, sem ég bar til Lára fyrrum, eru dauðar. Kona, sem selur sig, eins og hún hefir gert — —’.

‘Selur sig? Ó, Ted, því segirðu þetta, hún elskar Jón Treverton innilega’.

‘Og hann launar ást hennar með því að yfirgefa hana áður en hveitibrauðsdagarnir voru liðnir, og þegar hann kemur aftur, eftir 6 mánaða fjarveru —

þann tíma, sem enginn veit, hvað hann hefir að hafst — tekur hún honum með opnum örmum. Það eru sannarlega undarleg hjón. En óðal, sem gefur af sér 14 þúsund pund árlega, afsakar dálitlar ölgar, og ég get vel skilið, að Trevertons hjónin eru nafnkunn í sókninni'.

'Þau eru það, og þau verðskulda að vera það', sagði Celia. 'Ef þú vissir, hve mikið gott þau gera leiguliðum sínum, fátæklingum og vinnufólki, myndurðu vera á annari skoðun'.

'Þess konar góðgerðasemi er hyggileg. Það getur ef til vill kostað manninn fimm hundruð af tekjum hans, en hann kaupir álit fyrir það'.

'Vertu ekki lituryrtur, Eðvarð'.

'Ég er heimsmáður, Celia, og læt ekki gleþja mér sjónir með fölsku yfirskini'.

'Þá verður þú aldrei skáld', sagði Celia. 'Maður sem ekki trúir því, að góðverk stafi af góðum hugsunarhætti, maður, sem eignar eðallynda breytni óhreinum hvötum, hann verður aldrei skáld. Það er nærri viðbjóðslegt, að heyra þig tala, Eðvarð. Hin svívirðilega London hefir skemt þig'.

Daginn eftir fór Eðvarð í veizluna, en hann varð ekki foreldrum sínum samferða. Hann kom seinna en þau og aleinn, í því skyni, að sjá hver áhrif koma sín hefði á Láru. En hégómadyrð hans varð að engu. Hún tók á móti honum brosandí og þrýsti hendi hans.

'Það gleður mig, að þér komuð nógu snemma til að vera hjá okkur í kveld', sagði hún.

'Ég kem með þeim ásetningi, að vera hér í kveld' sagði hann og reyndi að gera róminn eins innilegan og honum var unt.

'Ég held þér þekkið alla, sem hér eru, svo ég þurfi ekki að kynna yður'.

'Auðvitað þekki ég öll stórmenni héraðsins. en

hér er líklega eitthvað af vinum manns yðar, sem ég ekki þekki'.

Hér er enginn af viðum mannsins míns', sagði Lára, 'að eins það fólk, sem heima á í héraðinu'.

Þá er ég hræddur um, að fátt verði um skemt-anir'.

'Ég vona, að þér aðstoðið mig, með hinum að-dáanlegu samtals hæfileikum yðar', sagði Lára um leið og Eðvarð vék til hliðar fyrir nýjum gestum.

Honum hafði tekist að gera Láru ögn órólega um stund, með því að minnast á vini manns hennar, því henni fanst það undarlegt, að maður hennar skyldi ekki hafa vini sína við hlið sér, núna, þegar hamingjan brosti við honum.

Samsætið var ekki mjög skemtilegt, en að öðru leyti gott og stórkostlegt, að því er veitingar snerti. Lafði Parker, klædd háramðu flaueli og skryðd dem-öntum, og lafði Barker, klædd svörtu silki og skryðd roðasteinum, voru þar persónur, sem mest kvað að. Jón Treverton sat við lengdarmiðju borðsins, gagnvart konu sinni, og við hlið hans sat Eðvarð.

Af því Eðvarð var nýkominn frá London, hlust- uðu menn á hann með ánægju. Hann sagði frá myndasýningunni, og skopadist að ýmsum myndum. Hann lýsti fegurstu persónunni, sem menn sáu á leikhúsunum.

'Það undarlegasta við þá sögu er það', sagði hann, 'að enginn vissi, að hún var fögur, fyr en hún kom fram á sjónarsvið félagslífsins, sem hún einasta fullkomna persóna, er menn höfðu nokkru sinni séð. Enginn varð þó eins hissa og ættfólk hennar, þegar hún varð drotning fegurðarinnar. Móðir hennar sá það ekki. Í skólanum var hún fremur álitin að vera ófrið en fögur. Það er sagt, að hún hafi gíft snemma, af því hún var olubogabarn heimilisins. En

nú getur hún ekki tekið sér skemtingöngu um listi-
garðinn, eða komið í ljós í samkyðum, án þess
fólk eigi á hættu að hálsbrjóta sig til þess að geta
séð hana. Þess konar þjóðhylli getur kannske sýnst
aumkunarverð í vissum skilningi, en ég kenni í
brjósti um hana'.

'Hversvegna?' spurði Jón Treverton.

'Af því staða hennar er ekki launuð. Fegursta
persónan ætti að fá laun úr opinberum sjóði til þess
að létta ársútgjöld hennar, að sínu leyti eins og
borgarstjórinn'.

Þegar hann var búinn að tala um myndirnar og
drotningu segurðarinnar, fór hann að tala um glæpi.

'Fólkið í London þreytist aldrei á því að tala
um ýms málefni. Ég hélt t. d., að hvorki blöðin né
borgarlýðurinn myndi nokkur tíma hætta að tala
um Chicot morðið'.

'Chicot morðið? Ó, það var dansmærin, var
það ekki?' spurði lafði Barker, sem var svo hrifin af
þessum unga manni, að hún gaf Jóni Treverton ekki
þann gaum, sem staða hennar, sem gestur, krafðist.
'Ég man það, að ég hugsaði mikið um það morð.
Í sannleika mjög viðbjóðslegt morð. Og hve vesal-
mannlegt það er af lögreglunni, að geta ekki fundið
morðingjann'.

'Eða, hve slunginn morðinginn er, að geta dulið
tilveru sína svo gersamlega, að öll byrðin lendir á
lögreglunni', sagði Eðvarð.

'Ó, hann hefir eflaust flúið til einherrar nýlend-
unnar', sagði lafði Barker. 'Það er ótölnlegur grífi
af skipum, sem ganga á milli Englands og nýlend-
anna. Þér getið naumast ímyndað yður, að morð-
ingi þessarar ógæfusömu konu hafi vogað að vera
kyr í þessu landi'.

'Ég álit það mjög seunlegt, að hann sé hér.

hyggilega dulinn undir ytra skini fullkominnar göfugmensku'.

'Ég býst við, að þér haldið, að eiginnaður hennar hafi myrt hana', sagði Sir Jósúa Parker.

'Ég sé enga ástæðu til að efast um það', svaraði Eðvarð. 'Hafi maðurinn verið saklaus, hvers vegna átti hann þá að hverfa á sauna augnabliki og morðið var uppgötvað?'

'Hann gat haft sínar eigin ástæður til að vilja komast í burt, sem ekki stóðu í neinu sambandi við morðið', sagði Jón Treverton.

'Hvaða ástæður gátu það verið svo þvingandi, að hann gæfi öðrum tilefni til að álíta hann vera morðingjann?' sagði Eðvarð efablandinn. 'Euginu saklaus maður myndi varpa sjálfum sér í slíkt álit annara manna og þetta'.

'Ekki með fullum vilja', sagði Jón, 'en þessi maður gat hafa fylgt innri hvöt, án þess að athuga afleiðingarnar'.

'Að eigna honum þetta, er að setja hann í röð heimskingja', svaraði Eðvarð, 'og að dæma eftir því, sem ég veit um manninn, þá tilheyrði hann hinum helmingi mannkynsins'.

'Þér álítið hann hafa verið bófa?'

'Ég á við, að hann hafi verið sá maður, að hann hafi getað séð afleiðingarnar. Hann var ekki þess konar maður, að hann hefði flúið, þegar hann fann konu sína hálsskorna, og gefið hverju blaði í London heimild til að kalla hann bleyðu og morðingja, ef hann hefði verið saklaus', sagði Eðvarð með áherzlu.

Jón Treverton talaði ekki meira um þetta. Laði Parker sem sat við vinstri hlið hans, spurði hann um hinar nælega innsluttu Jersey-kýr, sem hún hugsaði all-mikið um, og hann gaf henni greinilega og sundurliðaða skýrslu um kosti þeirra og yfirburði.

Lára varð af tilviljun litið á Eðvarð Clare, þegar hann talaði síðustu orðin, og hún varð bæði hissa og hrædd við, að sjá svip hans. Hún hafði aldrei séð jafn djöfullegt augnatillit eins og hann gaf manni hennar, þegar hann vék sér að lafði Parker til að lýsa Jersey kúnum fyrir henni.

'Guð minn góður', hugsaði Lára með óskiljanlegri skelfingu. 'Er það mögulegt, að þessi ungi maður geti hatað jafn voðalega minn ástkera eigiðmann, af því ég elskaði Jón öllum öðrum fremur. Hvernig hefir sú ást verið, sem gat fætt af sér slíka vonsku?'

Seinna um kveldið, þegar Eðvarð stóð við legubekkinn, þar sem Lára sat, sneri hún sér frá honum með viðhjóði.

'Hefi ég móðgað yður?' spurði hann í lágum róm.

'Já, við dagverðinn sá ég á augnatilliti vðar, að yður geðjaðist ekki að manni mínum'.

'Þjuggust þér við, að ég mundi elska hann—mjög heitt—við fyrstu kynningu? Þér verðið að minsta kosti að gefa mér tíma til að venjast þeirri hugsun, að hann sé maðurinn yðar. Tíminn læknar öll sár. Gefið mér tíma, Lára, og dæmið mig ekki í hart. Bölvun skáldgáfunnar fylgir mér. Sál mín er tilfinningaríkari en annara manneskja, gædd og magni ástarinnar ást, hatursins hatri og fyrirlit þess annar fyrirlitning'.

'Ég vona þér leggið frá vður skurn og gáfum vðar, þegar þér stigið yfir þenna þröskul, sem Lára brosandir og háðslega. Ég get ekki teki á móti vínáttu þess manns, sem ekki geðjaðist að manni mínum'.

'Þá ætla ég að revna að vinna sígur og þú um mínum, og gera allt, sem ég get til þess að mig við Jón Treverton. Þér megi trúá því, Lára, að ég vil vera hreinn og heiðarlegur vinur yðar'.

Það er sú tegund vináttar, sem ég vanti af syni föður yðar, sagði Lára dálítið bitari.

Jafn anægð og hún var, var hún ekki þorið kala til nokkurs máttar, og gagnsætt grunnum hélt hún, að heiltirliga augnaráðið hans Eðvarðs væri þýðingulítið.

Eðvarð athugaði Jón Treverton nákvæmlega, og varð að viðurkenna að framkoma hans var göfug manuleg á alla staði.

Þetta eru sannalega elskuverð hjón sagði Jósúa Parker, þú eru gróði fyrir félagslíf þrausins.

Eðvarð Clare var á tveingjarnlegur eftir þessu kukviði, sem hann tók þá í veizlunni. Hann var þess meir að hafa samband með systur síni, sem var gífurlega gætt og horft á að heita mátti. Jón var stundum óþýndi honum á drengið, og skoðaði hann skýlaust á milli þess og þess hans þýðingarlausa.

Ég veit þú viðurkenna, að ég fyrir lítill menn', sagði hann þessu kilmislega við konu sína, hann kemur fram þessu tyndi-baglari og skáldi, en allar hans vörur eru gluggunum, hillurnar tóttar, höfnuð-tóllinn enginn í búðinni. En á meðan þú líkar hann, þá er hann andvitað velkominn.

Mér geðjast að honum vegna foreldra hans, sem eru mínir elztu og bestu vinir', svaraði Lára.

Með öðrum orðum: þú líður hann að eins', sagði Jón kæruleysislega. 'Jæja', hann gerir engum skaða, og er stundum dálítið skemtilegur. Látum hann koma'.

Eðvarð kom, og það leit út fyrir, að hann kynni vel við sig í þessum litla hóp. Hann tók lífið með ró, þar sem hann sat við eldstaðið, meðan Lára sem sat við hlið mannsins síns, bjó til te og Celia sat réttum beinum á gólfduknunum.

Kvöld nokkurt í nóvember, hér um bil mánuði

síðar, en veizlan átti sér stað, vék samtál þeirra að helztu persónunum, sem veizluna sóttu.

‘Hefir nokkur séð jafn hlægilega, litla persónu og lafði Barkers, með voðalega stórn hárkolluna?’ sagði Celia. Saunastúlkan hennar hlýtur að vera snillingur, að hún skuli geta fengið nokkurn kjól til að fara henni vel. Það er ekki af því, að hún sé feit; kona getur verið 200 pund á þyngd, og borið sig samt eins og hertogainna, en lafði Barker er svo lopaleg, þegar hún sezt á legubekk, virðist hún ætla að verða að klessu, alveg eins og hún væri beinlaus. Ó, Eðvarð, þú ættir að sjá myndina, sem Jón hefir gert af henni. — Ijómandi skrípamynd’.

‘Skrípamynd’, endurtók Eðvarð. ‘Nú, hér er aftur ný gáfa, nér hæfileiki. Ef að herra Treverton heldur þannig áfram, verðum við að skoða hann sem völund. Það var fyrst í vikunni fyrir helgina, sem ég komst að því, að hann kunnir að draga upp myndir, og nú segir þú mér, að hann máli skrípamyndir. Hvað kemur næst?’

‘Ég held, að nú séu allir mínir hæfileikar taldir’, sagði Jón hlæjandi. ‘Áður fyrri var ég vanur að draga upp með penna og bleki smágalla mannsnáttúrunnar. Félagar mínir meðal herforingjanna höfðu gaman af því, og það stytta okkur stundir, þegar við vorum með herdeildir okkar á einhverjum leiðinlegum stöðum úti á landi’.

‘Já, en skrípamyndirnar’, sagði Eðvarð. ‘Sáust þér nokkur tíma “Hlaup heimskunnar”?’

‘Kinnisblaðið? Já, mjög oft’.

‘Þá hafist þér tekið eftir myndunum, sem nafnið Chicot stóð undir — maðurinn, sem deyddi konu sína. Þær voru ágætar, máske með nokkuð frönskum smekk, en prýðisgóðar samt’.

‘Það var eðlilegt, að þær væru í frönskum stýl. Þær eð maðurinn var franskur’.

'Afsakið', sagði Eðvarð, 'hann var eins hreinn Englendingur eins og þér og ég'.

Celia var staðin upp af gólfinu og hafði kveikt tvö ljós á skrifborði Láru, sem Eðvarð sat við. Þar tók hún eitt blað, sem lá á milli annara blaða, sýndi bróður sínum það og sagði: 'Er ekki gaman að þessu?'

Eðvarð skoðaði myndina nákvæmlega.

'Þér megið ekki ímynda yður, að ég sé að slá yður gullhamra, þó ég segi, að þessi mynd sé eins góð og Chicots myndirnar og talsvert lík þeim'.

'Þetta er sá eini af hæfileikum manns míns, sem mér geðjast ekki að', sagði Lára. 'Því manningum, sem myndin er af, er gert rangt til með henni'.

'Sá, sem ekki saknar þess, sem frá honum er rænt, líkist þeim, sem engu er rænt frá', sagði Celia. 'Þetta sagði spekingurinn Shakespeare, og fáir lafði Barker aldrei að vita, hve lík myndin er henni, þá hefir það engin áhrif á hana'.

'En er það ekki almennur siður, að sýna öllum vinum hlutaðeigenda slíkar getsemar, þangað til þeir sjálfir fá að vita alt um þær.' sagði Eðvarð háðslega.

'Heldur vil ég láta höggva af mér hægri hendina, en særa gamla og góða konu', sagði Lára alvarlega.

'Brettið þér upp treyjuermina, hr. Treverton, og réttið hendina fram undir öxina', sagði Celia.

Celia hélt áfram að spauga en Jón sat þögull og horfði á eldinn.

23. KAPÍTULI.

Jón Treverton málaði aldrei skrípamyndir eftir þetta, en hann hélt áfram, að æfa sig í hinni æðri myndagerð. Hann var byrjaður á, að draga upp mynd af konu sinni, mjög líka og fagra mynd, og að henni vann hann tvær stundir á dag. Auk þess hafði hann margt annað að athuga, jarðyrkjuna, dýraveiðar og öll viðskiftin, sem fylgja því að stjórna stórrí landeign, sem Jón vildi gera og gerði vel. Hann endurbætti jörðina stórkostlega, en Jasper Treverton hafði stækkað hana en ekki bætt. Það var á allan hátt ánægjulegt líf, sem Trevertons hjónin lifðu fyrsta árið, og þegar útlit varð fyrir, að barn ætti að fæðast í þessu gamla húsi, sem ekki hafði skeð í marga tugi ára, virtist seinasta vonin ætla að uppfyllast og fylla gæfubíkar þeirra.

Meðan ánægjan ríkti á Manor House, sléptist Eðvarð heima hjá foreldrum sínum, og gamli faðir hans var búinn að venja sig við þá hugsun, að Eðvarð yrði aldrei annað en landeyða.

Síðan Eðvarð kom heim frá London, hafði hann verið viðfeldnari í viðbúð en áður.

Jafnvel Celia áleit, að hann væri búinn að gleyma ást sinni á Láru.

Eðvarð hafði fengið herbergi til sinna eigin umráða í prestshúsinu, sem lá við endann á löngum gangi, með einum glugga, er sneri að heiðinni. Þar héldu menn að hann stundaði skáldskap sinn, en þegar svo bar við, að móðir hans eða systir komu snögglega inn til hans, lá hann vanalega endilangur

á legubekknunum og reykti vindil. og sá Celia brátt, að framför hans var harla lítil.

Hann hélt áfram að rita smávegis fyrir viku-blöðin, og fékk fyrir það nægilegt til að geta klætt sig, og keypt sér tóbak og annað, sem hann þarfnaðist, en mat sinn borgaði hann aldrei.

‘Það, sem ég þarf, er lífsviðurhald fyrir næsta ár, þangað til ég hefi hlotið nafnfrægd’, sagði hann við móður sína, ‘og það er ekki stór krafa til föður míns þar eð ég er eini sonurinn’.

Prestur samþykkti það, að þessi krafa væri rýmileg, og móðir hans, sem elskaði hann innilega, bjó herbergi hans eins vel út og henni var unt.

Þau kvöld, sem systkinin voru ekki í Manor House, var Celia vön að færa honum kaffi kl. 5, og sat þá og spjallaði við hann langar stundir.

Aðallega snerist samtalið um vini hennar í Manor House. Hún var hætt að hata Jón Treverton og hrósaði honum all-mikið með köflum, og sagði hann fullkominn sem eiginmann, og lét þá ósk í ljósi, að sér hefði hlotnast slíkur maður.

‘Ég held Lára sé sú hringjuríkasta stúlka í heiminum’, sagði hún. Slíkur maður, slíkt hús, slíkt gripahús og slíkir garðar og svo allir peningarnir. Það er nærri leiðinlegt, að sjá hana taka allt með ró. Ég held hún sé forsjóninni þakklát, því hún er trúkona, eins og þú veizt, en hún er allt of hæglát. Hefði ég hlotið sem svarar helmingi af hennar hamingju, myndi ég hafa hoppað upp í tunglið af ánægju’.

‘Lára er fullkomin í framkomu sinni, góða mín. Vel uppalið fólk hugsar aldrei um, að hoppa upp í tunglið’, sagði Eðvarð.

‘Mér þykir vænt um, að henni líður vel’, sagði Eðvarð hliðlega. ‘Hamingjunnú sé lof, að ég er laus við ást til hennar, og að ég get litið á velliðan hennar án afbrýði, en jafnframt furðar mig á því, hve

ánægð hún getur verið með manni, hvers liðnu æfi hún þekkir ekkert'.

'Hvernig veizt þú þetta, Ted? Hún veit, hver hann er, og hvað hann er. Hún veit, að hann var foringi í hernum og seldi stöðu sína, af því hann var búinn að eyða öllum öðrum ljármunum sínum'.

'Seldi stöðu sína fyrir 7 árum', sagði Eðvarð, 'en hvað hefir hann gert síðan?'

'Flækst um göturnar í London'.

'Það er mjög óákveðið svar. Sjö ár. Hann hefir orðið að vinna fyrir mat sínum þenna tíma, því ekki hafa peningarnir, sem hann fékk fyrir stöðu sína, enst mjög lengi. Hann hefir hlotið að eignast kunningja á þessum tíma. Hvers vegna koma þeir ekki í ljós? Hvers vegna er hann svo þögull um líf sitt þessi sjö ár? Þú mátt vera viss um það, Celia, að þegar einhver er þögull um sjálfan sig, þá hefir hann eitthvað að dylja'.

'Það er eitthvað undarlegt við það', sagði Celia samþykkjandi. 'Jón Treverton talar aldrei um æfi sína eftir að hann yfirgaf herinn, ég held hann hafi ávalt verið í London, því hann minnst stundum á það, að lífið í London sé þreytandi. Ef að ég væri Lára, þá krefðist ég að fá að vita þetta'.

'Það á sér engin varanleg hamingja stað milli manns og konu', sagði Eðvarð, 'án óbifanlegs trausts'.

'Vesalings Lára', sagði Celia og stundi. 'Ég hefi ávalt sagt, að brúðkaup þeirra vissi á ilt, en í seinni tíð virðist sá spádómur ekki hafa ræzt'.

'Hefir hún aldrei sagt þér orsökina til þess, að Jón yfirgaf hana strax eftir giftinguna?'

'Nei, ekki með einu orði. Hún sagði mér einu sinni, að hann hefði farið til Buenos Ayres viðvikjandi viðskiftum, en aldrei meira.

'Það hafa verið undarleg viðskifti, sem kölluðu

hann burt frá konunni á sömu stundu og hann giftist', sagði Eðvarð.

Celia kinkaði kolli. Henni þótti vænt um Láru, en henni þótti vænna um mikillfenglegt hneyksli.

Eðvarð stundi dálítið og ruggaði höfðinu á koddanum, sem táknaði fyrirlitningu fyrir lífinu.

'Kæri Ted, ég er hrædd um, að þú sért enn ekki tilbúinn að gleyma Láru', sagði Celia.

'Mér þykir leitt að hugsa um það, að hún skuli vera gift þorpara'.

'Ó, Ted, hverniig geturðu fengið þig til að segja slíkt?

'Maður, sem ekki getur gert grein fyrir 7 árum af æfi sinni, hlýtur að vera þorpari', sagði Eðvarð alvarlega. 'Ég bið þig að segja ekkert við Láru, sem getur vakið hjá henni óró. Bíddu og athugaðu, eins og ég. Einhvern daginn kemur tundurkos í Manor House'.

'Ég hélt þér þætti vænt um Treverton', sagði Celia. 'Mér virtist ykkur koma vel saman'.

'Ég er kurteis við hann vegna Láru'.

Eðvarð langaði til að særa Jón Treverton dauðlegu sári, og þó vissi hann, að það versta, sem hann gæti gert honum til meins, gerði sér ekkert gagn. Skapraunin eyðilegði hann algerlega, gerði hann að landrækum afbrotamanni, og gæti máské orðið til þess, að kona hans, sem elskaði hann, dæi af sorg. Hann var eins og skellinaðran, sem getur geymt eitrið í tönnum sínum, þangað til hún þarf að brúka það.

Hvernig áttu þau að haga sér til að gera aðra hamingjusama? Hér um bil hálfan mánuð fyrir hátíðina, ók hún með Celiu til Beechhampton, til þess að kaupa miklar birgðir af ullarábreiðum og ullardúkskyrtum handa gömlu konunum, og góðar heimaunnar treyjur handa gigtveiku gömlu mönnum.

'Hefirðu nokkra hugmynd um upphæðina, sem þú eyðir, Lára?' sagði Celia.

'Nei, en ég hefi ásett mér, að enginn í nálægð við Hazlehurst skuli þjást af kulda eða líða illa, ef ég get ráðið við það'.

'Ég vona, að þú ekki bíist við einu þakklæti'.

'Ég vona að eins, að ábreiðurnar varni kuldunum að komast að gamalmennunum. Og nú til kryddvörusalans'.

Hún tók glaðlega við taumunum og ók til helzta kryddvörusalans í Beechhampton. Þar bað hún um hundrað böglar af rúsinum, kórennum, kryddefnum og súkkati, hver böggull átti að innihalda nægilegt þessari pöntun, og hrósaði þessari nýju viðskiftakonu.

Frá kryddsalanum ók hún til sætabrauðsbakarans, og bað þar um margar tegundir af sætabrauði, Hvernig gat hún og maður hennar verið nógu þakklát fyrir þá blessun, sem forsjónin hafði veitt þeim?

24. KAPÍTULL.

Jólin voru að nálgast. Fyrstu jólin í hjónabandi Láru. Aðdáanlegasta hátíðin, sem nokkrum sinni hefir staðið í almanakinu að skoðun Láru.

— alt átti að sendast til Manor House á aðfangadaginn. — Það lá við, að Celia héldi að Lára væri orðin brjáluð.

En hvað ætlarðu að gera við öll þessi ósköp af ómeltandi esnum?' sagði hún. 'Ætlarðu að setja á stofn sætabrauðs verzlun?'

'Nei, góða mín, þetta verður notað í barnaveizluna'.

'Barnaveizluna — undir eins. Ég skil ekki ástæður þínar til að halda barnaveizlu, nema það sé til að æfa þig fyrir komandi tíma. Hverjum ætlarðu að hjóða? Öllum börnunum hennar lafði Parkers, auðvitað, og lafði Barkers barnabörnum, þessum sjö strákum hennar frá Pendervis, Briggs, Dropmores og Seymores. Þú verður að fá þér þokumyndir og töframann. Fólk væntir mikils af barnaveizlum nú orðið'.

'Ég held að gestir mínir verði fyllilega ánægðir, án þokumynda og töframanns.

Það efast ég um. Parkers börnin eru heimtufræk'.

'Hvorki Parkers eða Barkers verða í mínu heimboði'.

'En hvaða börn eru það þá, sem eiga að borða allar þessar kökur?'

'Börnin fátæklinganna. Öll börnin, sem ganga í skóla föður þins, eiga að koma'.

'Þá er ég hrædd um, að þú verðir að loftræsa herbergi þín, því ekki dettur mér í hug að verða hér, ef loftið inni hjá þér líkist því, sem er í skólaherbergjunum'.

'Ég treysti hinum góða hugsunarhætti Celiu Clares, og vona að þú hjálpir mér eftir megni. Jafnvel bróðir þinn gæti hjálpað okkur ögn. Hann gæti lesið upp eitthvað skemtilegt, "Frú Brown á leiknum", eða eitthvað því líkt'.

‘Hugsaðu þér Algernon Swinburne lesa “Frú Brown” fyrir hóp af fátækum börnum’, sagði Celia hlæjandi. ‘Ég get fullvissað þig um það, að Eðvarð bróðir minn álitur sig fyllilega eins merkan mann; og hr. Swinburne’.

‘Ég tel víst, að hann hjálpi okkur’, sagði Lára. ‘Ég ætla að hafa jólatré með gjöfum á, þar á meðal sumar gagnlegar, ég ætla að fá lánaða skuggamyndavél frá London, — að öðru leyti verðum við að skemta okkur eins vel og við getum. Ég ætla að láta hreinsa og skreyta vinnufólks herbergið fyrir þetta tækifæri, svo gömlu góðu húsmununum okkar sé engin hættu búin’.

‘Ef vesalings gamli Treverton væri lifandi og sæi þetta’, sagði Celia.

‘Ég er sannfærð um, að honum hætti vænt um, að sjá auð sínu notaðan til að gleðja aðra. Hugsaðu þér þessi fátæku börn, Celia, sem naumast vita, hvað orðið ánægja þýðir á sama hátt og ríka fólkið tekur það’.

‘Þess betra fyrir þau’, sagði Celia spekinglega. ‘Ánægja ríka fólksins er mjög tómleg. Nú, jæja, Lára, þú ert góð kona, og ég vil gera allt sem ég get, til að hjálpa þér. Ég efast um, að fjórtán þúsund um árið gerðu mig velgerðasama. Ég held, að útgjöld mín myndu aukast svo mjög, að ekkert yrði eftir handa öðrum’.

Áður en jólin byrjuðu varð Jón Treverton veikur, að sönnu ekki hættulega, því hr. Morton, sem verið hafði heimilislæknir þar í 20 ár, kvað það vera dálitla hitaveiki, sem engin önnur lyf útheimti en kyrð og góða hjúkrun, en þetta var samt sem áður skerðing á ánægju Láru.

‘Þarf ég að fresta barnaveizlunni?’ spurði Lára kvíðafull á þorláksmessu. ‘Mér þykir slæmt, að

verða að bregðast börnunum, en — ef Jóni skyldi versna —

‘Góða frú Treverton, það er ekkert lætt við, að honum versni, að fáam dögum liðnum verður hann heilbrigður. En ég vil, að hann sé kyr í herbergi sínu og taki ekki þátt í jólagleðinni, en það er engin ástæða til að fresta veizlunni, ef hávaðinn berst ekki inn til hans’, sagði lækurinn.

‘Vinnufólksherbergið er við hina húshliðina, svo hávaðinn getur naumast borist til hans’, sagði Lára.

Lára var ein um, að hjúkra manni sínum meðan hann var veikur. Hún sat hjá honum alla daga og vakti yfir honum megnið af nóttunni, — sofnaði stundum dúr og dúr á gamla legubekknunum við hliðina á rúminu. Jón var hræddur um, að þessi fyrirhöfn hennar kynni að skaða heilsuna, en hún þvertók fyrir það.

Þau voru gæfurík þessa daga eins og aðra. Hún las fyrir hann, skrifaði bréfin hans og hjúkraði honum eins vel og unt var.

Smátt og smátt óx skammdegismyrkrið og úti var ofurlítið kafaldsél, og klukkan fjögur sat Lára við rúm mannsins síns og drakk te með honum, í fyrsta sinn eftir að hann veiktist. Hann háði farið í fót og verið á fótum nokkrar stundir, en lá nú endilangur ofan á rúminu undir hlójum slopp.

Hann hugsaði nakið um barnaveizluna, og spurði Láru nákvæmlega um allan undirbúning hennar.

‘Ég held, að aðalatriðið sé, að þú gefir þeim nóg að borða’, sagði hann. ‘Fullkonnasta ánægjan, sem ég hefi séð, var hjá barni, sem neytti þess, er því þótti gott. Barnið lifir í nútímanum, en hugsar hvorki um liðinn tíma né ókominn. Með síðasta bitanum, er það rennir niður, hverfur gleðin, svo

barnið lærir, að jarðnesk gæfa er óstöðug. Láttu börnin borða eins og þau geta alt kvöldið, Lára, og fylla vasa sína áður en þau fara. Það gerir þau glöð'.

'Og á morgun verða þau svo veik. Nei, Jón, þau verða að skemta sér skynsamlega, og sérhvað þeirra skal fá eitthvað með sér handa þeirri persónu sem þau halda mest af heima, svo að gleði barnsins nái líka til annara. En það hryggir mig, að verða að vita þig einmana alt kveldið'.

'Og mér þykir ennþá verra að missa þig, elskan mín, en ég ætla að reyna að sofa meðan þú ert fjarverandi. Geturðu ekki gefið mér svefnmeðal, Lára?'

'Nei, sízt af öllu. Ég hefi sterkustu óbeit á svefnlyfjum, nema í ítrustu nauðsyn. Ég ætla að reyna að haga því svo, að ég geti verið litla stund hjá þér, einu sinni eða tvisvar um kveldið. Celia verður aðstoðarstúlka mín'.

'Þá vona ég að þú látir hana annast megnið af störfunum, svo að ég fái að sjá þig sem oftast. — Hverjir koma auk barnanna?'

'Að eins Sampson, systir hans og Eðvarð Clare, hann ætlar að lesa ýkjusöguna Ingoldsby fyrir þau, ég er hrædd um að börnin skilji hana ekki'.

'Þú og Celia verðið að sjá um hláturinn.

'Ég held ég geti ekki hlegið meðan þú ert fangi hérna'.

Það hefir að eins verið stuttur tími fyrir mig í fangelsinu, og nærvera þín hefir gert hann gleðiríkan'.

26. KAPÍTULI.

Vinnufólksherbergið var stærsta herbergið í Manor House, það var við aftari hlið hússins, langt frá öllum viðtökuherbergjunum og var leifar af mikli eldri byggingu en aðalbyggingin var nú. Tveir gluggar voru á herberginu, sem sneru út að gripahúsa girðingunni, sem var mjög hagkvæmur innangangur fyrir flakkara og betlara.

Þetta jólakvöld var vinnufólksherbergið eins viðfeldið og menn gátu óskað sér fyrir kveldskemtan. Eldur brann á arni og langs eftir herberginu voru tvö löng borð, þakin matvælum af bezta tagi. Gestunum hafði verið boðið að koma kl. 6, og þegar klukkan sló, komu þeir allir þjótandi inn, rjóðir í andliti eftir hlaupin.

Laura var viðbúin að taka á móti ungu gestunum, ásamt hr. Sampson og systur hans og öllum þjónumum. Fövarð hafði lofað að koma seinna. Hann var all-fús að lesa eitthvert skemtirit, en meira vildi hann alls ekki gera. Presturinn og kona hans ætluðu að koma seinna um kveldið til að sjá krakka skemta sér.

Tedrykkjan gekk ágætlega. Celia vann með dugnaði. Meðan frú Treverton og ungrú Sampson veittu te, bar hún brauð á borð og sá um að fylla hvern disk, sem tæmdist. Börnin sátu þögul og borðuðu af kappi.

Klukkan 7 var tekið af borðinu, og svo byrjaði skollaleikur og ýmsir fleiri leikir, og nú urðu gestirnir furðu háværir. Klukkan 8 kom presturinn og

kona hans, og nokkru seinna Eðvarð, letilegur og drambsamur.

Hann gekk beina leið til Látu, sem var nýkomin frá rúmi manns síns.

'En sá hávaði', sagði hann. 'Ég er kominn samkvæmt loforði mínu, en haldið þér að þessi litlu dýr geti áttað sig á "Jackdow frá Rheims"?'

'Ég held þau vilji nú sitja kyr eftir þenna leik dálitla stund, og ég efast ekki um, að þeim þyki gaman að "Jackdow". Það var vel gert af yður að koma'.

'Var það? Ef þér vissuð hve — — —' Hann lauk ekki við setninguna. 'Hvernig líður Treverton?' spurði hann.

'Honum er að batna. Hr. Morton segir, að hann verði jafn góður eftir fáa daga'.

'Ég gekk framhjá einkennilegum manni fyrir utan garðshliðið, reglulegum London-flækingi. Ég hefði enga hugmynd um, hver maðurinn er, en ég er sannfærður um, að hann er frá London og að ég hefði séð hann fyr'.

'Einmitt það! Var það af því, að hann vakti eftirtekt yðar?'

'Nei, það var útlit mannsins og framkoma. Hann gekk aftur og fram fyrir utan hliðið, einsog hann hefði eitthvert áform, máske ekki mjög heiðarlegt. Hús einsog þetta, með lokuðum svölum, er einkar hentugt fyrir innbrotspjófa. Einn af þjófunum fer upp á þakið á svölunum eftir að dimt er orðið, skriður svo inn um glugga og lýkur upp dyrnum fyrir hinum. Við slíkan innbrotspjófnað er ávalt einn, sem leggur til ráðin, en vinnur ekki að því sjálfur. Maðurinn, sem ég sá við hliðið, virtist mér vera af þessari tegund'.

Lára var orðinn mjög alvarleg, eins og hún væri hrædd um, að innbrotspjófnaður yrði framinn.

'Var þessi maður ungur eða gamall?' spurði hún hugsandi.

'Hvorugt. Hann var miðaldra, máske dálítið aldraður, en alls ekki gamall. Hann er herðabreiður, en grannur að öðru leyti og framkoman hermannleg'.

'Hvað vakti þá immin hjá yður, að hann hefði ílt hyggju með þetta? Spurði hún óróleg.

'Mér geðjaðist ekki að þú hvernig hann gekk aftur og fram fyrir utan þú. Hann virtist vera að gæta að einu eða tveimur bíða eftir tækifæri. Ég vil ekki hræða yður, Lára, en ég held þér ættuð að láta loka öllum dyrum og gluggum vel í nótt. Þegar á alt er litið, er maðurinn líklega einn af kunningjum mannsins yðar frá London, fátækur en hrekkjalaus'.

'Slíkar ágizkanir eru ekki hrós fyrir mannina minn', svaraði Lára þykkjulega.

'En, góða Lára, haldið þér að maður geti komist hjá því, að gera kunningsskap, sem maður vill ekki að aðeir þekki? Ég vona, að ég geri ekki neitt rangt með því, að minna yður á, að hr. Treverton hefir ekki ávalt verið ríkur'.

'Nei, ég fyrirverð mig ekki fyrir það, að hann hefir verið fátækur, en ég myndi skammast mín fyrir það, ef hann hefði kynst mönnum í fátækt sinni, sem hann vildi ekki kannast við, þegar hann er orðinn ríkur. Viljið þér ekki byrja á upplestrinum? Börnin eru tilbúin að hlusta á hann'.

Samkvæmt skipun Tom Sampsons, systur hans og Celiu, voru börnin sezt á bekk og var nú gefið sætabraud. Celia lét litið borð með tveimur ljós-um og glasi með vatni í, í annan enda herbergisins handa Eðvarð.

Þegar Eðvarð settist, tók bókina og opnaði

hara, skipaði Sampson börnunum að þegja, og svo byrjaði upplesturinn.

Hávær hringing á ytri dyrnar kom honum til að þagna og líta á Láru, sem sat í hinum enda herbergisins hjá prestinum og konu hans. Lára leit til dyranna.

Eðvarð hafði enga afsökun fyrir því að hætta upplestrinum, og þó var forvitni hans mjög æst. Hann hélt áfram að lesa, en hugur hans var úti við dyrnar, og furðaði sig á, hvað þar gengi fyrir sig. 'Hvar hefi ég séð þenna mann?' spurði hann sig aftur og aftur meðan hann las.

Svarið birtist honum mitt í einni setningunni.

'Það er maðurinn, sem ég sá með Chicot í Drury Lane, — maðurinn, sem ég talaði við í veitingahúsinu'.

Dyrnar voru opnaðar, Trimmer kom inn og gekk þangað, sem Lára sat. Hann hvíslaði einhverju að henni, og hún hvíslaði einhverju að frú Clare, — sjálfsagt afsökun fyrir burtför sína.

'Hvað getur þessi maður — ef það er maðurinn sem ég sá — viljað henni?' hugsaði Eðvarð. 'Vertur leyndarmálið opinberað í kvöld? Á að taka spilin frá mér?'

26. KAPÍTULI.

'Það er maður úti, sem langar til að tala við þou', hvíslaði Trimmer að Láru og fékk henni nafnspjald.

Á nafnspjaldinu stóð: 'Kapteinn Mansfield', og þegar Lára sá nafnið, stóð hún upp.

'Hvar er maðurinn?' spurði hún kjallaravörðinn.

'Hann er frammi í ganginum. Ég vissi ekki, hvort þér munduð vilja sjá hann'.

'Hann er attingi minn', sagði Lára. 'Ég get ekki neitað að sjá hann'.

Hár maður í stórri, grárri yfirhöfn stóð fyrir innan útidyrnar.

Lára gekk til mannsins og rétti honum þegjandi hendi sína. Hann var sjáanlega eins óvelkomin og hann var óvæntur.

Íð þér með ljós inn í lestrarherbergið og ögn að 'Það er betra, að þér komið inn í starfsstofuna', vini'.

'Ég vil heldur konjak', sagði gesturinn, 'mér er sagði hún. 'Það er hlýtt þar inni. Trimmer, kom svo kalt'.

'Mér þykir það leitt', sagði Lára, en í huga hennar bardist vorkunnsemin gegn viðbjóðnum. 'Komið þér þessa leið. Við getum talað ótrufluð í þessu herbergi'.

Hún gekk upp á loft og gesturinn á eftir henni inn í ganginn, sem lá að lestrarherbergi Jóns Trevertons, en það var við hliðina á herbergi því, er hann lá nú í. Hún vildi ekki, að Jón væri til staðar við samtal þeirra, en hún fann sig tryggari, að vera svo nálægt honum, að hún gæti kallað til hans, ef hún þyrfti. Áður fyr hafði hún mætt manni þessum alein og verjulaus, og hafði þá fundist einstæðingsskapur sinn óviðfeldinn og hættulegur.

'Ég hefði átt að segja Jóni allan sannleikann', hugsaði hún, 'en ég gat ekki fengið mig til þess'.

Hún leit við til mannsins, sem var með henni og gat ekki varist því, að skjálfa dálítið. Þau voru nú komin að dyrunum á lestrarherberginu, hún opnaði þær og gekk inn og hann á eftir og lokaði dyrunum.

Á eldstæðinu brann eldurinn fjörlega, og tvö ljós

stóðu á borðinu ásamt konjaksflösku og staupum. Hann fylti eitt staupið og drakk úr því, án þess að tala eitt orð.

Um leið og hann setti staupið á borðið, dró hann andann léttilega.

'Svo nú er ég ögn hressari', sagði hann, fór úr yfirhöfuinni og tók af sér trefiliun og sneri bakinu að eldinum, en andlitið, sem blasti við ljósinu, var andlit Desrolles.

Maðurinn hafði elzt að útliti síðustu sex mánuðina. Hrukurnar í andliti hans höfðu dýpkað, kinnarrar voru orðnar holar inn á við, og augun tryllingsleg og blóðþrungin. Sandurinn rennur furðu hart í timaglassi þess manns, sem aðallega lifir á brennivíni.

'Nú, þessa', sagði hann með harðri og hástri röddu. 'Þú tekur mér ekki sérlega hlýlega, barnið mitt'.

'Ég átti ekki von á þér'.

'Þess kærara hefði þér átt að vera að sjá mig. Hugsaðu þér fund okkar eins og honum yrði lýst í skáldsögu eða á leiksvíði. Þú myndir þá opna faðm þínu, hrópa upp og fleygja þér að brjósti mínu. Manstu eftir Júlíu í 'Hunchback'i með hvers konar gleðiópi hún fleygði sér í faðm hr. Walters?'

'Manstu, hvað Walter hafði verið fyrir Júlíu?' spurði Lára og horfði fast á manninn, sem breytti svip meðan hún horfði á hann.

'Sjálft lífið er tóm og fjörvana í samanburði við leikritin', sagði Desrolles. 'Ég fyrir mitt leyti er orðinn leiður, jafnvel veikur af því'.

'Mér þykir leit að sjá, hve útlit þitt er veiklulegt'.

'Ég er flakkandi böggull af þjáningun, í mínum líkama er enginn vöðvi, sem ekki hefir sín sárindi'.

'Geturðu ekki fengið bót á þessum veikindum?'

Er ekkert það í Þýzkalandi, sem gæti bætt heilsu þína?’

‘Ég skil’, sagði Desrolles, ‘þér mundi þykja vænt um, að vita mig sem lengst í burtu’.

‘Mér þætti vænt um, að geta liað þjáningar þinar. Þegar ég skrifaði þér síðast, sendi ég þér stærri upphæð, en ég hafði áður gert, og bauðst til að láta þig fá 6 hundruð pund á ári, sem þér skyldu borguð ársfjórðungslega. Ég hélt að þetta myndi nægja þörfun þínum. Mér þykir slæmt að vita til þess, að þú skyldir verða að ferðast í þriðju raðar vagui í þessum kulda’.

‘Ég hefi verið óheppinu’, svaraði Desrolles. ‘Ég fór til Boulogne, það er fallett pláss, en ég lenti inn-
au um þjófa, sem stálu peningum mínum. Gefðu mér fimtín eða hundruð uína, og dragðu það ekki frá ársfjórðungsgjaldinu. Þú ert rík og gætir mist þrisvar sinnum eins mikið og það, sem þú gefur mér. Hvers vegna sagðir þú mér ekki, að þú værir gift. Laglega gert af dóttur, að dylja föður sinn þess’.

‘Faðir minn!’ sagði Lára, og leit á hann rólega, en hann leit undan, ‘viltu að ég segi þér sannleik-
anu?’

‘Andvitað! Hvað annað heldurðu að ég vilji fremur?’

‘Og enda þótt hann sé harður og uisknunarlaus — eins og sannleikurinn oft er?’

‘Segðu meiningu þína, barn. t Vesaliugs taugarn-
ar minar eru orðuar svo slitnar og linar, að hörð orð hafa engin áhrif á þær’.

‘Hvernig geturðu krafist skyldurækiunar ástar af mér sem dóttur?’ spurði Lára í lágum róm en alvarlegum. ‘Hvers geturðu vænst af mér? Hefirðu nokkru sinni horið föðurlega unhyggju fyrir mér? Hvað þekki ég af þínu lífi annað en þretti og leyndar dómna? Hefir þú nokkru sinni nálgast mig öðruvísi en með leynd og til að biðja um peninga?’

'Lýsingin er rétt', sagði Desrolles og hló stuttan hlátur, sem endaði með stunu.

'Þegar ég var lítið barn, fékstu mig í hendur þínum eina sanna vini frá æskuárunum. Hann tók mig til sín sem fósturdóttur, og skildi við þig deyjandi, að hann hélt. Árin liðu, og þú lést hann álíta, að þú værir dáinn. Í tíu ár gerðirðu ekki vart við þig á neinn hátt. Dóttir þín, einkabarnið þitt, var alin upp á anuars manns heimili, án þess þú létir þér koma til hugar, að spyrja, hvernig henni liði'.

'Ekki beinlínis. Hvernig getur þú vitað, hvaða aðferð ég hefi notað til að fregna um þig, án þess að spilla framtíðarhorfum þínum? Það var hagsmuna þinna vegna, að ég duldí mig og lét gamla vininn halda, að ég væri dauður. Sem kjördóttir hans var framtíð þín örugg. Hvernig hefði líf þitt orðið hjá mér? Til þess að hjarga þér réðist ég í að ljúga'.

'Mér þykir það leitt', sagði Lára kuldalega. 'Ég hata alla lýgi. Ég get ekki sannfærst um, að hún leiði til nokkurs góðs'.

'Í þessu tilfelli hefir leitt gott af mínum saklausu prettum. Þú ræður yfir stórum og góðum eignum, gift manni, sem sagt er að þú elskir'.

'Af öllu hjarta'.

'Er það þá of mikið, að biðja um geisla af sólskini þínu — ofurlitinn velgerning af auð þínum?'.

'Ég vil breyta rétt', svaraði Lára, 'ég vil ekki fyrir föður minn — þó að þú hefðir verið það, sem faðir á að vera fyrir barn sitt — þola, að eigur Jasper Trevertons séu rangt notaðar. Þú sagðist standa einn í heiminum, án nokkurs, sem þinnar aðstoðar þyrfti með, eða sem þér væri skylt að annast um. Sex hundruð pund á ári ættu að gera þér mögulegt, að lifa heiðarlega og þægilega'.

'Það er satt, þegar ég er laus við skyldur liðna tímans. Mundu eftir því, að hjálpin, sem þú veittir

mér þangað til fyrir 6 mánuðum síðan, nam ekki meiru en hundrað pundum á ári, að undantekinni aukahjálpi, sem ég fékk stundum. Hundrað pund um árið í London hjálpa manni að eins til að verjast sulti. Ég var þess utan í skuld, ég var óheppinn í gróðabralli, sem leit vel út í byrjun.

‘Eftirleiðis þarftu ekki að eiga við neitt gróðabrall’.

‘Það er satt’, sagði Desrolles og stundi við, — fylti glasið með konjaki og drakk úr því í einum teig.

Lára horfði á hann angurvær. Hún fyrirvarð sig fyrir, að vera í ætt við mann, sem var fallinn jafn djúpt.

‘Segðu mér nú, hve lengi þú ert búin að vera í hjónabandi’, sagði Desrolles.

‘Við giftum okkur á gamlaársdag í fyrra’.

‘Þá hefir þú verið gift í heilt ár, og ég heyrði fyrst minst á það í kvöld í veitingahúsinu niður frá’.

‘Þú hefir getað séð auglýsinguna um það í Times’.

‘Ég hefði kannske getað það, en ég sá það samt ekki. Nú, jæja, ég býst við, að ég hafi afsalað mér föðurréttindunum, þegar ég fékk öðrum í hendur barn mitt, og er það þó hart’.

‘Hvers vegna ertu að særa sjálfan þig með óþörfum ásökunum. Ég vil gera allt fyrir þig, sem skyldan krefst af mér. Það er mín innfleg ósk, að framtíðarlíf þitt verði þægilegt og virðingarvert. Segðu mér, hvar þú ætlar að vera eftirleiðis, og hvernig ég get bezt stutt að hamingju þinni’.

‘Hamingju’, hrópaði Desrolles og ypti öxlum. ‘Hana hefi ég ekki þekt síðan ég var 25 ára. Hvar heimili mitt verður? spyr þú. Hver veit það? Ekki ég, það máttu vera viss um. Af vana og löngun er

ég ferðalangur. Hieldurðu, að ég geti unað að lifa í fæðishúsi af styrktarfé? Það mundi deyða mig, sem er vanur við ferðalög og umbreytingar. Nei, góða mín, skyldaðu mig ekki til að lifa innilokaður eins og í klanstri. Gefðu mér styrktarfé þitt ársfjórðungslega, án nokkurra skuldbindinga. Láttu umboðsmann þinn í London borga mér peningana, og ég skal lofa því hátiðlega, að gera þér aldrei ónaði hér eftir.

'Ég krefst þess ekki', sagði Lára hugsandi. 'Það er að eins skylda, að við sjáumst við og við. En þú hefir gert mér ómöglegt, að kannast við þig sem föðnr opinberlega, af því að þú sveikst lóstra minn. Allir hér í Hazlehurst álíta, að faðir minn sé dáinn, þar eð Jasper Treverton tók mig og ól mig upp. En ég ætla þó að segja manni mínum allan samleikann. Hingað til hefi ég hlíft mér við að gera það, en ég dyl hann ekki lengur. Jón Treverton geymir leyndarmál þitt mín vegna, það máttu vera viss um'.

'Hættu', hrópaði Desrolles og talaði nú hærra en áður, og stóð upp um leið. 'Ég fyrirbýð þér, að minnast á mig eða minar sakir við mann þinn. Þegar ég sagði þér, hver ég var, skyldaði ég þig til að þegja. Ég krefst — — —'

Hann þagnaði og stóð og stardi óttasleginn á dyrnar milli herbergjanna, eins og hann hefði séð vofu.

'Gud minn góður', hrópaði hann, 'hvað viljið þér hingað?'

Jón Treverton stóð í dyrnum opnum, klæddur dökkum flanelsslopp. Lára þaut til hans.

'Hvers vegna ertu kominn á fætur, góði minn?' sagði hún. Það var óvarkárni af þér'.

'Ég heyrði hávara mannsrödd eins og hún væri

Lótandi. En hvað er þessi maður að vilja hér — hjá þér?

‘Hann er ættingi minn, sem þú spurðir mig einu sinni um, Jón’, sagði hún, ‘þú hlýtur að muna það’.

‘Þessi maður traundi þínum’, kallaði Jón Treverton, — þessi maður’.

‘Já. Þið þekktist?’

‘Við höfum sést áður’, svaraði Treverton, sem ekki hafði litid af andliti mannsins. ‘Seinast þegar við sáumst, var það undir mjög sorglegum kringumstæðum. Það er undarlegt, að hann skuli vera ættingi þínn, hann hr — — —’.

‘Mansfield’, greip Desrolles fram í. ‘Vegna Láru hefi ég breytt nafninu Malcolm í Mansfield, það er nafn ur att móður minnar. Það gæti verið mörandi fyrir hana, að viðurkenna þann mann fyrir ættingja sínu, sem heimurinn hefir tredið undir fótum sér síðustu tín árin’.

Desrolles var orðinu náfölnur eftir að hann sá Jón Treverton, og um leið og hann helti í bríðja stoupið handa sér, skalf hendi hans eins og strá í vindi.

Mjög nærgætnislegt af yður, hr. Mansfield’, svaraði Jón Treverton. ‘Má ég spyrja, af hvaða ástæðu þér heidrið komu mína með heimsókn yðar svona seint?’

‘Vanalega ástæðan, sem brekur fátaklingun að heimili ríka mannsins. Ég þarf peninga, og Lára hefir efni á, að hjálpa mér um þá. Hvers vegna þurfum við að tala meira um þetta?’

‘Þess þarf ekki. Það er bezt að tala um flest um flest. En fyrst þetta eru vandalaus afskipti, þá er rétt, að ég afgreiði þau fyrir komu mána. Lára, viltu það ekki? Þú mátt trevsta því, að ég skal ekki hallmæla stöðu hans’.

‘Ég reiði mig á þig nú og aðfölegu’, svaraði Lára og rétti honum hendi sína, gekk síðan til Des-

rolles, rétti honum sömu hendina og sagði: 'Góða nótt, og vertu sáll. Treystu manni mínum eins og ég treysti honum, það er bezt fyrir okkur. Hann verður jafn lús til að viðurkenna réttindi þín og ég er, ef þú segir honum samuleikann. Fyrst að ég hef trúað honum fyrir lífi mínu, þá ættir þú að geta trúað honum fyrir leyndarmáli þínu'.

'Góða nótt', sagði Desrolles. 'Ég er enn ekki búinn að átta mig á þessu undri'.

'Hverju?'

'Að þú skulir vera gift'.

'Góða nótt', sagði hún aftur, en gekk svo til manns síns og bað hann að reyna ekki um of á sig. 'Þú mátt að eins dvelja hér 15 mínútur. Mandu eftir því, að maðurinn minn er veikur og ætti að vera í rúminu'.

'Farðu aftur til skólabarnanna þinna', sagði Jón brosandí að hræðslu hennar. 'Ég skal vera varkár, góða mín'.

Lára lokaði dyrunum, og mennirnir — sem fyrir ári síðan höfðu verið sambýlismenn — stóðu hvor gagnvart öðrum.

'Svo þér eruð Jón Treverton', sagði Desrolles, en vogaði þó ekki að líta á hann.

'Og þér gerið kröfu til, að vera í ætt við konu mína?'

'Máske nánara en þér viljið heyra, svo náinn, að ég hef heimuld til að spyrja, hvernig þér, Jack Chicot, getið verið maður hennar. Hvernig þér gátuð gift henni fyrir ári síðan, meðan hin fagra og gáf-aða frú Chicot, sem ég þekti, var á lífi? Annað-hvort hefir hin fagra stúlka ekki verið konu yðar, eða gifting ykkar Láru er ógild'.

'Lára er kona mín, og gifting okkar eins lögleg og lögin frekast heimta', svaraði Treverton. 'Það nægir yður að vita. Og nú gerið þér svo vel, að

skýra mér frá, á hveru hátt frændsemi ykkar Láru er hagað'.

'Lára réði mér til, að segja yður samleikann', tautaði Desrolles um leið og hann settist aftur í nánd við eldstæðið og talaði eins og maður, sem reiknaði út alleiðingar orða sinna. Hvers vegna ætti ég ekki að vera hreinskilinn við yður, Jack Treverton? En hvað gamla nafnið er miklu viðfeldnara og hægra að nefna. Ef þér hefðu verið eins óaðfínanlega heiðarlegur eins og ég bjóst við að erfingi Jasper Trevertons væri, þá hefði ég hikað við, að segja yður leyndarmál, sem kirkjubækurnar og kirkjugarðsvörðuriinn myndu nauðast samsinna að væri heiðarlegt fyrir mig. En yður, Jack, listamanninum, æfintýramanninum, sem alt mögulegt hafið reynt í heiminum, yður þori ég að segja leyndarmál mitt, án þess að roðna. Komið þér hingað og fyllið glasið mitt eins og góður kunningi, hendurnar minar skálfa eins og ég hefði ritkrampa. Þér þekkið frásögnina um kjördóttur Jasper Trevertons?'

'Andvitað þekki ég hana'.

'Þér hafið heyrt, að Jasper Treverton, sem varð andvígur vini sínum, Stefáni Malcolm, út af ástaðsöku, mörgum árum seinna var beðinn að koma að banasæng þessa sama vinar síns, sá hann við andlátinu eins og allir néldu, tók einkadóttur hans með sér, þegar hann fór heim aftur, og skildi eftir 50 punda seðil til að lina hjáningar hins forna vinar síns og borga með útförina'.

'Já, þetta hefi ég oft heyrt'.

'En ekki það, sem nú kemur. Þegar læknir yfirgefur sjúkling með þeirri vissu, að hann sé dauðans matur, er sjúklingurinn stundum á batavegi. Stefán Malcolm var svo heppinn að hafa gert lakninum missýningar. Máske það hafi verið hjúkrunin, sem 50-punda seðillinn gjörði mögulega, máske það hafi

verið vissan um óhulta framtíð einkadóttur hans, sem veitti honum bata, því eftir að hasper Treverton yfirgaf hann, var sem þungri byrði væri af honum létt og honum batnaði smátt og smátt. Lífið gaf honum nýjan frest, og hann fór aftur út í heiminn, sem ferðalangur, en einmana og ánægður yfir láni dóttur sinnar'.

'Ætlið þér að telja mér trú um að Stefán Malcolm hafi batnað, að hann hafi lifað og látið dóttur sína og vin álita sig dáinn?'

Að opinbera sannleikam gat orðið til þess, að spilla hamingju dóttur hans. Sem kjördóttur auðugs einlifismanns var framtíð hennar borgið. Hvernig myndi æfi hennar hafa orðið, ef hún hefði aftur farið til föður síns og lifað hjá honum? Um þetta hugsaði ég og tók málefnið frá óeigingjörnu hliðinni. Ég hefði kannske getað snikt mig inn til Jaspers, en ég gerði það ekki.— ég rölti muna leið einmana eftir hinni hrjóstrugu þjóðbraut lífsins, án þess að vera elskaður og þektur'.

'Þér!' hrópaði Jón Treverton, — 'þér!'

'Já, ég er rekaldið af Stefáni Malcolm'.

'Þér eruð faðir Láru? Hamingjan góða! Hún líkist yður ekki á neinn hátt. Faðir heinar! Þetta er sannarlega upinberni'

'Undran yðar er ekkert hrós fyrir mig. Hún er lík móður sinni, sem var ein hinna inndælustu stúlkna, er ég hef nokkru sinni séð. Þó get ég fullvissað yður um það — hr. — Treverton, að á yðar aldri gerði Stefán Malcolm kröfu til að líta vel út'.

'Ég neita því ekki, að þér hafi máske verið eins falletgur og Adonais. En það er mjög undarlegt, að þér skulið ekki hafa neitt sameiginlegt við hana í líkams hreyfingum, ekki neitt, sem bendir á, hið leyndlega samband milli föður og dóttur. Veit hún þetta? Viðurkennir hún yður sem föður?'

'Já, hún gerir það, blessað barnið. Hún vildi, að ég segði yður allan samleikann'.

'Hve lengi hefir hún vitað þetta?'

'Það eru liðug fimm ár síðan ég sagði henni frá þessu. Ég var þá búinn að vera 7 ár á meginlandinu, en laugaði til að koma aftur heim til föðurlandsins, og þegar ég kom heim, var einhver dulin þrá, sem kom mér til að vilja sjá barnið mitt. Ég fór hingað frá London, setti fari að ná fundi hennar, og sagði henni frá þessu. Síðan hefi ég af og til séð hana'.

'Og fengið peninga hjá henni?' sagði Treverton.

Hún er rík, en ég fátakur, hún hefir hjálpað mér til að lifa'.

'Jaja, hr. Mansfield, sem tengdasouur yðar ætla ég að gera yður tilboð'.

'Aður en þér herið það fram, þarf ég að segja yður fáein orð. Ég hefi sagt yður frá leyndarmáli mínu, sem allir mega þekkja, mín vegna, en þér, hr. Treverton, eigið leyndarmál, sem ég býst við þér viljið ekki opinbera heiminum, allra sízt nú eftir að þér hafið náð jafn hárrí og góðri stöðu og þér eruð í hér'.

'Nei', sagði Treverton, 'það er svart blað í æfisögu minni, sem ég vildi að enginn sæi, en þó tel ég víst, að sé dagur renni upp, að liðna æfin mín tengist við nútímann. Ég hefi sagt konu miinni alt, sem ég mátti segja henni, en þess að eiga á hættu, að gera hana óánægða. Má ég trevsta því, að þér segid henni ekkert um mitt fyrra hjónaband?'


'Það megid þér', svaraði Desrolles. 'En þá vona ég, að þér breytið sómasamlega við mig í staðinn'.

'Hvað kallið þér sómasamlega breytni?'

'Það skal ég segja yður. Dóttir mín hefir boðið mér 6 hundruð um árið, en ég þarf þúsund'.

'Þurfið þér þúsund?' spurði Treverton með duldrí





MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART
 NATIONAL BUREAU OF STANDARDS
 STANDARD REFERENCE MATERIAL 1010a
 (ANSI and ISO TEST CHART No. 2)

fyrirlitningu. 'Jæja, lífið þér virðingarverðu lífi, og hvorki ég eða dóttir yðar teljum eftir að láta yður fá þúsund pund á ári'.

'Eg skal lifa göfugmannlegu lífi, en ekki á Englandi. Dóttir mín vill, að ég yfirgefi landið, og ég held líka, að mér muni líða betur á meginlandinu, og máske batna heilsan. Eftirlaunamenn eru lífseigir'.

'Ekki þegar þeir drekka þriggja pela flösku af konjaki á dag'.

'Vera kann mér takist að minka áfengisnautnina, þegar ég kem í betra loftslag. Til að byrja með bið ég yður að gefa mér hundrað pund í gjaldgengum peningum, og ég skal þá fara með fyrstu morgunlestinni til London aftur, og nóttina eftir til Parísar borgar'.

Jón Treverton tók hundrað pund í seðlum og gulli upp úr peningaskríni sínu, lagði peningana á borðið og sagði:

'Hr. Mansfield. Hvaða sannanir lögðu þér fram fyrir dóttur yðar, þegar þér funduð hana fyrst eftir öll þessi ár, sem líðin voru frá því að hún skildi við yður?'

'Sannanir?'

'Já, með öðrum orðum, hvernig fóruð þér að sannfæra hana um, að þér væruð faðir hennar? Hún skildi við yður, þegar hún var 6 ára. Mundi hún eftir andlitsdráttum yðar, þegar hún sá yður eftir 11 ár, eða tók hún sögusögn yðar góða og gilda um það, að þér væruð sá faðir, sem hún áleit hvíla í gróf sinni?'

'Hún hafði óljósa endurminningu um andlit mitt, en mundi ekki nær eða hvar hún hefði séð það, þangað til ég minti hana á ýmsa viðburði frá æskuárunum hennar, síðustu dagana, sem við dvöldum saman áður en ég veiktist, og minti hana á meður hennar

og litla bróðurinn, sem dó 3 ára. Jón Treverton, þér misskiljið náttúruna, ef þér álitíð, að eðlisávisan dótturinnar bregðist þegar faðirinn skírskotar til hennar. Ef að hið persónulega afl hefði ekki sannfært barnið mitt um, að faðir hennar stæði gagnvart henni, þá hafði ég aðrar sannanir, sem ég sýndi henni, gömul bréf, skírnarvottorð hennar, mynd af móður hennar, sem ég gaf henni, en bréfin og skírnarvottorðið hefi ég'.

Hann tók upp gamla vasabók úr treyjuvasa sínum, og úr henni tók hann 6 bréf. Eitt þeirra var skírnarvottorð Láru, en hitt voru bréf frá kunningjum hans, þar á meðal var eitt frá Jasper Treverton, og hljóðaði þannig :

“Mér féll illa, að heyra um veikindi þín, gamli vinur minn. Bréfið þitt elti mig til Þýzka-lands, þar sem ég hefi dvalið þetta haust við baðstöð nokkra. Ég fór strax til Englands og lenti hér fyrir hálfri stundu síðan. Ég kem eins fljótt og mögulegt er, og vona að vera kominn til þín áður en þú færð þetta bréf.

Með vináttu þinn

Jasper Treverton.

Dover, október 185...”

Hin bréfin voru hluttekningarrík að því er snerti veikindi hans, og í einu þeirra hafði verið póstaávisun. Öll báru þau vott um virðingu fyrir Stefáni Malcolm, og sýndu að bréfskrifarnir álitu hann göfugmenni. Það var mikill munur á stöðu þess manns, sem bréfin voru skrifuð til, og Desrolles, leiguliða á öðru lofti í Cibber-götunni.

Skjöl þessi bentu á, að hann væri faðir Láru og hún hafði viðurkent hann sem slíkan. Jón gat því ekki efað þetta, enda þótt honum félli sárt, að

kona hans væri dóttir þessa ræfils. Peningana, sem hann krafðist að fá, skeyttu Jón ekkert um.

'Hérna eru hundrað pundin yðar, hr. Mansfield', sagði hann, og þar eð þér hafið vamið íbúa Hazlehurst á, að skoða konu mína föðurlause, væri bezt að þér kæmuð hér sem sjaldnast'.

'Ég sagði yður, að ég ætlaði til Parísar annaðkveld. Ég er jafn ánægður yfir París og íbúum þeirrar borgar. Þó ég hafi aldrei kvongast franskri stúlku'.

Jón Treverton gaf engan gaum að háðsyrðum þessa manns, hann sat kyr og horfði í eldiun.

'Á ég að skila nokkru til kunningja yðar í 'Quartier Latin'? Nei. Ég býst við, að aðalsmaðurinn í Hazlehurst hafi snúið baki við kunningjum Jack Chicots. En þetta eru smámunir. Góða nótt, Jack'.

Lára kom inn í þessu augnabliki, og varð meira en hissa, að heyra föður sinn tala jafn kunnuglega við manninn sinn.

'Ég hefi sagt hr. Treverton alt saman, góða mín', sagði Desrolles.

'Mér þykir vænt um það', sagði Lára og lagði hendi sína á öxl gamla mannsins í fyrsta skifti. — 'Reyndu nú að lifa heiðarlega, góði faðir, — láttu okkur vita um liðan þína við og við, og við skulum hugsa vingjarnlega hvort til annars, enda þótt að forlögin hafi aðskilið okkur'.

'Heiðarlegu lífi', tautaði hann, og leit um leið blóðstoknu augunum sínum á hana, sem vakti hjá henni voðalegan hrylling. 'Peningarnir hefðu átt að koma fyr, góða mín, — ég hefi gengið of lengi eftir breiða veginum, en skeyttu ekkert um gamlan drykkjurút eius og mig. Jack, sendu mér peningana ársfjórðungslega eftir þessari áritan, — hann fleygði óhreinum nafnseðli á horðið — og ég skal ekki gera ykkur óæði frammat. Þér megið gleyma mér, ef þér

viljið, og þér þurfið ekki að óttast. að yfir varir mínar fari eitt vont orð um yður, hvar sem ég verð'.

'Ég ætla að treysta þér', sagði Treverton og rétti hnum hendina.

Annaðhvort sá Desrolles það ekki, eða hann vildi ekki rétta hönum hendi sína. Hann græip hattinn og flýtti sér út.

'Þú hugsar ekki ver um mig núna, góði minn, þó þú vitir, að hann sé faðir minn', sagði Lára, þegar Desrolles var búinn að loka dyrunum á eftir sér.

'Hefi ég ástæðu til að virða perluna minna, þó hún hafi fundist í ostru?' sagði Jón brosandi.

'Þú heldur þá ekki, að náttúrfar sé arfgengt, — heldur ekki, að lyndiseinkumu gangi í arf frá forfeðrum okkar?'

'Ef ég héldi það, þá er ég saunferður um, að móðir þín hefir verið engill, og að þú hefir erfitt hennar hugsunarhátt'.

'Vesalings pabbi', sagði Lára með hálfgerðum hryllingi. 'Hann var einu sinni göfugmenni, — hefði hann ekki verið það, gat fóstri minn ekki verið vinur hans. Jasper Treverton hefði aldrei getað felt sig við vandan hugsunarhátt'.

'Nei, góða mín, en segðu mér nú, hvort þér varð ekki bilt við í fyrsta skifti, sem faðir þinn fann þig og sagði hver hann var?'

'Jú, í sannleika sagt'.

'Segðu mér nú allar kringumstæðurnar að því, þér fellur það ekki of þungt'.

'Í fyrsta sinui, sem ég sá föður minn', sagði Lára og stundi við, eins og heuni geðjaðist ekki að nefna hann þessu helga nafni, 'var að sumri til, lagur kvöld í ágústmánuði, þegar ég var að sveima um ávaxtagarðinn. Manstu eftir hliðinu á garðinum, sem veit að enginu? Þar sá ég mann standa reykj-

andi og s. Þja handleggjunum á stafi hliðsins. Þegar ég sá, að hann var mér ókunnur, þá sneri ég við til að forðast hann, en ég var ekki búin að ganga þrjú spor, þegar hann kallaði til mín og sagði: 'Ungfrú Malcolm, í guðanna bænum lofið mér að tala við yður. Ég er gamall vinur, sem þér hljótið að minnast'. Ég gekk til hans og horfði framan í hann, því hann var svo alvarlegur, að mér kom ekki til hugar, að hann væri svikari. 'Nei, ég get ekki munað eftir yður', sagði ég, — 'hefi ég nokkru sinni séð yður áður?'. Þá nefndi hann mig skirnarnafni mínu: 'Lára, þér voruð 6 ára gamlar, þegar hr. Treverton flutti yður hingað, — hafið þér alveg gleymt æfi yðar fyrir þann tíma?'

Hún þagnaði. Maður hennar leiddi hana að lága stólnum við ofninn, settist hjá henni og lét höfuð hennar hvíla á öxl sinni.

'Haltu áfram, elskan mín', sagði hann blíðlega, 'ef að þessar endurminningar hryggja þig ekki'.

'Nei, mér er hugfró í því, að segja þér frá þessu. Ég sagði honum, að ég myndi eftir ýmsu áður en ég kom til Manor House. Suma viðburði mundi ég glögt, aðra óljóst eins og í draumi. Ég mundi eftir því, að ég var á Frakklandi við sjóinn, þar sem stúlkur fiskimanna klæddust flekkóttum pilsnum, með háar húfur á höfðum sínum, og þar lék ég mér við börn á mínu aldursskeiði, og þar virtist ávalt vera sólskin. En tilvera mín breyttist, og þetta sólskin varð að dimmum og sorgarrikum dögum nálægt stóru fljóti. Annars vegar við hústað okkar var fljótið, hins vegar beitiland og þjóðvegur, en skamt frá var borg með háttm reykháfum og tíðförnum götum. Ég man eftir því, að mamma ver veik í margar vikur í dimmu herbergi, og svo fór pabbi með mig til London einn daginn og skildi mig eftir í stóru, köldu húsi með tómlegum herbergjum, og

þar varð ég að dvelja allan daginn í daglegu stofunni hjá gamalli konu, sem var klædd svörtum silki-kjól, og lét mig skemta mér sjálfri eftir því sem ég bezt gat. Pabbi sagði, að þessi gamla kona væri frænka mín, og ég ætti að kalla hana það, en ég var of hrædd við hana til að kalla hana nokkru nafni. Ég býst við, að ég hafi verið þar hér um bil viku, sem mér fanst eins löng og ár, því mér leið mjög illa og sofnaði grátandi á hverju kveldi eftir að vinnukonan hafði afklætt mig og lagt mig í rúmið uppi í dimmu kvistherbergi. En svo kom pabbi og tók mig heim til sín. Ég sá, að hann var hryggur, og meðan við gengum eftir stignum heim að húsinu, sagði hann mér, að mamma væri dáið og ég fengi aldrei að sjá hana aftur í þessum heimi. Ég hafði elskað hana mjög heitt, Jón, svo ég var nálægt dauða af söknuði. Ég segi þér nú meira, en ég sagði ókunna manningum, — ég sagði honum að eins mátulega mikið til að sýna honum, að ég myndi eftir mínu gamla heimili'.

'Og hverju svaraði hann?'

'Hann tók myndahylki upp úr vasa sínum, rétti mér það og bað mig að skoða myndina. Ó, hve vel ég mundi eftir andlitinu. Endurminningin um það kom alt í einu, eins og draumur, sem maður hefir gleymt og árangurslaust reynir að endurkalla, — þangað til hann alt í einu stendur lifandi fyrir hugskotssjónum manns. Já, það var andlit móður minnar, og ég mundi svo vel, að hún leit þannig út, þegar hún sat við vinnu sína á klettunum við sjóinn, meðan ég lék mér með öðrum börnum þessa gleðiríku daga, sem við vorum í Frakklandi. Ég spurði gestinn, hvar hann hefði fengið þessa mynd. 'Ég skal gefa þér alla þá peninga, sem ég á, fyrir hana', sagði ég. 'Nei, þess þarf ekki', svaraði hann. 'Ég ætla að gefa yður hana, en það hefði ég ekki

gert, ef þér hefðuð ekki munað eftir andliti móður yðar. Lítið þér nú á mig, Lára, og segið mér, hvort þér haldið, að þér hafið séð mig áður?'

'Þú athugaðir hann og gast ekki munað eftir honum', sagði Jón Treverton.

'Nei, en þó var eitthvað í andliti hans, sem mér fanst ég kannast við. Þegar hann talaði, hélt ég mig hafa heyrt röddina áður. Hún var blíð og viðgjarnleg, eins og rödd þess manns, er ég hafði þekt fyrir mörgum árum síðan. Hann bað mig að hugleiða, hverja breytingu tíu ára ógæfa gæti haft á útlit manns. Það voru ekki árin eingöngu, sem höfðu breytt honum, sagði hann, 'heldur vond meðferð heimsins, skem heilsa, erfið vinna og eyðileggjandi sorgir. Athugaðu áhrif alls þessa', sagði hann, 'og líttu á mig með umburðarlyndi, reyndu að muna eftir liðnum dögum í Chiswick og segðu mér, hvern þátt ég átti í þeim'. — Ég athugaði hann nákvæmlega, og því lengur, sem ég horfði á hann, þess kunnugra virtist mér andlitið. 'Þér hafið líklega verið einn af vinum föður míns', sagði ég loksins. 'Fátæktin á enga vini', svaraði hann, 'frá þeim tíma, sem þér munið eftir, hefir faðir yðar verið vinalaus. Ó, barn, barn, geta tíu ár afnáð mynd föðursins? Ég er faðir þinn!'

'Ég get ekki lýst tilfinningum mínum, þegar hann sagði þetta', sagði hún eftir stutta þögn. 'Ég hélt að yfir mig ætlaði að liða, hugsun mín varð svo reikul, — ég gat ekki skilið neitt. En þegar ég jafnaði mig aftur, spurði ég, hvernig þetta gæti verið satt. Dó ekki faðir minn fáum stundum eftir að ég fór burt með Jasper Treverton? Velgerðamaður minn sagði mér það'. Þá sagði hann — faðir minn — 'að mín vegna hefði hann látið Jasper Treverton álíta sig dáinn, til þess að ég yrði fósturbarn auðugs manns og ætti góða framtíð fyrir höndum, meðan

hann, sem var faðir minn, ráfaði um heiminn sem auðnulaus aumingi. Jasper Treverton kvaðst hann hafa skrifað bréf með breyttri rithönd, og sagt honum í því frá dauða sínum. — Þetta er það, sem faðir minn sagði mér, Jón. Hvernig get ég ásakað hann eða fyrirliðið, þar eð hann syndgaði í því skyni að gera mér gagn með því?

‘Og þú efadist ekki um, að hann væri faðir þinn, sem þú hafðir álitnið dáiinn og grafinn fyrir 10 árum?’

‘Hvernig gat ég efa't um það? Hann sýndi mér skjöl — bréf — um öðrum gátu tilheyrt en föður mínum. Ég hef mér mynd af móður minni og þar á ofan á ég kannast við andlit hans og rödd’.

‘Gafstu honum peninga í fyrsta sinni, er þið fundust?’

‘Hann sagðist vera fátækur, hryggur, veikur og óhæfur til að vinna fyrir viðhaldi lífs síns. Hvernig gat ég, dóttir hans, sem lifði við alls nægtir, neitað honum um hjálp mína? Ég bað hann að opinbera sig fyrir Treverton. ‘Nei’, sagði hann, ‘þín vegna hefi ég sagt ósatt, og mín vegna verð ég að halda því áfram’. Ég vildi ekki hvetja hann til að breyta ásetningi sínum, en lofaði að senda honum þá peninga, sem ég gæti án verið, ef ég fengi áritan hans’.

‘Hve oft hefir þú séð hann síðan?’ spurði Jón.

Að eins þrisvar, að þessum samfundi undanskildum. Eitt skiftið sást þú mig hleypa honum inn um garðshliðið’.

‘Það er satt’, sagði Treverton og roðnaði, um leið og honum datt í hug hin vonða grunsemd, er vaknaði hjá honum við þetta tækifæri. ‘Og þú sagðir frænda mínum aldrei neitt um föður þinn?’

‘Aldrei. Hann bað mig, að halda tilveru sinni duldrí fyrir öllum heimi, og þó ég hefði ekki lofað að

gera það, þá hefði ég skammast mín fyrir að segja Treverton frá þessum svikum, sem framin voru gegn honum, enda þótt hvötin til þess væri laus við eigin-girni og væri eðallynd'.

'Óþarfir prettir, held ég', sagði Jón hugsandi. 'Úr því Jasper Treverton lofaði að sjá um uppeldi þitt, mundi hann aldrei hafa fleygt þér aftur í fang.eymdar og fátæktar. Nei, elskan mín, þegar hann var búinn að kynnað mannað þinni og sannleikselsku, gat hann ekki án þín verið'.

'Vesalings faðir minn hélt nú annað'.

'Góða mín, láttu ekki þessa skökku skoðun föður þíns varpa skugga á líf þitt. Ég, sem hefi þekt þau neyðarúræði og þá kænsku, sem fátæktin getur komið manni til að beita, ég skil hann. Við skulum gera allt, sem við getum, til þess hann lifi vel og heiðarlega'.

27. KAPITULI.

Desrolles var sem annar maður, þegar hann fór burtu úr Manor House. Hann gekk teinréttur, hnakkakertur og djarnmannlegur eftir sandborna veginum, sem lá frá húsinu, raulandi nafnkunnugt ný-tízkulag.

Það var hætt að snjóa, snjórinn lá nú eins og hvít rönd til beggja hliða vegarins. Tunglið var nýbúið að láta sjá sig fyrir ofan hálsbrúnina. Himinn var dökkblár og stjörnurnar skinu á honum hvert sem litið var. Þetta var fögur og tilbreytingarík sjón fyrir mann, sem átti heima í stórborg, og hefði eflaust glatt marga þeirra, en Desrolles var nú að hugsa um, hverja hagsmuni hann gæti dregið af því,

að yita, að Jón Treverton og Jack Chicot voru einn og sami maður, og gaf því fegurð náttúrunnar engan gaum.

'Gott kvöld hr. Desrolles', sagði rödd bak við hann.

Hann hafði verið svo önnum kafinn við athuganir hagsmuna sinna, að hann heyrði ekki fótatakið á eftir sér, en sneri sér nú snögglega við og sá Eðvarð Clare.

Af því skuggsýnt var þá þekti hann ekki manninn, sem hann hafði fundið á Long Acre og talað við hér um bil í 10 mínútur fyrir ári liðnu.

'Það lítur út fyrir, að þér hafið gleymt mér', sagði Eðvarð vingjarnlega, 'við höfum þó sést áður; munið þér ekki eftir því, að við fundumst í Long Acre eitt sinn síðari hluta dags, og samtál okkar snerist um sambýlismann yðar, hr. Chicot?'

'Ég kannast við andlit yðar og rödd', sagði Desrolles hugsandi, 'já, þér eruð sami maðurinn, sem ég talaði við í nokkrar mínútur við veitingahúsið í Rose Tavern. Ég man, að við töluðum um Hazlohurst. Þér elgið líklega heima í þessu nágrenni?'

'Já, ég á hér heima, en mig furðar að sjá yður hér í jafn afviknu horni á aðfangadagskvöld jóla —'

'Ég er illgresi, sem flýtur niður eftir fljóti lífsins. Þér megið ekki undrast yfir, að sjá mig hvar sem er. Ég hefi enga akkeristaug til að landfesta mig í neinni höfn, engar skipakvíar aðrar en sjúkrahúsið, engan hvíldarstað annan en gröfina.'

'Mér þykir vænt um, að við höfum fundist', sagði Eðvarð, 'ég hefi nokkuð alvarlegt að segja yður. Getið þér ekki komið heim með mér og dvalið svo sem hálfá stund við glas af þúnsi, meðan við tölum saman?'

Þúns var nú enginn ginnandi drykkur fyrir konjaks-neytandann.

'Ég ætlaði mér að fara með næstu lest', sagði Desrolles og hugsaði sig um. 'En hvað getur það verið, sem þér hafið að segja mér?'

'Það er mjög áfríðandi efni og getur ef til vill veitt yður talsverða peninga'.

'Uppástunga yðar vekur forvitni mína. Máske ég hætti við að ná í lestina, veðrið er kalt og ég hefli ferðast mikið í dag. Er hér greiðasöluhúsið, þar sem maður getur fengið þægilegt rúm?'

'Já, það er gott að gista í hóteli 'Georg'. Komið þér nú heim með mér, klukkan er 15 mínútur eftir 9, og lestin fer kl. 10.30, svo þér munduð naumast ná henni, þó þér reynduð til þess'.

'Jæja, látum þá lestina fara, ég ætla að hlýða á það, sem þér hafið að segja'.

Þeir urðu nú samferða til prestssetursins, sem var hulið í myrkri, því hvorki prestshjónin né Celia voru komin heim.

Eðvarð lauk upp, gekk til herbergis síns. Kveikti ljós og kveikti svo eld í ofninum, lauk þar næst upp litlum hornskáp, tók út úr honum flösku, tvö staup og sykurlát.

'Ef að viskíð yðar er gott', sagði Desrolles, þá þurfið þér ekki að blanda það, — ég vil helst drekka það hreint'.

Hann settist í ruggustól skáldsins rétt við ofninn og lét fara vel um sig.

'Þægilegt en lítið herbergi', sagði Desrolles og leit í kringum sig, 'mig furðar, að þér skulið tala jafn fyrirlitlega um þorp, þar sem þér eigið eins þægilegt heimili og þetta'.

'Sníglinum líður vel í bobbanum sínum', sagði Eðvarð, 'en það er ekkert líf'.

'Nei, að lifa er að vera sumarfugl, sem viljalaust flyzt með vindinum hvert sem vera skal. Ég held samt, að kjör snígilsins séu betri'.

'Fálð þér yður í staupinu', sagði Eðvarð og ýtti flöskunni til hans.

Desrolles fylti stöpp og drakk úr því í einum tog. 'Nýtt og óhreint', sagði hann ólundarlega. 'Nú, jæja, hr. — það er satt, þér gáfuð mér ekki nafnspjald yðar, þegar við fundumst síðast'.

'Nafn mitt er Clare'.

'Gott, hr. Clare, hér er ég. Ég frestaði ferð minni til þess að verða við ósk yðar. Hver er þessi merkilega frásögn, sem þér ætlið að segja mér?'

'Við skulum fyrst tala um stöðu yðar'.

'Afsakið', sagði Desrolles, stóð upp og tók hattinn sinn. 'Ég kom ekki hingað til þess að tala um nafn. Ef þér hafið lagt gildru fyrir mig, þá kom þú þér af því, að þér hafið ekki valið yður þann rétt mann'.

'Góði herra, þér þurfið ekki að flýta yður svona mikið', sagði Eðvarð. 'Viðvíkjandi því, sem ég ætla að minnst á, neyðist ég til að tala um stöðu yðar gagnvart Láru og manni heimar, Jóni Treverton eða Jack Chicot'.

'Við hvað eigið þér?'

'Blátt áfram við að Jón Treverton og Jack Chicot er einn og sami maður. Ég veit og þér vitið, að hinn núverandi lávarður af Hazlehurst Manor er fyrverandi leiguliði frá Evitts'.

'Þér hljótið að vera brjáláður fyrst yður dettur slíkt í hug', svaraði Desrolles. Þeir eiga ekkert sameiginlegt'.

'Ef að maðurinn, sem ég sá tala við yður á Long Acre, var skrípamyndamálarinn Chicot, þá er Jón Treverton sá hinn sami'.

'Góði maður, angun hafa tælt yður. Þeir eru má ske líkir að hæð, líkamsbyggingu og hörundslit —'

'Já, ég sá andlit mannsins í skrifstofu blaðsins, og ég þori að sverja, að það var andlit Jóns Trevertóns'.

Desrolles ypti öxlum. Sé þetta alt, sem þér hafið

ætlað að segja mér, þá hefðuð þér gert réttara í, að láta mig fara með lestinni'.

'Þér neitið því, að Jón Treverton og Jack Chicot sé sami maður?'

'Hiklaust. Ég þekki þá báða. Að hæð, líkamsbygging og hörundslit svipar þeim saman, en að öðru leyti eru þeir ólíkir. Það er ekkert undarlegt, þó þér ruglið þeim saman, sem að eins hafið séð annan þeirra fá augnablik'.

'Hvernig vitið þér, að ég hefi ekki séð Chicot oft?'

'Af því, að ef þér hefðuð séð hann oft en einu sinni, kæmi yður ekki til hugar, að álíta hann og Treverton vera einn og sama mann'.

Eðvarð sá nú, að hann gat ekki fræðst af þessum manni.

'Ég býst við, að þér segið satt. Mér stendur líka á sama, að öðru leyti en því að ég vorkenni konu hans, ef hún væri gift öðrum eins þorpara og Jack Chicot'.

Desrolles hallaði sér aftur á bak og svaraði engu.

'Hafið þér séð Jack síðan kona hans var myrt?'

spurði Eðvarð.

'Nei, hann hefir enginn séð. Ég býst við að hann hafi gengið fram á einhverja af bryggjunum og drekt sér sömu nóttina'.

Þá hefði lík hans fundist og lögreglunni verið gjört aðvart'.

'Þannig mynduð þér ekki tala, ef þér væruð kunnugur í London. Mesti fjöldi druknaðra manna finst í ánni Themis á hverri viku; mikill fjöldi óþektra líka liggja á líkhúsinu, sem enginn þekkir og eru jarðsett í kirkjugarði fátækrahússins án nafns. Lögreglan þekti ekki Jack Chicot og gat því ekki fengið líkhússverðinum neina lýsingu af honum. En að hann hafi drekt sér, efast ég ekki um'.

Haldið þér að hann hafi myrt konu sína?'

'Ég hefi enga skoðun um það efni. Hvers vegna ætti ég að ætla vini mínum annað eins? En hann strauk og það mælir á móti sakleysi hans'.

'Ef hann er lífandi skal ég gera allt, sem í mínu valdi stendur til að finna hann', sagði Eðvarð með ákafa. Glæpurinn var ofsalegur, óverðskuldaður, ófyrirgefanlegur, og verði mér auðið að sanna að hann hafi framið hann, þá skal hegningin lenda á honum'.

'Þér talið eins og í yður búi persónulegt hatur', sagði Desrolles. Ég get skilið, að lögregluspæjararnir hafi hann, af því þeir hafa verið hæddir fyrir sína árangurslausu leit, en hvers vegna þér, sem eigið svo gott og þægilegt heimili hér — skulið bera svo biturt —'

'Ég hefi mínar ástæður', svaraði Eðvarð.

'Jæja, ég ætla að bjóða yður góða nótt. Það er orðið framorðið og ég býst við, að menn hátti tímanlega í hótelinu, sem þú mintist á. Hittumst heilir aftur. Það er satt, hr. Clare, þegar þér sögðu mér nafn yðar áðan, gleymdi ég að spyrja, hvernig þér gátuð vitað mitt nafn'.

'Ég sá það í blöðunum, þar sem sagt var frá réttarhaldinu um Chicot morðið'.

'Það er satt. Ég sagði yður, að ég hefði verið sambýlismaður Jack Chicots. Því hafði ég gleymt. Góða nótt.

'Ég býst við, að þér eigið enn heima í Cibber götunni?'

'Nei, mér bauð við húsinu eftir þennan voðalega viðburð. Ég á að eins heima í Evrópu nú sem stendur, en næstu viku eða nokkru seinna verður mig að finna í París'.

'Góða nótt', Eðvarð. Ég ætla að fylgja yður ofan stigann og ljúka upp dyrunum. Fólk mitt er nú að líkindum komið heim, og þér viljið máske ekki mæta því.

'Það skiftir mig engu', svaraði Desrolles drembllega.

Prestshjónin voru ekki komin, og Celia var kyr hjá Trevertons til þess að dvelja þar um jólin.

28. KAPÍTULI.

Að vera tíður gestur á heimili manns, borða mat hans og drekka víns hans, ríða hestum hans á veiðar og skjóta dýr hans, væri í ómentuðu mannfélagi ómögulegt að sameina við hatur til mansins. Þeir vildu hata að eins óvini sína og þá gesti, sem troða sér inn til þeirra.

Síðir mentaða fólksins eru alt aðrir. Hjá því eru konur og karlar, sem geyma hatur til annara, þó þeir hinir sömu séu vingjarnlegir við það og veiti þeim alt gott sem þeir geta. Þannig var hatri Eðvarðs varið, enda þótt Jón Treverton hefði aldrei móðgað hann. Eðvarð hafði þráð að giftast Láru og auðnum öllum, ekki Láru með 250 punda tekjur á ári. Hann hataði Jón Treverton af því honum hlotnaðist auðurinn og Lára. Það er ekki öfund, sagði Eðvarð við sjálfan sig: — nei, það er göfugt áform til að vernda Láru, sem knýr mig til að taka grímuna af Jóni, ef hann er Jack Chicot. Hafi hann verið giftur danskonunni Chicot, þá er gifting hans og Láru ógild og skilyrði erfðaskrárinnar ófullkomnuð og eignir Jaspers Trevertons fengnar með svikum.

Eðvarð áleit skyldu sína að opinbera þetta leyndarmál, og ásetti sér að gera það.

Þessi Desrolles var sjáanlega á valdi Jóns Trevertons, og neitun hans um það, að Jón og Jack væri

sami maður, algerlega þýðingarlaus. En það hlyti að finnast fólk í Cibber-götunni, sem þekti Jack, ef það gæti fengið að sjá hann.

'Mig furðar að þið skulið ekki hafa látið taka mynd af ykkur síðan þið giftust', sagði Eðvarð einu sinni, þar sem hann sat við teborðið ásamt Celiu og Trevertons hjónunum um kvöldtíma í jólavíkunni.

Jón var að blaða í ljósmyndabók, svo spurningin var eðlileg.

'Já, það er satt, Jón, ég má til að fá ljósmynd af þér', sagði Lára glaðlega. Um daginn það lafði Baker mig um mynd af okkur. Hún sagðist eiga allmikið myndasafn.

'Nei, Lára', sagði Jón, ég vil ekki láta sólina taka mynd af hrukkum mínum til þess að hún geti sark-einast myndasafni lafði Bakers'

'Viljið þér telja okkur trú um, að þér hafið aldrei látið taka mynd af yður?' sagði Eðvarð.

'Nei, það var tekin mynd af mér í Nadar fyrir mörgum árum síðan, þegar ég var ungur og gjálffur'.

'Ó, Jón, mér þætti vænt um að eiga mynd af þér frá þeim tímum', sagði Lára. Hvað er orðið af þeim myndum?'

'Það veit ég sannarlega ekki. Ég á enga þeirra eftir'.

'Nadar', endurtók Eðvarð. Þér eigið við ljósmynd-ara í París?'

'Já'.

'Eruð þér kunnugur í París?'

'Sérhver Englendingur, sem verið hefir þar í 14 daga, gæti sagt já við þessari spurningu', svaraði Jón. 'Ég þekki þar eina götu nokkurnveginn vel, og tvö eða þrjú matsöluhús'.

Meira var ekki talað um myndirnar. Eðvarð Clare fór til London daginn eftir.

Hann sagði föður sínum, að hann þyrfti að finna blaðritstjóra og semja við hann um ljóðagerð.

Á leiðinni til borgarinnar hugsaði Eðvarð ein-göngu um áform sitt. Hann var svo mjög kvalinn af öfund, að myndin af gæfu Jóns Trevertons yfirgaf hann aldrei.

Þegar hann kom til London var farið að rökkva. Hann tók ferðatösku sína í hönd sér og gekk beina leið til Cibber-götunnar.

Fyrst gekk hann að húsi því, sem Chicot-morðið var framið í. Hann sá, að það leit betur út nú, en þá er hann sá það síðast, fáum dögum eftir að morðið var framið.

Á hurðinni var ný málplata með nafninu: "Georg sáralæknir". Þetta vakti hjá honum kvíða fyrir því að frú Evitt væri flutt úr húsinu, en þá varð honum litið á glugga, sem engin blæja hékk fyrir. Hann gekk þangað og leit inn, sér hann þá, hvar frú Evitt situr hálfsofandi við eldinn í mat-reiðsluvélinni.

Eðvarð gengur aftur að dyrunum, sér þar tvær klukkur og stóð á annari nafnið 'Sáralæknir', hinn 'Húsið'. Hann gekk upp tröppuna og hringdi hinn síðari. Að litilli stundu liðinni kom frú Evitt til dyranna, sífjuð og gremjuleg.

Þegar hún sá herra Clare með töskuna í hendinni, glaðnaði yfir henni.

'Hafið þér gott svefnherbergi til leigu á öðru lofti?' spurði hann, því hann var hræddur við að sofa í því herberginu, sem morðið var framið í.

'Á fyrsta lofti hefi ég auð herbergi, nýmáluð, fall-eg og hrein', svaraði frú Evitt.

'Ég vil heldur sofa á öðru lofti. Það var maður hér sem hét Desrolles, hvað er orðið af honum?'

'Farinn til útlanda', svaraði frúin. 'Ég held hann hafi erft peninga, því hann var í nýjum fötum með

nýja ferðatösku, þegar hann fór, svo fjarska hreykinn'.

'Get ég fengið herbergi hans um nokkrar nætur? Ég er á ferðalagi og vil síður dvelja á hóteli'.

'Leigan er minni og enginn leyndardómur við þau herbergi', sagði húsfreyja. Þér skuluð fá Desrolles herbergi, herra minn, og við skulum ekki þræta um leiguna'.

'Ég vona, að herbergin séu hrein'.

'Hrein!' hrópaði frú Evitt, gröm yfir spurningunni. 'enginn maður, sem hefir leigt herbergi hjá mér, mundi koma með slíka spurningu.

'Mig langar til að sjá svefnherbergið', sagði Eðvarð, 'setustofuna skeyti ég minna um, ég verð úti alla daga'.

'Ef þér viljið hinkra við á meðan ég saki ljós, skal ég sýna yður hæði herbergin', sagði frúin. 'Ég býst við, að þér setjist að hér undir eins'.

'Já, ég kem beina leið utan af landi og hefi ekki annað með mér en ferðatöskuna. Ég get borgað leiguna fyrirfram, ef þér viljið'.

Peningar koma sér vel á þessum tímum, þar eð matarföng hafa hækkað í verði', svaraði frúin í smeygilega. 'Ekki af því ég vantreysti ungum mauni sem yður'.

'Peningar út í hönd eru beztu meðmælin', sagði Eðvarð. 'Hérna er eitt pund, ég vona að það sé nægilegt fyrir eina viku?'

'Og ofurlítil viðbót fyrir að bursta skóna yðar', sagði frú Evitt.

'Nú, jæja'.

'Og ofurlítið fyrir eldivið til matreiðslu'.

'Nei, ég þakka, ég ætla að borða dagverð hér. Ef þér viljið gefa mér te á morgnana, þá er það alt, sem ég þarf, og eldurinn, sem hitar yðar te, getur líka hitað mátt'.

'En dálítið fyrir þjónustuna?'

'Ég lofa engu, en ef þér látið vel fara um mig, þá skal ég ekki gleyma yður um leið og ég fer'.

Hún gekk nú inn og sótti ljós og fylgdi svo Eðvarð upp stigann.

Í ganginum fyrir neðan stigann uppi á efra lofti stóð frú Evitt kyr til að blása út mæðinni, en Eðvarð varð dauðhræddur, þegar hann nam staðar við svefnherbergisdyrnar þar.

'Er þetta herbergið, sem morðið var framið í?'

'Já, herra minn, en það er svo vel endurbætt, að enginn, sem sá það áður, mun þekkja það aftur'. Hún opnaði dyrnar og gekk inn og hann á eftir.

'Er það ekki þokkalegt og þægilegt?' spurði frún.

'Er þetta litla herbergið, þar sem maður Chicots var vanur að vinna í?' spurði Eðvarð og benti á dyrnar.

'Já, en það fylgir ekki þessum herbergjum. Ég hefi leigt hr. Gerard það, sem geymir í því bækur sínar'.

'Hver er hr. Gerard? Ó, það er líklega sáralæknirinn, sem býr niðri. Hve lengi hefir hann verið hér?'

Hann kom hér um bil mánuði eftir dauða frú Chicots. 'Ég ætla að byrja starf mitt sem óháður, frú Evitt', sagði hann. Ég verð að brjóta mér braut, og af því hér er þéttbýlt býst ég við góðri atvinnu hér, ef þér viljið leigja mér herbergin niðri með góðum kjörum. Það verður um langan tíma, svo það ætti að hafa áhrif á leiguverðið'.

'Nú, jæja, herra minn, ég leigði honum herbergin ódýrt'.

'Hefir hr. Gerard hefur t að fá atvinnu?' spurði Eðvarð.

'Já, hann hefir marga sjúklinga að annast', svar-

aði frú Evitt. 'Milli kl. 9 og 10 á morgnana vinnur hann borgunarlaust fyrir mesta fjölda manna. Hann er mjög sparsamur, iðinn og reglubundinn maður. Honum var það fremur að þakka, heldur en hinum nafnkunna lækni, að frú Chicot batnaði eftir byltuna'.

'Einmitt það', sagði Eðvarð, 'svo hr. Gerarð þekti Chicot?'

'Já, ég hef aldrei vitað nokkurn lækni leggja eins mikið á sig við að stunda sjúka, eins og hann gerði við Chicot, og það fyrir alls ekki neitt'.

'Aðdánlegur maður', sagði Eðvarð.

Þau gengu upp á efra loft og Eðvarð leit á herbergin, og gerði sig ánægðan með þau.

'Ég þarf að fara að fá mér eitthvað að borða', sagði hann, 'og svo býst ég við að fara í leikhús. Ég vona, að þér getið léð mér útidyralykil'.

'Ég skal ljá yður lykilið, sem Desrolles brúkaði', sagði frúin mildilega.

'Það skiftir engu, hvers lykill það er, ef hann að eins opnar dyrnar', sagði skáldið, stakk lykilið í vasa sinn og fór, til þess að fá sér að borða á ódýru matsöluhúsi, og svo að fara þaðan á leikhús. Hann var kominn til London í ákveðnu augnamiði, en hann vildi um leið njóta eins mikillar skemtunar og unt var.

Eftir að hann heyrði Gerarð nefndan í sambandi við frú Chicot, vissi hann, að sá maður mundi geta hjálpað sér til að komast að raun um, hvort Jón Treverton og Jack Chicot væri ekki sami maður, og heimsótti hann því næsta morgun.

Gerarð sat að snæðingi, þegar Eðvarð kom inn til hans, en stóð strax upp og heilsaði honum kurteislega.

Frú Evitt sagði mér, að yður langaði til að finna mig', sagði hann, og henti honum á stól að setjast.

'Já, mig langar mikið til að tala við yður svo sem hálf klukkustund'.

'Það er einmitt hálf klukkustund þangað til ég byrja á mínum daglegu störfum'.

Og svo spurði læknirinn: 'Ætlið þér að leita ráða til mín?'

'Nei, það sem ég ætla að segja yður, snertir alvarlegt efni, sem hvorki kemur yður við sem lækni, né mér persónulega. Þér þektuð Chicots?'

Gerarð varð hrifinn og horfði fast á Eðvarð.

'Já. Hvað er um þau? Þektuð þér þau? Ég sá yður aldrei hér meðan hún var veik. Máské þér hafið þekt þau í París?'

'Nei, ég hefi aldrei séð frú Chicot nema á leiksviðinu. En ég hugsa allmikið um, að finna morðingja hennar, — ekki vegna mín, heldur til þess að vernda persónu, sem ég virði mikið. Hafið þér séð Jack Chicot síðan morðið var framið?'

'Nei, ef ég hefði —'

Gerarð læknir þagnaði skyndilega og lauk ekki við setninguna.

'Ef þér hefðuð séð hann, þá hefðuð þér afhent lögreglunni hann. Ætluðuð þér ekki að segja það?'

'Eitthvað líkt því. Ég hefi ástæðu til að ætla, að hann hafi myrt hana, og þó er ástæðan bundin efa. Ef hann er morðinginn, því vakti hann þá alt fólkið í húsinu? Hann gat gengið rólegur burt og morðið hefði ekki orðið uppvíst fyr en mörgum stundum síðar?'

'Með því að vekja fólkið í húsinu gaf hann ástæðu til að ætla, að hann væri saklaus, þó flótti hans neiti því'.

'Þetta er alt dularfult leyndarmál', sagði Gerarð.

'Að eins leyndarmál fyrir þá, sem neita eðlilegri

lausn gátunnar. Hann var maður, sem átti drykkfelda konu'.

'Já, vesalingurinn. Hann hefði getað látið hana drepa sig sjálfa með konjaksflöskunni. Lengi hefði hann ekki þurft að biða eftir því'.

'Maður, sem var jafn þjáður og hann hlaut að örventa. Setjum svo, að ég geti sannað yður, að hann hafði fylstu ástæðu til að losna við Chicot?'

'Sannið þér það, að hann hafði ástæðu til að fremja glæp'.

'Álitið þér, að sú sönnun verði næg til að sakfella hann?'

'Ég efast um það. Flótti hans og það, að ég fann rýting í farfaskrinunni hans, eru einu sannanirnar, sem vekja grun um hann, en tæplega nógar til þess að fá hann hengdan'.

'Látum það svo vera. Ég er ekki áfram um, að fá hann hengdan, en mér er ant um að frelsa þá konu, sem ég elskaði eitt sinn, og nú er kona hans, frá hugarkvöllum og ótímabærum dauða. Jack Chicot er sami maður og Jón Treverton, núverandi eigandi að Manor House, — en til þess að geta sannað það, þarf ég að fá yður til að verða mér samferða þangað, til að fullvissa yður um, að ég hef rétt fyrir mér. Ferðin skal ekki kosta yður neitt'.

'Ef ég á annað borð fer, kosta ég mig sjálfur', svaraði Gerarð. 'en til þess að verða við hön yðar, þarf ég að þekkja allar kringumstæður'.

Eðvarð sagði honum söguna eins og hann þekti hana, án þess að nefna nokkurt nafn.

'Ég viðurkenni, að málefnið lítur illa út fyrir hann', sagði Gerarð. 'en þó er eitt efasamt atriði í sögunni. Þér segið, að Chicot hafi gengið að eiga unga stúlku í janúar, en áður en frá Chicot var myrt, til þess að tryggja sér arfinn. Hafi hann viljað losna við konu sína til að ná í arfinn, hvers

vegna deyddi hann þá ekki fyrri konu sína áður en hann giftist hinni síðari, í stað þess á eftir?’

‘Hver getur þekt ástæður hans? Hann hefir máske hugsað, að hann gæti keypt konu sína til þess að gefa sig lausan, en þegar hún hefir neitað því, var ekkert annað úrræði en að myrða hana’.

‘Ég skal verða yður samferða, mig langar til að sjá, hvernig þessu lyktar’, sagði Gerarð eftir nokkra umhugsun.

Það var nú afráðið, að þeir yrðu samferða til Devonshire strax eftir nýárið, og átti Gerarð að dvelja á prestssetrinu, sem vinur Eðvarðs.

29. KAPÍTULI.

Áður en jólin voru enduð sagði læknirinn, að Jón Treverton væri heilbrigður orðinn, og hæfur til að taka þátt í veiðiför, sem halda átti á nýársdag. Það var í fyrsta sinni, að veiðiför átti sér stað á Manor House jörðinni síðan faðir Jasper Trevertons dó, sem var kappgjarn veiðimaður. Jasper var þar á móti enginn íþróttamaður.

En Jón Treverton hinn yngri, sem elskaði hesta og hunda, eins og Englendingum er tamt, áleit að nú ætti að vera eins og í gamla daga hjá hinum mikilhæfa afabróður sínum, sem alment var kallaður “hinn gamli Squire”. Hann hafði keypt nokkra akhesta og veiðihesta handa sjálfum sér, en arabískan hest og klephest handa konu sinni, og Lára og hann höfðu ríðið margar mílur um heiðina á góðviðrisdögum haustsins, til þess að búa sig undir hinar fyrirhuguðu veiðifarir á komandi vetri.

Láru þótti mjög vænt um sína hesta, en þrátt fyrir það, að hún var orðin vel æfð að sitja á hestbaki, vildi Jón, af varkárni, að hún fylgdist með þeim að eins nokkuð af veginum, og horfði svo á veiðiförina úr ljárlægð. Celia reið hesti föður síns, sem var bæði stór og leitur, en mjög rólegur og lótviss.

'Hvað er orðið af bróður þínum?' spurði Lára, þegar þær stóðu og biðu eftir að sjá veiðiathurðina. Ég hefði ekki séð hann síðan í barnaveizlunni'.

'Ó, hefði ég ekki sagt þér það? Hann er í London til að gera samninga um leikrit, sem hann á að semja fyrir eitt af stóru leikhúsunum. Mamma fékk bréf frá honum í dag, og hann kemur daginn á eftir morgundeginum. Með honum kemur kunningi hans frá London, sem ætlar að dvelja nokkra daga hjá okkur, ungur læknir, fríður sýnum, duglegur og ógiftur. Hvað segir þú um það, Lára?'

'Ég óska þér til hamingju, að hann er ógiftur. Þú verður að koma með hann til okkar'.

'En Eðvarð skrifar, að hann verði ekki nema tvo eða þrjú daga hjá okkur. Hann má ekki vanrækja störf sín. Kemur til þess, að anda að sér hreinu lofti'.

'Hvað heitir hann?'

'Það hefir Eðvarð ekki nefnt í bréfi sínu'.

'Þarna kemur hr. Sampson'.

Já, á hestinum, sem dregur vagn hans. E. ekki undarlegt, Lára, að jafn mögur skepna getu. 'Hvað er það?'

Þetta var allt, sem Lára heyrði um gestinn, sem var væntanlegur til prestssetursins. En Celia var óróleg og hugsaði mikið um, hvernig gesturinn mundi vera.

'Ætli hann drekki te?' hugsaði hún, þegar hún var að skreyta herbergi bróður síns, 'og ætli ég megi drekka te ásamt þeim?'

Klukkan 7 var vænst eftir þeim frá járnbrautarstöðinni, og nú sló hún einmitt sjö.

'Sjö', hrópaði hún, 'og hárið mitt er svona og svona'.

'Hún þaut inn í herbergi sitt, kveikti ljós og greip handspegil til þess að geta séð, hvernig hrokkná hárið hennar klæddi hana.

'Er það ekki ágætt, að vera útbúin með hrokkið hár og rauðar varir af náttúrunnar hendi?' sagði hún við sjálfa sig.

Hún klæddist fallegasta kjólnum sínum til virðingar fyrir gestinn. Það var dökkgrænn, franskur merínóskjöll. Liturinn átti vel við hörundslit hennar og kjöllinn fór henni ágætlega vel.

Teborð með mörgum ágætum matartegundum beið gestanna í borðstofunni, en presturinn, sem vanur var að borða kl. 6½ á slaginu, var ekki vel ánægður.

'Hvers vegna geta þessir ungu menn ekki komið á vanalegum matmálstíma?' sagði hann gramur.

'Af því engin lest kemur um það leyti, pabbi', svaraði Celia, 'en borðið er sérlega aðgengilegt'.

Augnabliki síðar heyrðist vagnskrölt úti, og séra Clare með dóttur sinni gekk út til að mæta gestunum, en frúin, sem hafði sofnað við arineldinn, opnaði augun alt í einu, og fór að hugsa um, hvort þetta væri morgun eða kveld.

Hvernig leit maðurinn út, sem Celia festi auga á í ganginum, þar sem hún stóð bak við öxl föður síns? Hann var ekki af þeirri tegund ungra manna, sem hún hafði húist við að sjá, og þó geðjaðist henni að framkomu hans. Það var hár og herðabreiður maður, alvarlegur á svip og fötur í andliti, svart hár og skegg, dökkgrá augu með gáfulegt útlit undir svörtu augabrúnunum.

'En sú hugmynd, að kalla þenna alvarlega mann

fríðan sýnum', hugsaði hún meðan hún og faðir hennar þrýstu hvor annars hendi, en þegar hann rétt á eftir brosti, varð hún að viðarkenna, að bros hans var lagurt.

'Þið hljótið að vera svaugir', sagði presturinn, 'ef þið hafið engan dagverð borðað á leiðinni'.

'Borðað á leiðinni', endurtók Fðzacð, 'nei, við höfum að eins drukkíð sodavatn og feiðast með 3. vagnröð'.)

'Vesalings mennirnir', sagði Celia hluttekningarlega, 'en ég gleðst samt yfir því, að þá geðjast ykkur því betur að teinu'.

Þau gengu nú öll að borðinu og neyttu matarins með ánægju. Prestinum þótti góð skemtun að tala við Gerarð og Celie ekki síður.

Gerarð var að sínu leyti mjög ánægður. Það var mjög langt síðan, að hann hafði verið í jafn góðum félagsskap. Hann hafði átt góða móður, en eyðslusaman og skeytingarlausan föður. Á æskuárum sínum stundaði hann nám við skozkan háskóla, og þegar hann var að ná fullorðins árunum, dó móðir hans, sem búin var að vera ekkja í tvö ár. Alt í einu stóð þessi ungi maður einmana í hinum kalda og kærnlausu heimi.

Hann byrjaði baráttu lífsins með heim ásetningi, að vinna sigur, og af því hann var viljasterkur maður og vel gáfður, hafði honum tekist það til þessa.

Þetta kveld hætti hann að hugsa um stöðu sína, og tók með ánægju á móti heimilisgleðinni og góðum félagsskap.

'Ég held við förum ekki inn í daglegu stofuna í kveld', sagði prestur. 'Ég tel víst, að þar sé ekki eins notalegt og hlýtt eins og hér'.

Kona hans sagði, 'að þar væri ekki eins hlýtt og hér'.

“Ef ungu mennirnir vilja reykja, þá geta þeir farið upp í herbergi Teds’, sagði prestur.

Gerarð kvaðst ekki vilja reykja, sér liði vel, þar sem hann væri. Svo fór presturinn að spyrja hann um eitt og annað viðvíkjandi námi hans, og um ýmsa nafnkunna menn í höfuðborginni. Gerarð svaraði öllum spurningum prests mjög greinilega, og Celia, sem sat út í horni, varð að viðurkenna, að hann væri fallegur maður, þegar samtalið fjörugaði hann.

Af klæðnaði hans dró hún þá ályktun, að hann væri fátækur, fötin voru slitin og skórnir sterkir en ekki fagrir.

Það var nu síður en svo, að Celiu líkaði fátæktin, hún áleit hana vera mannkynsins kvöl, og henni var þvert um geð að heimsækja fátæklinga og umgangast þá. Samt sem áður geðjaðist henni vel að unga læknum, þó sjáanlegt væri að hann væri fátækur.

30. KAPÍTULI.

Daginn eftir var sunnudagur. Georg Gerarð var snemma á fótum og gekk yfir heiðina sér til skemtiunar fyrir morgunverðartímann. Þegar hann kom astur, hitti hann Eðvarð úti reykjandi vindil.

‘Þér eruð undarlegur maður, að vera á skemtiöngungu um háveturinn’, s. 5i Eðvarð. ‘Mig langar til að tala við yður fáeinar mínútur áður en við göngum inn til að nevta morgunverðar. Seinna fáum við naumast tækifæri til þess.’ Eg vildi helst, að þér yrðuð samferða til kyrkjunnar, ef yður er það ekki gagnstætt æði’.

‘Ég hafði hugsað mér að gera það. Ég vona að þér ætlið mig ekki vera kyrkju-hatara’.

‘Menn vita aldrei um annars skoðanir í þeim efnum’.

‘Ég var vanur að fylgja mömmu í kyrkju á hverjum sunnudagsmorgni, og það voru mínar skemtilegustu stundir. Þó ég ekki héldi af guðsþjónustunni hennar sjálfar vegna, ætti mér að gæðast að henni af því hún minnir mig á móður mína’.

‘Já, þegar maður missir móður sína á ungum aldri, hlýtur maður að sakna hennar sárt. En nú skal ég segja yður, hvers vegna ég vildi, að þér yrðuð samferða til kyrkjunnar. Ég er viss um, að Jón Treverton verður þar, svo yður gefst gott tækifæri til að athuga hann. Bekkurinn okkar er beint á móti Manor House bekknum, svo hann verður beint á móti yður’.

‘Gott’, svaraði Gerarð, ‘ef þessi Jón Treverton er einn og sami maður og Chicot, þá þekki ég hann’.

Celia var hin kátasta meðan morgunverðurinn stóð yfir, og veitti kaffi og te með afburða yndi. Svo gekk hún við hliðina á Gerard til kyrkjunnar.

Prestsfólkið var með þeim fyrstu, sem kom til kyrkjunnar. Heldra fólkið kom seinna. ‘Hr. Sampson með systur sinni, laði Barker, Pugsleys járnvörusali frá Beechhampton, frú Daracott kona stærsta landeigandans í héraðinu og seinast Jón Treverton og kona hans.

Tveim mínútum eftir, að þeir síðustu komu inn, var sunginn nýárssálmur, og svo hvarfði guðsþjónustan.

‘Maðurinn er mjög umbrevttur’, sagði Georg Gerarð við sjálfan sig, þegar hann stóð gagnvart Jóni Treverton, ‘en hann er maðurinn, sem ég bekti frá Cibber-götunni og enginn annar’.

Já, það var Jack Chicot. ‘En ánægjan hafði gef-

ið andliti hans fegurri og hreinni svip, augur höfðu öðlast æskunnar fjör og gljáa og kinnarnar voru holdmeiri.

Leit hann út eins og morðingi? Leit hann út fyrir að vera þjáður af samvizkubiti? Alls ekki. Hann leit út fyrir að hafa hreina samvizku og saklaust hjarta.

Við hlið hans sat kona hans, og Georg Gerarð athugaði hana nákvæmlega. Hve ástrikt og vongott andlit, geislandi af sakleysi og ánægju! Var það þessi saklausa persóna, sem átti að eyðileggjast með þekkingunni á prettum manns síns? Átti að hegna Jóni Treverton til þess að sprengja hjarta hennar?

Eðvarð hafði sagt, að til þess að vernda hana vildi hann vita sannleikann um Jón Treverton.

Georg Gerarð athugaði Jón Treverton öðru hvorn um messutímann, en varð ekki annars var en rólegrar ánægju. Hugsunin um skort á ábyrgð hjá þeim manni, sem hafði verið giftur Chicot, gramdist Gerarð.

‘Hefði Chocot verið konan mín, þá hefði mér fallið afar-sárt, hvernig hún misti lífið, þrátt fyrir lægingu hennar. En hefði hún verið kona mín, þá hefði hún aldrei fallið svona djúpt. Ég hefði gert það að lífsstárfi mínu, að bjarga henni’.

Þannig hugsaði þessi maður, sem hafði elskað hina sálarlausu konu svo innilega heitt, og sem aldrei hafði skilið auðnina í anda hennar eða hjarta.

Einu sinni leit Jón Treverton yfir á bekkinn, þar sem Gerarð sat, og sá Gerarð strax að hann þekti sig.

‘Hvað ætli hann geri, ef við finnumst strax?’ hugsaði Gerarð. ‘Hann lætur líklega, sem hann þekki mig ekk?’.

Þeir mættust, því um leið og þeir komu út úr

kyrkjunni nam Lára staðar til að tala við frú Clare og Celiu. Eðvarð og vinur hans voru rétt á eftir.

'Er þetta maðurinn?' hvíslaði Eðvarð.

'Já', svaraði Gerarð.

Þau urðu samferða út að hliðinu og námu þar staðar. Lára vildi, að fólkid í prestshúsinu kæmi heim til sín og borðaði þar, en frú Clare afþakkaði, en sagði að systkinin gætu gert eins og þau vildu.

Celia leit á bróður sinn, sem með aðvarandi augnaráði sagði henni að segja nei.

'Ég held við verðum að fara heim', sagði hún, 'pabbi vill helst, að við séum heima á sunnudögum'.

Svo ýtti hún við bróður sínum með ónhöganum. 'Þú hefir ekki gert Gerarð kunnugan Trevertons-hjónunum', sagði hún.

'Það er satt. Hr. Gerarð, frú Treverton, herra Treverton'.

Hr. Gerarð og ég höfum fundist áður, og það undir kringumstæðum, sem gerðu mig honum mjög þakklátan', sagði Jón og rétti honum hendina.

Georg tók ofan hattinn, en virtist ekki sjá hendina, sem honum var rétt. Þessi óvænta, hreinskilnilega framkoma gerði hann hissa.

Þetta var djörf framkoma, ef maðurinn var sekur, en reynslan hafði kent Gerard, að þeir seku eru oftast djárfir.

'Mig langar til að tala við yður svo sem tíu mínútur, hr. Gerarð', sagði Treverton. 'Viljið þér verða mér samferða?'

'Við getum orðið samferða til Manor House', sagði Celia. 'Við þurfum ekki að koma heima fyrir en klukkan tvö, þurfum við þess, mamma?'

'Nei, góða mín, en vertu stundviss', sagði móðir hennar. 'Ég ætla að kveðja, góða Lára'.

Meðan Lára var að kveðja prestskonuna, gengu

þeir Gerarð og Treverton af stað á undan systkinunum.

'Heimurinn er miklu minni, en ég hélt haun veta', sagði Treverton, 'annars hefðum við naumast fundist aftur í þessum afkima'.

Gerarð sagði ekkert.

'Urðuð þér ekki hissa, að finna mig í jafn breyttri stöðu?' sagði Treverton eftir nokkra þögn.

'Jú, ég varð mjög hissa'.

'Ég verð að skora á tilfinningar yðar og drengskap. Kona mín veit ekkert um mína liðnu æfi annað en það, að ég hagaði mér heimskulega. Þér vitid vel, hver niðrun hið fyrta hjónaband var fyrir mig. Ég vil ekki tala illa um hina framliðnu —'.

'Ég bið yður að gera það ekki', sagði Gerarð.

'En ég verð að tala greinilega. Þegar þér kyntust mér, var ég afar ógæfusamur. Marga nótt stóð ég á einhverri brúnni og hugsaði, að það bezta, sem ég gæti gert, væri að steypa mér í ána. Forsjómin hjó sundur fjöturinn fyrir mig — á voðalegan hátt, en ég var laus. Forlögin hafal verið mér góð, konan mín er elskuleg og eðallynd. Að opinbera henni mína liðnu æfi, væri að særa hana ósegjanlega mikið. Þess vegna bið ég yður, sem göfugmenni, að geyma leyndarmál mitt, og vægja henni og mér'.

'Og yður', sagði Gerarð í heiskum róm. 'Já, það er án efa um yður, sem þér hugsid, þegar þér biðjið mig að vera þöglan og vægja vkkur. Höfðuð þér meðaumkun og vægð með vesalings konunni yðar, sem elskaði yður þrátt fyrir niðrun sína? Og að því er leyndarmálið snertir, þá er það ekkert leyndarmál. Hr. Clare, sonur prestsins, veit eins vel og ég, að Jack Chicot og Jón Treverton er einn og sami maður'.

'Eðvarð Clare veit það?'

'Já'.

Síðan nær?’

‘Síðan í morgun veit hann það áreiðanlega. — Áður grunaði hann það, en ég fullvissaði hann um það’.

‘Mér þykir það slæmt’, sagði Treverton eftir nokkra þögn. ‘Það gerir mér mikið ilt. Ég hélt, að sá hluti lífs míns væri með öllu gleymdur. Það er mjög hart fyrir mig, en ennþá harðara fyrir konu mína’.

‘Það eru til andar, sem ekki verða svæfðir, og ég held að voða myrtrar konu sé af þeirri tegund’.

‘Eðvarð Clare er ekki vinur minn’, sagði Treverton, sem naumast mun hafa tekið eftir orðum Gerarðs. ‘Hann gerir eins mikið ilt og hann getur með þessari þekkingu síni. Hann segir konu minni frá þessu’.

‘Gæti hann ekki gert eitthvað verra?’

‘Hvað ætti það að vera?’

‘En ef hann segði nú lögreglunni, hvar morðingja Chicots væri að finna?’

‘Guð minn góður!’ sagði Treverton og sneri sér að Gerarð með skelfingu. ‘Þér getið þó ekki ætlað mér það?’

‘Því ver geri ég það’.

‘Og af hvaða ástæðum?’

‘Af því þér flúðu’urt úr húsinu nóttina, sem hún var myrt. Fló’ orsakaði sterkan grun gegn yður. Það hljótið, að hafa vitað, þegar þér flúðu’.

‘Ég hefði líklega átt að vita það, en aðalhugsun mín var, að komast burt frá þessum fjötrum, sem ég var bundinn. Hún hafði dáið fyrir nokkrum stundum, þegar ég varð var við glæpinn. Hvaða gagn var í því fyrir mig, að vera kyr? Vera til staðar við yfirheyrslu, þar sem æfisaga mín hefði opinberast fyrir öllum skúmum í konungsríkinu, þangað

til ég, Jón Treverton, sami maður og Chicot, stóð frammi fyrir heiminum svo svívirtur, að engin saklaus stúlka hefði viljað vita af mér sem manni sínum. Til hvaða gagns fyrir mig, eða vesalings dánu konuna, eða fyrir maunfélagið gat yfirheyrslan verið?

'Til þess gagns, að sakleysi yðar — ef þér eruð saklaus — hefði sannast. Nú eru öll atvik á móti yður'.

'Hvernig gat ég sannað sakleysi mitt? Ég gat enga aðra sönnun gefið lögreglunni en yður — drengskapar-orð mitt — fyrir því, að ég hef aldrei lyft hendi minni gegn konunni, þrátt fyrir beiskyrði, sem okkur fóru á milli. Ég reyndi að frelsa hana, því ég elskaði hana einu sinni. Nei, hr. Gerarð, ég er enginn grimdarseggur. Þegar ég horfði á Desrolles og konurnar þessa nótt, kom mér til hugar, að ég yrði máske álitinn morðinginn, og yrði því yfirheyrður og líf mitt opinberað, ef ég yrði kyr, — en ef ég slýði, losnaði ég ef til vill við allt þetta. Er ég mjög ásakandi, þó ég reyndi að nota þenna möguleika, og yfirgefa hið eldra líf mitt?'

'Engin manneskja getur yfirgefið líf sitt á þann hátt', sagði Gerarð. 'Ef þér eruð saklaus, þykir mér það slæmt yðar vegna, og ennþá lakara vegna konu yðar'.

'Já, þér hafið ástæðu til að vera hryggur hennar vegna', sagði Treverton með högulli sorg, sem hafði áhrif á þenna mann, er hélt hann vera sekan. 'Guð hjálpi henni, við höfum verið svo gæfurík. En ef Eðvarð Clare heldur okkar láni í sinni hendi, þá er friðurinn horfinn'.

Þeir voru nú komnir að Manor House og biðu bar þegjandi. Lára og Celia töluðu fjörlega saman, en Eðvarð gekk högull og hugsandi á eftir þeim.

Jón Treverton rétti Celiu hendi sína, en kvaddi Eðvarð fremur styttingslega.

'Verið þér sælir, hr. Gerarð', sagði hann með kaldri kurteisí. 'Komdu, Lára, ef að Celia ætlar heim til dagverðar megum við ekki tefja fyrir henni'.

'Skyldan ræður yfir tilhneigingunni', sagði Celia hlæjandi. 'En hvað þér virðist djúpt hugsandi, hr. Gerarð', sagði hún. 'Éru nokkur sérstök veikindi í sjúklingum yðar í London, sem vekja hjá yður óróa?'

'Ég hef marglega alvarlega veika menn í minni umsjón, ungrú Clare, en ég var ekki að hugsa um þá núna', sagði hann brosandí. 'Flestir sjúklingar mínir þjást af ólæknandi veiki'.

'Vesalings fólkið! Er það landfarsótt?'

'Nei, það er viðloðandi sýki: Fátækt'.

'Aumíngjarnar! Þá kenni ég í brjósti um þá. — Ég hef sjálf fundið til fátæktar við og við'.

'Er það skoðun yðar, ungrú, að hefðarmar, sem á heima hjá foreldrum sínum og fær alt, sem hún þarf, beri fult skyn á þýðingu orðsins fátækt?'

'Já, það er álit mitt, hr. Gerarð, en þér byggði á röngum grundvelli. Ungar stúlkur, sem eru hjá foreldrum sínum, fá ekki ávalt alt, sem þær þurfa. Ég hef sjálf reynt, hvað það er að vanta sexhúepta glófa, og geta ekki fengið þá'.

'Þér hafið aldrei reynt, hvernig er að vanta brauð?'

'Mér fellur ekki vel að borða brauð', svaraði Cella.

'Ó, ungrú Clare, þegar ég var stúdent við Mareschal háskólann í Aberdeen, sá ég oft unga og hórada menn ganga um göturnar, sem hefðu þakksamlega þegið, að borða brauð, þó ekki væri það sem bezt þakað. Þegar skoðkir prestar senda sonu sína á háskóla, geta þeir ekki ávalt gefið þeim svo mikla peninga, að þeir geti fengið sér dagverð á hverjum

degi. Drengirnir verða oft að láta sér nægja súpu kvölds og morgna'.

'Auningja drengirnir', sagði Celia. Ég er hrædd um, að Eðvarð eyði eins miklum peningum fyrir glófa og vindla, eins og skoðkur unglingur mundi komast af með við háskóla, en svo er hann nú skáld'.

'Þurfa skáld endilega að vera eyðsluseggir?'

'Ég veit ekki, en þau virðast hafa tilhneigingu til þess. Hugsanir þeirra eru í skýjunum, en skeyta ekkert um viðskifti daglega lífsins'.

Þau gengu þegjandi stundarkorn.

'Það var heimska af mér, með minu lundarlagi, að dást að stúlku eins og hún er', hugsaði Gerarð, 'en ég má þó skemta mér með henni'.

Augnabliki síðar kom Eðvarð til hans og þreif í handlegg hans.

'Nú', sagði hann, 'hvað átti sér stað milli ykkar Trevertons?'

'All-mikið og þó lítið. Ég vorkenni honum'.

'Þér haldið þá, að hann hafi ekki myrt konu sína?'

'Ég veit ekki. Það er hulinn leyndardómur. Ég vil ráða yður til, að láta málið afskiptalaust. — Hvað gagn hafið þér af, að gera konu hans ógæfusa? Ef hann er sekur, kemur hegningin fyr eða síðar. Ef hann er saklaus, verður ónotalegt fyrir yður, að hafa ofsótt hann'.

'Haldið þér, að ég sé slíkur heigull, að ég vilji ekki láta yfirheyra hann? Ég, sem hefi elskað Láru og mist hana. Setjum svo, að hann væri ekki sekur um morðið, en þá er hann samt sekur um svik gegn konu sinni og umsjónarmönnum Jasper Trevertons eignanna. Hann hefir ekki meiri heimild til Manor House en ég. Gifting hans og Láru er engin gifting. Á ég að þegja, þegar ég veit þetta allt?'

'Að opinbera það, sem þér vitið, mundi eyðileggja Láru og gera hana að betlara. Þannig breytir enginn vinur'.

Henni mundi sárna, en betla þyrfti hún ekki því hún hefir nokkrar árlegar tekjur út af fyrir sig'.

'Og Manor House yrði selt og fyrir verð þess bygt sjúkrahús?'

'Ákvörðunin í erfðaskrá Jasper Trevertons hljóðar svo, eða réttara skipar svo fyrir'.

'Sem læknir ætti það að gleðja mig, en sem mann getur það ekki annað en hrygt mig, vegna frú Treverton. Hún virðist elska mann sinn'.

'Já', svaraði Eðvarð, 'honum hefir tekist að tala hana, en þegar hún fær að vita, að Jón og Jack er sami maðurinn, hverfur máske dýrðin'.

Gerarð svaraði engu. Hann skildi, að Eðvarð hataði Jón Treverton, og iðraðist eftir að hafa hjálpað honum.

Allan daginn var hann í þungu skapi að hugsa hugsa um Trevertons hjónin, svo hann gat ekki notið skemtunarinnar af samveru sinni með Celin. Með morgunlestinni ætlaði hann til London, og þó presturinn byði honum að dvelja lengur, var það gagnslaust.

'Ég má ekki vera lengur í hertu frá sjúklingum mínum. Þeir fáu af þeim, sem borga mér, mundu reiðast mér', sagði hann.

'En þér takið yður þó fri með köflum til að finna ættingja yðar?' spurði frúin.

'Nei, frú Clare, ég á enga ættingja. Ég er síðasta greinin á visnu tré'.

'Það er sorglegt', svaraði frúin og stundi.

Celia stundi líka og leit hluttekningarlega á Gerarð, og hluttekning í bláu augnum hennar Celin var tilfinning, sem maður gat ekki fyrirhitið.

'Ef þér viljið levfa mér að koma aftur einhvern-

tíma, þegar starf mitt hefir tekið þroska, viljið þér þá gefa mér nokkuð þægilegt að horfa á eftirleiðis?' spurði Gerarð.

'Það gleður okkur ávalt, að sjá yður, góði vinur', sagði presturinn umilega.

31. KAPÍTULI.

Þessi sunnudagur var sorgardagur fyrir Jón Treverton. Hann talaði ekkert á heimleiðinni, og Lára hugsaði mikið um, hvernig á því staði, að hann var svo þunglyndur og breyttur.

'Það er mér ógæfa', hugsaði hún. 'Ég er að eins að hálfu leyti kona hans meðan ég veit ekkert um hans gömlu sorgir'.

Hún spurði hann einskis, en gekk þegjandi við hlið hans yfir skeintigarðinn, þar sem fuglarnir flugu frá einu tré til ann. rs.

'Ég kem ekki inn til dagverðar, góða mín', sagði Jón, þegar þau komu að húsdýrunum. 'Ég er ofurlítið vesall og held að mér skáni við að hvíla mig ögn'.

'Á ég að koma og lesa fyrir þig þangað til þú sofna?'

'Nei, góða. Það er best ég sé einsamall'.

'Ó, Jón, hvers vegna ertu ekki óþinskár við mig?' sagði hún í biðjandi róm. 'Ég veit, að eitt-hvað þjáir huga þinn, hvers vegna treysturðu mér ekki?'

'Ekki enuhá, góða mín. Þú færð bráðlega að vita allt um mig, það er ég viss um'.

'Heldurðu, að nokkuð geti breytt mér, hvað helst

sem ég fæ að heyra um þig?' spurði hún í klökkum banarróm. 'Hefi ég ekki treyst þér og elskað þig í blindni?'

‘Jú, hugsunarlaust. En ég hraðist þá reynslu, sem þú verður að þola, þegar þú færð að vita alt’.

Hún horfði á hann nokkur augnablik þegjandi og reyndi að lesa hugsamur hans í andlitum, og sagði svo mjög alvarlega :

‘Jón, ef það er eitthvað, sem er niðrandi fyrir þig, er segja þarf, láttu mig þá heyra það af þínum eigin vörum, en ekki óvinnar. Er ég svo harður dómari, að þú þurfir að óttast, að segja mér eins og er? Hefi ég ekki elskað þig og treyst þér? Getur þú efast um vilja minn til að afsaka og fyrirgefa. Þó allir aðrir áfelli þig?’

‘Nei’, svaraði hann rösklega. ‘Ég efast ekki um þig. Ég hefi þagað yfir leyndarmáli mínu til þess að forða þér frá þjáningu. Því ég vissi, að þér mundi sárna, að vita hve djúpt ég var sokkinn, þangað til áhrif þín og ást lyftu mér upp úr djúpinni. En það lítur út fyrir, að þjáningin verði nú að koma. Saklaus og hrein eins og þú ert, vilja þó sumir ekki hlífa þér við þessari bitru þekkingu. Já, það er bezt, að þú hefir sannleikann af mínum eigin vörum. Hve mjög, sem aðrir kunna að ýkja söguna síðar, skal ég þó segja þér saunleikann’.

Hann vafði handleiðum sínum um hana, og þau urðu samferða upp gamla, breiða stigann, sem lá upp að herbergi því, er Jasper Treverton hafði haft fyrir lestrarstofu. Þar var ekki hett við, að þau yrðu trufluð. Jón flutti uppáhalds stól sinnar að ofninum og settist við hlið bennar, eins og þau höfðu setið kvöldið, sem Lára saði manni sínum sögu Desrolles.

Litla stund sátu þau þegjandi. Jón var að

hugsa um, hvernig bezt væri fyrir sig að byrja æfi-sögu sína.

‘Ó, Lára, ætli þú hatir mig, þegar þú hefir heyrt frásagnina um mitt liðna líf?’ sagði hann loksins. ‘Ég ætla ekki að hlífa mér. En á þessu augnabliki kvíði ég fyrir, að tala þau orð, sem ef til vill trufla gæfu okkar og skilja okkur að fyrir fult og alt. Þú skalt ráða forlögum okkar. Ef að þú, þegar þú hefir heyrt alt, hugsar sem svo: ‘Þessi maður er ekki verður ástar minnar’ — og ef að þú — sem þú máske vilt — skyldir snúa þér frá mér með hræðslu og viðbjóð, þá skal ég beygja höfuð mitt fyrir dómi þínum og hverfa úr þinni nálægð eilíflega’.

Kona hans sneri að honum óttaslegna og náföla andlitinu sínu.

‘Hvern glæp hefirðu framið, sem kemur þér til að hugsa, að ég vilji svifta þig ást minni?’ spurði hún skjálfandi.

‘Ég hefi engan glæp framið, Lára, en ég er grun- aður um hinn versta glæp. Manstu eftir sögunni um manninn, sem öll blöðin þvældu svo mikið um fyrir næstum ári síðan, manninn, hvers kona var myrt, og sem Londonar-blöðin álitu vera morðingj- ann, — manninn Chicot, og að hvarf hans var eitt af mestu leyndarmálum ársins?’

‘Já’, svaraði hún og horfði undrandi á hann. — ‘Hvað snertir sá maður þig?’

‘Ég er maðurinn’.

‘Þú? Þú, Jón Treverton?’

‘Ég, Jón Treverton, sami maður og Chicot’.

‘Maður dansmarinnar?’

‘Já, Lára, ég hefi tvisvar elskað á æfinni, fyrst þá konu, sem ekki hafði annað en fegurðina til að kveikja með ást hjá karlmönnum, og svo þig, sem fegurðin á minstan hátt í, að hafa vakið og við- haldið ást minni og aðdáun til þín. Ég skal segja

þér sögu mína með fáum orðum. Ég byrjaði lífið í riddaraliðs sveit með litlar eignir í hlutabréfum, sem ég eyddi á fimm árum, án þess þó að vera mjög eyðslusamur, en ég átti góða hesta og umgekst aðallega heldri menn, og daginn, sem ég var gerður að liðsforingja, var ég peningalaus. Það var ekki um annað að gera, en selja stöðu mína, og ég gerði það. Af því mér leiddist að dvelja úti á landi, fór ég yfir sundið, og ferðaðist um hinn segurri helming Norð-urálfunnar. Svo þegar ég var aftur orðinn peningalaus, var ég staddur í París og bjó í kvistherbergi í "Quarter latin", kyntist þar ýmsum mönnum og fékk mátulega mikla vinnu til að halda í mér lífinu. Ég gerði mér um það leyti þá von, að ég gæti unnið mér inn nafnfrægd, sem listamaður. Ég var starfslús og framgjarn, vildi vinna mér inn auð og frægd, en ungu mennirnir, sem ég umgekst — blaðasnápar og vinnusnápar á leikhúsum — kendu mér annan lífnaðarhátt, svo öll eftirsókn eftir æðra takmarki hvarf úr huga mínum, og ég gerði mig ánægðan með, að eiga svo marga skildinga í vestisvasanum, að ég gæti keypt mér dagverð og klæðst órifinni treyju. Það var um þetta leyti, sem ég varð ástfanginn af Zaire Chicot, dansmær við leikhús, sem lögfræðingar og læknar að llega sóttu til. Hún var hin segursta stúlka, er ég hafði séð, og enginn hafði neitt að setja út á mannorð hennar. Hún var engin mentuð hefðarmeyja, en þekkingarskortur hennar og frjálsræði féll mér vel í geð hjá henni, en hefði hrint mér frá hverri enskri stúlku. Hún var af almúga ættum. Henni þótti vænt um mig og mér um hana, og við giftum okkur, án þess að hugsa hið minsta um ókomna tímann, og mjög lítið um nútímann. Af því að meira bar á henni en mér í mannheiminum, var ég kendur við hana og kallaður Chicot og seinna Jack Chicot. Okkur kom þarilega saman, þangað til hún

fór að drekka, þá var úti um alt samkomulag. Ég reyndi að vernda hana frá þeim lesti, en gat ekki'.

Laura sat þegjandi við hlið hans og haldi andlitið í höndum sér.

'Ég hefi ekki meira að segja. Þegar ég sá þig fyrst og feldi ástarhug til þín, var ég eiginmaður Chicots. Ég hafði enga heimild til að nálgast þig, en gat ekki varist því. Þegar árið var nærri liðið frá dauða frænda míns, kom mér til hugar, að skeð gæti, að mér hefnaðist að halda í auðinn með því að giftast þér til málamynda, og svo, ef mér lánaðist að losna úr fjötrum mínum, að giftast aftur — eins og við líka gerðum'.

Hann þagnaði, en hjá Láru heyrðist þungur grát-ekki.

'Lára, getur þú kent í brjósti um mig og fyrirgefnið mér? Í nafni guðs almáttugs bið ég þig að segja, að ég sé ekki að öllu leyti fyrirlitlegur í þínum augumí.

'Fyrirlitlegur, nei', sagði hún og sneri náföla, tárvota andlitinu að honum —, 'ekki fyrirlitlegur, í mínum augum gætir þú aldrei orðið það. En þú hefir breytt ranglega, svo ósegjanlega ranglega. — Hugsaðu þér, hverja hneisu þú hefir gert okkur báðum. Var auður Jasper Trevertons þess virði fyrir okkur, að þú skyldir gera þig sékan um svik, til þess að ég fengi hann?'

'Svik?'

'Já, skilurðu ekki, að hin fyrri gifting okkar, sem í rauninni var engin gifting, var svik og kævsi, svo að hvorugt okkar hefir neina heimtingu á eignum Jaspers Trevertons, og að þær tilheyra eingöngu sjúkrahúsinu? Við höfum enga heimild til að vera í þessu húsi, og við höfum ekkert annað að lifa af, en eignin mínar, en þær eru nægar fyrir okkur, Jón, ég er ekki hrædd við fátæktina, þegar ég er hjá þér.

En ég vil ekki vera hér við þessa skömm og þetta leyndarmál í hugarum. Við verðum að gera þeim herrum Clare og Sampson aðvart undir eins, og segja þeim saunleikann'.

Maður hennar knéféll fyrir framan hana og leit gleðigeislandi augum upp til hennar.

'Elskar, mín góða, þú hefur gert mig of gæfuríkan — þú fyrirlitur mig ekki, þú yfirgefur mig ekki. Fátæktina. Nei, hana hræðist ég ekki, Lára. Ég hef að eins borið kvíðboga fyrir, að missa ást þína, og einungis af þeirri ástaðu hefur ég þagað til þessarar stundar'.

'Þú missir aldrei ást minna, góði vinur. Hún var gefin þér af frjálsum vilja og verður aldrei aftur tekin. En ef þú vilt hlotnast virðingu mína, verður þú að bæta úr þessu ranglæti þínu og breyta heiðarlega og djærlega'.

'Við skulum tala um þetta við 'Lutadeigendur í kveld, og verða á undan Eðvard Clare með það'.

'Hvað þá? Veit Eðvard nokkuð um þetta?'

'Hann veit, að Chicot og ég erum sami maður'.

'Ó, þá skil ég vonda augnatillitið hans til þín kvöldið sem við höfðum fyrsta samætið'.

Hana hrylti við að hugsa um það, að maður hennar var þessi Chicot, sem grunaður var um hið hryllilegasta morð.

'Ég er hrædd um, að Eðvard sé leynilegur fjandmaður þinn', sagði hún eftir stutta þögn.

'Ég er viss um, að hann er það, og hann er að héra sig til að koma fram sem opinler óvinur minn. Þess vegna verður það sígur fyrir mig, að hefja upp-tökin og afsala mér öllum eignum Jasper Trevertons.

32. KAPÍTULI.

Prestinum var rétt sendibréf, þegar hann var ný-seztur að dagverðarborðinu ásamt fjölskyldu sinni. Presturinn borðaði dagverð kl. 5 á sunnudögum, eyddi til þess klukkustund og svo 50 mínútna hvíld á eftir, áður en hann fór að heiman til að halda kveld-guðsþjónustuna.

'Frá Manor House', sagði stofuþernan. Það er beðið eftir svari'.

'Því er fólk að senda mér bréf um dagverðartímann?' sagði prestur. 'Frá Treverton? Hvað skrifar hann um?'

'Eðvarð Clare leit upp spyrjandi.

'Óskar að sjá mig eftir messu í kvöld — áriðandi málefni', sagði presturinn. 'Súsanna, segðu sendisveini hr. Trevertous, að ég skuli vera í Manor House fyrir kl. 9'.

Eðvarð varð hugsandi. Skal Jón Treverton ætla að tæla föður mínn til að sjá í gegnum fingur við sig út úr erfðaskrársvikunum? hugsaði hann. Hann bar ekkert traust til bygginda eða staðfestu löður síns.

'Mér geðjast illa, að vera á ferð á kveldin í slíku veðri', sagði prestur. 'en Jón Treverton hefir eitt-hvað markvert að segja mér, og því verð ég að fara'.

Tom Sampson sat við ofninn og drakk te, þegar hann lékk einþig bréf frá Treverton, sem bað hann að koma milli 8 og 9 um kveldið.

'Mér þykir slæmt, að ómaka vður í viðskifta-skvni á sunnudag, en málefnið þolir enga bið', skrifaði Jón.

'Hafa menn heyrt annað eins?' sagði Eliza, þegar bróðir hennar hafði lesið bréfið hátt.

Svo fór ungfrú Sampson að hugsa um, hvað það gæti verið, sem bróðir hennar atti að gera á Manor House.

Á slaginu kl. hálfnín kom Sampson til Manor House og var vísað inn í bókhöðuna, sem var langt en mjótt herbergi með þremur gluggum. Í miðju herberginu stóð borð með tveim ljósum, sem gerðu miðju þess hjarta, en til beggja enda var skuggsýnt. Eldur logaði í ofnum, og settist Sampson hjá konum og beið húsráðanda.

Eftir langa bið var dyrin opið upp og inn kom séra Clare.

Þeir urðu báðir hlissa yfir því, að hittast þarna, en sögðu þó hvor öðrum, hvernig á komu þeirra staði.

'Það hlýtur að vera eitthvað narkvert', sagði Clare.

'Eitthvað viðvíkjandi óðalium', sagði Sampson, 'annars hefði hann ekki kallað okkur Lára'.

Jón Treverton og kona hans komu bæði inn, þau voru fól og svipur Lára sýndi djúpa sorg.

'Hr. Clare, hr. Sampson, ég hef sent boð eftir ykkur, þar eð þið eruð umsjónarmenn eftirlátinna eigna Jasper Trevertons, frænda míns', sagði Jón, þegar hann var búinn að biðja Sampson afsökunar á því, að láta hann biða svo lengi og laga til sæti handa Lára við ofninn.

'Nafnið er ekki rétt', sagði Sampson, 'okkar afskifti, samkvæmt erfðaskránni, hættu, þegar þið giftust. Við höfum að eina umsjón með dápargjöfnni, sem Lára öðlaðist fyrir 16 árum, og hjúskaparskilmálunum, sem voru samdir, þegar giftingin átti sér stað'.

'Ég hef sent boð eftir vkkur til að segja, að ég

hefi framið svik gagnvart ykkur og þessari konu hérna', sagði Jón Treverton djarlega.

Hann ætlaði að halda áfram með sjálfsásökun sína, þegar dyrnar opnuðust og Trimmer nefndi Eðvarð Clare.

Ungi maðurinn gekk hvatlega inn í herbergið og leit ilskulega í kringum sig. Honum brá við að sjá Láru og Tom Sampson þar. Hafði ekki búist við öðrum en Jóni Treverton og föður sínum.

Treverton leit á þenna óboðna gest með ódulinni gremju.

'Þetta eru óvænt vonbrigði', sagði hann, 'en þegar ég segi yður, að við erum hér að afgjöra áriðandi málefni fyrir okkur fjögur í einni heild, eruð þér máske svo góður, að ganga inn í daglegu stofuna, og skemta yður þar, þar til við höfum lokið samtali okkar'.

'Ég kom hingað til að tala við frú Treverton. Ég hefi nokkuð að segja henni, sem hún er skyldug til að heyra og skal heyra, og það án undandrátta. Ég hefi komist eftir leyndarmáli, sem snertir hana og hennar velferð, og ég er hér til að segja henni frá því, henni einni. Síðar getur hún breytt samkvæmt því, og ég verð þá að haga mér samkvæmt ákvörðun hennar'.

'Ef leyndarmál vðar snertir mig, snertir það einnig manninn minn', sagði Lára, 'tók upp og tók sér stöðu við hlið manns síns. 'Alt, sem snertir mína gæfu, snertir einnig hans. 'Máske vðar ímyndaða leyndarmál sé ekkert leyndarmál?'

'Við hvað eigið þér?' spurði Eðvarð hessa.

'Eruð þér kominn til að segja mér, að eiginmaður minn var eitt sinn þektur undir nafninu Chicot?'

'Já, það og margt annað', svaraði Eðvarð, 'gramur vfir því, að einhver hafði orðið á undan honum.'

‘Þér ætlið að segja mér, að hann sé grunaður um morð?’

‘Mikið grunaður og með svo sterkum líkum, að alt yðar blinda traust þarf til að álita hann saklausan’, sagði Eðvarð háðslega.

‘Hann er ekki sekari um morð en ég’, sagði Lára, ‘hvaða líkur, sem á hann benda’.

‘Og nú, hr. Clare, fyrst að þér sjáið að leyndarmál yðar er leyndarmál allra, og að kona mín þekkir alt, sem þér getið sagt henni um mig — —’.

‘Kona yðar’, sagði Eðvarð háðslega, ‘já, það er eins gott að kalla hana því nafni’.

‘Hún er kona mín samkvæmt lögum lands og kirkju’.

‘Þér áttuð aðra konu lifandi, þegar hún giftist yður, — nema þér hafið gifst aftur eftir dauða fyrri konu yðar — —’.

‘Já, við vorum gift aftur’.

‘Þá er fyrri hjónaband yðar með Láru ásetningsglæpur’, sagði Eðvarð. ‘Glæpurinn var tvíkvæni, sem lögin geta hegut yður fyrir, og sviksemi er það, að látast uppfylla erfðaskrá frænda yðar, án þess að geta það löglega’.

‘Hinkrið þér við, hr. Eðvarð Clare’, sagði Sampson, sem nú var farinn að skilja, hvernig í öllu lá. ‘Þér imyndið yður meira, en þér getið sannað. Þér eruð of fljótfær. Hvaða sannanir hafið þér fyrir því, að fyrsta hjónaband skjólstæðings míns hafi verið löglegt? Hvaða sannanir hafið þér fyrir því, að hann hafi nokkru sinni gifst ungfrú Chicot?’

‘Hans eigin viðurkenningu’.

‘Skjólstæðingur minn viðurkennir ekkert’, sagði Sampson með áherzlu.

‘Hann viðurkennir alt, þegar hann segist hafa gifst ungfrú Malcolm eftir dauða Chicots. Ef hann

hefði álitid fyrri giftingu sína gilda, var engin ástæða fyrir hann að giltast aftur'.

'Honum gat hafa skjátlað af of mikilli varkárni', sagði Sampson.

'Jón Treverton', sagði prestur, sem nú var farinn að skilja ásíðkomulagið, — 'þetta er voðalegt. — Hvers vegna stendur sonur minn hér og ásakar yður? Hvað þýðir þetta?'

'Það þýðir það, að ég hef gert mig sekan í rangindum', svaraði Treverton rólegur, 'og að ég er reiðubúinn, að bæta úr því eins vel og ég get. En ég vil ekki tala um þetta efni í nærveru sonar yðar. Hann hefir ruðst hér inn í kveld, sem opinber óvinur minn, og ég neita því, að hann hafi heimild til, að skifta sér af mínum málefnum'.

'Nei, það er satt, Eðvarð, það snertir þig ekki'.

'Snertir það mig ekki? Heldurðu að þessi herra hefði opinberað smár sína fyrir konu sinni og ykkur, ef það hefði ekki verið fyrir uppgötvun mína og nærveru Georg Gerarðs í kirkjunni í dag? Hann vissi þá, að lúkurinn mundi þekkja sig og vita um hina síðustu framkomu sína undir nafninu Chicot. Annars hefði hann haldið áfram að lifa til dómsdags án nokkurs samvirkubits'.

Presturinn horfði hugsandi á son sinn. Gerði hann þetta með tilliti til sannleika og réttlætis, eða af hatri? Presturinn var miskunnsamur gagnvart öllum mönnum, nema lélegum matreiðslustúlkum, og gat því ekki ætlað syni sínum neitt illt, og ekki heldur álitid, að Jón Treverton væri sekur um jafn vondan glæp.

'Ef þér viljið biðja son yðar að fara, getum við gert út um málefni okkar, án nokkurra sjónhverfinga eða ofsá, en á meðan hann er hér, verða varir mínar lokaðar'.

'Mig langar ekki til að vera hér lengur', svaraði

Eðvarð. 'Ég vona, að frú Treverton viti, að ég er fús til að hjálpa henni, ef hún vill biðja um aðstoð mína'.

'Ég veit, að þér eruð svarinn óvinur mannsins míns', svaraði Lára með ískaldri fyrirlitningu, það er alt, sem ég veit og skeyti um að vita um yður'.

'Þetta voru hörð orð við gamlan vin, Lára', sagði prestur, þegar Eðvarð gekk út.

'Hefir hann ekki komið fram, sem muskunnarlaus óvinur mannsins míns?' sagði Lára og lá við gráti.

'Við skulum nú reyna að athuga málefnið', sagði Sampson, settist við borðið og tók upp vasabókina sína. 'Samkvæmt viðurkenningu yðar, hr. Treverton, áttuð þér aðra konu lífandi þann dag, sem þér giftust ungrú Malcolm. Hafi gifting yðar með frönsku stúlkunni verið lögleg, þá er hún fyrri gifting yðar með ungrú Malcolm ólögleg. Hin síðari gifting yðar oghennar verndar heiður komu yðar, en snertir ekki arfinn hið minsta, svo þér hafið engin umráð yfir honum'.

'Ég er fús til, að sleppa öllu tilkalli til arfsins. Þegar ég gifti mig í fyrra skiftið, áleit ég það engin svik, — ég gerði það til þess, að Lára gæti fengið allar eignirnar, eins og ég vissi, að frændi minn hafði ætlast til, og þegar ég ánefndi henni þar með löglegum samningi, hafði ég enga vissu fyrir, að geta orðið eiginmaður hennar. Ég legg drengskap minn við því, að ég gerði þetta alt hennar vegna, án þess að hugsa um mína eigin lukku eða fremd'.

Lára hélt í hendi hans meðan hann talaði, og þrýsti hana, þegar hann hætti, svo hann vissi, að hún trúði sér.

'Ef þér opinberað þetta atvik, þá gerið þér sjálfan yður og konu yðar að betlurum', sagði Sampson.

'Nei, við verðum ekki fátæk', svaraði Lára. 'Vext-

irnir af dánargjöf minni eru næstum þrjú hundruð pund, og það er nóg fyrir okkur. Er það ekki, Jón?’

‘Ég gæti lifað ánægður á brauði og vatni í dimmu kvistherbergi, ef að þú værir hjá mér’, sagði Jón lágt.

Presturinn gekk fram og aftur um gólfid, og var að hugsa um þetta alt saman, hve voðalegt það væri.

‘Hvað segið þér um morðið á fyrri konu vðar, hr. Treverton?’ spurði presturinn.

‘Að ég veit ekki fremur en þér hver hefir deytt hana’, svaraði Jón. ‘Ég breytti heimskulega, máske ragnmannlega, begar ég yfirgaf húsið um nóttina, en ef þér gætuð skilið, hve óþolandi líf mitt var orðið, myndi yður ekki furða á því, þó ég vildi komast í burtu sem fyrst’.

‘Við skulum heldur skoða málið frá umsvúslulegri hlið’, sagði Sampson. ‘Við skulum ekki hlaupa á okkur með neitt, það verður altaf hægt, að afhenda eignirnar, hr. Treverton, og að viðurkenna tvíkvæni yðar. En áður en þér gerið slíkt, er best að vera viss í sínu sök. Þér giftust ungrú Chicot í París?’

‘Já, 18. maí ’68. Mairen vígði okkur viðhafnarlaust’.

‘Undir hvaða nafni voruð þér vígður?’

‘Undir mínu eigin nafni auðvitað. Það var ekki fyr en seinna, að ég var kendur við konu mína’.

‘Þektu margir yður í París undir yðar eigin nafni?’

‘Mjög fáir. Ég setti nafnið ‘Jack’ undir greinar þær og myndir, sem ég lét í blöðin. Ég var alment kallaður ‘Jack’, en eftir giftingu mína bættist ‘Chicot’ við’.

‘Hve mikið þektuð þér af líðnu lífi konu vðar?’

‘Mjög lítið annað en það, að hún var komin til

París frá Auray í Bretagne hér um bil fimm árum áður, en ég giftist henni, og að hún lifði heiðarlega'.

'En um líf hennar í Bretagne vitið þér ekkert?'

'Að eins það, sem hún sagði mér. Hún var dóttir fiskimanns, fædd og uppalin í fátækt. Hún var orðin þreytt á þessu basleralífi, alveg tilbreytingarlausu, og fór til Parísar að leita gæfu sinnar, oftast gangandi. Hún var nærri mánnð á leiðinni'.

'Er þetta allt, sem þér vitið?'

'Já, allt'.

'Þér vitið þá ekki, hvort hún var óbundin og gat gift yður á löglegan hátt?' sagði Sampson glaður mjög.

Sampson fékk hér um bil fimm hundruð pund árlega fyrir umsjón eignanna, og var ekki áfram um, að nássa þau. Ef þeim yrði breytt í sjúkrahús, fengi hann ekkert.

'Það er einkunnilegt, að líta á málið frá þessari hlið', sagði Treverton hugsandi.

'Það er sú eina rétta aðferð. Hvers vegna ætti maður að hræða sér til að viðurkenna sig sekan um glæp. Þér vitið ekki, nema Chicot hafi átt mann í Auray, og hafi flúið þaðan til að forðast ilsku hans. Það er voveislegt fyrirtæki af unari stúlku, að leggja upp í mánaðar-ferðalag, einsömul og ókunng'.

'Hún var svo ung', sagði Treverton.

'EKKI of ung til að ganga í heimskulegt hjónaband'.

'Hvað ráðið þér mér til að gera?'

'Það skal ég segja yður á morgun, þegar ég er búinn að hugsa um málið, en ég get strax sagt yður, hvað þér eigið ekki að gera'.

'Og það er?'

'Að þér sleppið ekki eignunum fyr en þér og við, lögráðendur konu yðar, erum sannfærðir um, að þér hafið enga heimild til að halda þeim. Sem svare-

maður frá Treverton viðvikjandi giftingarsamningnum verð ég að biðja yður, hr. Clare, að opinbera ekki það, sem við höfum fengið að vita í kvöld, og að biðja son yðar, að geyma sína þekkingu hjá sér.

'Sonur minn getur engi ástadi allt til, að vilja gera hr. Treverton eða konu hans neitt mein'.

'Andvitað ekki', svaraði Sampson, 'og þó virtist mér helnigirni birtast í frakknum hans í kvöld'.

'Hann mun hafa álitid Láru orðra fyrir rangindum, og hennar vegna hlutast til um létta', svaraði prestur, 'og ég er á sönnu skoðun. Lagalega hlið málsins heyrir yður til, hr. Sampson, en frá síðferdislegu sjónarmiði segi ég, að hr. Treverton hafi syndgað, sem ekki verður óþlénað nema með samri iðrun. Góða nótt, Treverton. Góða nótt, Lára'.

Hann tók hana í lafm sínu og kysti hana. — 'Vertu hugbraust, góða mín. Þú vegna óska ég, að maður þinn sleppi vel úr vandræðum sínum. Viltu ekki koma heim með mér og létta sorðir þínar með því að segi. Celu frá þeim?'

'Ég get ekki vifregið mann minn í þessu ásigkomulagi'. Hann leiðdi prestinn til hliðar og sagði lágt: 'Hr. Clare, hugað ekki illt um manninn minn. Ég veit, að hann hefir látið undan freistingunni og syndgað. Hann kunnir ekki að meta þenna órétt, sem hann gerði. Ég vona þér ætlið ekki, að hann hafi deytt konu sína?'

'Nei, góða mín', svaraði prestur ákveðinn. 'Fyrst og fremst er hann af göfugri ætt, sem ég virði mikils, og svo höfum við verið vinir síðasta missirið, og ég veit, að ef hann væri morðingi, þá hefði ég uppgötvað það. Nei, ég trúi því aldrei, að hann sé morðingi'.

'Guð blessi yður fyrir þessi orð', sagði Lára, um leið og presturinn fór.

'Ef að frá Treverton vill fara að háttu og hvíla

sig eftir þessi umbrot, langar mig til að tala meira við hr. Treverton áður en ég fer heim', sagði Sampson, þegar dyrnar lokuðust á eftir presti.

Lára samþykkti að ganga til hvílu og leit til manns síns með öruggu trausti og óbílundi ást, þegar hann fylgdi henni ofan stigann.

'Guð blessi þig og varðveiti þig, elskan mín', hvíslaði hann. 'Þú hefir sént mér leiðina út úr vandræðum mínum. Ég þoli allt, nema að missa ást þína'.

Hann gekk aftur inn til Sampsons, sem sat og var að skrifa í minnisbók sína.

'Nú erum við einn, Sampson. Hvað ætthið þér að segja mér?'

'Það er nú margt. Þér hefið komið yður í afar slama klípu. Því leitnið þér ekki ráða minna í byrjun? Hvaða gagn er fyrir manna að hafa lögmann og dýlja hann allra sína viðskifta?'

'Við skulum ekki tala um það nú', sagði Treverton. 'Ég leita ráða yðar fyrir ókomna tíu um, en ekki ásakana fyrir þann líða. Hvað á ég að gera?'

'Að fara hóðinn í kvöld til Exeter brauterstöðvaanna. Þangað eru þrjú tíu mílur og þér getið náð lestinni þar í fyrr málið á góðum hesti'.

'Án efa. En hvað gagnar það?'

'Þér verðið herfir úr augsyn áður en hvegt er að láta yður í varðhald fyrir erum um konumord'.

'Hver ætti að láta mig í varðhald?'

'Eðvarð Clare hefir ítt í byrjun. Sé hann ekki búinn að aðvara lögregluna, ætthið þér reitt yður á, að hann gerir það tafarlaust'.

'Látum hann gera það', sagði Treverton. 'Ef hann gerir það, verð ég að biða forlaga minna. Ég flúði einu sinni, og það er stærsta glappaskotið, sem ég hef gert, og ég ætla ekki í önnar sinn að stevna mér í sömu vandræðin. Ef ég verð látinn í varð-

hald og sakaður um morð, getur skeð að það verði til þess, að leiða sannleikann í ljós.

'Þetta er líklega satt. Alt, sem líkist flóttu, styrkir gruninn um yður, en samt vil ég ráða yður til að fara til Frakklands undandráttaarlaust, og komast eftir, hvort hún hafi ekki átt mann lifandi, þegar hún giftist yður —'

'Því erud þér alltaf að minnast á þetta?' spurði Treverton óþolinmóðlega.

'Af því það er það eina, sem getur frelsað eignir yðar.'

'Ég hefi enga von um slíka giftingu'.

'Viljið þér fara til Auray og rannsaka æfisögu konu yðar og taka mig með yður?'

'Ég hefi ekkert að athuga við það. Maður, sem er að drukna, grípur hvaða strá sem er. Það get ég líka gert'.

'Þá skulum við fara með fyrstu lest á morgun, svo allir sjái. Þér skuluð segja, að þér ætlið til Parísar í viðskiftaerindum, og ef Eðvarð gerir lög-reglunni aðvart um ferð okkar, býst ég við að henni verði erfitt að ná okkur'.

'Já, ég vil fara til Auray', sagði Treverton hugsandi. 'Máske lykillinn að dauða hennar liggir í liðnum æfítíma hennar. Hefnd hlýtur að hafa verið orsök sökin til morðsins. Hvern gat hún hafa móðgað svo stórkostlega, að ekkert annað en dauði hennar gæti selað reiði hans?'

'Hvern annan en eiginmann eða elskhuga?' sagði Sampson.

'Samt sem áður vorum við tvö ár í París. Án þess nokkur áreitti okkur'.

'Maðurinn eða elskandi hennar gat verið í fjarlægð, fyrir vestan hafið, máske verið sjómaður. Auray er hafnarstaður, er það ekki?'

'Jú'.

Þeir komu sér saman um, að fara til Exeter með 7-lestinni frá Beechhampton, ná hraðlestinni, sem fer frá Exeter til Southhampton, og frá Southhampton til St. Malo og Anray var fárra stunda ferð. Þeir gátu komist til Auray eins fljótt og til Parísar.

33. KAPÍTULI.

Það var miðnætti, þegar Jón Treverton gekk til starfsstofu sinnar. Þar var ljós og nægur eldur í ofni, því það var vani hans, að vaka á kvöldin við lestur og skriftir. Nú var hann ekki í því skapi, að hann gæti sofnað. Hann vitti Hlejrunni til hliðar, sem aðskildi herbergin, og leit inn í svefnherbergið. Lára hafði sofnað grátandi. Jón gekk til hennar og rysti tárötu kinnna og sneri sér frá henni andvaðandi.

„Sendir mínar hafa kvælið þig sárt, góða mín“, hugsaði hann, þegar hann gekk aftur inn í hitt herbergið og settist við eininn til að hugsa um stöðu sína í þessum vandræðum.

Um svefn var ekki að tala. Hann gat að eins setið og horft í eldinn og hugsað um lífna lífi sína.

Án þess að hugsa hið minsta um ókemma tímann, hafði hann gífst þessari stúlku, sem hann að einu elskaði lænslegi og þekki mjög lítið lífna að hennar. Hann reyndi að endurkalla í huga sinn það, sem þessi kona hafði sagt honum um barnæsku sína og þroskaskreið sitt, en hann mundi að eins, að hún hafði verið bögul um lífna tímann. Að eins einu

sinni, eitt sunnudagskveld, er þau óku einsömum heim frá dagverði í skóginum og Zaire var ofurlítið hress af kampavíni og kúra.ó, sagði hún honum frá þessari löngu og leiðinlegu ferð sinni til Parísar. Hún sagðist hafa komið þangað þreytt og þyrst og því nær peningalans. Fyrst gerðist hún þvottakona við skipaklöppina í ánni Sönn. Svo var það eitt sunnudagskveld í Chateau des Fleurs, að til hennar kom maður eftir einn ferhyrningsdansinn, — feitur með grátt efrivararskogg, í hvítu, síðu vesti —, og spurði hana, hvar hún hefði lært að dansa, og þá hefði hún svarað hlejandi, að hún hefði allrei lært það, það kemti af sjálfu sér, alveg eins og að borða, drekka og sofa, — og þá hefði hann spurt hana, hvort hún vildi verða dansmaur við eitt af leikhúsumum, og kleðast fögrum fatnaði, hún hefði jótad spurningu hans og sagt að sér gæðist vel að því, þá hefði hann beðið hana að koma kl. 11 daginn eftir í eitt af stóru leikhúsumum á Boulevarden. Hún gerði það og laun m. n. þennan í skrifstofu sinni í leikhúsinu, og var ráðin fyrir 20 franska kampum vikuna. Frá þeim tíma og þangað til ég vakti aðdáun við námsmanna leikhúsið gekk allt vel, hafði hún sagt brosandí.

„Hefir þig allrei þegað til 8 fra til Apray til að sjá gamla vini?“ spurði maður hennar einu sinni.

„Ég hef aldrei átt þeirri vin í Bretagne, sem ég hirði um að sjá“, svaraði Zaire. „Allir voru mér vondir. Faðir minn var drukkjumaður og mamma átti svo bágt, að ég kenti í brjósti um hana, og það var lán, að hún dó.“

„Áttir þú engan elskhuga þar?“ spurði Lack.

„Elskhuga“, þrumaði Chict reið. „Hvað átti ég að gera við elskhuga þar? Ég var að eins 19 ára, þegar ég fór úr þeirri há.“

„Sumar yngri stólkur hafa átt elskhuga“, sagði

Jack blátt áfram. Eftir þetta mintist kona hans aldrei á fortíð sína.

Þetta kveld, þar sem Jón sat við ofninn, reyndi hann að endurkalla í hnga sinn ýmsa viðburði frá þeim tína, er hann bjó saman við fyrri konu sína.

Það var eitt atvik, sem hann hafði furðað á, því kona hans var ekki sérlega viðkvæm. En í þessu tilfelli hafði hún sýnt mikla meðauðkun og hræðslu.

Síðari hluta eins sumardags höfðu hjónum gengið til og frá um brú og bryggjur, horft á annrikið á ánni, setið og hvílt sig undir trjánnum eða bladað í gömlu bókunum, sem láu á borðunum og voru til sölu, og héldu svo áfram unz þau komu til Pont-Neuf.

'Við skulum ganga vfir um og horfa á Notre Dame', sagði maður þennar, sem hafði mjög gaman af að horfa á gömlur kirkjur.

'Hú', sagði konan. 'Það er undarleg sú löngun, sem þú hefir til að horfa á gamla steina'.

Þau gengu vfir tréna og að frambláðunni á gömlu dómkirkjunni, þar sem verið var að rífa niður húsin, er umkringdu hana og skvæðu á legurð þennar. Jack Chicot var að horfa á úthöggna myndirnar af Jósakouningunum vfir vesturdrum kirkjunnar, sem Philip Augustus hafði bygt, en kona hans leit í þringum sig í allar áttir, til að vita, hvort hún sá ekkert nýstárlegt.

'Sjáðu, vinur', kallaði hún alt í einu og greip í handlegg hans, 'þarna er eitthvað viðburðaríkt. Það er annaðhvort skríðganga eða eitthvert óhapp'.

'Það er líklega óhapp', sagði Jack og leit ofan eftir götunni, sem þau stóðu á, og sá afar mikinn manngrúa komandi til þeirra. 'Við skulum ganga úr vegi'.

'Nei', sagði kona hans áköl. 'Ef eitthvað er að

sjá þar, þá skulum við sjá það. Lífið er umbreyt-
ingalaust hvort sem er'.

'Það er ef til vill leiðinlegt', sagði Jack. 'Ég
held þeir séu á ferð með lík til La Morgue'.

'Það er það sama. Við getum skoðað það'.

Þau biðu og fylgdust svo með hópuum og heyrðu
margar raddir gizka á, hvernig slysið hefði orsakast.

Á Boulevarden höfðu hestar og vagn farið yfir
einhvern sjómann frá sveitahéraði og deytt hann.

'Hann var dauður, þegar þeir tóku hann upp',
sagði einn.

'Nei, hann talaði og virtist varla vita af því, að
hann var særður', sagði annar.

'Hann dó á meðan þeir biðu eftir handbörunum
til að flytja hann á sjúkrahúsið', sagði hinn þriðji.

Og nú báru þeir hann til La Morgue, nafnkunna
líkhússins á árbakkanum.

Jack og kona hans sluttust með manngrúanum
franhjá dómkirkjunni að dyrum líkhússins.

Þar uan hópurinn staðar og enginn fékk að
koma inn, nema líkburðarmennirnir og þeir lögreglu-
menn.

'Við verðum að biða, þangað til þeir eru búnir
að húa um hann', sagði Chicot, 'þá getum við farið
inn og séð hann'.

'Hvað þá?' sagði Jack, 'þig langar þó líklega
ekki til, að sjá limlestan manna. Vesalings maður-
inn! Það hlýtur að vera voðaleg sjón!'

'Þvert á móti, herra', sagði maður, sem stóð í
nánd. 'Vesalings maðurinn er ekki skemdur í and-
liti. Hann er fríður sýnum, sólbrendur, djarflegur
sjómaður'.

'Við verðum að fara inn og sjá hann', sagði
Chicot.

Svo biðu þau róleg úti fyrir ásamt mörgum öðr-
um, unz líkhúsið var opnað, þá streymdi fólk inn.

Þar lá hinn framliðni, djarflegt andlit með jörpu skeggi, stórar augabryr og dökt hár, gullhringir í eyrunum og á berum handleggnum var hörundsflúruð áletrun með hárauðum lit.

Jack athugaði líkið nákvæmlega, laut svo niður til að lesa hina hörundsflúruðu áletrun.

Það var skip, rós og þessi orð: 'Tileinkað St. Anne í Auray'.

Maðurinn var án efa frá Auray, þar sem Chicot var fædd.

Chicot stóð við hlið hans, náfól í andli, grátbólgin, og runnu stór tár niður kinnar hennar.

'Þekkir þú hann?' spurði Jack. 'Manstu nokkuð eftir honum?'

'Nei, nei', sagði hún snöktandi. 'En þetta er svo voðalegt. Taktu mig burtu — farðu með mig héðan, annars lífið er mig'.

Hann sýndi sér að komast út með hana.

'Þú munt laugastyrkleik þinn um of', sagði Jack. 'Þú ættir ekki að hafa tilhneigingu til að horfa á slíkt'.

'Mér batnar strax', sagði Chicot. 'Þetta er ekkert'.

En henni batnaði ekki strax. Hún þjáðist af heilakviki það sem eftir var dagsins, og strax og hún var sofnuð fékk hún ekki mikinn og hélt höndunum fyrir andlitid.

'Láttu mig ekki sjá hann!' sagði hún með ákafa. 'Jack, því læturðu mig sjá hann. — Taktu mig burt.

Þegar Jón var að hugsa um þennan viðburð, sem átti sér stað fyrir fimmm árum síðan, datt honum í hug, að eitthvert band hefði átt sér stað milli þessa manns og Zaire Chicot.

34. KAPÍTULI.

Enda þótt Georg Gerarð hefði ákveðið að fara frá Beechhampton með fyrstu lest á mánudagsmorgun, og enda þótt hann væri farinn að efast um, að áform Eðvarðs í þessu efni væri heiðarlegt, og álití hann ekki viðeigandi féлага fyrir sig, — þá var hann, þegar hann sá, að alt var vott af regni og ekki útlit fyrir, að upp stytta á mánudagsmorguninn, ekki eins staðfastur og hann átti að sér að vera, og varð við þeirri heiðni frú Clare og dóttur hennar, að fara ekki út í þetta veður.

‘Þér megið ekki fara út í þetta veður’, sagði prestskonan vingjarnlega.

Georg leit í kringum sig í herberginu, og sá að húsmunirnir voru ekki mikils virði, en alt var svo viðfeldið og þægilegt á heimilinu og þær þokkalega klæddar.

‘Þú mátt ekki þrevta hr. Gerarð, maimma’, sagði hún. ‘Þú hlýtur að skilja, að við erum leiðinlegar, og að hann sárlangar til að komast burtu frá okkur’.

‘Mér liggur við að óska, að þér vissuð, hve ómild þessi orð yðar eru’, sagði Gerarð og leit á hana með alvarlegu brosi.

‘Hvernig ómild?’

‘Af því að þér, án þess að vita það, hæðist að fátækt minni. Þessir 8 eða 10 sjúklingar, sem ég ætli að vitja um á morgun, eru mér hundrað punda virði um árið, og ég má naumast missa af þeirri upphæð’.

'En hvað þér munuð hlæja, þegar þér hugsið til þessara daga að nokkrum árum liðnum, þegar þér akið í yðar eigin vagni frá Savileraw til brautarstöðvanna, til þess að fara til Windsor Castle samkvæmt konunglegu símskeyti'.

'Við skilum sleppa konunglega símskeytinu og Windsor Castle. Það er svo langt á milli Savileraw og míns núverandi bústaðar, að ég býst ekki við, að geta nokkurntíma komist yfir alla þá leið', sagði Gerarð, 'en þeir fáu menn, sem borga mér, er það eina, sem ég get treyst á til að lifa, og svo eru sumir þeirra hættulega veikir'.

'Vesalings mennirnir, ég er viss um, að þeir geta beðið. Máskæ það geri þeim gott líka, að bíða nokkra daga?'

'Ég á vin, sem gætir þeirra veikustu. Ef ég gæti fylgt tilhneigingu minni, mundi ég vera kyr hér'.

'Fylgið þér henni þá', sagði Celia. 'Það geri ég altaf. Mamma, gefðu hr. Gerarð að borða, meðan ég hleyp út og segi Pétri að fara ofan á hótél og gera þeim aðvart um, að vagninn þurfi ekki að bíða hér fyrir utan'.

'Fíg er hræddur um, að ég geri yður ónáði og vanbrúki gestrisni yðar', sagði Gerarð, þegar Celia var farin út.

'Þér gerið okkur ekkert ónáði, og vinir sonar okkar eru ávalt velkomnir hér'.

Gerarð roðnaði við þessi orð. Honum fannst eitt-hvað falskt við stöðu sína á prestssetrinu. Allir skoðunðu hann sem vin Eðvarðs, en með sjálfum sér fann hann, að hann gat aldrei gert hann að vin sínum, en mæðgurnar kunni hann vel við. Celia spurði hann um líðna æfi hans og lífið í London, og hann sagði henni allt með mælsku mikilli.

‘Ó, þetta kalla ég að lifa’, sagði Celia. ‘Það er svo ólíkt okkar lífsháttum hér’.

‘Þér munduð ekki segja þetta, ef þér vissuð, hve glaðir borgarbúarnir eru yfir því, að dvelja úti á landi’.

‘Látum þá reyna það einn mánuð eða tvo, og þeir verða orðnir leiðir á því, áður en sá tími er liðinn, nema þeir séu af þeim flokki þeirra, sem ávalt eru ánægðir, þegar þeir hafa byssu eða dorg til að drepa eitthvað með’, sagði Celia.

‘Ég þyrfti hvorki byssu eða dorg, ég mundi una mér á meðal fjallauna hér’, sagði Gerarð.

‘Hvað þá, í fjarlægð frá sjúkrahúsunum yðar?’

‘Ég á við frittíma mína. Ég get ekki þolað, að yfirgefa sjúkrahúsin. Ég þarf að læra iðn mína’.

‘Ég hélt þér væruð búinn að læra alt, þegar þér tókuð próf’.

‘Læknar eru aldrei full-lærðir. Byrjandi nútímans veit meira, en reyndur læknir vissi fyrir hundrað árum’.

Celia tók að sér að skemta gestinum, því Eðvarð var leiður og lokaði sig inni, enda var hún allánægð með þetta starf.

Þau töluðu mikið og margt. Meðal annars sagði Gerarð henni frá barnæsku sinni og þroskaskiði.

‘Æska yðar hefir verið mjög alvarleg’, sagði hún. ‘Og ég hlýt að eiga fyrir höndum hörð og alvarleg fullorðinsár’, svaraði hann. ‘Það er ekki útlit fyrir, að ég geti beðið nokkra stúlku að taka þátt í lífi mínu, sem er svo fátækt af sólskini’.

‘En byrja ekki öll mikilmenni á þann hátt?’ spurði Celia. ‘Sir Astley Cooper t. d., og kærri vesalingurinn, sem stjórnar húsnunum okkar og hreyfingum, þó hamingjan megi vita, að hvaða gagni slík uppgötvan kemur’.

'Þér munuð eiga við Sir Charles Bell?' sagði Gerarð.

'Ég held það', sagði Celia. 'Mig minnir, að hann skrifaði bók um hendur. Ég vildi að hann hefði líka skrifað bók um glófa, því líkamsfræði þeirra, sem búa til glófa, er voðaleg. Enn þá hefi ég engan þekt, sem kann að sauma utanum þu.alfingur minn'.

'Í því tilieili er mitt kyn betur statt en yðar'.

'Hvernig þá?'

'Við þurfum aldrei glófa, nema þegar við döns-um eða keyrum'.

'Ó, er það mögulegt?' sagði Celia undrandi. 'Finnast menn í þessum stóru borgum, sem aldrei brúka glófa? En hér, þar sem allir þekkjast, er maður neyddur til að gera það'.

'Ég held ég hafi ekki keypt nema tvö tvenna glófa um æfina', sagði Gerarð.

'Getið þér verið án þeirra, þegar þér dansið?'

'Með hægu móti. Ég dansa aldrei'.

'Verðið þér þá aldrei þreyttur af aðlesa. Getur þýzki valsinn ekki, vakið andagift yðar?'

'Ég reyni aldrei að verða fyrir innblástri. Síðan ég kom til London hefi ég aldrei verið í samkvæmi'.

'En — hvers vegna farið þér ekki í samkvæmi?'

'Ég get fært fram fimtíu ástæður fyrir því, en máske ein nægi: Mér hefir aldrei verið boðið í samkvæmi'.

'Vesalings maður', sagði Celia í meðaumkunar-róm. 'Búið þér í London um skemtunartímamann, og enginn býður yður að taka þátt í dansi eða neinu öðru?'

'Það er ekkert skemtunar-tímabil í þeim hluta Londonar, sem ég á heima. Lífið remur á sömu einföldu hjólunum allt árið: skuldum, vandræðum, veikindum og sorg'.

'Ó, þér vekjið hjá mér sorg og ógæfu í huganum'.

'Mér þykir slæmt að hafa gert það', sagði Gerarð blíðlega. 'Það er líka lélegt endurgjald fyrir alla þá vináttu, sem þér hafið sýnt mér. Þér megið ekki ætla, að ég lifi við sífeldar þislar. Ég næ hraðari framförum, en ég bjóst við, og ég vona að öðlast nafnfrægd og lán, ef ég lifi nógu lengi. Það er að eins, þegar ég er að hugsa um, hve langt muni þangað til, að ég geti boðið kvenmanni að taka þátt í stöðu minni, að ég verð óþolinmóður'.

Celia blóðroðnadi og laut niður að skrautsaunum, sem lán í kjöltu hennar, og virtist ekki geta litið upp aftur.

Hún hóstaði ofurlítið sem svar. En þar eð Gerarð gekk fram og aftur um gólfu þegjandi, fanst henni að hún yrði að segja eitthvað.

'Ég býst við, að unga stúlkan, sem þér eruð heitbundinn, hirði lítið um, hve lengi hún þarf að bíða'. sagði Celia, 'eða sé hún kugrökk, hikar hún ekki við að taka þátt í erfðleikum yðar í byrjun'.

'Ég er ekki heitbundinn', svaraði Gerarð.

'Ég bið afsökunar. Ég gleymdi því, að þér sögðust aldrei taka þátt í samkvæmum'.

'Haldið þér, að maður velji sér konu við danssamkomur?'

'Ég veit ekki. Kemur það ekki oft fyrir við danssamkomur?'

'Getur verið, en að því er mig snertir vildi ég heldur sjó tilvænandi konu mína á heimili sínu við ariann foreldra sinna'.

'Þæta sokka', sagði Celia. 'Ég held það sé hinn rétti mælikvarði fyrir kvenlega dygd. Hún far máske levfi til, að leika á hljóðfæri og syngja, en aðalstarf hennar er að matreiða og bæta fót. Er það ekki, hr. Gerarð?'

'Það mun sýnast einkennilegt af ástfangnum manni, að leggja áherzlu á slíka smámunu, en þó er ánægja og gæfa mannsins mjög mikið komin undir innanhúss-stjórn heimilisins'.

Celia hló, en hláturinn endaði með stunu. Hún hafði ákveðið, að ef hún giftist nokkru sinni, þá yrði það auðugum manni, svo hún gæti haft vagn og hesta út af fyrir sig, þegar hún vildi, og fallega stofustúlkú yrði hún að hafa, þó ekoi gæti hún haft þjón.

En hér var ungur maður, sem varð að biða nokkur ár, áður en hann gæti gift sig, og þó var hann myndarlegasti maðurinn, sem hún hafði séð á afi sinni og líklega einnig sá göfuglyndasti og bezti.

Frú Clare, sem þurft hafði að lita eftir innanhúss-störfum, kom nú inn til að borða dagverð og sömuleiðis Eðvarð. er bráðlega fór að spjalla við Gerarð um bókmentalegt gildi Brownings og Swinburnes.

Celíu furðaði stórum, hve fróður ungi læknirinn var.

'Hvernig hafið þér getað fengið tíma til að lesa skáldskaparrit?' spurði hún.

'Skáldskaparrit eru mín eina tilbreyting'.

'Og svo býst ég við, að þér farið í leikhús stundum?'

'Já, þegar eitthvað markvert er að sjá'.

Þegar dagverði var lokið, var hætt að rigna og leit ekki út fyrir, að aftur myndi rigna þann dag.

'Það væri gaman, að spæna um heiðina núna', sagði Gerarð. þar sem hann stóð við gluggann og horfði út. 'Eruð hér nógu hærakkar til að fylgja og leiðbeina mér, ungrú?'

Celia leit spyrjandi á bróður sinn.

'Ég er ekki hneigður til að skrifa meira í dag', sagði Eðvarð. 'máske að löng skemtiganga um heið-

ina sé heppilegasta aðferðin til að eyða þessum síðari hluta dags. Fáðu þér regnkápu og utanhafnar-skó, Celia, og fylgdu okkur'.

Celia þaut upp á loft, ofsaglöð yfir þessu áformi. Þegar hún kom ofan aftur, mætti hún mömmu sinni í ganginum og sagði:

"Gefðu okkur eitthvað gott að borða í kveld, mamma. Þetta er síðasti dagurinn hans".

"Þú veizt að ég vil gjöra eins vel og eg get, en mánudagar eru voðalegir dagar", sagði frúin.

"Eg veit það, en láttu það ekki verða mánudagsmat", sagði Celia.

Skemtingangur um heiðina var inndæl. Eðvarð var þögull, reykti vindil sinn og hélt sig í fjarlægð, en þau voru eins kát og skólabörn, sem höfðu stolist til að fá frí. Þau spjölluðu og hlón á víxl, og Gerarð var hissa á því, að finna að lífið var jafn skemtilegt. Um sólarlagið dreifðust gyltir geislar um heiðina; — kveðjubros frá sólinni, sem hafði falið sig bak við skýin allan daginn.

"Hamingjan góða!" hré aði Celia. "Við höfum tæplega nógan tíma til að komast heim fyrir kveldverð, en þabba þykir svo leitt, að bíða eftir matnum sínum. Þér hefðuð ekki átt að leiða mig á villigötur, hr. Gerarð".

"Eg held það séuð þér, sem hafið fært mig á villigötur", sagði Gerarð, hálf í spaugi og hálf í alvöru. "Eg hef aldrei á æfi mínum verið jafn fjarlægur þræla lífi mínu eins og nú. Þér hafið mikið að ábyrgjast, ungfrú Clare".

Celia roðnaði við þessa ásökun en svaraði ekki. Hún sneri sér við til að gá að Eðvarð, en sá hann hvergi.

Mig grunar, að Eðvarð hafi yfirgefið okkur fyrir klukkutíma síðan", sagði Gerarð.

"Hann er undarlegur piltur. Hann kemur heim

löngu fyr en við, og kemur sér í mjúkinn hjá pabba fyrir stundvísi sína”.

“Getið þér ætlað honum svo lélega hegðun?”

“Hann er bróðir og sem slíkur til í alt. Komið þér, við skulum flýta okkur, hr. Gerarð”.

“Á ég ekki að leiða yður?”

“Að hugsa sér að leiðast yfir heiðina. Það væri of hlægilegt”, sagði Celia og hoppaði yfir þúfur og lyng. “Flýtið þér yður, hr. Gerarð, annars lendum við í mykri”.

Þau komu móð og rjóð af ganginum mátulega snemma til að laga til fót sín fyrir kveldverðinum.

Ó, hvað vetrarkvöldin eru stutt, hugsaði Gerarð, og þó var daginn lítið farið að lengja, og kveldgleðin fremur fátækleg. Þrjár af vinstúlkum Celiu voru komnar, spjölluðu, hlóu, léku á hljóðfæri og sungu. Georg tók þátt í söngnum og söng djúprödd ágætlega vel. Presturinn las blöðin frá upphafi til enda, frú Clare dottaði notalega yfir dragkistudúk, sem hún var að búa til, og ýtti heklunálinni með köflun ofurhægt inn í ullarbandslnykilinn með þeirri myndun að hún væri að hekla. Eðvarð hélt á bók eins og hann væri að lesa, en las ekkert; hjá honum ríktu svartar hugsanir og vandræði.

Kveldið var á enda og klukan sló hálf tólf, þegar Gerarð gekk upp á loft til herbergis síns.

“Annað kveld verð eg aftur aleinn í herbergi mínu í Cibbergötunni” sagði hann við sjálfan sig, “og eg fæ máske aldrei að sjá Celiu aftur. Það er líklega bezt þannig. Jafn fagurt leikfang á ekki við hið starfsama líf mitt”.

35. KAPÍTULI.

Þegar Jón Treverton og félagi hans höfðu kastast fram og aftur alla nóttina, komu þeir til St. Malo litlu eftir hádegi og urðu fegnir þægindunum og hrossingunum, sem þeir fengu á Franklin hóteli.

Af því að engin lest gekk til Auray þann dag, sátu þeir í makindum við ofninn og töluðu um hætturnar við stöðu Trevertons, og hrestu sig við og við á Chaubertín.

Við samræðurnar kom það í ljós, að Sampson var jafn skarpsýnn og hann var vinveittur. Hann sagði, að Jón yrði fyr eða síðar tekinn fastur fyrir morðgrunninn, og að þá yrði hann að sanna sakleysi sitt. Báðum var þeim vel kunnugt um hatur Eðvarðs, og bjuggust við því versta af hans hálfu.

“Ef við gætum sannað að hin fyrri gifting yðar væri ógild, yrðum við um leið lausir við allar hvatir til morðsins”, sagði Sampson.

“Þér getið ekki sannað, að eg hafi vitað að fyrri gifting mín var ólögleg”, svaraði Treverton, “nema þú viljið reyna að sanna ósannindi”.

“Eg veit ekki, hvað eg mundi reyna að gera. Hálsinn á yður væri í hættu”, sagði Sampson. “Eg mundi ekki hika við smámuni, það getið þér reitt yður á. Það, sem er mest áfríðandi er að vita, hvo cot var áður gift. Síðan eg heyrð söguna um manninn í La Morgue, geri eg mér goða von”.

“Þér gerið það, góði Sampson. Eg er hræddur að við séum að leita að nál í heystakk”.

Þeir fóru frá St. Malo morguninn eftir og komu til

Aur y litlu eftir hádegis. Fó svagurinn flutti þá frá bíðstöðinni að Stóttell, þar sem gleði og hús eyja og snotur vinnuþóna fóku vel á milli.

Á því Tíma Sampson þekkti ekki þensk. Þetur en fuglakvaða var þá dón. Þvortu sem varð. Annast allar sagði með.

"Nú, nú, g... sagði Jón. Þegar þeir voru -ezt að að... að eigum við nú að gera?"

Þara og þa... kjúbækurnar. Þér þekkið eflaust... annast... yðar?"

"Ékk... naf... of".

"Þar... störf", sagði Treverton. Þu nöfna... dy... hórna. Jája, við skem fara og skoða þ... sagði Sampson.

"Það verður... sagði Treverton. Þu h... skrifad... endi þó hann væri v... H...

"... að lettra?" sagði...

"... að huna... sagði Treverton. Þu h... þess het.

"Kvað þér... sagði Treverton. Þeir f... og gengi... þokke... sást á hnitna... og stja...

Þu Treverton gekk með hve... kungórnid, þagað til hann... úr skrifa-ólum og var að... Það var ygr, góðlegur maður, en h... og þ... amlera. Þegar Jón heitad... h... úr þirþjumi og þar þá upp... þ... og hann...

"Ég kem frá Englandi... sem er fald í þessum þar... "Vita þ... t... Li..."

nokkur af prestunum, sem þessari kirkju tilheyrja, getur munað eftir viðburðum síðustu 20 árána og er fús til að svara spurningum mínum?"

"Áreiðanlega, herra minn, ef spurningar yðar hafa góðan tilgang".

"Þér megið reiða yður á það. Þessi herra er lögmaður minn, og ef hann gæti talað frönsku eða þér ensku, mundi hann bera mér vitni um réttlæti mitt og sannsögli. en því miður getur hann ekki sameinað nema 5 eða 6 orð af yðar fallega tungumáli. Haldið þér, Sampson, að þér getið sagt þessum manni hver eg er?" spurði Treverton.

Sampson roðnaði, en fór svo að lýsa göfugmensku skjólstaðings síns á bjagaðri frönsku.

Presturinn kvaðst sannfærður um hina heiðarlegu stöðu ferðamannanna.

Svo fór hann að segja Treverton, að yfirmaður sinn —faðir Mescam—sóknarpresturinn, hefði síðustu 30 árin þjónað söfnuði þessum, og mundi án efa muna eftir öllum markverðum viðburðum í bænum, og þar eð hann væri góðgjarn maður, myndi hann fús til að svara spurningum þeim, sem ókunnir menn hefðu heimild til að spyrja um.

"Eg er yður þakklátur", sagði Treverton. "en verið mér nú svo góðgjarn, að taka föður Mescam með yður hingað kl. 6 í kveld og borða kveldverð með okkur".

"Þér eruð mjög vngjarnlegur", tautaði presturinn. "Við höfum kveldsöng kl. 5, en kl. 6 eigum við frí. Mér skal vera ánægja að því, að fá föður Mescam til að þiggja boð yðar".

"Þúsund þakkir. Við búum í 'Pavillon d'en haut', þar sem eg vona að geta fengið góðan kveldverð".

"Eg skal ábyrgjast hótelið. Það gerir yður ánægðan".

Presturinn kvaddi og fór.

"Það er undarlegt ef eg get ekki fengið að vita um

æfi konu minnar hjá presti, sem hefir verið hér í 30 ár", sagði Jón.

"Eg tel víst, að hún hafi vakið athygli með fegurð sinni", sagði Sampson.

Þeir gengu ofan eftir götunni og yfir brúna til að skoða gamla kirkju hins vegar við ána. Þaðan gengu þeir upp á hæð eina skamt í burtu og svo heim aftur til hótelsins.

Þjört ljós voru í daglegu stofunni og nægur hiti, þegar þeir komu þar inn.

"Eg vona, að gamli maðurinn, sem á að borða með okkur, geti talað ensku", sagði Sampson.

"En ef hann hefir nú verið alla æfi sína í Auray?"

"Þá er það sönnun um vanþekkingu", sagði Sampson.

Þegar klukkan á torginu sló sex, komu báðir prestarnir inn, nýrakaðir, prúðbúnir og brosandí.

Faðir Mescam var lítil vexti, gamall, fjörlegur og góðmannlegur.

"Eg er yður þakklátur fyrir komuna", sagði Jón, þegar yngri presturinn var búinn að kynna þá.

"Góði herri, þegar vel útlitandi ferðamaður býður mér að borða með sér, verð eg mjög feginn að taka tilboðinu", sagði prestur vingjarnlega. "Ófurlitill súgur af fersku lofti frá úrheiminum gefur lífinu í þessum afkoma góðan ilm".

"En hvað þessi gamli maður talar fljótt", hugsaði Sampson.

Til þess að verða ekki alveg útilokaður frá samræðunum, vogaði Sampson að segja, um leið og hann leit hlýlega á prestinn:

"Froid, Massao, horriblemang, froid!"

Litli presturinn brosti vingjarnlega, en ypti öxlum með vandræðasvip.

"Non moing c'est saisonable temps pour le temp de Pong", bætti Sampson við.

Faðir Mescam var ennþá efablandinn á svip.

“Á eg að segja yður”, sagði Sampson og sneri sér að Jóni, “eg hefi heyrt, að Frökkum veiti erfitt að læra útlend mál, en eg hélt þeir væru ekki svo heimskir, að skilja ekki sitt eigið. Sannasc sagt, Treverton, sé eg enga ástæðu til, að þér þurfið að springa”, Þegar Jón Treverton hallaðist aftur á bak í stólnum og skalf af hlátri. “Allong”, kallaði Sampson, “voicy le potage, ef mér sýnist rétt, þá hafa þeir tæmt brauðbakkann í hana”, sagði hann og leit með viðbjóð á súputarínuna, þar sem hann sá brauðmola fljóta ofan á kjöt-súpunni. “Venez donc, Treverton, si nous avez finni de faire un sat de voter meme, nous powons aussi bien commerce...”

“Mais ami monsieur”, sagði presturinn, glaður yfir því, að hafa skilið tvö orð af síðustu ræðunni. “Oui, oui, oui, monsieur, commencons, commencons, l'est tres'bien dit”.

“Á”, tautaði Sampson, “gamla flóninu þykir gaman að tala um mat”.

Þó að súpan væri ekki álitleg, var hún bragðgóð og svo kom hver matartegundin á eftir annari, svo að Sampson var orðinn hinn ánægðasti. Að lokinni máltíð kom vín á borðið: þá röðuðu þeir sér kringum ofninn, dreyptu við og við á víninu og um leið byrjaði Jón spurningar sínar.

“Mig langar til að spyrja yður margra spurninga, faðir Mescam”, sagði Treverton.

“Spyrjið hvers, sem þér viljið”, svaraði prestur, “á meðan þér ekki spyrjið um það, sem enginn prestur má svara, ráðið þér yfir mér”.

36. KAPÍTULI.

“Faðir Mescam”, sagði Jón, “munið þér eftir, að hafa heyrt talað um unga stúlku, sem flutti úr þessum bæ, sem þvottastúlka, til Parísar, þar sem hún seinna varð nafnkunn sem dansmaer?”

“Eg hefi ástæðu til að muna eftir henni”, sagði prestur, “Því eg hefi skírt hana, fermt hana og gift hana”.

Treverton rauk á fætur og settist aftur í mikilli geðshræringu. Sampson hafði rétt fyrir sér, en fyrri maðurinn gat verið dauður áður en Chicot kom til Parísar.

“Tölum við um sama kvenmanninn”, spurði Jón, — “stúlku, sem gekk undir nafninu ungrú Chicot?”

“Já”, svaraði faðir Mescam, “það er eina stúlkan, sem héðan hefir farið til þess að verða að dansmeyju. Hún var einkennilega fögur, en hjartað hart sem steinn og heilabúið tóm”.

“Um hvað talar hann?” spurði Sampson.

“Bíddu, kæri vinur. Eg er að komast að uppgötvun, — hún átti mann á undan mér”.

“Auðvitað”, sagði Sampson sigri hrósandi. “Mig furðar að eins, að hún skyldi ekki eiga nema einn eiginmann, eg bjóst við, að hún ætti sex”.

“Þegið þér”, sagði Jón í skipandi róm, og fyllti svo vínglas föður Mescams. áður en hann spurði hann aftur. “Þér sögðust hafa gift Chicot?”

“Hún hét ekki Chicot, þegar eg gifti hana, heldur María Pommellec, elzta dóttir gamals fiskimanns, sem var afar drykkfeldur eins og faðir hans, afi og langafi.

Hún var mjög léttúðug, og eg áleit að hennar eina frelsun væri að giftast snemma, og því réði eg henni til að giftast Kergariou, þegar hún var 17 ára og hann bað hennar”.

“Hver var þessi Kergariou?”

“Hann var sjómaður og ágætur drengur. Þau léku saman sem börn og gengu í sama skólann og sama bekk. Hann var vel greindur, en hún heimsk. Hann átti dálítið af peningum og fékk sér hús niður við skipaklöppina. Auðvitað ætlaði hann að stunda sjómensku, en hún átti að vera heima og vinna sér eitt-hvað inn fyrir þvott”.

“Og hann kvongaðist henni?”

“Já, þau voru gift í næstu kirkjunni hérna annan dag páska”.

“Munið þér hvaða ár?”

“Nei, en ég get fundið það í þeirri bók, sem allar giftingar eru skrifaðar í, en eg get sagt yður hvaða ár vesalings Kergariou dó”.

“Hann er þá dáinn?” spurði Treverton.

“Já, seinasta sumar voru þrjú ár síðan hann varð fyrir hinum hryllilega dauða”.

“Hryllilega dauða”, endurtók Treverton. “Hvernig hryllilegum?”

“Það ók vagn yfir hann á Boulevard St. Denis í París, og deyddi hann”.

“Vagn ekið yfir hann á Boulevarden fyrir þremur árum?” endurtók Treverton. “Já, eg man það”.

“Þektuð þér hann?”

“Nei, en eg var í París, þegar óhappið vildi til”.

Jón mintist viðburðarinn í La Morgue og náföla andlitsins á konu sinni, þegar hann fór út með hana.

“Segið þér mér allt, sem þér vitið um Kergariou og konu hans”, sagði hann við prestinn. “Mér er mjög á-ríðandi, að þekkja það allt saman og vil vera yður þakklátur alla æfi mína”.

“Ekki alveg alla æfina býst eg við”, sagði presturinn brosandí. Ef lengd mannsæfinnar ætti að miða við þakklætistilfirningu hans, yrði hún naumast löng”.

“Reynið þér mig”, sagði Jón Treverton. “Gefið þér mérgilda sönnun fyrir, að María Pomellec og dansmeyjan Chicot hafi verið ein og sama persóna, og að maðurinn, sem varð fyrir slysinu á Boulevarden fyrir þremur árum síðan, hafi verið eiginmaður hennar. Leggið þér fyrir mig hvaða reynslu, sem þér viljið, og þér munuð aldrei finna mig óþakklátan”.

“Það finnast auðvitað heiðarlegar undantekningar”, sagði prestur og ypti öxlum. “En sannanirnar viðvíkjandi Maríu Pomellec er auðvelt að fá”.

“Hvernig atvikaðist það, að María Kergariou skyldi fara frá Auray?”

“Fyrsta árið kom hjónunum vel saman, þegar hann var heima, en annað árið lentu þau í þrætum, og eitt kvöld, áður en hann lagði af stað í Grænlandsferð, þrættu þau voðalega. Daginn eftir fór hann um borð, og áður en vikan var liðin, var hún farin af stað til Parísar. Þegar hann kom heim aftur, fór hann til Parísar að leita hennar, en fann hana ekki, því þá var hún ekki orðin nafnkunn. Hann fór aftur til Grænlands, og þegar hann kom heim úr þeirri ferð, fór hann aftur til Parísar, því þá frétti hann, hvar hún var, en þá varð hann fyrir þessu slysi, sem olli dauða hans”.

“Voðalegur endir”, sagði Treverton.

“Ekki voðalegri en hennar, sem blöðin sögðu að hefði verið myrt af manningum, sem hún bjó með”, prestur.

Prestarnir hjálpuðu þeim til að tæma aðra vínlöskuna, og lofuðu að útvega honum lögræðing, sem gæti gefið honum gild skjöl fyrir giftingu Maríu og dauða manns hennar.

“Hafi þolinmæði nokkurs manns orðið fyrir

reynslu, þá hefir mín orðið það í kvöld", sagði Sampson. "Hvað sagði gamli presturinn yður?"

Jón sagði honum nú frá öllu, sem hann hafði komist eftir hjá prestinum.

"Þetta grunaði mig. Nú eruð þér réttur eigandi að öllu, sem Jasper Treverton átti", sagði Sampson.

Undir eins og skrifstofan var opnuð um morguninn, sendi Jón símskeyti til konu sinnar á þessa leið:

"Góðar fregnir fyrir þig. Nákvæmar útskýrðar í bréfinu í dag".

Klukkan 11 var Jón og lögmaður hans á leið til Parísar með hraðlest.

37. KAPÍTULI.

Meðan Treverton var í París og beið eftir sönnunum þeim, sem lögfræðingurinn í Auray hafði lofað honum, sat Lára heima og var hnuggin mjög. Hún fékk símskeytið fyrir hádegið, sem hugaði hana að nokkru leyti, en samt hjóst hún við, að maður hennar yrði sakaður um morðið.

Hún var sannfærð um, að maður sinn væri saklaus, en jafn sannfærð um, að lögreglan ætlaði hann sekan.

"Ef hann væri hér heima hjá mér, myndi eg ekki þjást af þessum kvölum", hugsaði hún. "Hann ætti að vera hér".

Celia hafði tvisvar komið til Manor House síðan Jón fór, en í hvorugt skiftið fékk hún að sjá Láru, sem sagðist vera of vesæl til að taka á móti gestum. Hegð-

an Eðvarðs hafði vakið hjá henni hræðslu og óbeit. Hún gat ekki rétt systur hans hendi sína, — hún gat naumast verið sönn, þegar hann var eins falskur og hann var.

“Eg verð hrædd við Celin eftir þetta”, hugsaði hún. Þegar presturinn kom, sem altaf hafði verið heuni svo góður, gat hún ekki fengið sig til að neita að tala við hann. Hún óttaðist engar ásakanir frá honum.

“Þetta er mjög sorglegt tölfi, góða mín”, sagði hann, þegar Lára var sezt við hlið hennar og klappaði hendi hennar. “Þú megið ekki missa kjarkinn, góða Lára, þó þessar ástæður séu svo flóknar, að maður geti ekki skilið þær. Að hugsa sér, að göfugmenn einsof Jón Treverton hafi gifst franskri dansmey, það er óskiljanlegt. Hefði gamli vinur minn vítað þetta, þá hefði hann aldrei arfleitt Jón. Hann hefði arfleitt yður”.

“Þér gleymið því, að hann var búinn að sverja, að gera það ekki”, sagði Lára dálítið móðguð.

“Það var mögulegt, að komast í kringum það loforð svikalaust. Hann hefði aldrei arfleitt mann, sem var giftur franskri dansmæri”.

“Hvers vegna þurfum við að tala um þetta?” sagði Lára. “Hafi maður minn verið bundinn, þegar hann kvongaðist mér, þá skilum við eignunum aftur — það er alt”.

“Það er einsof þér virðið þessar 14 þúsund punda tekjur árlega einskis. Þér hafið lifað í þessu húsi og notið auðsins eftir vild, svo þér kunnið ekki að meta missir hans”.

“Eg get lifað með manni mínum í hvaða húsi sem er, á meðan við höfum hreina samvirkni”.

“Góða Lára mín, mig hryllir við að heyra, að þér skuluð ætla að lifa við lítinn líffeyri. — Þér, sem aldrei hafið reynt, hvað peningaskortur er”.

“Þér hljótið að álíta mig kjarklausa, ef þér haldið

að eg hræðist fátækt við hlið þess manns, sem eg elska. Eg get borið alt, nema vansæmd hans”.

“Guð gefi, að maður yðar verði sýknaður og að þessi glæpur, sem honum er ætlaður, falli á þann, sem hefir framið hann, svo grunurinn falli í gleymsku”.

“Sonur yðar veit um þenna grun”, sagði Lára.

“Sonur minn veit það. Já, Lára, en þér megið ekki ætla honum að hann noti sér þekkingu þá til að skaða hagsmunum yðar. Það var virðing hans fyrir yður, sem gerði hann svo æstan á sunnudaginn”.

“Er það virðing hans fyrir mér, sem kemur honum ítl að hata manninn minn? Fyrirgefið þér, að eg segi meiningu mína hr. Clare. Þér hafið ávalt verið mér vingjarnlegur, og eg eiska yður og konu yðar, en eg veit, að sonur yðar hatar manninn minn, og eg óttast, að hann noti þekkingu sína okkur til illa”.

“Þér þurfið ekki að óttast Eðvarð, góða mín”, sagði prestur og klappaði hendi hennar.

“Gerarð veit líka um leyndarmálið”.

“Hann geymir það hjá sér. Enginn, sem lítur á andlit Jóns Treverton, getur álitid hann morðingja”.

“Nei”, sagði Lára, “þessir vondu menn, sem skrifa í blöðin höfðu aldrei séð hann”.

“Góða Lára, þér megið ekkert tillit taka til blaðasnápa, þeir skrifa um alt mögulegt, satt og logið”.

Lára sagði prestinum frá símskeytinu.

“Það er ágætt”, sagði presturinn ánægður. “Og nú verðið þér að koma heim með mér. Celin langar til að sjá yður, hún segist ekki mega koma hingað”.

“Veit Celia — — —?”

“Ekki neitt. Hvorki hún eða móðir hennar. Þær vita, að Treverton fór burt í viðskiftaerindum.— annað ekki. Þér getið óhultar komið heim með mér”.

“Afsakið mig, eg get ekki farið að heiman, — Jón getur komið heim á hverju augnabliki”.

"Jæja, sem þér viljið. Eg ætla að senda Celiu hingað til að vera yður til skemtunar".

"Nei, gerið þér það ekki. Eg vil helst vera ein með áhyggjur mínar".

"Takið þér þá hattinn yðar og fylgið mér út að garðshliðinu þér eruð svo íölar".

Lára gerði sem hann bað: hún hafði ekki komið út úr húsinu síðan Jón fór, og kalda vetrarloftið hresti hana mikið.

Mitt á milli hússins og brautarinnar mættu þau ókunnnum manni, miðaldra að útliti, góðlegum og heiðarlegum. Hann leit á Láru með athygli, nam staðar, tók ofan og sagði:

"Afsakið, frú, má ég spyrja, hvort Treverton sé heima?"

"Hann er að ferðast".

"Það er leitt, eg þurfti að finna hann. Haldið þér að hann verði lengi fjarverandi?"

"Eg býst við honum á hverjum degi", svaraði Lára. "Eruð þér einn af leiguliðum hans? Eg minnst ekki, að hafa séð yður fyr".

"Nei, frú; en eg er samt sem áður leiguliði. Hr. Treverton á lóðirnar undir nokkrum húsum sem eg á í Beechhampton; það er verið að ráðgera að leggja þur-ræsingarpípur, en eg get ekki byrjað á neinu fyr en eg finn hann. Þur-ræsing er atriði, sem ekki má dragast lengi, sjáið þér", sagði maðurinn og sneri sér að prestinum.

"Eg er hræddur um, að þér verðið að bíða til vikulokanna", sagði prestur. "Hr. Treverton hafði árfðandi erindi að framkvæma, og eg held hann geti ekki komið fyr".

"Eg er yður þakklátur, herra minn. Eg verð þá að bíða og koma aftur".

"Það er best, að þér segið mér nafn yðar, og eg skal

þá segja manni mínum frá þessu undir eins og hann kemur".

"Kæra þökk, frú; en eg vil ekki ómaka yður með nein skilaboð. Eg er hjá vini mínum niðri í bænum, og þegar eg verð þess vís að hr. Treverton er kominn þá kem eg aftur.

Hann kvaddi og fór.

"Sérlega kurteis maður", sagði presturinn. "Eg hélt eg þekti alla bæjarbúa, en þenna mann hefi eg ekki fyr séð".

Þessi viðburður, þó lítil væri, vakti kvíða hjá Láru.

38. KAPITULL

Daginn eftir að síra Clare heimsótti Láru, fékk hún langt bréf frá manni sínum, sem sagði henni, hvað fyrir hefði komið í Auray.

Þegar hann var búinn að segja frá öllu, sem faðir Mescam hafði frætt hann um, skrifar hann: "Þú sérð því, góða mín, að hvað sem fyrir kemur, þá er staða okkar gagnvart erfðaskránni óhult. Gifting okkar í Hazlehurst var lögmæt. Franska vesalings stúlkan var ekki löglega kona mín. Hvort hún hefir tælt mig af ásettu ráði veit eg ekki; en hitt er líklegra, að hún hafi heyrt, að Kergariou væri dauður og álitid sig ekkju. Eg dvel hér í París þangað til eg er búinn að fá þessi lögformlegu skjöl um giftingu og dauða Kergariou, og flýti mér svo heim til þín, elskan mín, til að mæta þeim hættum, sem óvinátta Eðvarðs Clare bakar mér. Egheld við þurfum engan annan að ottast á ókomna tínanum, og eg vona, að eg sé fær um, að mæta jafn auðvirðilegum mótstöðumanni. Vagn-

Inn bíður til að flytja mig á biðstöðina. Guð blessi þig og launi þér þína eðallyndu trygð við þinn vesalings mann.

Jón Treverton.

Það gladdi Láru mikið, að hin fyrri gifting þeirra var gild, svo að nú áttu þau arfinn með réttu.

"Góða, gamla heimilið mitt. Guði sé lof, að eg þarf ekki að yfirgefa þig", hugsaði Lára og leit í kringum sig.

Meðan Lára sat við ofninn og var að hugsa um efnid í bréfi manns síns var hurðin skyndilega opnuð og inn kom Celia, þaut til Láru og féll á kné við stól hennar.

"Lára, hvað aðskilur okkur?" sagði hún. "Hvers vegna lokarðu hjarta þínu fyrir mér? Eg sé það á þabba, að eitthvað er að. Hefi eg verið svo fölsk vinstúlka, að þú þorir ekki að treysta mér?"

Celia var svo alvarleg og svipurinn svo hreinskilinn, að Lára gat ekki fengið sig til að finna að þessari óboðnu og óleyfðu komu hennar.

"Þú ert ekki fölsk, Celia", sagði Lára, "en eg veit, að bróðir þinn hatar manninn minn".

"Það er hart af þér að segja þetta, Lára. Þú veizt, hvað innilega hann elskaði þig, og hve gifting þín féll honum sárt".

"Gerði hann það Celia? Og þó þagði hann ávalt".

"Hvaða gagu var í því fyrir hann að biðja þín, jafn fátækur og hann er. Náttúra hans er of skáldleg til að geta horft á ógnir fátæktarinnar", sagði Celia.

"Eg held að mörg skáld, og það sum hinna beztu hafi séð þessar ógnir".

"Af því þeir voru neyddir til þess, svo sem Chatterton og Burns, en stóru skáldin, einsog Byron og Shelley, kröfðust lystiskipa. Ítalskra skemtibústaða, ágætra hesta, Nýfundnalandshunda og slíks", sagði Celia.

“Látum svo vera, góða mín: eg ásaka ekki Eðvarð fyrir að hafa ekki beðið mín því eg hefði neitað honum, ef hann hefði gert það. En finst þér það ekki benda á sjúkan hugsunarhátt, að hann læzt vera móðgaður af því eg giftist öðrum?”

“Hann læst ekki vera móðgaður, hann er það. Þú mátt ekki vera reið við hann fyrir þá gremju, sem stafar af tilfinningum hans til þín”.

“Eg er mjög reið við hann fyrir hans ósanngjarna og óréttláta hatur til mannsins míns. Eg held, Celia, að ef þú vissir, hve hatur hans er stórkostlegt, þá mundir þú einnig ásaka hann fyrir ranga breytni”.

“Eg velt ekkert, Lára, nema að Eðvarð líður illa; hann lokar sig inni á daginn undir því yfirskini, að hann sé að vinna, en hann vinnur ekkert, hann situr við ofninn og hugsar og reykir einsog — já, einsog hvað? Gufuvagn er ekkert í samanburði við hann”.

“Það er gott, að hann er ekki samvizkulaus”, sagði Lára.

“Þú átt við, að það gleðji þig, að honum líður illa”, sagði Celia, “því mér finst að hin helzu störf samvizkunnar sé að gera okkur ógæfusöm; hún stöðvar okkur aldrei, þegar við erum að gera eitthvað rangt, en kvelur okkur á eftir. Við skulum sleppa þessu. -- Mamma það mig að gera alt, sem eg gæti, til að hugga þig: henni líkar illa að þér skuli ekki líða vel”.

“Mér leiðist ávalt, þegar maðurinn minn er ekki heima, en eg hefi fengið skemtlegt bréf frá honum í dag og býst við, að hann komi bráðlega heim, svo eg get verið eins vongóð og þú vilt. Eg hefi verið hörð og vanþakklát við þig, góða mín. Eg ætla að skrifa mömmu þinni fáeinar línur, og segja að þú verðir hér til laugardags”.

“Gerðu það, ef þú óskar þess. Eg held eg þoli það, þó eg sé fáeina daga að heiman”.

Celia tók hattinn af sér og fór úr kápu sinni, en Lára hringdi borðklukkunni og bað um te.

Teborðið var flutt að ofninum og teinu helt í bollana. Celia var óvanalega þögul síðustu tíu mínúturnar.

“Þú sagðir, Celia, að mauma þín hefði beðið þig að vera káta, en eg held þú hafir aldrei, fyr en í kveld, getað þagað í tíu mínútur”, sagði Lára.

“Við skulum þá fara að taia”, sagði Celia, er vaknaði af dagdreumum sínum við þessi orð Láru.

“Hvað eigum við að tala um?”

“Nú, sé þér það ekki á móti gætt þó skulum við tala um ungan mann”.

“Celia!”

“Þér finst það voðalegt”, sagði Celia, en svo eg segi eins og er, þá hugsa eg mest um það nú. Eg hef seinustu þrjú dagana ekki um annað hugsað”.

Lára þagði og horði á eldinn.

“Eg býst við, að það sé Gerarð”, sagði hún loksins.

“Hvernig ferðu að geta þess?”

“Það er auðvelt. Hér eru að eins tveir álitlegir ungir menn, og þú hefir sagt mér hundrað sinnum, að þú vildir hvorugan. Hr. Gerarð er eini gesturinn, sem komið hefir á prestssetrið, svo gátan er auðráðin”.

“Heldur þú, Lára, að eg sé af þeim flokki kvenna, sem geta gifst fátækum manni?” sagði Celia áköf.

“Það er mjög sennilegt, að þú getir gert það, af því að þú hefir ávalt sagt að þú gerðir það aldrei”.

“Ekkert gæti heldur komið mér til þess”, sagði Celia.

“Er það mögulegt?”

“Nema eg væri ákaflega ástfangin af fátækum manni”.

“Er það komið svona langt?”

“Það er komið beina leið til hjarta míns. Ó, Lára, ef þú vissir, hve góður hann er, hve kjarklega hann hefir barist við tilveruma, með hve miklum dugnaði og ást hann stundar stöðu sína, — þá gætir þú ekki annað en dást að honum. Eg er viss um, að hann verður mikill maður, sem nær í auð og metorð með tímanum”.

“Viltu giftast honum af því þú ert sannfærð um þetta?”

“Hann hefir enn ekki spurt mig um það. Þó ég haldi, að það hafi oft verið komið út á varir hans. Hann á heima í lélegri götu í London, í lélegasta hluta borgarinnar, hefir 150 pund um árið og borgar 30 pund í húsaleigu. Það er vöðalegt, að hugsa til þess fyrir mig, sem er svo skrautgjörn”.

“Sannarlega vöðalegt, vina mín, ef þú álitur skrantlegan fatnað og allsnægtir vera helztu gæði lífsins”.

“Eg álit þetta ekki æðstu gæðin, góða vina, en eg álit vöntun þess vera harða reynslu” svaraði Celia.

“Eg vildi ekki gifta mig fyrir augnbliks áhrif, af ótta fyrir, að æfilöng iðran yrði afleiðingin. Þú þekkir hr. Gerarð enn svo lítið, að það er lítt hugsanlegt, að þú skeytir hið minsta um hann”.

“Eg er ekki alveg svo heimsk, að eg byrji strax að elska við fyrsta augntillitið, en mér finst eg þekkja Gerarð eins vel og við hefðum verið vinir í 3 ár í stað 3 daga”.

“Er ekki bróðir þinn og hann góðir vinir?”

“Eg skil ekki, hvernig vináttu þeirra er varið. Eðvarð er svo þögull um allt, sem snertir Gerarð, og eg vil ekki spyrja hann svo að hann fái engan grun um tilfinningar mínar viðvikjandi unga manningum”.

“Er Gerarð farinn til London?”

“Já”, sagði Celia. “Hann fór snemma á þriðju-dagsmorguninum með Parlaments-lestinni. Að hugsa

sér, að framtíðarinnar Sir William Jenner skyldi ferðast með jafn hægfara lest í vanalegum gripavagni”.

Honum verður bráðlega umbannað ríkulega, ef hann er framtíðarinnar Jenner”.

“Já, en það er langt að bíða”, sagði Celia hnuggin.

“Það er auðvitað”, sagði Lára; “en konn, sem sæti heima við bág kjör, findist tíminn ennþá lengri”.

“Sæti!” endurtók Celia. “Hún gæti aldrei setið kyr, — hún yrði að sópa gólfid þvo, elda mat eða sauna hnappa í fót”.

“Eg held þú ættir að sleppa þessari lingsun, Celia, og hugsa heldur um Sampson, sem dáið að þér af alvöru, og sem á gott hús og hefir góðar tekjur”.

“Gott hús!” sagði Celia með fyrirliðningu. “Þá vil eg heldur eiga heima í lélegu herbergjunum hans Gerarðs. Gott hús? Og allir húsmunirnir eins ljótir og þeir geta verið!”

“Ef húsmunirnir eru eina hindranin, þá er eg viss um, að hann fær sér aðra nýja”.

“Húsmunirnir eina hindranin!” sagði Celia gröm. “Þekkirðu nokkuð í fari mínu eða hunderni, sem heimilar þér að ætla að eg giftist litlum, stuttnefjuðum, ranðhærðum mauri?”

“Sleppum þá giftingarspjallinn. Þú segist ekki geta gifst Sampson, og Gerarð áttu ekki að giftast”.

Þú þarft ekki að óttast að eg fremji slíka heimsku — hann er farinn til London aftur, og óvíst að eg sjái hann nokkru sinni trana.

Af því bréf Trevertons hafði gítt Lárnu, gat hún haldið við kátinuðni Lára Celiu, og kveldið var allskemtilegt. Næsti dagur var laugardagur, og Lára gerði sér von um, að Jón gæti kannske komið heima um kveldið. Celia vildi annaðhvort aka til Beechampton eða ganga um heiðina en Lára vildi ekki fara fæti lengra, en svo að hún sæi garðshildið.

“Þú mátt vera viss um, að maðurinn þinn kemur

ekki, meðan þú hugsar svona mikið um hann. — Reyndu að hætta að hugsa um hann”, sagði Celia.

“Eg get það ekki”, svaraði Lára. “Hann er hluti af mér sjálfri”.

Celia stundi; hún fann, hvað hún hafði hugsað mikið um Gerarð og grunaði, að ef hún yrði alvarlega ástfangin, þá yrði hún eins barnaleg og Lára.

Þeim fanst báðum dagurinn langur en um síðir kom þó kveldið.

Ágætur kveldverður var búinn til í þeirri von, að Jón kæmi. Þegar klukkan var 7 og Jón ekki kominn var matarneyzlunni frestað til klukkan 8. Lára vildi helst fresta henni til klukkan 9, en Celia var ekki algerlega á sömu skoðun.

“Eg álst að þú hafir ekki beðið mig að vera hér til þess að svelta mig með ásettu ráði, en það er þó það, sem þú gerir. Trevertou getur ekki komið fyrr en klukkan hálfellefu, því lestin kemur ekki fyrr en klukkan rúmlega 10, svo þú getur gefið mér ögn að borða, þó að þú svífir of hátt í skýjunum til þess að eina matarlyst”.

“Eg svíf ekki í skýjunum góða, eg er bara kvíðandi”.

Þær gengu inn í borðsalinn og settust að borðinu — Celia neytti matarins með beztu lyst, en Lára borðaði ekkert.

“Þegar Celia var búin að borða, sagði hún:

“Kveldið er hjart og fagurt, Lára, eigum við ekki að fara í skjólfatnaðinn okkar, fara út og mæta vagninum?”

“Helzt af öllu vil ég það”, sagði Lára.

Fimm mínútum síðar voru þær komnar út og gengu hratt þangað sem brautin heim að húsinu byrjaði.

Þær voru ekki komnar langt, þegar Celia sá mann nokkurn gangandi spottakorn á undan þeim.

"Þetta er undarlegur maður", sagði hún. "Líttu á hann, Lára; ég vona hann sé ekki húsbrotspjófur".

"Hvers vegna ættri hann að vera þjófur? Það er líklega farandsali, sem hefir farið að eldhússdyrun-til að bjóða vörur sínar".

"Klukkan tíu um kveldtíma — það er mjög ólíklegt. Allir skikkanlegir verzlunarmenn í þorpinu eru háttáðir og sofnaðir um þetta leyti", sagði Celia.

Lára svaraði engu.

"Við skulum reyna að ná honum", sagði Celia. "Þú átt ekki að leyfa ókunnnum mönnum að flækjast kringum hús þitt, án þess að vita, hverjir þeir eru. Hann hefir ef til vill skammtbyssu, en eg ætla að reyna það samt".

Þegar Celia slepti seinasta orðinu, þaut hún af stað og náði brátt manniinum, er sneri við, þegar hann heyrði til hennar.

"Eg bið afsökunar", sagði Celia. "Koumð þér með nokkra sendingu til Manor House?"

"Nei, ungrú eg gerði að eins fyrirspurn", svaraði maðurinn.

"Hann er einn af leiguliðum Jóns", sagði Lára, sem komin var til þeirra. "Eg býst við, að þér hafið verið að spyrja eftir hr. Treverton?"

"Já, frú. Eg verð að fara á mánudagsmorgunina og er orðinn órólegur. Eg verð að finna hr. Treverton áður en eg fer heim. Það sparar mér ferð fram og aftur, og tíminn eru peningar fyrir mann í minni stöðu".

"Eg býst við honum í kveld", sagði Lára viðgjarnlega, "og ef hann kemur heim, sem eg vona, efast eg ekki um, að hann vilji sjá yður eins snemma á mánudagsmorguninn og þér viljið. Kl. 9 t. d., ef það er ekki of snemt fyrir yður".

"Kæra þökk, frú; það er hentugur tími".

"Góða nótt", sagði Lára.

Maðurinn tók ofan hattinn og fór.

"Kurtels maður", sagði Celia. "Ekki hið minsta líkur þjófum".

"Þarna er hann!" kallaði Lára.

"Hver þá?"

"Vagninn. Já, eg er viss um það. Jú, hann er með! Við skulum hlaupa út að hliðinu, Celia".

Þær hlupu eins hart og skólástúlkur, og komu að hliðinu á sömu stundu og vagninn sneri inn í trjáganginn.

"Jón!" kallaði Lára.

"Bíddu við!" kallaði Jón til ökumanns, um leið og hann stökk ofan úr vagninum.

"Komið þér ofan úr vagninum, Sampson", sagði Treverton. "við skulum ganga heim að húsinu með stúlkunum".

Hann tók hendi konu sinnar og gekk af stað, en lét þau Celin og Sampson eiga sig.

Þau höfðu margt að segja hvort öðru, hjónin. — Jón var sérlega glaður yfir því, að enginn gat rekið hann burtu af þessu heimili, sem þau elskuðu bæði.

Tom Sampson og unefn Clare gengu á eftir hjónunum. Hana sýðangaði til að spyrja, hvar þeir hefðu verið og hvað þeir hefðu verið að gera, en var hrædd um, að það yrði álitin, feryitni og mundi jafnframt vera gagnslaust.

Hún kom því að eins með vanalegar athugasemdir.

"Ég vona, að þér hafið haft það sem Yankeearnir kalla góðan tíma, hr. Sampson", sagði hún.

"Mjög góðan, kerra þökk, unefn Clare", svaraði Sampson sem datt í hug dagverður, er hann hafði etíð hía Vefour daginn áður en hann fór úr París. Matreiðslan er af beztu tegum-F".

"Ég býst við, að þér hafið komið með hraðlestinni frá Waterloo?" sagði Celia.

“Já, og það er ágæt lest”.

“Ó”, stundi Celia, “ég vildi að eg þekti meira til járnbrautarlesta en eg geri. Eg er svo fastgróin í jarðvegi fæðingarhéraðs míns, að mér finst eg næstum vera gróðurjurt”.

“Ekki þurfið þér að hræðast það”, sagði Sampson. “Slík hefðarmey, sem þér eruð — að eins fjör, gáfur og ötulleiki — það eru engar líkur til, að þér verðið nokkurntíma í þeirri deild. En það er eitt-hvað líkt jurt við Elfu systur mína. Það er sorglegt líf fyrir mann, sem krefst andrúks. Ef þér að einn vissuð, hve heitt eg þrái stundum annan og fjörugri félagsskap”.

“Eg veit ekkert um það”, svaraði Celia þurlega.

“Þér ættuð að vita það, ef þér hefðuð sömu samhygd fyrir mínum hugsunum og eg fyrir yðar”, sagði Sampson.

“Rugl”, sagði Celia. “Hvaða samhygd getur verið á milli lögmanns og stúlku, sem ekki þekkir eitt orð í lögum?”

“Eg þarf einmitt að geta verið saman við persónu, sem getur dregið, huga mínu frá lagastarfinum með köflum. Mig skortir heimili, ungfrú Clare — heimili”.

“Hvað eruð þér ag segja? Þér eigið gat hús og góða ráðskonu þar sem systir yðar er”.

“Hún er ef til vill góð ráðskona; hún er óþarflega sparsönn”.

“Vesalings ungfrú Sampson — það er of mikil umhyggjusemi af henni, að taka svo mikið tillit til peninga yðar”.

“Það er satt, ungfrú Clare”, svaraði Sampson, “en þrátt fyrir sparnað sinn kampa hún sér ósköpin öll af nýjum höttum og fatnaði. Það er engin stúlka í Hazlehurst jafn vel klædd og hún, að yður undanskilinni. Þér hafið eflaust veitt þessu athygli”.

“Já, eg hefi gert það” sagði Celia, er varla gut var-

ist hlátri. "Eg dáist að höttunum hennar og öfunda hana af þeim".

"Öfunda hana þurfið þér ekki; þér eruð miklu fullkonnari. Þegar eg gifti mig, verður Eliza að fara".

"En þér hugsið líklega ekki um giftingu fyrst um sinn?" sagði Celia.

"Fyrst um sinn", endurtók Sampson. "Eg er 33 ára gamall, svo það er kominn tími til þess; en það er að eins ein stúlka í öllum heiminum sem ég vil, annars verð eg piparsveinn alla æfi".

"Þetta er of fljóthugsaður ásetningur. Þér hafið ekki séð allar stúlkur í heiminum ennþá. Í Brighton eru margar fallegar stúlkur. Hvers vegna viljið þér ekki reyna það þar?"

"Eg ætla hvorki að reyna það í Brighton né annarsstaðar. Það er að eins ein stúlka sem eg vil eiga fyrir konu. Celia, þér verðið að skilja það og vita það, — þér eruð þessi stúlka".

"Það hryggir mig", sagði Celia. "Það er svo voðalegt".

"Það er alls ekki voðalegt, en kemur máské nokkuð óvænt. Eg hefi um langan tíma dáðst að yður og hugsað um yður, og því gat eg ekki þagað lengur, þegar tækifærið bauðst til að segja yður einsog er. Celia, þér megið ekki segja nei".

"En eg verð að segja nei", sagði Celia.

"Ekki óumbreytanlegt nei?"

"Jú, algjörlega óumbreytanlegt nei. Eg kann auðvitað vel við yður, einsog allar aðrar stúlkur, af því þér eruð góður, sannur og heiðarlegur maður, en eg get aldrei hugsað um yður nema sem vin".

"Meinið þér þetta í alvöru?" spurði Sampson.

"Já, í fullri alvöru", svaraði Celia.

"En þér getið hlotið lakari mann".

"Á því er enginn efi. En eg er ekki skyldug til að giftast; eg get farið að dæmi Elizabetar drottningar".

"Það er ekki líklegt. Ung stúlka með yðar lundarfari lifir ekki lengi ógift. Nei, þér giftist einhverjum fallegum slóða, og sú stund getur komið, að þér iðrist eftir að hafa neitað heiðarlegum manni".

Þau voru nú komin heim að húsinu og Celia fann að hún gat ekki svarað þessum orðum, án þess að beita ónotum. Hún nam staðar í dyraganginum og sagði:

"Réttið þér mér hendi yðar, hr. Sampson, til merkis um, að þér séuð mér ekki reiður. Þér megið vera viss um, að eg skoða yður sem vin heimilis míns og ættingja".

Hún beið ekki svars, en þaut upp á loft, ákveðin í því, að láta engan sjá sig þetta kveld.

Sampson stóð kyr og var að hugsa um að fara án þess að kveðja skjólstaðing sinn; en á meðan hann var að hugsa um þetta, kom Jón Treverton fram í öndina til að líta eftir honum.

"Nú, Sampson, hvað eruð þér að gera hérna?" sagði hann. "Komið þér inn að borða. Þér hafið lítið borðað síðan við fórum frá París".

"Sama sem ekkert", svaraði Sampson. "Eg ætti að vera svangur, en eg er það ekki".

"Það er eitthvað, sem amar að yður, hr. Sampson", sagði Lára vingjarnlega.

"Eg er dálítið huugginn í kveld, frú Treverton".

"Huugginn í kveld, eftir sigurinn, sem þér unnuð í Auray? Var það ekki undarlegt, Lára, að honum skyldi koma til hugar, að hið fyrra hjónaband mitt væri ógilt?"

Af því það var eina úrræðið til þess að þér gætuð haldið eignunum, þá datt mér það í hug", sagði Sampson.

Sú hugsun, að hann hefði frelsað eignir skjólstaðings síns, ásamt tvefmur staupum af kampavíni, gladdi huga hans, og kveldið endaði með því, að hann

borðaði sig mettán og þaut svo heim á leið um miðnætti, ánægður með sjólfan sig og lífið í heild sinni".

"Það er máske best, að eg lifi ógiftur", hugsaði Sampson, "en eg verð að segja Elizú, að hún megi ekki spara jafn mikið og hún hefir gert. Eg þarf betri mat en eg hefi fengið hinga til".

Sunnudagurinn var friðsamur og rólegur fyrir Jón Treverton og konu hans. Þau voru í kyrkjummi bæði fyrri og síðari hluta dags, sem vakti grenju hið Eðvarð.

"Skal hann halda, að stormurinn sé á enda?" hugsaði Eðvarð. "Hann fær bráðum að vita annað".

Að lokinni guðsþjónustunni um kveldið fór prestinn til Manor House, og var langa stund inni í bókaherberginu, að tala við Jón Treverton, sem sýndi honum sköflur frá Amay, og sagði, hvað þar hefði gerst.

"Forskjólin hefir verið yður góð, hr. Treverton, að feka yður frá þessari óvirðingu, sem er iðrunarverð", sagði presturinn.

"Eg iðrast líka þessum yfirsjónum, sem bakaði hefni sorg, er eg elska heitara en sjálfan mig; eg gerði þetta í því hyni að gagna hefni, en sé nú að það var rangt".

"Jæja, við skulum gleyma þessu" sagði presturinn. "Mér hefði fallið þungt, að sjá ykkur rekiu út úr þessu húsi".

"Einsog Adam og Eyu úr Paradís", sagði Jón Þrosandi. "Og einu vesalings Eya ólyg saklaus".

Svo gengu þeir inn í daglegu stofuna, þar sem Lána og Celia sátu við ofninn og lásu Robertsons prédikanir.

"Hve ástríkur hann hefir verið", sagði Celia, "eg hefði orðið vöðulega ástfangin í honum, ef eg hefði átt helma í Brighton á hans dögum. Það eru einu

prédikanirnar, sem eg get lesið án leiðinda. "Eg vildi að abbi vildi læra af honum — —".

Hún þagnaði, þegar hún sá föður sinn, sem gekk beina leið til Láru og brýsti hendi hennar mjög innilega.

"Góða, góða stulkan mín", sagði hann. "Forsjóni hefir hlíf þér; nú þarftu ekki lengur að hræðast neitt".

Það var ekki fyrr en morguninn eftir að Lára mundi eftir manningnum frá Beechampton. Þegar þau sátu við morgunverð í bókaherbergjun.

"Það er satt", sagði Lára, "eg hef eileymt að segja þér frá leiguliða þínum í Beechampton. Hann kemur hingað til að tala við þig kl. 9".

"Leiguliða minn í Beechampton, góða", sagði Jón. "Eg á enga laudeign í Beechampton, að eins Jóðurgjald, sem Samson umbeomi".

"En þóttu er viðvikandi þurrt sé og leiguliðinn vill finna þig".

"Já, ef hann kemur ekki til en eftir 9, lét eg ekki sínt honum, því eg hef leidið mig hestíma minn kl. 9 til að fara á veiðar og lítið væru handa vökur Celin, svo þið getið ekið til veiðistöðvanna. Það er þjátt og hrætt veður, sem ætti að þræssa þó".

Lára hrir gdi klukkunnar og bað "þú munt að enda eldhvöfja stúlkuna upp til Celin og veðja þeim" og segja henni, að vera viðbúinni að aka sér til skemmtunar kl. 9.

Hjónin sátu við morgunverð; þegar hún þangað til klukkan var hálf níu og sólin farin að hrekka á loft.

"Hljótu upp á loft, Lára, og farðu í yfirhöfn þína, svo skulum við hreyfa okkur úti í garðinum", sagði Treve ton.

Hún þaut upp og kom aftur eftir 5 mínútur í brúnum fatnaði.

“Hann er verulega fallegur þessi brúni fatnaður”, sagði Jón.

Þau gengu út í garðinn fyrir framan húsið og þaðan inn í ávaxtagarðinn, og töluðu um, hve langt mundi verða þangað til þrímúla jurtirnar lifnuðu við. Þegar kyrkjuklukkau sló nú, gengu þau heim að dyrunum, þar som fallegi hesturinn hans Jóns beið og litlu ökuhestarnir þennar Lára.

“Ó, þarna er leiguliðinn þinn”, sagði Lára, “hann stendur við framdyrnar og bíður þín”.

“Er þetta hann? Hann líkist London búum allmikið”. Hann gekk til mannsins og sagði: “Hvað viljið þér mér? Verið þér fljótur, því eg á annríkt”.

“Eg skal vera fljótur, hr. Treverton”, svaraði maðurinn og gekk til hans og sagði í lágum og alvarlegum róm: “Því eg vil ná í lestina kl. hálfellefu og verð að taka yður með mér. Eg er lögregluþjónn frá Skotland Yard og er hér til að taka yður fastan, sem grundaðan um, að hafa myrt konu yðar, er gekk undir nafninu Chicot, í Cibber-götunni, Leicester Square, hinn 19. febrúar 187—”.

Jón Treverton varð náflur, en leit á manninn hiklaust og djarflega.

“Eg skal strax koma með yður”, sagði hann, “en látið þér ekki konuna mína vita, hvers vegna eg fer til London”.

“Það er betra að þér segið henni það sjálfur, en að aðrir geri það. Segið þér henni sannleikann og látið hana koma með okkur, ef hún vill”.

“Þér hafið rétt að mæla”, sagði Treverton, “hún verður ánægðari hjá mér en hér heima. Þér hafið líklega haft mann með yður og ekki ætlað yður einum að taka mig?”

“Af því þér eruð göfugmennni bjóst eg ekki við nelnum móþróa frá yðar hálfu. Þegar þér komið fyrir dómarann, býat eg við þér getið gefið upplýs-

ingar, sem frelsa yður. Það var fjarvera yðar við rannsóknar réttarhaldið, sem kastaði grun á yður".

"Já, það var glappaskot".

"Eg hefí mann hérna inn", sagði lögregluþjónninn. "Ef þér viljið fara inn og tala við konu yðar, getur hann beðið í gangnum. Svo lítur það betur út að þér flytið okkur í yðar eigin vagni á biðstöðina".

"Já, eg skal sjá um það", svaraði Treverton. "En, segið mér eitt, hver sagði ykkur að eg væri sá maður sem kallaður var Jack Chicot?..

"Skeytið þér ekkert um það", svaraði lögreglu- maðurinn rólegur. "Við segjum aldrei frá neinu slíku".

"Jæja, það verður þá að vera svo", sagði Treverton, "líklega fæ eg bráðum að vita það".

Treverton lokaði sig inni í bókaherberginu ásamt konu sinni og lögregluþjóninum.

Lára tók þessi örlög með kjarki elnsog hin fyrri.

"Eg er ekki hrædd, Jón", sagði hún. "Það er betra, að þú sért yfirheyrður og getir sannað sakleysi þitt, heldur en að lifa undir þessum grun alla æfi".

"Góða Lára mín", sagði Jón. "Eg óttast ekki þessa ásökun. Málið verður kannske flóknara nú, en eg er ekki hræddur, og eg mundi ekki biðja þig að fara með mér, ef eg væri það".

"Heldurðu að eg léti þig fara einan, hvernig sem á stæði?"


"Þú verður að taka þennu þína með þér".

"Hvar á eg að vera meðan yfirheyrslan stendur yfir?" spurði Jón lögregluþjónninn.

"Í Clerkenwell fangelsinu".

"Verra gat það verið", sagði Jón.





MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART
 NATIONAL BUREAU OF STANDARDS
 STANDARD REFERENCE MATERIAL 1010a
 (ANSI and ISO TEST CHART No. 2)

“Menn setja þig þó ekki í fangelsi fyrr en glæpurinn er sannaður á þig?” spurði Lára.

“Það er að eins að nafninu til, því frjáls má eg ekki vera. Eg held þú gerðir réttast í, að fá þér róleg herbergi í Islington. Þú vilt það líklega heldur en hótél”.

“Já, miklu fremur”.

“Gott. Næstu nótt er best að þú sért í Midland hóteli, og á morgun getið þið Mary ekið um strætin og leitað að rólegu heimili fyrir ykkur. Eg ætla að skrifa Sampson fáein orð, og biðja hann að koma eins fljótt og hann getur”.

Öllu var niðurskipað eins rólega og þau ætluðu í skemtiferð. Vagninn kom að dyrunum á ákveðnum tíma til að flytja þau á brautarstöðina. Celia var sú eina, sem var óróleg.

“Hvað þýðir þetta?” sagði hún. “Eruð þið orðin brjáluð? Klukkan 8 gerir þú mér boð að koma og horfa á veiðiför, og kl. 9 ertu tilbúin að fara til London með tveim ókunnnum mönnum”.

“Það er alvarlegt erindi, sem við eigum til London”, svaraði Lára. “Hugsaðu ekki um það, þú færð að vita það seinna”.

“Seinna. Þú meinar líklega, þegar eg er komin til himnaríkis. Eg vil fá að vita það nú, — seinna er mér að engu gagni”.

“Vertu sæl, góða Celia. Jón skrifar þabba þínum”.

Og þabbi geymir bréfið og þegir. Nær kemurðu aftur?”

“Bráðum, vona eg; en eg get ekki sagt hvaða dag”.

“Það er kominn tími til að fara”, sagði lögregluþjónninn.

Lára kysti Celiu og sté inn í vagninn, þar næst maður hennar, svo Mary og lögregluþjónarnir.

Á járnbrautarstöðinni fékk lögregluþjónninn sér

vagn handa sér og hjónunum. Félagi hans og Mary voru í öðrum vagni.

"Þér þurfið ekki að óttast að hann segi frá þessu", sagði lögregluþjónninn. "Grummell er eins þögull einsog steinn".

"Það skiftir litlu, hvort hann segir frá þessu eða ekki", sagði Jón. "Að fáum dögum liðnum vita allir það. Blöðin opinbera æfisögu mina".

Klukkan 5 þenna sama dag lokuðust fangelsisdyrnar á eftir Jóni Treverton. Honum var veitt nærgætni og konu hans sannarleg virðing, sem var eins lengi hjá honum einsog hún mátti. Lára fékk að vita, á hvaða tímum hún mætti heimsækja hann, og kvaddi hann svo án þess að fella tár: en þegar hún var sezt í vagninn ásamt Mary, gat hún ekki varist gráti lengur.

"Grátið þér ekki", sagði Mary og lagði handleggja sína um háls henni. "Alt verður gott aftur. Maðurinn yðar var svo glaður og djarflegur í þessu ógeðslega herbergi".

"Já, Mary, hann var djarfur og ókvíðinn mín vegna, einsog eg reyni að vera róleg hans vegna".

Nú speri vagninn inn í Couston Road og fallega framhliðin á Midland hóteli blasti við sjónum Mary.

"Ó, Þetta er líklega Buckingham höllin", sagði hún.

Undrun hennar gerði hana mállansa, þegar vagninn ók inn eftir gotneska bogastiganum, og þjónn í einkennishúningi kom og tók af henni ferðatösku húsmóður hennar. Undrun hennar og aðdáun fór vaxandi, þegar hún gekk með Lára í gegnum forstofna, sem var skreytt fögrum súlum til beggja hliða, og upp marmarastiga og inn í gang, þar sem stórt gasljós logaði í fiarlægum enda hans.

"Hamingjan góða, hvílíkur staður", sagði Mary.

Ef öll hótelin í London eru lík þessu, hvernig ætli höll drottningarinnar sé þá?"

Kurtelsi þýzki sveinninn opnaði dyr gestasalsins fyrir þær. Þar brann eldur á arni.

"Viljið þér dagverð?"

"Nei, ég þakka, en færið mér te," sagði Laura um leið og hún settist. "Ef að maður, sem kallar sig Sampson, skyldi spyrja eftir mér, sendið hann þá hingað upp."

"Já, frú. Hvaða nafn."

"Ó, þér meinið mitt nafn. —Frú Treverton."

Mary beiddi um steikt ket með teinu. Svo fór hún og stofustúlkan að laga til í svefnherbergi frú Treverton, opna ferðatöskuna og taka upp ýmsa smámuni.

Nú fór Laura fyrst að skilja þessar hörmungar, sem vofðu yfir henni. Stundum gleymdi hún kringumstæðunum.

"Við skulum fara til hans, Mary," kallaði hún." "Gefðu mér hattinn minn og kápuna, við skulum fara strax."

"En, frú, við fáum ekki að fara inn. Yður var sagt að þér fengjuð að eins að sjá hann á vissum tímum."

"Ó, það er leiðinlegt."

"Þér verðið veikar, frú, ef þér haldið áfram að ergja yður. Á ég ekki að útvega yður kjötseyði, það er nærandi?"

"Nei, Mary, það gagnar ekki. Ég get ekkert borðað. Ég vildi að Sampson kæmi."

"Það er bráðum of seint að vanta hans. Hann hefir máske ekki getað lagt af stað í dag."

"Ekki lagt af stað," sagði Laura. "Hann yfirgefur aldrei mann minn í vandræðum hans."

Á sama augnabliki kallaði þýzki sveinninn "herra Zamzon."

"Ég kem fremur seint, frú Treverton," sagði Sampson, "en ég hélt þér vilduð sjá mig og því kom ég. Ég

hefi leigt mér herbergi í hótelinu hér og verð hér meðan þér þurfið mín."

"En hvað þér eruð góður. Komuð þér til London núna?"

"Já, ég kom með næsta lest á eftir ykkur og var hér kl. 7. Ég hefi fundið herra Leopold, sem er nafnkunnur fyrir vörn í glæpamálum, og fengið hann til að taka að sér mál okkar. Við fórum ofan í Cibbergötuna og fengum þar allar þær upplýsingar sem hægt var. Húsfreyjan þar er veik, svo við gátum ekki spurt hana, en við töluðum við herra Gerard, og hann sagði okkur hvað hann gæti vitnað, en annars er honum mjög nauðugt að bera vitni. Það er slæmt að herra Desrolles er ekki til staðar, hann hefði máskæ getað frætt okkur um eitthvað."

Laura varð dauðhrædd þegar hún heyrði nafnið Desrolles, það var það nafn sem faðir hennar bar, þegar hann var í þessu húsi sem konan var myrt í.

"Berið þér nokkurn kvíðboga fyrir endalokum máls þessa," spurði Laura. "Maður minn getur líklega sannað að sakleysi sitt."

"Ég held að sakaráberinn geti ekki sannað að hann sé sekur," svaraði Sampson.

"Þá verður hann alla æfi sína brennimerkur með þessum skammarlega grun."

"Ég hefi ekki næga reynslu til að segja neitt ákveðið um slíkt mál og þetta."

"Hvað segir hr. Leopold?" spurði Laura.

Ég hefi ekki heimild til að segja það."

Honum finst líklega margt mæla á móti John."

"Hann hefir enga fasta skoðun ennþá."

"Hann man víst alt sem sagt var í blöðunum?"

"Hr. Leopold gefur blöðunum engan gaum, ef hann gerði það, þá væri hann ekki jafn hátt settur og hann er nú."

"Jæja, við verðum að bíða og vona. Þrautla er

þung, en maður verður að bera hana. Verður nokkuð gert á morgun.?"

"Það verður réttarhald og yfirhersla í Bow götunni

"Verður hr. Leopold þar.?"

"Auðvitað. Hann vakir yfir málefninu eins og köttur yfir mús."

Segið þér honum að ég álíti ekki helming eigna minna of mikið endurgjald, ef hann getur sannað sakleysi Johns."

"Hr. Leopold krefst ekki auðs yðar. Hann er svo ríkur að hann veltir sér í peningum. Hann gerir skyldu sína án þess að ég hvetji hann. Það megið þér reiða yður á."

40. KAPITULI

Daginn eftir var réttarhald, og flest vitnin til staðar sem voru fyrir rétti í þessu máli fyrir ári síðan og báru nákvæmlega hinn sama vitnisburð fram.

Georg Gerard var nýtt vitni, og var mjög tregur til að lýsa því hvernig hann fann rýtinginn í myndakassa Jacks Chicots.

"Það hefir verið mjög einkennileg uppgötvan, hr. Gerard," sagði Leopold, þegar búíð var að yfirheyra vitnið, "og kemur í ljós á undarlegum tíma. Hvers vegna sögðuð þér ekki lögreglunni frá þessum fundi undir eins."

"Ég var ekki kallaður sem vitni."

"Nei, en ef þér hafið álitid þessa uppgötvun nokkurs virði, var það skylda yðar að segja lögreglunni strax frá henni. Þér gangið inn í hús sakborningsins

án nokkurrar heimildar, og þessi og snuðrið um allt sem lögreglan var áður búin að rannsaka, og ári síðar komið þér með þessa uppgötvan um rýtinginn. Hvaða vissu höfum við fyrir því, að rýtingurinn hafi verið eign hins ákærða?"

"Ég á rýtinginn," sagði John Treverton.

Leopold leit til hans leiftrandi augum. Maður, sem hafði heimild til að þegja samkvæmt lögum, var það flón að koma með þessa viðurkenningu óbeðinn.

"Finnið þið rýtinginn og látið héraðslæknirinn rannsaka hann," sagði dómariinn.

Yfirheyrslunni var frestað samkvæmt beiðni hr. Leopolds, er þnuffi tíma til að safna gögnum svo hann gæti samnað sökleysi skjól-træðings síns. Klukkutíma síðar var hr. Treverton ásamt Leopold og Sampson lokaður inni í klefa sínum í Clerkenwell.

"Skýrsla læknisins segir að morðið hafi verið framið kl. 1, og þér urðnið þess fyrst var þegar kl. vantaði 5 mínútur í 3," sagði Leopold. "Hvað höfðust þér að á þessum tíma. Við þurfum að geta samnað að þér hafið verið annarstaðar en heima."

"Ég er hræddur um að það verði eifitt," sagði Treverton hagsandi. "Mér leið afar illa um þetta leyti æfi minnar og hafði gert mér að vana að flækjast um göturnar frá miðnætti til morguns. Ég var í bókinanta klúbb þessa nótt sem morðið var framið, og fór þaðan fáar mínútur eftir 12; nóttin var björt og hlý og ég gekk til Hampstead Heath og til baka aftur."

"Nú, þér fóruð úr klúbbnum kl. rúmlega 12, máttulegur tími fyrir morðið. Og meðan sáu yður ganga heim á leið, býst ég við."

"Já, ég varð samferða öðrum félagamálara, sem heima á í Hawerstock Hill."

"Og hann varð yður samferða til Hawerstock Hill?"

"Nei, við urðum samferða til St. Martins kyrkjunnar, þar tók hann vagn og ók heim."

"Sögðuð þér honum að þér ætluðuð að ganga til Heath.?"

"Nei, ég hafði enga ákvörðun tekið. Ég gekk í þá átt og eins langt og mér hugsaðist."

"Og málarinn skyldi við yður 15 mínútur eftir 12?"

"Já, klukkan sló meðan við kvöddumst."

"Fimm mínútna göngu frá heimili yðar. Hér er til von um að geta sannað að þér hafið verið annarsstaðar, nema þér hafið mætt einhverjum á Hampstead Heath."

"Ég hef aldrei talaði við neinn, nema mann í kaffisölubúðinni."

"Ó, svo talaði við mann í kaffibúð.?"

"Já, ég nam þar staðar og fékk kaffi kl. 10 mínútur eftir 2. Ef maðurinn fynst, þá hlýtur hann að muna eftir mér. Hann var málgjarn og spaugsamur og við töluðum saman um pólitik. Kvöldið áður hefði verið rifist í þingsalnum, og kaffisaliinn var vel kunnugur "Daily Telegraph"."

Leopold skrifaði hjá sér þenna viðburð meðan Treverton talaði.

"Jæja, þá er nú þetta fundið. Nú er að snúa sér að öðru. Hafið þér ekki grunað neinn um þetta morð? Getið þér ekki hugsað yður neina ástæðu til slíks verks."

"Nei," svaraði Treverton.

"Og samt hefir morðið verið framið af manni sem hefir haft ástæðu til þess."

"Þér munið eftir yfirheyrslunni.?"

"Já, ég var viðstaddur."

"Einmitt það," sagði Treverton hissa.

"Já, ég var þar; en nú skulum við snúa okkur að málinu aftur. Stóð hún í sambandi við nokkurn, sem hafði ástæðu til að fremja þenna glæp.?"

"Ég þekki enga ástæðu til illverksins, ég get ekki grunað einn fremur en annan."

“Eruð þér viss um að kona yðar hafi ekki átt peninga?”

“Hún eyddi peningum sínum áður en hún vann fyrir þeim.”

“Átti hún engan skrautgrip um það leyti sem hún var myrt?”

“Það er undarlegt. Búningskonan í leikhúsinu sá af tilviljun að hún hafði demantamen um hálsinn, tveim eða þrem kvöldum áður en hún dó. Kona yðar hafði breitt, svart flannelsband um hálsinn, sem huldi menið, svo enginn annar sá það.”

“Þetta er orðum aukið. Kona mín átti aldrei demantamen og átti aldrei efni til að kaupa slíkan skrautgrip.”

“Henni hefir máske verið gefið það?”

“Hún var heiðarleg kona.”

“Sjálfsagt; en heiðarlegar konur fá slíkar gjafir stundum. Morðinginn hefir máske vitað að hún átti hálsbandið og það hefir komið honum til að fremja glæpin.”

Treverton þagði. Hann mundi nú eftir armbandinu sem einhver ónafngreindur gaf henni.

“Hafið þér hugsað um fólkíð í húsinu?”

Treverton ypti öxlum.

“Enginn, sem í húsinu bjó, hafði ástæðu til að myrða konu mína.”

“Það er hér um bil víst að enginn aðkomandi hefir framið morðið, nema að dyrnar hafi verið opnar. Um hvert leyti kom kona yðar heim af leikhúsinu?”

“Litlu áður en kl. var 12 vanalega.”

“Hafði hún útdyra líkil?”

“Já.”

“Hún hefir máske verið gleyminn og ekki læst dyrnum, svo morðinginn gat hafa læðst inn á eftir henni og farið út aftur að starfi sínu afloknu.”

“Getur vel verið,” sagði Treverton.

“Hver er þessi Desrolles, sem bjó á öðru lofti.?”

“Ógæfusamur maður.”

“Þessi Desrolles var í húsinu meðan morðið var framið. Undarlegt að hann skyldi ekki heyra hávaða.”

“Frú Rawber heyrði heldur ekkert, og hún var beint undir svefnherbergi konu minnar.”

“Mig langar til að vita alt sem þér vitið um þenna Desrolles,” sagði Leopold.

Sarison sat þöguð og hlýddi á samtalið.

“Ég veit ekkert ílt um hann,” sagði Treverton, “nema að hann var fátækur og of mikið hneigður fyrir brennivín til þess að honum gæti líðið vel.”

“Ég skil. Maður, sem er til með að gera hvað sem er fyrir peninga.”

Hr. Leopold spurði margra fleiri spurninga, sem Treverton svaraði eftir beztu getu.

“Ég vona að þér trúið mér, hr. Leopold,” sagði Treverton þegar lögmáðurinn rétti honum hendina í kvæðjuskyni.

“Já, af alhuga, og það sem meira er, ég vona að geta hjálpað yður út úr þessu. Það er leiðinlegt mál, en ég held ég sjái fyrir endann á því. Ég vildi að þér gætnið hjálpað mér til að finna Desrolles.”

“Það get ég ekki,” sagði Treverton.

“Það er slæmt. Yfirheyrslunni er frestað um eina viku, svo vér ættum að geta gert eitthvað á þeim tíma.”

“Lögreglan hefir engan einkarétt yfir mannlegum klókindum, við erum hygnari en hún.”

Morguninn eftir stóðu tvær auglýsingar í “Times”, “Telegraph” og “Standard.”

“Tín pund fær sá, sem getur sagt hvar Desrolles er nú, sem áður bjó í Cibbergötu, Leicester Square.”

“Hver sem gefur upplýsingar um demants hálsmen (stælt), sem glataðist í febrúar, 187—, fær góða borgun.”

41. KAPITULI.

Frú Evitt var mjög veik. Hún hafði lengi verið þunglynd og litið á dimmustu hlið lífsins. Spáð kunn-
ingjum sínum dauða og dóm, séð fyrir að lögreglu-
þjónar myndu heimsækja grauna sína, ef þeir voru
eyðslusamir í hennar stjórn, grunuðu börn um alls-
konar óknytti og gáta menn þó miklu fremur. Alitið
alt mánnið stóð í henni.

Sjálfr var hún hreiðin um regnisgóð við legjendur
sína, sparsöm og þennan smauðsnefðar, ostbitar, flesk,
mél og egg var eins og henni í hennar geymslu og gull-
stengurnar í Englandi.

Georg Gerard tók hana eftir þessu, því þar segir
hann hafði áður hafið allar matarleyfar hennar
etnar af húsnáðanda og líki hans. Hann launði
frú Evitt þessa ríðvendi hennar með því að gefa
henni við og við eitthvað málegt, þegar efni hans
leyfðu. Henni þótti skemmt að tala við þenna við-
móts góða lækni og gerði þá.

"Mér er sagt að það sé þú, hr. graunugötu, hr.
Gerard," sagði hún kvöld eitt og kom upp til hans.

"Hver hefir sagt yður að það sé ég?" spurði
Gerard.

"Áreiðanleg stúlka, frú Peace sagði mér
það."

"Já, áreiðanleg stúlka," sagði Gerard. "En
þar er engin bólusótt. Hafið þér þessa gigtar-
köldu?"

"Heyr't nefnda! Ég hefi haft þessa sinnu."

“Þá furðar mig að þér skuli vera lifandi.”

“Já, mig furðar það líkar. Fimm mánaða gömul fékk ég flekkusott, litlu seinna mislinga og þar á eftir andarteppuhósta. Hálsbólgu hefi ég oft fengið, og ég held þér getið naumast nefnt þá veiki sem ég hefi ekki fengið. Ég hefi þolgóðan líkama að hafa þolað alt þetta og geta staðið hér og talað um það.”

“Ætli rakasama eldhúsið yðar sé ekki orsök í sumum kvillum yðar.” sagði Gerard.

“Rakasama? Nú skjátlar yður. Þessara eldher er ekki til í London en mitt.”

Veikindin í frú Evitt foru vaxandi. Fyrst hjálpuðu lyfin, sem hann gaf henni, dálítið, en svo hættu þau að hafa áhrif.

Eitt kvöldið kom Gerard heim í þekkrinu, eins og hann var vanur. Með miklum erfiðismunum færði frúin honum matinn upp á loft.

“Hvað gengur að yður í kvöld? Þér eruð svo veiklulegar,” spurði Gerard.

“Ég hefi fengið kölduflog.”

“Kölduflog? sagði Gerard. “Lát mig þreifa á lífæðinni og sjá tunguna. Svona, nú er ég búinn. Ef þér farið að ráðum mínum, batnar yður bráðlega.”

“Hver eru þau?”

“Að þér flytjið rúmið yðar upp á loft á daglegu stofuna, háttið og liggið kyrrar í því unz þér eruð albata. Hafið nægan hita í herberginu og fáið yður stúlku til að stunda yður og hirða um húsið.”

“Ég má líklega til að hlýða ráði yðar. Stúlkan getur sofið á dýnu á gólfinu við hliðina á rúminu.”

“Hún gjörir það auðvitað. En stúlkuna verðið þér að fá undireins.”

“Nágrannakona kemur hingað að fáum augnablikum liðnum. Ég bið hana að sækja Jemínu.”

“Jæja, ég skal hjálpa yður að flytja rúmið á meðan.”

"En, hr. Gerard, steikin vðar verður köld og þér hafið enn ekki fengið te."

"Ég get beðið," sagði Gerard glaðlega. Svo fór hann og flutti rúmið og breytti daglegu stofunni í laglegt svefnherbergi. Á meðan þetta fór frá kom Jemina.

Hr. Leopold og Sampson komu í húsið sama kvöldið og frú Evitt lagðist, til að spyrjast fyrir. Gerard tók á móti þeim og varð alveg hissa er þeir sögðu honum að John Treverton væri fangi. Hann þóttist viss um að það hefði verið Edward Clare sem gerði lög-reglunni aðvart.

"Í byrjuninni áleit ég John Treverton sekan," sagði hann við Leopold, "en eftir það að ég talaði við hann, hefi ég breytt skoðun minni."

"Ef þér hefðuð þekt hann eins vel og ég, þá hefðuð þér aldrei grunað hann," sagði Sampson. "Þetta er mjög leitt ásigkomulag fyrir Trevertons hjónin, en hr. Leopold heldur að hann geti hjálpað þeim."

"Það gjöri ég," sagði lögmaðurinn. "Ég ætlaði að spyrja frú Evitt um ýmislegt. Slæmt að ég get það ekki."

"Hún er of veik í kvöld, til að geta átt við þetta," svaraði Gerard. "Henni getur ekki batnað nema hún sé í kyrð, og svo held ég hún hafi sagt allt sem hún vissi við yfirheyrzluna."

"Hún gæti sagt mér miklu meira," sagði Leopold.

"Haldið þér að hún hafi þagað yfir nokkra?"

"Ekki af ásettu ráði, en það eru ávalt ýmsir smámunir ósagðir, sem í yðar augum hafa litla þýðingu, en sem ég legg mikla áherzlu á. Gerið svo vel að láta mig undireins vita þegar ég get fengið að tala við hana."

Gerard lofaði þessu. Svo fór Leopold að tala um morðið og þau Chicots hjónin og sat lengi að spjalla við Gerard, og það var ekki fyrir en Leopold var farinn að Gerard varð þess vís, að hann hafði sagt miklu meira

en hann vildi hafa gert, og að lögmaðurinn hafði yfir-
heyrt hann án þess hann vissi.

Eftir þetta las Gerard nákvæmlega í blöðunum
um alt sem snerti þetta mál, og samkvmt innilegri
beiðni frú Evitt, las hann alt hið sama fyrir hana.

“Haldið þér að hann verði hengdur.?” spurði hún
áköf.

“Það er alls ekki víst. Hann er enn ekki sakbor-
inn fyrir dómáranum.”

“En það lítur illa út, er það ekki.?”

“Kringumstæðurnar benda á hann sem morðingja,
af því um engan annan er að tala.”

“Og þér segið að hann sé giftur ungri og fallegri
konu.?”

“Einni þeirra inndælustu kvenna, sem ég hefi nokk-
ru sinni séð. Ég vorkenni henni.”

“Munduð þér segja hann sekan, ef þér væruð einn
af kviðdómendunum.?”

“Ég væri í efa. Eins og þér skiljið, væri ég skipað-
ur í dóminn til að segja álit mitt samkvæmt líkum,
og líkurnar gegn honum eru sterkar.”

“Vesalings ungi maðurinn,” tautaði hún, “hann var
ávalt vingjarnlegur. Það væri voðalegt ef hann yrði
hengdur—saklaus eins og hann er—og unga konan!
Ég gæti ekki þolað það—nei, hugsunin um það svifti
mig öllum frið, bæði lifandi og dauðann. Er Jemina
þarna.?”

Hún lyfti rúmblæjunni og sá Jeminu. Greip um
hendi læknisins og hvíslaði:

Ég þarf að tala við yður þegar Jemina er farin ofan
að borða. Ég þoli þetta ekki lengur.”

“Hvað er það sem þér þolið ekki lengur.? Er það
eitthvað kveljandi.?”

“Bíðið þangað til Jemina er farin” hvíslaði hún.

“Ég kem aftur að líta eftir yður á ellefta tímanum”
sagði Gerard í fullum róm.

Hann fór ofan og hugsaði um þessi orð frá Evitt. Var þá mögulegt að hún væri morðinginn?

Hann reyndi að lesa en gat ekki. Þegar hann heyrði að Jemina gekk ofan, fór hann upp, og sér til undrunar sá hann að frá Evitt var komin fram úr rúminu og stóð á gólfinu í dökkum slopp utanyfir nærfötunum.

"Hvers vegna hafið þér farið á fætur? Ef kulda slær að yður, versna yður veikindin."

"Ég veit það, en ég ræð ekki við það. Ég verð að ara upp í herbergi Desrolles, og þér verðið að koma með mér."

"Hvers vegna?"

"Það skal ég segja yður. En fyrst verðið þér að svara spurningu minni."

Gerard tók rúm, breiðuna og lagði á herðar henni, skipaði henni svo . . . etjast niður við ofnin.

"Ég skal svara nverju sem þér viljið," sagði hann.

"Ef saklaus maður er grunaður um morð, og sterkar líkur eru á móti honum, og ef nú önnur persóna vissi að hann væri saklaus, en segði engum frá því, og léti lögin fara sína leið, væri þá þessi önnur persóna sek.?"

"Já, um morð. Að geta frelsað saklaust líf, en gera það ekki, er blátt áfram morð."

"Eruð þér viss um að Jemina sé ekki uppi? Gáið þér að því."

Gerard gjörði það.

"Það er enginn í nánd. Það lítur út fyrir að þér vitið hver morðið hefir framið," sagði Gerard.

Ég held ég viti hver myrti veslings Chicot."

"Hver gerði það?"

"Desrolles gerði það."

"Hvaða ástæðu hafið þér til að sakbera hann.?"

"Góða og gilda ástæðu. Þegar ég gekk inn til Chicot til að gá að henni eftir að hún var dóm, sé ég

að önnur hendi hennar var krept. Ég opnaði hendina of fann í lófa hennar lagð af gráu hári—af sama lit og hár Desrolles.”

“Eru þetta öll sannanagögnin gegn Desrolles? Að sönnu er þetta hjálp fyrir Treverton, en þér hafið breytt illa að segja ekki frá þessu við yfirheyrsluna; Desrolles verður ekki dæmdur fyrir fáein hár, nema þér vitið meira.”

“Ég veit meira,” sagði frú Evitt. “Éghefi voðalega sönnun. En segið þér ekki að ég hafi verið vond kona þó ég þegi við yfirheyrsluna. Hr. Chicot var horfinn, og hvers vegna hefði ég átt að stuðla til þess að Desrolles yrði hengdur. Hann var góður leigjandi hjá mér í fimm ár.”

“Haldið áfram. Hvers urðuð þér vísari?”

“Nóttina sem Chicot var myrt, kom lögregluþjónn og með honum maður í borgarafatnaði. Þeir snuðruðu um alt húsið, því þessi maður í borgarafatnaðinum var spæjari, og þar á meðal í herbergi Desrolles, en fundu hvergi neitt sem gat bent þeim á hver morðið hefði framið. Desrolles var í rúmi sínu þegar þeir komu inn til hans, en við höfðagaflinn á rúmi hans var fataskápur sem þeir tóku ekki eftir og skoðuðu því ekki.”

Frú Evitt þagnaði, hún var þreytt af að tala.

Gerard helti súpu, sem stóð í skaptpotti á ofninum í skál og bað frú Evitt að drekka hana, sem hún gerði viðstöðulaust og hélt svo áfram:

“Ég veit ekki af hvaða orsök, en ég gat ekki látið vera aðh ugsa um skápinn. Desrolles kom ofan kl. 11, og fór út til þess að fá sér brennivín að drekka eins og hann var vanur. Ég læsti útidyrnum á eftir honum, sem hann hafði engan lykil að, þaut upp á loft, opnaði skápinn við rúmið hans, leitaði í honum og fann gamla sloppin hans ataðan í blóði, sem ekki var orð-

ið þurt, ég braut sloppinn saman og lét hann í sama hornið í vasa minn og flýtti mér ofan."

"Það hann aldrei um skápýkilinn eftir þetta?"

"Nei, aldrei. Ef þér viljið koma upp með mér, skal ég sýna yður þenna viðbjóðslega fund minn."

"Þess þart ekki. Lögreglumennirnir verða að skoða það sem í skápnunum er."

Gerard skipaði nú frú Evitt að fara í rúmið aftur, og það gjörði hún.

Arla næsta morgun fór Gerard og sagði hr. Leopold alt. Hann brá við þegar og fór að finna frú Evitt, sem sagði honum greinilega frá öllu saman.

Þaðan fór lögmaðurinn í fangelsið til Johns Treverton og var Laura þar hjá manni sínum.

"Góðar nýungar," sagði lögmaðurinn.

"Guði sé lof," sagði Laura.

"Við vitum hver morðinginn er. Það er Desrolles, sem bjó á efra lofti. Ég hefi haft hann grunaðan frá byrjun," sagði Leopold.

Laura hljóðaði af hræðslu.

"Þér þurfið ekki að vorkenna honum frú," sagði Leopold. "Hann er voðalegur fantur. Ég þekki sumar af ástæðum hans til morðsins, og ég efost um að hænging sé nógu vond hegning fyrir hann."

"Hvernig vitið þér að Desrolles er morðinginn?" surði John.

Leopold sagði honum alt sem frú Evitt sagði.

John hlustaði þegjandi á hann, og Laura sömuleiðis.

"Gerard læknir sagði mér að frú Evitt mundi geta mætt fyrir rétti á fimtudaginn, geti hún það ekki, verðum við að fá lengdan frestinn. Ég vildi að þér gætuð sagt mér hvar Desrolles er."

"Ég sagði yður í gær að ég gæti það ekki."

"En þér sögðuð það þannig, að það vakti hjá mér

grun um að þér dylduð eitthvað, en gætuð það í þér vilduð."

"Ímyndunarafli yðar er í meira lagi fjörugt."

Ég sé að þér haldið fast við áform yðar. Jæja, þenna mann verðum við að finna hvort sem yður líkar betur eða ver, því sakleysi yðar er undir því komið, að annar finnist sekur."

"Já," sagði Laura, "nafn míns góða manns verður að frelsast. Þessi maður er ekki þess virði að við hlífum honum. Han er ekki þess virði fyrir mig, að óhultleiki hans sé meira metinn en þinn."

"Talaðu ekki meira, góða mín," sagði Treverton í huggandi róm. "Láttu hr. Leopold og mig gera út um þetta málefni."

42. KAPITULI.

"Hann faðir minn," sagði Laura þegar Leopold var farinn, sekur um þetta voðalega morð. Að hugsa sér að kona þín, John, skuli vera dóttir morðingja. Þú hlýtur að snúa þér frá mér með viðbjóð."

"Elskan mín, þó þú ættir ætt þína að rekja til heillar raðar af morðingjum, þá ertu í mínum augum sú sama og þegar ég sá þig í fyrsta skifti, hin hreinasta og elskulegasta af öllum konum. En að því er Desrolles snertir, sem færði sér í nyt æsku þína og reynsluskort, og stalst inn í jurtagarð fóstura þíns sem þjófur til að græða peninga, þá er hann ekki fremur faðir þinn en minn. Og nú er það skylda mín að sanna að það sé lýgi, að hann sé faðir þinn, en ég er bundinn hér og get ekkert. Viltu hjála mér Laura.?"

"Já, fúslega. Hvað ertu þú að gjöra.?"

"Fara til Chiswick og spyrjast þar fyrir. Heldurðu að þú þekkir húsið sem þú varst í, ef það stendur enn?"

"Já, ég held ég þekki það."

"Gott. Farðu þá til Chiswick ásamt Sampson—honum megum við trúna eins og sjálfum okkur—og reyndu að komast eftir öllu sem þú getur um föður þinn."

"Ég ætla að fara strax í dag. Hversvegna á Sampson að fara líka? Ég er ekki hrædd þó ég sé ein."

"Nei, góða, það get ég ekki þolað. Hann er skarpvitur og gerir mikið gagn í svona erindum. Hann kemur hingað að fáum mínútum liðnum."

Hálfri stundu síðar fór Laura og Sampson innlestinni til Chiswick, og áður en þau höfðu setið heila stund í lestinni fór Laura að kannast við vegina sem hún þekti í æsku.

Þau foru út úr lestinni og gengu lengi um göturnar alt var orðið svo umbreytt að Laura kannaðist ekki við plássið, fyr en hún sá kyrkjuna. Svo héldu þau áfram unz þau komu á þær stöðvar sem minni breytingar voru gerðar.

"Það hefir hlotið að vera hér í nánd sem við áttum heima," sagði Laura.

Loks komu þau að ferköntuðu, lélegu húsi með grænum hyrum, fimm gluggum og fægðum málm-dyrahámi.

"Þarna er húsið," kallaði Laura. "Hér bjuggum við."

"Nei, það bjó gömul kona í því líka, sem ég man ekki hvað hét, en hún var svo vandlát, boldi engan hávaða, og vildi hafa alt svo hreint. Ég var mjög hrædd við hana. Líklega er hún dáinn núna."

Sampson gekk að húsinu og barði á dyr. Undir eins voru dyrnar opnaðar af ekkju, sem hélt á 3. ára gömlum djeng. Hún bauð þeim að koma inn og fá sér sæti. Öllum spurningum svaraði hún umsvifalaust.

Gamla vandláta konan var dáln fyrir rúmu ári, en ekki vissi frú Pew, svo hét þessi ekkja, hverjir hefðu búið eða dáið í húsinu áður en hún kom þangað.

Lára þakkaði ekkjunni fyrir greiðvikni hennar og gaf litla drengnum sixpence.

“Fyrstu vonbrigðin”, sagði Sampson. “Hvað eigum við nú að gera?”

Laura hafði ekki hugmynd um það og fann nú að það aar hyggilegt, að hafa Sampson með sér.

“Við skulum ekki strax gefast upp”, sagði Sampson. “Það verður líklega bezt að finna þann, sem annast um líkfarir. En þér eruð fölar, frú. Viljið þér ekki fara til London aftur?”

“Nei, nei”, sagði Lára áköf. “Eg er ekki þreytt, eg vil heldur vera kyr en fara”.

Sampson hristi höfuðið efandi, en sagði ekki meira. Þau fóru nú á pósthúsið til að fregna, hvar líkfarastjórinn ætti heina, og eftir að hafa fengið að vita það, fóru þau þangað. Það var litil og gömul húð, sem hann hafði, og þar hittu þau gamlan mann.

“Heyrið þér”, sagði Sampson glaðlega. “Þér eruð nægilega gamall til að muna, hvað hér hefir skeð síðustu 17 árin, sem eg býst við að þér hafið verið hér”

“Eg man eins vel, hvað skeð hefir fyrir 60 árum og það, sem skeði í gær”, svaraði maðurinn. “Í næstkomandi júlí hefi ég verið 69 ár í þessu húsi”.

“Þér eruð maðurinn, sem eg vil tala við”, sagði Sampson. “Mig langar til að sjá líkfararbækurnar fyrir árið 1856, og segið mér svo, hvort þér sáuð um jarðsetningu hr. Malcolms frá Zoy-húsinu í Markham-götunni. Þér jarðsettuð fyrst frú Malcolm, einsog þér ef laust munið, og mann hennar litlu seinna. Það var kyrlát jarðarför”.

Maðurinn klóraði sér bak við eyrað hugsandi.

“Eg get fundið þetta í bókum mínum” sagði hann;

“en eg hefi gott minni og vil síður nota bækurnar. — Zoy-húsinu? Það var húsið, sem ungfrú Frys átti. Hún var jarðsett fyrir ári síðan”.

Sampson beið þegandi og vonandi.

“Látum okkur nú sá”, sagði hann hugsandi. — Zoy-húsið í síðustu 30 árin. Eg hefi séð um útfarir 12 leiguliða úr því húsi, flest gamalt fólk. Malcolm Malcolm, maður og kona, ég ætti að muna það! Ung og fögur kona, hér um bil 27 ára, og maðurinn veiktist og dó stuttum tíma síðar. Nú man eg það. Jarðarför hennar var viðhafnarlaus, og maðurinn var eini syrgjandinn. Útför hans var störfengileg, það man ég, því rétt fyrir andlátið kom gamall og ríkur vinur hans, sem borgaði skuldirnar og lagði peninga til útfarariunar. Við hans jarðarför voru tveir syrgjendur, læknirinn og gömul, heldri kona frá London. Eg man eftir konunni, því að jarðarförinni afstaðinni kom hún til mín og spurði, hvort eg hefði fengið borgun, sem hún kvaðst viljug til að afgreiða, þar eð hinu framlíðni hefði verið bróðursonur sinn. Mér fanst þetta fallega gjört af henni”.

“Fékk hún yður ekki áritun sína?” spurði Sampson.

“Mig minnir, að hún fengi mér nafnspjald sitt, og að eg skrifaði heimilisfang hennar í útfararbókina. En nú skal eg aðgæta í bókinni”.

Hann gekk að skápnunum, sem var í einu horninu í búðinni, og tók af hillu í honum mjóa og langa bók, meðal margra annara af sömu gerð, sem geymdu æfisögu hans frá ári til árs

“Já”, sagði hann, þegar hann var búinn að fletta mörgum blöðum, “hér er það. Frú Laura Malcolm, grenikista, hulin svörtum dúk, svartir naglar —”

“Þetta er nóg”, sagði Sampson, þegar hann sá, hvernig Lára brá; “finnið þér nú hr. Malcolm”.

“Hér er hann, þremur mánuðum seinna. Stephen

Malcolm, Esq.; póleruð eik, málmhandtök, mjög falleg kista, það man ég vel”.

“Það geta auðvitað ekki átt sér misgrip stað í slíkum bókum?” sagði Sampson.

“Misgrip!” sagði maðurinn móðgaður. Ef þér finnið nokkuð rangt bókfært í mínum bókum, skal eg borga 5 prósent af síðustu tíu ára tekum mínum”.

“Það er þá enginn efi á því, að hr. Stephen Malcolm dó í Zoy-húsinu, og að þér sáuð um útförina?”

“Enginn minsti vafi”.

“Gott. Ef þér viljið gefa mér staðfesta afritun af innritun dánarvottorðsins í útfara-bókina, skal eg borga yður riflega. Skjalið er nauðsynlegt viðvikjandi litilfjörlegum lagalegum viðskiftum. Lifir lækni-irinn, sem stundaði hr. Malcolm?”

“Nei, það var gamli Dewsnipp. Hann er dauður, en yngri Dewsnipp er núna lækni hérna. Hann mun geta gefið allar þær upplýsingar, sem þér viljið fá”.

“Þökk fyrir en ef þér viljið gefa mér afskriftina, þá mun hún duga. Það er satt, finnið þér um leið heimilisfang gömlu heldri konunnar”.

“Já, eg skil. Fyrst yður er ant um fjölskylduna, viljið þér auðvitað hafa það líka, enda þó eg haldi að hún sé löngu dáin”.

Heimili hennar fanst: — Frú Malcolm, 97 Russell Square,— sem Sampson skrifaði í vasabók sína, og þakkaði gamla manninum fyrir velvild hans og fékk honum nafnspjald sitt, sem á var skrifað Midland hotel. Dagurinn var því nær á enda, og Sampson vildi sem fyrst komast heim með frú Treverton.

“Eg hefði getað rannsakað útfararbakurnar undir eins”, sagði hann, “en eg vildi fá að vita meira, og það hefi eg líka fengið, að því er snertir gömlu konuna”

“Já, eg man, að eg dvaldi einu sinni viku í húsinu hennar”, sagði Lára. “En hvað mér finst vera langt

siðan. Það er eins og endurminning frá öðru lífi”.

Lára var mjög ánægð yfir því, að þessi mannræfill var ekki faðir hennar. Það var sem þungu fargi væri létt af huga hennar.

“Hver getur þessi maður verið?” spurði hún sjálfa sig. “Hann hlýtur að hafa verið kær vinur föður míns — annars hefði hann ekki getað náð í myndna og öll bréfin”.

Húnásetti sér að heimsækjahúsið í Russell Square, enda þótt hún gerði sér litla von um að finna hana lifandi, þessa frænku sína.

43. KAPÍTULI.

Daginn eftir ók Lára beina leið frá fangelsinu til Russell Square. Samfundur hjónanna var hinn ánægjulegasti.

Hr. Leopold hafði verið hjá skjólstæðing sínum og var í góðu skapi. Hann var í engum efa um endir málsins, þó Desrolles vantaði, og lögreglan var viss um að finna hann.

“Maður á hans aldri og með hans venjum, ferðast ekki langt”, sagði Leopold.

Lára sté út úr vagninum sínum fyrir framman eitt af álitlegustu húsunum í Russell Square.

Gamall þjónn í gömlum fötum opnaði dyrnar.

“Býr frú Malcolm ennþá hérna?” spurði Lára.

“Já, frú”.

“Er hún heima?”

“Eg skal spyrja að því, frú, ef þér gerið svo vel að gefa mér nafnspjald yðar”.

Lára skrifaði á nafnspjaldið: "Lára, dóttir Stephens Malcolm", á meðan þjónninn sótti silfurbjóð til að leggja nafnspjaldið á og færa frúnni.

Aritunin á nafnspjaldinu var sómasamleg og það var Lára líka, svo þjónninn vogaði að bjóða henni inn í borðstofuna, og þar sat Lára á meðan gamla konan var að ráða við sig, hvort hún ætti að veita henni viðtal.

Þjónninn kom og fylgdi frú Treverton upp á loft og inn í daglegu stofuna, sem ávalt hafði verið köld endurminning fyrir Láru frá æskuárunum.

Það var langt herbergi og hátt undir loftið með þrem gluggum. Húsmunirnir voru gamlir og góðir.

Í herbergi þessu sat gömul kona við ofninn, klædd svörtum þykksilkiskjól, — alveg eins og Lára mundi eftir henni fyrir mörgum árum.

"Frænka", sagði Lára um leið og hún gekk til hennar, "ertu búin að gleyma mér?"

Gamla konan rétti henni mögru, hvítu hendina sína.

"Nei", sagði hún, "ég gleymi aldrei neinu. Minni mitt, sjón og heyrn er í góðu lagi. Fyrst gat eg ekki áttað mig á nafnspjaldinu, en þegar eg hugsa mig um, vissi eg skjótt, hver þú varst. Seztu niður, góða min. Jonam skal færa þér eitt staup af sherry".

Hún stóð upp og hringdi klukkunni.

"Þakka þér fyrir, en gerðu það ekki; ég drekk aldrei sherry. Eg óska einskis annars en tala við þig um föður minn".

"Vesalings Stephen", svaraði frú Malcolm. — Hryggilega óforsjáll, vesalings maðurinn. Einskis óvinur, nema sjálfs sín. Og þú ert gift, góða min?" — "Það er það sama, Jonam, frænka vill ekkert", sagði hún við þjóninn. "Eg man að gamall vinur föður þíns tók þig að sér; eg kom til Chiswick daginn eftir að Stephen dó, og þá varst þú farin. Eg varð því mjög

“fegin, að þú hafðir fengið góðan samastað, þó að eg hefði auðvitað gert það, sem í mínum dvaldi stóð, að útvega þér góðan samastað. Sjálf hefði eg ekki haft törn í mínu húsi; þau eyðileggja allt. Þú veist, að vinur föður þíns hafi látið þér liða vel”.

“Hann var mér mjög góður, en eg misti hann fyrir tveim árum”, svaraði Lára.

Eg vona, að hann hafi skilið þig eftir óháða?”

“Hann gerði mig óháða strax og eg kom til hans; hann gaf mér sex þúsund pund og lét þau á banka til að ávaxtast”.

“Vel gert. Og hverjum gætu þú gefið?”

“Bróðursyni föstra míns. Erfingnum af eignum hans”.

“Þú hefir verið lánsöm, Lára, og þú þakka guði fyrir það”.

“Eg vona, að eg sé þakklát”.

“Það kemur oft fyrir, að börn ófarsjalla manna öðlast betri lífskjör, en börn þeirra forsjálu”.

“Guð hefir verið mér góður, kæra frænka, en mig langar til að biðja þig að segja mér æfiágrip föður míns”.

“Eg hafði ekki mikil kynni af honum, en hann kom stundum til mín með konu sína og dvaldi einn dag hjá mér. Hún var frábærlega frið og góð kona. Þú líkist henni mikið. Okkur kom vel saman”.

“Atti faðir minn marga vini eða kunningja um það leyti?”

“Marga vini, góða mín. Hann var fátækur.

“Eg man eftir einum manni, sem kom mjög oft í húsið til okkar og faðir minn og hann voru oft saman. Eg hefi alvarlegar ástæður til að vilja þekkja sem flest um þann mann”.

“Eg held eg viti við hvern þú átt; móðir þín mintist oft á hann við mig, en eg held að dagbækurnar mínar geti sagt þér það betur en eg. Síðan maður

minn dó fyrir 23 árum síðan, hefi eg haldið nákvæmar dagbækur. Taktu lyklana mína, Lára, og opnaðu hurðina til vinstri handar í dragkistunni minni”.

Lára gerði sem hún bað. Þegar hún var búin að opna hurðina, komu í ljós nokkrar hillur og í þeim 23 dagbækur með nafni og ártali á.

“Látum okkur sjá”, sagði gamla konan. Faðir þinn dó um veturinn 56 og móðir þín nokkrum mánuðum áður. Fáðu mér bókina fyrir árið 56”.

Lára rétti henni bókina, og gamla konan stundi ofurhægt um leið og hún opnaði hana.

“Sjáðu, hvað ég hefi skrifað vel árið 56. Mér hefir farið aftur að s. rifa síðan. Við eldumst án þess að vita af því. Nú verð eg að finna eitthvað af samtali móður þinnar og minu”.

“2. júní. Kjötflisarnar voru þykkar og ekki steiktar eins og matreiðslukonan er vön að gera. Verð að tala við hana um reyktu fleš. — Las fræðandi ritgerð í *Times* um óbeinan skatt og fann, að þekking mín hafði aukist. Talaði við matreiðslukonuna og bað um steikt lambkjöt til morgunverðar og lax og steiktan hænuunga til dagverðar.

“Eg finn ekki nafn mömmu þinnar í fyrstu viku júnimánaðar, góða mín; en hérna kemur það þann 15. Nú skaltu heyra sömu orðin og móðir þín talaði, skrifuð sama daginn og hún talaði þau. Og þó hæðast sumir að því, að gömul kona skuli halda dagbók”.

“Eg er þakklát fyrir, að þú hefir haldið hana”, sagði Lára.

15. júní kom Stephen ásamt konu sinni til mín til að borða morgunverð, samkvæmt umtali. Eg bað um steikta spöku, steikt kjöt, steikta önd, baunir, nýjar kartöflur, sherry-tertu og rjóma-eggjaköku. En þessi umhyggja mín kom ekki að gagni; vesalings konan var fól og þreytuleg, þegar hún kom, og borðaði nær því

ekker. Þar morgunverðinn fór Stephen út til að finna hann, að hann sagði; svo kona hans og eg áttum rólega tíma í daglegu stofunni minni. Hún sagði mér, að þessi Desmond kapteinn væri hinn illi andi manns síns. Hann er ekki gamall vinur hans, svo hin slæmu áhrif þessa manns eru óafsakanleg. Við hittum hann fyrst í Boulogne í fyrra, og frá þeirri stundu hefir hann og Stephen verið óaðskiljanlegir. Hún segir, að þessi Desmond spili og drekki voðalega, og að hann sé orsök í eyðileggingu Stephens. "Við vorum fátæk, þegar við fórum til Boulogne", sagði hún, "en við gátum lifað sómasamlega og vorum gæfurik fyrsta árið, en frá þeim tíma, að maður minn kyntist kaptein Desmond, gekk allt öfugt. Stephen byrjaði aftur á sínum gamla vana, að leika knattleik á borði og að spila. Áður var hann glaður heima og rólegur, en þegar Desmond kom til sögunnar, hætti hann að vera heima á kveldin. "Eg veit, að það er rangt að hata", sagði vesalings Lára, "en eg get ekki annað en hatað þenna Desmond".

"Vesalings mamma", sagði frú Treverton.

"Eg spurði hana, hvort hún vissi hver þessi Desmond væri, en hún sagði, að þegar hann kyntist Stephen hefði hann verið í fæðissöluhúsi í Boulogne. Hefði verið erlendis lengst af æfinni, og engan ættingja átt. Hann mundaði fyrir manni minum og stundum fyrir mér. Hann er oft í Chiswick, og í hvert skifti, sem hann kemur þangað, tekur hann manninn minn með sér til landeins, sem þá er oftast fjarverandi 2—3 daga. Hann er þá á nóttunni hjá Desmonds í Mays Building, St. Martins Lane".

"Frænka, lofaðu mér að skrifa þessa áritun hjá mér", sagði Láraum leið og hún ritaði hana í minnisbók sína.

"Því vilt þú vera að hugsa um Desmond?" sagði gamla konan. "Það ilt, sem hann hefir gert þabba

þínum, er liðið og gleymt. Ekkert getur breytt eða bætt úr því”.

“Nei, frænka, en meðan hann lifir beldur hann áfram að göra ilt. Hann eykur glæpi sína en minnar ekki. Mér er þessi upplýsing mikilsvirði”.

“Eg hefi óvalt álitid dagbækur mikilsvirði, svo það furðar mig ekki, þó þessi upplýsing sé ómetanleg. En nú er ekki meira um Desmonds. Mamma þín talar um sjálfa sig; hún kveðst ekki vera vel frisk, og er hrædd um, að hún lifi ekki mörg ár, og hvað ætli þá verði af vesalings Lóru?”

“Komuð þér nokkurn tíma til Chiswick?”

“Aldrei, nema til að vera við jarðarför pabba þíns”.

“Var kapteinn Desmond þar þá?”

“Nei, en konan í húsinu sagði mér, að hann hefði verið hjá pabba þínum þangað til hann dó.”

“Eg þakka þér hjartanlega fyrir allar upplýsingarnar, frænka. Eg kem aftur eftir fáa daga, ef eg má”.

“Gerðu það, góða mín, og taktu manninn þinn með þér, mig langar til að kynnastt honum. Ef þú lætur mig vita fyrirfram nær þið komið, gleður það mig, að veita ykkur dagverð”.

“Það verður ánægjulegt fyrir okkur að koma, frænka. Við erum í áriðandi erindum í London, sem ég vona, að sé bráðum lokið, og ég skal segja þér frá þeim, þegar þeim er lokið”.

“Gerðu það, góða mín; það gleður mig að sjá þig aftur”

44. KAPÍTULI.

Fyrri hluta næsta miðvikudags varð Jón Treverton að mæta fyrir rannsóknardómaranum í réttarsalnum í Bow stræti.

Sömu vitnin voru til staðar og áður. Tveir lækningar voru þar til að segja álit sitt um rýtinginn. Annar þeirra sagði, að blóðblettir væru á blaðinu, sem aldrei hyrfu. Hinn sagði, að blað úr stáli, sem þurkaður væri, lögurinn af meðan það væri vott, bæri engin merki, og útlit rýtingsins væri af áhrifum tímans og loftsins.

Þegar yfirheyrslunni var því nær lokið, kom gömul kona, leidd af George Gerarð, inn í réttarsalinn og bauðst til að bera vitni. Það var frú Evitt, sem farin var að hressast.

“Ó, já”, sagði dómarrinn, þegar frúin var búin að leggja af eiðinn. “Þér eruð húsráðandinn, eruð þér það ekki? Því komuð þér ekki til yfirheyrslu á fimtudaginn var? Þér voruð þó kallaðar”.

“Já, herra minn; en eg var veik og gat ekki mætt”.

“Þér gátuð ekki mætt, vegna veikinda? Nú, hvað hafið þér að segja um fangann?”

“Eg hefi það að segja, herra minn, að það hefði aldrei átt að taka hann fastan. Eg hefði átt að koma fram löngu fyr og segja sannleikann — það hefir kvalið mig svo ósegjanlega, að eg gerði það ekki — þess utan ung og fögur kona”.

“Hvað meinið þér með þessu rugli?” sagði dómarrinn? Talar vesalings konan óráð?”

“Nei, eg tala ekki meira óráð en þér. Likami minn hefir þjáðst af köldu, en sál mín er heilbrigð”.

“Þér megið ekki tala um þjáningar yðar. Hvað segið þér um fangann?”

“Að hann er jafn saklaus af morðinu og nýfætt barn”.

Svo sagði fru Evitt honum um gráa hárlagðinn, og blóðuga sloppinn í skápnum, en vék mjög oft frá efninu, svo dómarrinn varð að áminna hana hvað eftir annað.

“Sem er ennþá í skápnum og lögreglan getur fundið, ef hún vill”, sagði fru Evitt síðast.

“Sem hún eflaust gerir”, sagði dómarrinn. “Hvar er þessi Desrolles?”

“Það hefir verið leitað að honum”, sagði Leópold. “Ef þér leyfið það, þá eru tveir herrar hér í salnum, sem geta gefið upplýsingar viðvikjandi málinu”.

Annar þessara manna var Jóseph Lemúel, hinn nafnkunni milliánaeigandi; þegar hann gekk inn í vitnastúkuna, þögnuðu allir, einsog þeim hefði opinberast engill.

“Hafið þér heyrt nokkuð um þeunann viðburð, hr. Lemúel?” spurði dómarrinn ofur auðmjúkur.

“Eg held eg geti gefið upplýsingar um ástæðu til morðsins,, sagði Lemúel. “Viku áður en hún var myrt, leyfði eg mér að senda henni hálsmen, og eg hefi ástæðu til að ætla, að það hafi orðið orsök til dauða hennar”.

“Var menið svo kostbært, að það gæti freistað morðingja?”

“Í dauun rétttri ekki, en fyrir æfingarlaust auga hlaut það að sýnast mikils virði. Eg sendi það sem gjöf til þessarar konu, er vakti aðdauun mína með hæfileikum sínum”.

“Eðlilegt”, sagði dómarrinn.

“Eg var nýbúinn að kaupa það í París fyrir 50

pund; en það var svo góð stæling, að fáir gátu séð, að það voru ekki demantar, nema máske demantasalar, og þó ekki allir”.

“Hélt frú Chicot, að steinarnir væru ósviknir?”

“Eg veit það ekki. Eg sagði henni ekkert um hálsbandið. Eg sendi henni það sem leikkonu, er virða yfirskeynið jafnt sannreyndinni”.

“Spurði frú Chicot ekki um sannvirði gjafarinnar?”

“Gjöfin var gefin og þegin í þögn”.

“Er þetta alt, sem þér hafið að segja?”

“Já, það er alt”.

Næsta vitnið var Moshéh, demantasalinn. Hann sagði glögt og greinilega frá manninum, sem komið hefði að bjóða sér demantana, og meðal þeirra voru summir svo stórir, að þeir voru eftirsóknarverðir fyrir þjófa. Manninum, sem kom með þá, brá sýnilega, þegar hann vissi, að þeir voru ekki hreinir, heldur stæling”, sagði hann.

“Gætuð þið þekkt þenna mann aftur?” spurði dómariinn.

“Eg held eg gæti það”.

“Var það fanginn?”

“Nei, það var maður milli 50 og 60 ára”.

“Hefir nokkur mynd af Desrolles?”

“Já, svaraði einn lögregluþjónninn; frú Evitt hefir fengið okkur tvær myndir. Aðra hefir spæjarinn, sem er að leita að Desrolles; hin er hér”.

Myndin var rétt að vitninu”.

“Já”, sagði Moshéh, “eg held að það sé sama andlitið. Maðurinn, sem til mín kom, hafði sitt grátt skegg, sem huldi neðra hluta andlitsins og gerði hann ellilegri. Eg held að skeggið hafi verið falskt, en eg er samt næst því sannfærður um, að það er sami maðurinn. Efri hluti andlitsins er all-einkennilegur, og ég held mér skjátli ekki”.

Eftir að vitnaleiðslunni var lokið, krafðist hr. Leópold, að Jóni Treverton væri slept úr fangelsinu. Eftir nokkrar umræður samþykkti dómariinn kröfu þessa og fanginn var frjáls.

45. KAPÍTULI.

Þegar Desrolles yfirgaf þorpið Hazlehurst, var hann hinn ánægðasti. Hann hafði innunnið sér stórkostlegar árlegar tekjur, og ætlaði nú að ferðast úr borg í borg og frá einu landi til annars og lifa heiðarlega.

Hann áleit París vera fyrstu og hentugustu biðstöðina á skemtifærð sinni; en þegar þangað kom, gleymdi hann öllum góðu áformunum sínum. Hann var gagnkunnugur í borginni, því þar hafði hann verið í mörg ár meðan hann var á þroskaskeiði sínu. Vinsölubúðirnar á hverju götuhorni voru honum ofraun. Ekki skeytti hann um skraut eða fegurð og heimsótti því fyrst af öllu sínar gömlu hólur.

Fyrir mörgum árum síðan hafði hann átt heima í stúdentadeili borgariunar; þar hafði hann drukkið og þar hafði hann eytt peningum sínum, og þangað fór hann nú.

Húsið, sem Desrolles hafði búið í, var enn við líði, þrátt fyrir allar breytingar þar í grendinni; en mjög hrörlegt.

Hann gekk inn í vinsölukjallarann, og spurði, hvort nokkurt herbergi væri fánlegt til leigu.

“Það er alt af autt pláss handa einstaklingum”, svaraði fjörug stúlka fyrir innan húðarborðið. “Það er fallett lítið herbergi autt á fimta lofti”.

Desrolles ypti öxlum.

“Á fimta lofti”, sagði hann. “Haldið þér að fætur minir séu jafn ungir og fyrir 20 árum?”

“Þér virðist unglegur og fjörugur”, sagði stúlkan.

“Eg vil heldur herbergi á fyrsta eða öðru lofti”, sagði hann.

“Þau eru öll leigð”, svaraði stúlkan.

Eftir nokkra umhugsun kvaðst Desrolles vilja sjá herbergið, og fylgdi honum gömul kona þangað upp.

“Það snýr út að nýju Boulevarden, og er skemtilegt”, sagði hún og opnaði gluggann.

Desrolles leit út og niður á nýju, breiðu götuna, með stórum fólksvögnum, vinnuvögnum og asnakerrum.

Herbergið var lítið en þokkalegt og húsmunirnir hentugir, svo Desrolles leizt vel á það.

“Það er afar-ervitt, að ganga upp þessa háu stiga”, sagði hann; “en ég verð að taka það”.

Áður fyrri höfðu menn verið frjálsir og óhindradir við sínar venjur í þessu húsi, og mátt koma heim nær sem var á nóttunni, því allir höfðu lykil að útidyrum. Desrolles spurði, hverjar venjur ní tíðkuðust í þessu húsi, og komst að því, að sömu venjurnar ríktu enn. Eigandinn krafðist þess eins, að leigan væri borguð, og að menn móðguðu ekki lögregluna.

Desrolles lét töskuna sína á gólfu, borgaði gæzlukonunni mánaðarleigu fyrirfram og fór svo út til að heimsækja sína gömlu uppáhaldsstaði.

Hann varð var við margar breytingar, en loftslag-ið var hið samam, og siðirnir líka. Absinth var nýr drykkur, og Desrolles tók hann framyfir kójak, þó hann væri margfalt eitradri. Hann fann marga nýja félaga á þessum gömlu stöðvum; það voru ekki sömu mennirnir og hann hafði kynst áður, en þeir höfðu sömu siði, og hugmyndir Desrolles um vináttu var samsafn af löstum. Hann kyntist mönnum, sem hann

gat spilað og drukkið með, sem voru jafn orðvondir og hanu og skoðuðu lífið í þessum heimi og öðrum frá sama sjónarmiði og hann.

Einn morguninn rakst Desrolles á enskt blað, viku gamalt, sem sagði frá fyrstu yfirheyrslunni yfir Jóni Teverton. Desrolles starði á blaðið með meðvitundarlausri undrun. Því hugur hans var umkringdur af *absinth*-þöku; og reyndi að gera sér grein fyrir, hvaða áhrif þessi málsókn á Jón Teverton gæti haft á forlög sín.

Nafn hans var ekki nefnt í blaðinu, svo ennþá var hann óhultur, en samt var ekki unt að vita, hvað ske kynni, þegar rannsókn af þessari tegund var hafin.

“Þetta er mjög slæmt”, hugsaði Desrolles. Málið var dautt, að minni álit. Það er eflaust prestssonurinn, sem hefir komið til sögunnar og vakið það upp aftur”.

Eg má líklega til að fara til Ameríku, til að vita mig úr allri hættu, en hvað verður þá um styrktarféð, sem þeir Lára og Jón hafa lofað mér? Þau svifta mig því, ef til vill, þegar ég er kominn vestur um hafið”.

Hann heimsótti gufuskipa-skrifstofu og fékk þar lista yfir öll gufuskip, sem áttu að fara frá Havre til Ameríku næstu 6 vikurnar. Skjal þetta bar hann í vasa sínum. Í 2 eða 3 daga og las það yfir, þegar hann hafði tíma til. Hann mundi nöfn skipanna og stærð, en var ekki búinn að ákveða, með hvaða skipi hann helst vildi fara. *La Reine Blanche* ætlaði til Valparaiso að viku liðinni, og *Zenobie* til Rio Janeiro að 14 dögum liðnum. Hann var í efa um, hvoru þessara skipa hann ætlaði með.

Hann átti 60 pund til og ferðin kostaði 50, svo afgangurinn var ekki mikill.

Loksins ákvað hann að fara með *La Reine Blanche*. Hann fór til *Belle Jardiniere*, fékk sér snotran fatnað og ferðatösku og fór þaðan til umboðsmannsins til að fá sér farseðil.

Hann hafði ákveðið að taka sér nýtt nafn, þegar hann færi til Vesturheims, en fata og tösku kaupin höfðu þreytt hann svo hann þurfti að fá sér hressingu, og þegar hann kom á skrifstofuna var hann ekki fær um að telja peningana sjálfur, svo skrifarinn varð að hjálpa honum að telja borgunina fyrir farseðilinn. Þegar svo skrifarinn spurði um nafn hans, svaraði hann í hugsunarleysi: *Desrolles*; en áttaði sig strax og sagði: "Eg bið afsökunar", sagði hann geispandi; "Desrolles er nafn vinar mins. Mitt nafn er Mowbray, kapteinn Mowbray, borgari Bandaríkjanna. Nýlega lokið við hringferð um Evrópu. Amerískur; en mjög glaður hér í París. Mikið breyttur síðan og var hér síðast á ferð fyrir 20 árum. Ekki breyzt til hins betra".

"Ó, svo þér heitið ekki Desrolles, þér heitið Mowbray?" sagði skrifarinn og leit grunsamlega á hann.

"Já, Mowbray, M-o-w-b-r-a-y", svaraði Desrolles.

Frá skrifstofunni fór hann til Cafee de la Rotonde og fékk sér þar *absinth*. Sofnaði svo í ofnkjóknnum góða stund, og var skárri þegar hann vaknaði.

Þaðan fór hann að finna kunningja sinn og fékk sér ásamt honum góðan dagverð; að því búnu fóru þeir að leika knattleik á borði og drekka, og var Desrolles orðinn þrætukær og fullur, þegar nóttin var byrjuð.

Það var tvent, sem Desrolles vissi ekki: Fyrst, að þessi nýji vinur hans var einn af mestu hrekkjalimum Parísar, sem lögreglan hafði aldrei augun af, og hitt, að á hælum hans var enskur spæjari, sem vissi alt um þessa fyrirhuguðu ferð hans.

Litlu fyrir miðnætti tór Desrolles heim, og kom að opnum utidyrum hússins, svo hann þurfti ekki að nota lykil sinn, enda var honum það hentugra.

Hann staulaðist upp stigann rauchandi og komst

loks inn í herbergi sitt; en þegar þar kom, var lögð þrekleg hönd á öxl hans. Honum varð í meira lagi bilt við, en sagði þó á frönsku: "Hvað viljið þér?"

"Yður", svaraði gesturinn á ensku. "Eg tek yður fastan, grunaðan um, að hafa átt þátt í Chicot-morðinu. Þér vitið alt um það. Þér voruð yfirheyrður og alt, sem þér segið nú, verður notað sem vitnisburður gegn yður. Það er bezt, að þér komið rólegur með mér".

"Ég skil yður ekki," sagði Desrolles á frönsku. "Ég er franskur maður."

"Jæja, eruð þér franskur. Þér hafið verið í þessu húsi í þrjár vikur sem Englendingur. Þér keyptuð farseðil í dag til Valparaiso. Ekkert rugl hra Desrolles. Komið þér rólegur með mér."

"Þér hafið líklega mann með yður.?" spurði Desrolles.

Útlit Desrolles og svipur var á þessu augnabliki djöfullegur, verri en hins grimma dýrs.

"Auðvitað," sagði maðurinn rólegur. "Þér getið ef-laust skilið það að ég er ekki svo heimskur að voga mér inn í slíka holu hjálparlaus. Aðstoðarmaður minn er í ganginum fyrir utan dyrnar og við höfum báðir skamm byssur. Enga hrekki nú," sagði spæjarinn, þegar Desrolles stakk hendinni í brjóstvasann. "Hættið þér þessu. Er það hnífur.?"

Það var hnífur og voðalegur morðkuti líka. Desrolles hafði náð honum og hélt nú langa oddhvassa blaðinu tilbúnu áður en spæjarinn gat hindrað það, sem flaug nú á hann áður en hnífurinn gat sært hann og tók utan um Desrolles miðjan. Desrolles hamaðist eins og brjáláður maður.

Á yngri árum hafði Desrolles verið nafnkunnur kraftamaður, og þessa nótt, þegar reiðin og kviðinn gerðu hann frávíta og loguðu í honum, voru kraftar hans óskiljanlega miklir, svo hann virtist um stund

ætla að sigra. Spæjarinn hafði logið þegar hann sagði að félagi sinn væri í ganginum utan við dyrnar. Franski lögregluþjónninn, sem lofað hafði að hjálpa honum, var ekki komin, en spæjaranum leiddist og hélt sig færan um að ráða niðurlögum þessa gamla drukkna manns hjálparlaust.

Hann vildi ekki brúka skammbyssuna, áleit það skyldu sína að ná honum lifandi, svo hann yrði dæmdur samkvæmt lögum lands síns.

“Komið þér nú,” sagði hann rólega, “látið mig smegja handjárnunum á yður. Aflog eru þýðingarlaus.”

Desrolles nísti tönnum en svaraði ekki. Hann var búinn að koma spæjaranum allnærri dyrunum, sem stóðu opnar, og vissi ef hann gæti hrint honum út úr dyrunum og ofan í stigann var honum dauðinn vís.

Líklega hefir spæjarann grunað áform Desrolles, því hann beitti öllu afli sínu og hrakti hann aftur á bak þvert yfir herbergið, hrinti honum svo á veginn og slepti honum um leið, í því skyni að taka enn fastar utan um hann aftur. En þegar stóri skrokkurinn hans Desrolles lenti á veggnum með miklu afli, brotnaði fúni tréveggurinn og Desrolle fell aftur á bak út af gólfinu, lenti á digrum bjálkum, sem reistir höfðu verið upp við húsið til stuðnings því, og var dauður þegar hann kom niður á steinstéttina.

Parísarblöðin gátu um þetta óhapp daginn eftir og ensku blöðin nokkrum dögum seinna.

ENDIR.

Herra og frú Treverton fóru aftur heim til Hazlehurst Manor, og þótti vinum þeirra mjög vænt um að John slapp slysaust úr þessari klípu.

Á leiðinni heim dvöldu hjónin mánaðartíma við baðstaðinn Dorsetshire, og á meðan spjallaði fólk með sig uppgefið um þessi málaferli og æfiatriði John Trevertons.

Þegar að fregnin um það að John væri sýkn saka, barst til Hazlehurst, tók Edward sig til og fór af landi burt og til Cap, þar ætlaði hann að stunda landbúnað og dvelja það sem eftir var æfinnar. Enginn saknaði hans nema móðir hans, en föður hans þótti vænt um að hann fór, því hann vissi að Edward hafði kært John og áleit það slæma synd.

Í maímánuði um vorið fæddi Laura efnilegan son, sem gæmli heimilislæknirinn tók á móti og lagði í faðm Johns segjandi:

“Gamli vinur minn hefði víst verið hreykinn, ef hann hefði vitað að nafn sitt yrði við líði nokkra áratugi enn.”

“Guði sé lof að alt hefir snúist á betri veg,” sagði John Treverton alvarlega.

Í ágústmánuði kom George Gerard til Manor House til að dvelja þar fáeina daga. Af tilviljun hafði Laura boðið Celfu að vera hjá sér fáeina daga, og það voru einmitt sömu dagarnir og Gerard var þar.

Þau gengu oft upp á heiðina sér til skemtunar, Gerard og Celsa, og afleiðingin varð sú að þau heltbundust.

Treverton hjónunum þótti mjög vænt um þetta og presthjónunum sömuleiðis. Og áður en þau voru búin að vera heltbundin eitt ár, var Treverton búin að kaupa gamla héraðslæknirinn til að sleppa embætti sínu, og veitti svo Gerard embættið.

Þannig atvikaðist það að Celsa, ásamt Trevertons hjónunum gat með sannri sagt:

“Alt er gott þá endirinn, allra bestur verður.”

